HOLTAVÖRÐUHEIÐARLÍNA 1: FORNLEIFASKRÁNING VEGNA ÚTTEKTAR Á LÍNUKOSTUM



KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR
(ritstjóri)

Höfundar efnis: Ágústa Edwald, Birna Lárusdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Helgason, Kristborg Þórsdóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir, Magnús Á. Sigurgeirsson, Orri Vésteinsson, Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Stefán Ólafsson

Reykjavík 2024
FS904b-21191

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

Á forsíðumyndinni er horft til norðurs yfir friðlýst bæjarstæði fornbýlisins Ísleifsstaða MH-066:013, í landi Sleggjulækjar í Stafholtstungum. Minjasvæðið er neðan við Sleggjulæk sem sést á miðri mynd. Auk minja um Ísleifsstaði má sjá leifar af landamerkjagarði MH-066:020_01 neðan við miðja mynd sem er á merkjum milli Guðnabakka og Sleggjulækjar.
Myndina tók Kristborg Þórsdóttir.

©Fornleifastofnun Íslands 2024
Bræðraborgarstíg 9
101 Reykjavík
Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is
Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Fornleifastofnun Íslands vann fornleifaskráningu fyrir umhverfismat vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 í tveimur áföngum. Fyrri áfanginn var unninn haustið 2021 og síðari áfanginn haustið 2022. Raflínan mun liggja meðfram eldri byggðalínu frá tengivirki á Klafastöðum í Hvalfirði að nýju tengivirki á norðanverðri Holtavörðuheiði. Línan er í fjórum hlutum (A-D) og innan þriggja þeirra eru styttri staðbundnir valkostir. Við skráninguna voru áhrifasvæði allra línukosta gengin skipulega og minjar innan þeirra skráðar. Samanlögð heildarlengd áhrifasvæða línukostanna er um 160 km og öll eru þau 300 m á breidd en skarast víða. Að auki var tekið út svæði milli tveggja línukosta sem er 195,5 ha að stærð. Hönnun vegarslóða lá fyrir áður en farið var á vettvang 2022 og þar sem þeir liggja út fyrir áhrifasvæði línukosta var tekið út 15 m breitt svæði út frá miðlínu þeirra. Einnig voru tekin út 42 efnistökusvæði tengd framkvæmdunum. Eftir að vettvangsvinnu lauk voru gerðar breytingar á styttri línukostum og er því ekki búið að taka út áhrifasvæði þeirra að fullu. Alls eru staðbundnir línukostir tíu talsins eftir breytingarnar.

Við fornleifaskráninguna voru samtals skráðar 317 fornleifar á 258 minjastöðum og birtast upplýsingar um þær í skýrslunni. Aðaláhrifasvæði framkvæmda er skilgreint sem 50 m breitt belti til beggja átta út frá hverjum línukosti og eru allar fornleifar innan þess svæðis taldar í stórhættu vegna framkvæmdanna. Aðrar fornleifar innan áhrifasvæðis teljast hins vegar í hættu vegna rasks sem getur fylgt stærri framkvæmdum sem þessum. Samanlögð niðurstaða hættumatsins fyrir alla línukosti var sú að 169 fornleifar eru í stórhættu, 128 fornleifar eru í hættu og 14 fornleifar eru ekki taldar í neinni hættu, oftast vegna þess að öll ummerki um þær voru þegar horfin.

Lagt var mat á möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar með vísan í leiðbeiningar Skipulagsstofnunar en einnig var lagt mat á minjagildi fornleifanna og settar fram tillögur um mótvægisaðgerðir og vöktun. Alls töldust 30 minjar hafa mjög mikið gildi, 32 með mikið gildi, 221 fornleif með nokkurt gildi og 28 með lítið gildi. Niðurstaða fornleifaskráningar og greiningarvinnu er að framkvæmdin muni ekki hafa verulega neikvæð áhrif á fornleifar en nokkuð neikvæð áhrif á menningarlandslag svæðisins.

Efnisorð: Holtavörðuheiðarlína 1, Hvalfjörður, Borgarfjörður, Skarðsheiði, Holtavörðuheiði, Verkís, Landsnet, Fornleifastofnun Íslands, fornleifar, fornleifaskráning, umhverfismat.

Summary

The Institute of Archaeology (Fornleifastofnun Íslands) undertook an archaeological survey in the fall of 2021 and 2022 in advance of a new power line from Hvalfjörður to Holtavörðuheiði in West Iceland. The survey forms part of an environmental impact assessment for the project. All archaeological remains located within the assessment areas were surveyed. The power line is in four parts (A-D) and within three of those there are shorter variations of the line. The combined length of the lines assessed was approximately 160 km and each line had a 300 m wide assessment area. In addition to the lines themselves 42 possible quarry sites were surveyed and furthermore an area of 195,5 ha between two of the supposed line options. Where planned road constructions/rebuilds reached outside the main assessment area a 30 m assessment area was surveyed.

After the field survey had finished, changes were made to the design of the shorter variations of the power line. Due to this, some of the assessment area for the new parts of the design have not been surveyed in the field. There are ten shorter variations of the power line after the changes.

In the field survey of 2021-22 a total of 317 archaeological remains were surveyed at 258 heritage sites. In this report the main impact area is defined within the closest 50 m to the proposed power lines. Archaeological remains found within this area are considered to be at high risk due to the construction. Other archaeological remains within the assessment area are considered to be at some risk due to possible disruption caused by such a large-scale construction. Sites where all remains of archaeology were already gone were not considered at risk because of planned construction. The conclusion of the risk assessment for all the variations of the power line is that 169 archaeological remains could be at high risk due to the construction, while 128 remains are at risk and 14 remains were not considered to be at risk.

The possible effect of the construction on archaeological remains was evaluated in keeping with the National Planning Agency‘s guidelines. Additionally, the heritage value of archaeology was evaluated and countervailing procedures were proposed. A total of 30 archaeological remains were found to have great heritage value, 32 considerable value, 221 some value and 28 little value. In conclusion, the proposed construction of the power line will not have a substantial direct effect on heritage sites, but it will have some negative effect on cultural landscapes in the area.

Keywords: Holtavörðuheiðarlína 1 power line, Hvalfjörður, Borgarfjörður, Skarðsheiði, Holtavörðuheiði, Verkís, Landsnet, Institute of Archaeology (Iceland), archaeology, detailed survey, environmental assessment

Efnisyfirlit

1. Inngangur....9
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf....13
3. Aðferðir við fornleifaskráningu....15
4. Fornleifaskrá....17
BO-012 Kalastaðakot....17
BO-013 Katanes....18
BO-014 Eystra-Miðfell....20
BO-015 Ytra (vestra) Miðfell....22
BO-092 Galtarholt....29
BO-095 Stóra-Fellsöxl....30
BO-113 Neðra-Skarð....33
BO-114 Skarðskot....38
BO-131 Efrihreppur....39
BO-132 Neðrihreppur....41
BO-159 Heggsstaðir....48
BO-160 Vatnshamrar....49
BO-169 Hvítárvellir....53
BO-171 Þingnes....56
BO-172 Bakkakot....59
BO-173 Langholt....61
BO-174 Bær....73
BO-220 Deildartunga....74
BO-221 Brekkukot....78
BO-611 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Hvalfjarðarstrandarhreppi....81
BO-631 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Skilmannahreppi....83
BO-641 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Leirár- og Melahreppi....85
BO-651 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Skorradalshreppi....88
BO-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Andakílshreppi....90
BO-681 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Reykholtsdalshreppi....93
MH-017 Síðumúli....94
MH-018 Síðumúlaveggir....102
MH-019 Norðtunga....105
MH-020 Högnastaðir....108
MH-021 Helgavatn....111
MH-028 Sigmundarstaðir....114
MH-029 Grjót....119
MH-030 Höfði(Karlsbrekka)....125
MH-048c Hellistungur....126
MH-052a Fornihvammur....128
MH-053 Krókur....131
MH-054 Hárekksstaðir....138
MH-055 Hóll....139
MH-056 Hafþórsstaðir....141

MH-064 Guðnabakki....146
MH-066 Sleggjulækur....150
MH-069 Kaðalstaðir....159
MH-071 Neðra-Nes....171
MH-097 Stafholtsey....173
MH-611 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Hvítársíðuhreppi....177
MH-621 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Þverárhlíðarhreppi....179
MH-631 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Norðurárdalshreppi....184
MH-641 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Stafholtstungnahreppi....187
ST-106 Melar....190
ST-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Bæjarhreppi....193
5. Niðurstöður....197
5.1 Takmarkanir á úttekt og breytingar á línukostum....199
5.2 Hættumat....200
5.3 Forsendur fyrir mati á gildi minja og tillögum að mótvægisaðgerðum....201
5.4 Valkostur A – Klafastaðir-Andakíll....207
5.4.1. Valkostur A1 – Bjarnarholtsleið....213
5.4.2 Valkostur A1.a meðfram núverandi byggðalínu á móts við A1....216
5.4.3 Staðbundinn samanburður á valkosti A1 – Bjarnarholtsleið og valkosti A1.a....219
5.5 Valkostur B – Bæjarsveit....221
5.5.1 Valkostur B1 – Andakílsleið....228
5.5.2 Valkostur B1.a meðfram núverandi byggðalínu á móts við B1....231
5.5.3 Staðbundinn samanburður á valkosti B1 – Andakílsleið og B1.a....234
5.5.4 Valkostur B2 – Bæjarsveitarleið eystri....234
5.5.5 Valkostur B2.a meðfram núverandi byggðalínu á móts við B2....238
5.5.6 Staðbundinn samanburður á valkosti B2 – Bæjarsveitarleið eystri og B2.a....241
5.5.7 Valkostur B3 – Bæjarsveitarleið vestari....242
5.5.8 Valkostir B3.a/B4.a meðfram núverandi byggðalínu á móts við B3/B4....247
5.5.9 Staðbundinn samanburður á valkosti B3 – Bæjarsveitarleið vestari og B3.a....252
5.5.10 Valkostur B4 – Bæjarsveitarleið um Langholtsflóa....253
5.5.11 Staðbundinn samanburður á valkosti B4 – Bæjarsveitarleið um Langholtsflóa og B4.a....258
5.5.12 Valkostur B5 – Þrætutunguleið....259
5.5.13 Valkostur B5.a meðfram núverandi byggðalínu á móts við B5....262
5.5.14 Staðbundinn samanburður á valkosti B5 – Þrætutunguleið og B5.a....264
5.6 Valkostur C – Stafholtstungur-Þverárhlíð....267
5.6.1 Valkostur C1 – Þverárhlíðarleið um Norðtungu....272
5.6.2 Valkostur C1.a/C2.a meðfram núverandi byggðalínu á móts við C1/C2....276
5.6.3 Samanburður á valkostum C1 – Þverárhlíðarleið um Norðtungu og C1.a....280
5.6.4 Valkostur C2 – Þverárhlíðarleið vestari um Norðtungu....281

5.6.5 Samanburður á valkostum C2 – Þverárhlíðarleið vestari um Norðtunguskóg og C2.a....285
5.6.6 Valkostur C3 – Þverárhlíðarleið eystri um Norðtungu....286
5.6.7 Valkostur C3.a/C4.a meðfram núverandi byggðalínu á móts við C3/C4....291
5.6.8 Samanburður á valkostum C3 – Þverárhlíðarleið eystri um Norðtunguskóg og C3.a....296
5.6.9 Valkostur C4 – Þverárhlíðarleið eystri um Helgavatnsskóg....297
5.6.10 Samanburður á valkostum C4 – Þverárhlíðarleið og C4.a....302
5.7 Valkostur D – Norðurárdalur-Holtavörðuheiði....305
5.8 Samantekt umfjöllunar um línukosti Holtavörðuheiðarlínu 1....310
5.9 Námur....312
6. Samantekt helstu niðurstaðna....321
7. Heimildaskrá....325

Viðauki I - Minjakort....330

1. Inngangur

Unnið er að mati á umhverfisáhrifum Holtavörðuheiðarlínu 1 frá tengivirki á Klafastöðum í Hvalfirði að nýju tengivirki á norðanverðri Holtavörðuheiði. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér lagningu háspennulínu sem stuðlar að styrkingu flutningskerfis raforku í landinu. Verkfræðistofan Verkís fór þess á leit við Fornleifastofnun Íslands, fyrir hönd Landsnets, að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa vegna verksins.


Holtavörðuheiðarlína 1 mun liggja meðfram eldri byggðalínu og er skipt upp í fjögur svæði (A-D) en innan þriggja þeirra eru styttri valkostir sem víkja frá núverandi línuleið, alls tíu talsins. Allir línukostirnir eru sýndir á korti 1 og umfjöllun um línukosti hvers svæðis er að finna í skýrslunni. Áhrifasvæðið sem tekið var út var 300 m breitt og samanlögð heildarlengd línukostanna er um 160 km. Að auki var tekið út svæði milli tveggja línukosta á svæði B sem er 195,5 ha að stærð. Gróf áætlun um legu vegslóða lá fyrir áður en farið var á vettvang 2022 og þar sem þeir liggja út fyrir áhrifasvæði línukosta var áhrifasvæði þeirra tekið út sérstaklega. Í úttektinni var miðað við 15 m breitt belti út frá miðlínu vegar og þannig tekið út samtals 30 m breitt svæði. Enn fremur voru tekin út 42 efnistökusvæði sem verða mögulega nýtt við framkvæmdina.

Eftir að vettvangsvinnu lauk voru gerðar breytingar á hönnun nokkurra styttri valkosta. Valkostur D1 datt út (þar voru engar skráðar fornleifar) og valkostur A1 var færður til austurs. Mestar breytingar urðu á B-hluta línunnar þar sem valkostur B1 var færður lítillega til suðausturs og valkostum B4 og B5 var bætt við. Ef ákveðið verður að leggja Holtavörðuheiðarlínu 1 um einhvern þessara nýju valkosta sem ekki hafa verið teknir út með tilliti til fornleifa á vettvangi, þarf að fara aftur á vettvang og kanna þau svæði.

Áhrifasvæði línukosta vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 liggur í gegnum lönd 47 lögbýla[1] í fjórum sveitarfélögum (Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Borgarbyggð og Húnaþing vestra) í þremur sýslum (Borgarfjarðar-, Mýra- og Hnappadals- og Vestur-Húnavatnssýslu). Að auki voru námur skoðaðar á 14 lögbýlum sem línukostir liggja ekki yfir en eru á sama svæði.

Fornleifaskráningin var unnin í tveimur áföngum, árin 2021 og 2022. Í fornleifaúttekt sem unnin er í tengslum við framkvæmdir á borð við Holtavörðuheiðarlínu 1 er notast við aðferðafræði svokallaðrar deiliskráningar. Í henni felst að gengið er skipulega um öll áhrifasvæði framkvæmda, allar fornleifar innan þeirra hnitsettar og yfirborðsummerki um þær mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Þar sem fornleifaskráning hafði verið unnin áður í tengslum við aðalskipulag eða aðrar framkvæmdir var eldri skráning endurmetin og minjar mældar upp. Alls voru skráðar 317 fornminjar á 258 minjastöðum innan þeirra áhrifasvæða sem tekin voru út og birtast upplýsingar um þær allar í þessari skýrslu. Eftir að vettvangsvinnu lauk voru gerðar breytingar á línukostum sem urðu þess valdandi að sex af þeim fornleifum sem skráðar höfðu verið reyndust ekki lengur innan áhrifasvæða framkvæmda. Í niðurstöðukafla er því aðeins fjallað um 311 minjar á 252 minjastöðum. Áður en vettvangsvinna fór fram var rætt

1 Hér er átt við jarðir sem voru lögbýli í Jarðabók Johnsens árið 1847 (JJ).



Yfirlitskort frá Verkís sem sýnir alla línukosti Holtavörðuheiðarlínu 1.

við heimildamenn þar sem ekki hafði farið fram aðalskráning minja og allsstaðar látið vita af komu rannsóknaraðila. Er öllu því fólki sem rætt var við þakkað fyrir góðar móttökur og veitta aðstoð.

Um vettvangsvinnu sáu Kristborg Þórsdóttir, Gylfi Björn Helgason, Kristjana Vilhjálmsdóttir, Stefán Ólafsson, Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum nema annað sé tekið fram og loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Kristborg Þórsdóttir sá um verkstjórn, skýrsluskrif og kortagerð en Sólveig Guðmundsdóttir Beck sá um myndvinnslu.

Uppbygging skýrslunnar er á þann hátt að á eftir inngangskafla er yfirlit um sögu fornleifaskráningar og löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands og aðferðafræði. Fjórði kaflinn er efnismestur en í honum er fornleifaskráin þar sem fjallað er um allar minjar sem skráðar voru innan úttektarsvæða. Í fimmta og síðasta kafla skýrslunnar er fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar. Þar er meðal annars lagt mat á gildi minja innan úttektarsvæðisins og fjallað um möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar með vísan í leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um efnið. Einnig er settar fram tillögur um mótvægisaðgerðir og vöktun þar sem það á við. Umrætt mat á minjagildi og tillögur að mótvægisaðgerðum eru byggðar á áliti sérfræðinga Fornleifastofnunar en Minjastofnun Íslands mun leggja formlegt mat á þessa þætti og úrskurða í kjölfarið um nauðsynlegar mótvægisaðgerðir.

Skýrslan sem hér lítur dagsins ljós er uppfærð útgáfa af upphaflegri skýrslu sem kom út 2023 og hefur verkefnanúmer hennar því verið einkennt með bókstafnum b til aðgreiningar frá fyrstu útgáfu (FS904b-21191). Breytingin frá fyrri útgáfu er fólgin í leiðréttingum á töflum og texta á blaðsíðum 259-264. Að öðru leyti er skýrslan óbreytt.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.


Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Umhverfis allar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði en umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 m friðhelgað svæði.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (NM, RA o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala en það er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-084:001). Séu fleiri en ein fornleif (minjaeining) á hverjum minjastað bætist við einingarnúmer aftast í númeraröðinni (dæmi: RA-084:001 01). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari, búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hverrar jarðar.



Dæmi um framsetningu upplýsinga um fornleifar í skýrslum Fornleifastofnunar.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða),

mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 og er möguleg skekkja mælinganna innan við 1 metri, allt niður í nokkra sentimetra.

Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Langflestar minjar sem skráðar voru innan áhrifasvæðis framkvæmdanna eru skilgreindar í hættu eða stórhættu, eftir því hversu nálægt fyrirhuguðum mannvirkjum þær eru. Þær minjar sem eru innan við 50 m frá mannvirkjum eru í stórhættu og þær minjar sem eru 51-150 m frá mannvirkjum eru í hættu. Í síðustu línu er svo getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem reyndust innan þess svæðis sem var til rannsóknar og er númeraröðin því ekki samfelld í fornleifaskránni.



Allar uppmælingar sem gerðar voru í skráningunni eru skilgreindar til glöggvunar með tilliti til byggingarefnis eða eðlis minjanna og eru skýringar á þeim sýndar í lista hér fyrir ofan. Þessar skýringar gilda fyrir öll minjakort og myndir af uppmældum minjum í fornleifaskrá.


4. Fornleifaskrá

BO-012 Kalastaðakot

1686: Jarðardýrleiki 15 hdr. BL, 138. 1706: Jarðardýrleiki 16 hdr. og talin byggð úr landi Kalastaða í byrjun 17. aldar. Þá var jörðin óskipt að öðru en slægjum og húsum. JÁM IV, 39. Niðri við sjó hafði Kaupfélag Hvalfjarðar útibú og stendur húsið enn, þar er einnig bryggja. Landsvirkjun keyupti 6,5 ha lands vestast í landinu, þar er spennistöð. BB II, 38. Hefðbundum búskap var hætt á jörðinni upp úr 1990.
Tún árið 1920: Stærð 60,611 m². Þar af 1/4 þýft. Garðar 1,176 m². 1706: "Móskurður til eldiviðar nægur og hægur." Öll hlunnindi og skógarítök eru þau sömu og sagt er um Kalastaði því jörðin var óskipt að öðru en slægjum og húsum á þessum tíma. JÁM IV, 39. "Jörðin er allstór. Suðvestan við þjóðveginn er jafnlent, hallandi mýrlendi með smá holtum, en flatara er nær dregur Hólmavatni. Ofan við þjóðveginn er holt og valllendisbrekkur með mýrardrögum á milli, gott beitiland." BB II, 38. Þar sem jörðin er jafnlend og mýrlend hentar hún vel til framræslu og ræktunar. Í Kalastaðakoti hefur verið ræktað gríðamikið og landslagið gjörbreytt frá því sem áður var. Þannig var það þegar orðið að miklu leyti þegar Sveinn Hjálmarsson heimildamaður flutti að Kalastaðkoti 1966. Af þessum orsökum eru mörg örnefni, einni þau sem vísa á fornleifar glötuð í núverandi umhverfi.

BO-012:021 þúst óþekkt 367428 434649
Þúst er um 95 m suðvestan við spennistöð á Brennimel, rúmum 1,1 km vestan við bæ 001.
Þústin er ofan á lágum hól, sem er um 1 m á hæð. Lúpínubreiða er norðaustan við þústina en annars er þýft graslendi og deig mýri í kringum hana.





Þúst 021, horft til ANA á ljósmynd.

Þústin er um 8,5 x 7 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er stórþýfð, um 40-60 cm á hæð og er áberandi grænni og grösugri en umhverfið.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-013 Katanes

16 hdr. 1706. Saurbæjarkirkjueign. JÁM IV, 40. “Kalman var ok írskr, er áin er við kennd, ok bjó fyrst í Katanesi.” Landnámabók (H), ÍF I, 61 – ekki getið í S. “Þeir Illugi sækja þá eptir þeim Herði fast, en þeir halda fram fyrir nesit. Þá gaf Hörðr nafn nesinu ok kallaði Katanes, því at honum þótti þar margr kati fyrir fara.” Harðar saga, ÍF XII, 72. Fyrir 1300: “Sa er circio maldage i saurbæ a hvalfiarþar strond. at kirkia a suarbæiar land allt oc annat a færsticlo. hit þriþia [at] ramna berge. fiorþa i hofþa. fimta i katanese.” DI I 265 sbr. [1367] - DI III 223; 1397 - DI IV, 197-198; [1491-1518]: - DI VII, 55; 1575: Kirkian ad Saurbæ Kirkian ad Saurbæ ä … thessar Jarder. … Katanes landgillde c. - DI XV 631-632. Túnakort 1920: Tún 40,548m2, 1/3 þýft. Garðar 1,045m2.


BO-013:013 *Viðleguholtin* heimild um tjaldstæði 366440 433635

“Austast með Eiðisvatni, og heldur lengra til austurs, eru Viðleguholtin. Þar var tjaldað, þegar heyjað var við Eiðisvatn, á Fitjunum austan við það, einnig út með Vatninu,” segir í örnefnalýsingu. Viðleguholt eru líklega lítil, þurr holt við suðausturenda Eiðisvatns, um 1,7 km NNA við bæ 001 og 420 m norðan við sel 014. Staðurinn var upphaflega skráður árið 2003 en skráningin var endurskoðuð haustið 2022. Búið er að ræsa landið fram á þessum slóðum, slétta og rækta að hluta. Ásýnd svæðisins hefur því breyst mjög mikið og ekki lengur hægt að sjá að þarna hafi verið holt.
Engin merki um tjaldstæði sjást á svæðinu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Katanes, 5

BO-013:014 *Selás* tóft sel 366441 433207

“Selásinn er 400 m suður í flóanum frá Eystra-Miðfellsmerkjum. Selásinn er melur á hæð; hann liggur frá vestri til austurs, nokkuð grýttur austan til. Þar austast er gömul, græn byggingarrúst; þar mótar þó enn fyrir veggjarbrotum. Þarna mun selið hafa verið og líklega beitarhús seinna, þá líklega sauðahús; þetta hefi ég heyrt gamla menn segja. En selið mun niður lagt sem slíkt fyrir líklega um 100 árum,” segir í örnefnaskrá. Seltóftin er um 1,3 km NNA við bæ 001 og 420 m sunnan við Viðleguholt 013. Tóftin var upphaflega skráð árið 2003 en skráningin var endurskoðuð haustið 2022 og mæld upp með nákvæmum hætti.
Seltóftin er norðarlega á grýttum og fremur gróðurlitlum lágum ási. Háspennulína er rétt norðvestan við tóftina.





Seltóft 014, horft til norðvesturs á ljósmynd.

Tóftin er 14 x 5 m stór og snýr hér um bil austur-vestur. Hún er mjög áberandi vegna grænku og er bitin af hrossum en hlaupin í þúfur. Veggir eru mjög signir, mest um 0,4 m háir. Hvergi sést grjót í þeim. Þó að tóftin sé sigin og þýfð er greinilegt að hún skiptist upp í þrjú hólf sem virðast öll opin í suður. Hólf A er

vestast, það er 2,5 x 2 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Miðhólfið, hólf B, hefur verið þeirra stærst, allt að 4 x 2 m að innamáli og snýr einnig eins og tóft. Hólf C er austast og er það 2 x 1,5 m að innanmáli og snýr nálega norður-suður. Sunnan og suðaustan við tóftina eru moldarflög með stórum steinum. Ekki er augljóst á lögun tóftarinnar að hún hafi verið notuð sem beitarhús, eins og segir í örnefnaskrá.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Katanes, 7

BO-014 Eystra Miðfell

40 hdr. 1706. Bændaeign. JÁM IV, 36. “Fiðr enn auðgi Halldórsson Hognasonar, hann nam land fyrir sunnan Laxá og til Kalmannsár ok bjó at Miðfelli.” Landnámabók (S), ÍF I, 64, sbr. H – ÍF I, 65. “[Signýju Valbrandsdóttur] átti Þorgeirr, son Finns ór Miðfelli ins auðga Halldórssonar, Högnaonar; hann var þá andaðr, er sjá saga gerist.” Harðar saga, ÍF XIII, 7. “Þeir [Illugi og Hörðr] riðu upp um Miðfell ok svá til Breiðabólstaðar [í Reykholtsdal].” Harðar saga, ÍF XIII, 53. “Brandr hét maðr, son Þorbjarnar kolls undan Miðfelli; hann kom at Geir í skerinu ok barðist við hann ok drap þann, er honum fylgdi.” Harðar saga, ÍF XIII, 72. 1.3.1596 skýrir Þórður Guðmundsson lögmaður frá því að fyrir 30 árum hafi hann að kröfu Vigfúsar Jónssonar eiganda Kalastaða og Halls Ólafssonar eiganda Eystra Miðfells gert um landamerki jarðanna: J fyrstu skylldi sä steirn räda sem stendur upp a fiallinu og kalladur er Koladrangur. þadann riettsinis og ofann i steininn þann sem stendur i læknum fyrer nedan almenningz reidgoturnar. og kalladur er Forumannasteirn. ur þeim steini siönhending og ofann i þann lækiarskurd sem geingur ofann i vatnid þar þvertt ofann undann. DI XV, 57-58.
Túnakort 1920: Tún 55,579m2, 1/15 þýft. Garðar 1,389m2.

BO-014:010 *Brýnisrúst* heimild 366125 434460

“Vestan þess [Hrafnsholts] er svo Brýnaholt og í jaðri þess er rúst, sem heitir Brýnarúst. Þar virðist hafa verið einhver bygging,” segir í örnefnalýsingu. Í yngri lýsingu segir: “Brýnaholt og Brýnarúst, kannast engin hér við, vestan við Hrafnholt getur það ekki verið, þar er enginn steinn eða rúst.” Brýnaholt er á merkjum Galtarholts og Eystra-Miðfells, 1,5 km suðvestan við bæ 001 og 1,2 km suðvestan við Grænurúst 017. Staðurinn var fyrst skráður 2003 en var heimsóttur aftur 2022.



Svæðið þar sem sem Brýnisrúst 010 var, horft til austurs.

Holtið er lítið og lágt, mikið grjót í því en samt ágætlega gróið. Mýrar eru umhverfis það; framræstar að miklu leyti.
Aðeins austasta brún holtsins tilheyrir Eystra-Miðfelli og þar er enga rúst að sjá, ekki heldur annarsstaðar á holtinu. Merkjaskurður sveigir austur fyrir holtið, enda var ekki unnt að fara þvert í gegnum það með gröfu. Ekki er útilokað að skurðurinn hafi skemmt rústina hafi hún verið á austurbrúninni.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 2

BO-014:013 varða landamerki 366092 433753

“Vestur af Kríltjörn eru holt, sem heita Bjarnarholt. Mikið af þeim er í Galtarholtslandi, en varða er á þeim er sýnir hvar merkin eru,” segir í örnefnalýsingu. Bjarnarholt eru um 2,2 km suður af bæ 001. Upphafleg skráning var gerð árið 2003 en farið var aftur á vettvang haustið 2022. Engu var bætt við eldri lýsingu. Landamerkjavarða á sama stað er einnig skráð með minjum í Galtarholtslandi, sjá BO-092:006.
Aflangt holt sem liggur austur-vestur, bróðurpartur þess er í Galtarholtslandi.
Merkjagirðing liggur nú um holtið frá norðri til suðurs. 2 m vestan við hana, á norðurbrún




Óljósar leifar af vörðu 013, horft til austurs

holtsins, er algróin grjóthrúga, um 1,5 m í þvermál en dæld í hana miðja. Á tveimur stöðum hefur verið hlaðið að girðingastaurum til að styðja við þá og hugsanlegt að grjótið hafi verið tekið úr vörðubrotinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 2

BO-014:017 *Grænarúst* þúst óþekkt 367146 435212
"Vestur af læknum í flóanum er rúst nefnd Grænarúst," segir í örnefnalýsingu. "Grænarúst, í Bringum, uppá hávaðanum, þar niður af Hestholt, nefnt af okkur" segir í yngri örnefnalýsingu. Landamerki Eystra Miðfells 1922: Frá austurhlið Hólmavatns "ræður bein stefna uppí svokallaða Grænurúst vestanvert við melana […]." Grænarúst er um 590 m SSA af bæ 001. Hún er ekki á merkjum, og er líklegt að í landamerkjabréfi sé átt við Merkjarúst 016 sem er um 470 m ASA af Grænurúst. Staðurinn var fyrst skráður 2003 en var heimsóttur aftur 2022.





Grænarúst 017, horft til norðausturs á ljósmynd

Rústin er á litlu þýfðu holti. Það er í 125° horni milli tveggja skurða, annar er norðan en hinn vestan við. Ræktuð tún eru vestan og norðan við en rústin er í norðvesturhorni á óræktuðu stykki.
Ekkert húsalag er á Grænurúst. Hún er þýfður, óreglulegur blettur sem er lítið eitt hærri en landið umhverfis. Ekki er gróska í henni og engir sjáanlegir veggir eða veggjaleifar. Bletturinn er um 21,5 x 12,5 m að stærð. Við suðausturjaðar hans er dálítið af lausagrjóti.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Eystra-Miðfell, 1; Ö-Eystra-Miðfell VJ, 2; Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 122


BO-015 Ytra (Vestra) Miðfell

20 hdr. 1706. Bændaeign. JÁM IV, 34.
Túnakort 1920: Tún 45,206m2, 1/3 þýft. Garðar 974m2.

BO-015:010 *Steinholtsvað* heimild um vað 365832 437653
"Þar vestar á móts við, þar sem Skarðsá kemur í Laxá að norðan, heitir Áramótanes. Nokkru neðar er Steinholtsvað á ánni...", segir í örnefnalýsingu. Vaðið er 1,4 km norðvestur af bæ 001, skammt neðan ármótanna. Það var fyrst skráð 2003 en aftur var farið á vettvang 2022. Eldri lýsing heldur sér óbreytt. Sléttar grundir eru beggja megin ár en hækkandi bakkar upp frá þeim.
Áin breiðir úr sér á vaðinu og er allt að 40 m en þrengist skammt neðan við, þar er veiðistaður í ánni.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Vestra-Miðfell, 1

BO-015:012 *Grjótstekkur* tóft stekkur 366088 435769
"Þar sem gatan liggur af þjóðvegi upp að bænum heitir Galtarholtsmelur. Ofan hans er örmjótt mýrarsund og ofan þess er forn rúst, sem heitir Grjótstekkur." Grjótstekkur er um 820 m suðvestan við bæ 001 og 600 m norðan við Torfholt 005. Stekkurinn var upphaflega skráður árið 2002 en eldri skráning var endurskoðuð haustið 2022.
Tóftin er á mel sem farinn er að gróa talsvert upp.






Grjótstekkur 012, horft til norðurs á ljósmynd

Nokkuð greinleg rúst, ágætlega gróin en líklegt virðist að hún hafi verið nánast örfoka áður. Hún er tvískipt og alls 7 x 7 m stór. Vestara hólfið (A) er 7 x 4 m N-S, opið í suður en austan við það er hólf (B) sem er 3 x 4 m, á því sést ekkert op. Veggir eru ekki heillegir og lítill jarðvegur er í þeim. Þeir markast af grjótdreifum undir mosaþembum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Vestra-Miðfell, 1

BO-015:013_01 *Mýrarkot* bæjarstæði bústaður 365783 436145
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1706 segir: "Mýrarkot, hjáleiga, bygð fyrst í manna minni þar sem aldrei hafði fyrri bygð verið, varaði bygðin ekki full 30 ár og lagðist því í auðn, að menn fengust ekki til fyrir 5 eður 6 árum." Í örnefnalýsingu er staðurinn einnig nefndur Grænhóll: "Vestan undan bænum eða öllu heldur suðvestan neðan við hallann er Grænhóll öðru nafni Mýrarkot. Þar eru allfornar byggingaleifar, enda er talið að þar hafi verið byggð." Mýrarkot er úti í flóanum rúma 800 m suðvestur af bæ 001. Þar er rústasvæði sem er um 130x80m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Býlið var upphaflega skráð 2003 og voru þá skráðar þrjár minjaeiningar á svæðinu. Eldri skráning var endurskoðuð á haustdögum




Yfirlitskort sem sýnir minjar í túni Mýrarkots BO-015:013_01-07

2022 og voru þá skráðar fjórar minjaeiningar til viðbótar. Innan þess er bæjarhóll 01 (áður A), fimm tóftir; 02, 03, 04 (áður B), 05, 06 (áður C) og mögulegur túngarður 07.
Rústasvæðið er í flötu mýrlendi sem hefur verið ræst fram með skurðum. Það er mjög stórþýft, efst á lágum hólrana sem liggur suðvestur og norðaustur og er á kafi í háu grasi. Mýri er norðan við en heldur þurrara að sunnanverðu.



Bæjarhóll Mýrarkots 013_01, horft til norðurs.



Kort sem sýnir bæjarhól 013_01 auk tófta 02 og 03.

Lýsingin hefst á bæjarhólnum 01, sem er suðvestarlega í túni býlisins. Bæjarhóllinn er um 30x30m að stærð og er á lágum hólrana. Upphleðsla bæjarhólsins er nokkuð óljós en þó má ætla að hún sé einhvers staðar á bilinu 1,5 - 2m. Bæjarhóllinn og allt hans nánasta umhverfi er á kafi í mjög háu grasi og því

vottar mjög óljóst fyrir veggbrotum og dældum sem tæplega verður hægt að lýsa nákvæmlega. Þau veggbrot og dældir sem þó var hægt að finna fyrir virtust liggja frá suðvestri til norðausturs og út frá því virðist sem framhlið bæjar hafi snúið til suð-suðausturs. Syðst á bæjarhólnum vottar mögulega líka fyrir tvískiptum kálgarði sem hefur þá verið framan við bæinn. Hvort hólf kálgarðsins virðist hafa verið um 6m á lengd og 4m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Vestra-Miðfell, 1; JÁM IV, 35

BO-015:013_02 tóft útihús 365762 436142
Vestan við bæjarhólinn 01 er einföld tóft 02 sem er um 7x7m að stærð og virtist hafa verið op á henni til suðvesturs. Innra byrði hennar er 30-50cm á hæð og er það mun skýrara en ytrabyrðið sem er mjög óljóst. Gæti þessi munur bent hugsanlega til þess að að tóftin hafi að einhverju leyti verið niðurgrafin. Tóftin er mjög sigin og á kafi í grasi en þrátt fyrir það mátti greina grjót í henni og því er líklegt að hún hafi verið torf- og grjóthlaðin.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


Tóft af útihúsi 013_02, horft til austurs.


Tóft af útihúsi 013_03, horft til austurs.

BO-015:013_03 tóft útihús 365766 436132
Um 5m vestan við bæjarhól 01 og rúma 3m sunnan við tóft 02 er tóft 03. Tóftin er mjög óljós, sigin og á kafi í grasi. Hún er 3x3m að stærð og virðist hafa verið einföld. Tvö op eru á tóftinni, annað til vesturs en hitt til austurs. Við vestara opið varð vart við grjót. Ekki er ljóst hvort annað þeirra eða bæði, gætu verið ummerki eftir raunveruleg op, eða hvort annað er gróið rof. Engin rofsár voru í tóftinni. Vegghleðslur eru frekar grannar, 50-70cm á breidd og 30-50cm á hæð. Innra byrði er skýrara en ytrabyrðið og væntanlega hefur tóftin verið hlaðin úr torfi og grjóti.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-015:013_04 tóft útihús 365810 436167
Um 20m norðaustan við bæjahól 01 og tæpa 14m suðvestan við tóft 06 er tóft 04 (áður B). Tóftin er 15x9m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er einföld og vegghleðslurnar sem eru mjög útflattar eru á kafi í grasi. Vegghleðslur eru um 3m á breidd og 30-50cm á hæð. Innra byrði er örlítið skýrara en ytrabyrðið. Tóftin liggur í smá halla til suðausturs og er suðurhluti tóftarinnar allur hlaupinn í þúfur og klofinn af götum sem hafa myndast eftir að tóftin fór úr notkun. Þrátt fyrir ástandið á syðri hluta tóftarinnar verður að gera ráð fyrir því að opið hafi verið á suðausturgafli. Út frá stærð, legu og gerð tóftar er ekki útilokað að um fjós hafi verið að ræða. Ekki varð vart við grjóthleðslur né virkt rof í tóftinni.



Útihústóft 013_04, horft til norðvesturs á ljósmynd.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-015:013_05 tóft útihús 365769 436165




Útihústóft 013_05, horft til vesturs á ljósmynd.

Tóft 05 er tæpa 15m norður af bæjarhól 01. Hún er 9x7m að stærð, einföld og snýr norðaustur og suðvestur. Tóftin er hlaupin í þúfur og orðin mjög óljós. Vegghleðslur virðast vera um 1m á breidd og 30-50cm á hæð og op virðist hafa verið á tóftinni til suðausturs. Ekki varð vart við grjóthleðslur né rof í tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-015:013_06 tóft útihús 365828 436186
Tóft 06 (áður C) er um 40m norðaustan við bæjarhól 01, um 14m norðaustan við tóft 04 og rúma 50m austan við tóft 05. Tóftin er 16x8m að stærð og snýr vest-suðvestur og aust-norðaustur. Vegghleðslurnar eru orðnar mjög signar og útflattar og er einungis hægt að greina norðvesturlanghlið og báða gaflana en öll suðausturlanghliðin virðist eydd. Þar má þó mögulega sjá kant. Almennt má segja að vegghleðslurnar séu um 80-100cm á breidd og 30-50cm á hæð. Engar grjóthleðslur sjást og ekkert opið rof er í tóftinni.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda





Útihústóft 013_06, horft til suðurs á ljósmynd.

BO-015:013_07 garðlag túngarður 365790 436106




Túngarður 013_07, horft til suðurs.

Suðurmörk rústasvæðisins er afmarkað af mögulegu garðlagi. Það er mjög útflatt og þýft og á kafi í grasi. Það er 30-60cm á hæð og um 1m á breidd en sumstaðar er það þó klofið og mikið blásið og virðist þar vera mun breiðara. Ekkert grjót sést í því. Hægt var að rekja það á um það bil 125m löngum kafla.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-015:024 tóft beitarhús 365769 436787

Tóft er rúma 900m norðvestan við bæjarhól Vestra Miðfells 001, um 610m norður af Mýrarkoti 013 og um 180m suðvestan við sumarhúsalóð sem nefnist Flatir 1 frá 1996.
Landið umhverfis tóftina er flatt deiglendi, ágætlega grösugt. Tóftin er nyrst á mjög lágu holti sem er orðið nokkuð gróðurvana syðst og fer roflínan bráðlega að nálgast tóftina.
Tóftin er 14x10m að stærð, hefur 4 hólf og snýr norðvestur og suðaustur. Norðvestast er hólf A, sem er 3x1,5m að innanmáli og snýr suðvestur og norðaustur. Op virðist hafa verið á þessu hólfi til norðausturs. Vegghleðslur hólfs A eru veigalitlar, um 30cm á hæð og 30-50cm á breidd. Suðaustan við hólf A er hólf B sem er 5x3m að innanmáli og snýr einnig suðvestur og norðaustur en op þess virðist hafa snúið til suðvesturs andstætt hólfi A. Vegghleðslur hólfs B eru um 1,5m á breidd og 60-70cm á hæð. Suðaustan við hólf B eru hólf C og D. Hólf C er austast í tóftinni, 2x1m að innanmáli og snýr norðvestur og suðaustur en hólf D er suðvestan við hólf C og suðaustan við hólf B og er 2x2m að innanmáli. Vegghleðslur hólfs C og D eru um 1m á breidd og um 50cm á hæð. Ólíkar veggheðslur hólfanna gefa til kynna að annað hvort hafi tóftin verið byggð í nokkrum áföngum eða að þau hafi haft ólík hlutverk. Út frá staðsetningu og útliti hennar má ætla að tóftin hafi annað hvort þjónað sem beitarhús eða heystæði. Hólf B sem hefur veigamestu vegghleðslurnar gæti verið elsti hluti tóftarinnar ef um gamalt heystæði væri að ræða sem fleiri heystæði hafa verið byggð við en það gæti líka hafa verið fjárhús. Þá hafa hin hólfin verið hlöður og tóftin þá þjónað sem beitarhús. Neðst við vegghleðslur hólfs B mátti finna fyrir grjóti sem gefur til






Beitarhúsatóft 024, horft til norðvesturs á ljósmynd.

kynna að alla vega það hólf hefur verið hlaðið úr torfi og grjóti en ekki varð vart við grjót hjá hinum hólfunum. Tóftin er á kafi í grasi en mjög greinileg.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-015:025 tóft heystæði 365822 436796
Tóft af heystæði er um 40m austan við tóft 024, rúma 860m norðvestan við bæjarhól Vestra Miðfells 001, um 620m norður af Mýrarkoti 013 og um 130m suðvestan við sumarhúsalóð sem nefnist Flatir 1 frá 1996.
Landið umhverfis tóftina er flatt deiglendi, ágætlega grösugt. Tóftin er nyrst á mjög lágu holti sem er orðið nokkuð gróðurvana syðst og fer roflínan bráðlega að nálgast tóftina.





Tóft af heystæði 025, horft til austurs á ljósmynd.

Tóftin er einföld, 11x6m að stærð og snýr svo til vestur og austur. Nokkuð stórt op eða gróið rof er á henni vestarlega á suður langhlið. Tóftin er á kafi í grasi og þá eru vegghleðslur orðnar þýfðar og aflagaðar. Innra byrði er 30-50cm á hæð en ytrabyrði er óljósara en þó sennilega um 30cm á hæð. Út frá staðsetningu og útliti hennar má ætla að tóftin hafi þjónað sem heystæði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-015:026 gata leið 365828 436563
Grónar götur eru á þurrum lágum rima í deiglendi milli Mýrarkots 013 og tófta 024-025. Þær liggja frá suðvestri til norðaustrus. Ekki liggur fyrir hvaðan þær hafa legið eða hvert en þær virðast hafa svipaða stefnu og leið BO-611:007 sem liggur eftir bökkum Laxár.



Götur 026, horft til norðausturs.

Göturnar liggja um flatt en þýft deiglendi.
Göturnar voru raktar á ríflega 100m löngum kafla. Þær eru 3-5 saman á um 5m breiðu belti. Breidd þeirra er nokkuð óljós en þó má segja að almennt séu þær um 30cm á breidd og 10-15cm dýpt. Þær eru grónar í botninn.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-092 Galtarholt

“Jörðin var eign Skálholtsstóls 1707, metin á 10 hundruð. 1563 lét kóngur hana af hendi við stólinn fyrir 12 hundruð. Hún var seld frá stólnum 1792.” Byggðir Borgarfjarðar II, 66
Tún 54,164 m², 1/5 þýft. Garðar 872 m².

BO-092:005 *Torfholt* heimild um ristu 366136 435185
“Austan við Galtarholtsmel og Galta er auðkennalítill flói. Austur í þessum flóa er smámelur rétt við merkin, hann heitir Torfholt. Meðan torf var rist til að hafa á uppgerð hey, var það rist þarna í flóanum og þurrkað á þessu holti,” segir í örnefnaskrá. Torfholt er um 680 m norðaustan við bæ 001 og 490 m ANA við Bjarnarkot 004. Ristustaðurinn var upphaflega skráður 2002 en sú skráning var endurskoðuð haustið 2022.
Torfholt er uppblásið melholt og allt í kringum það er þýfð mýri en búið er að ræsa fram land og rækta tún austan við holtið í landi Eystra-Miðfells.
Engin ummerki um ristu sjást í mýrinni en þó eru ummerki um rof í gróðurþekjunni næst miðju holtinu að vestanverðu. Mögulega er það rask í tengslum við torfristuna.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Galtarholt, 1

BO-092:006 varða landamerki 366091 433753
“Austan við Galtarholtslækinn eystri er svo nokkuð neðarlega annað holt, sem heitir Bjarnarholt. Austast á því er varða með viðarkolum í; þetta er merkjavarða þó hún sé nafnlaus.” Landamerki Galtarholts 1922, á móti Eystra-Miðfelli BO-014: “[...] úr þeirri vörðu [BO-014:025, á mel við lækinn] ræður bein stefna suður yfir flóann í upphlaðna torfvörðu með viðar kolum undir austarlega á Bjarnarholti , úr þeirri vörðu beina stefnu í eystri endann á Kríltjörn (hornmark).” Bjarnarholt er um 1 km SSA við bæ 001 og 450 m ASA við Stekkjarholt 007. Varðan er horfin, en landamerkjagirðing liggur nú um holtið austanvert frá norðri til suðurs. Landamerkjavarða á sama stað er einnig skráð með minjum í Galtarholtslandi, sjá BO-014:013.
Bjarnarholt er uppgróið melholt umkringt framræstu votlendi.
Engin ummerki um torfhlaðna vörðu sjást lengur á holtinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Galtarholt, 1; Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 125

BO-095 Stóra-Fellsöxl

"Jörðin var í eigu Skálholtsstóls 1706, talin 20 hundruð. Seld frá stólnum 1791. Getið í Harðarsögu og Hólmverja við liðssafnað Harðar." Byggðir Borgarfjarðar II, 76
Tún 51,838 m², ¼ þýft. Garðar 1,439 m².

BO-095:001_01 *Stóra-Fellsöxl* bæjarhóll bústaður 363311 431887

Bærinn Stóra-Fellsöxl stóð norðaustan við Akrafjall, um 60 m ofan við gamla þjóðveginn. Á túnakorti frá 1920 er kálgarður 02 merktur austan við bæjarhús 01. Í fasteignamati 1918 segir um bæjarhús: "Íveruhús úr steinsteypu 12 1/2 x 10 al. Með kjallara og geymslulofti. Anddyri úr sama efni. 8 x 3 1/2 al. Bygt 1911." Bærinn er farinn eyði og voru húsin rifin á síðasta áratug 20. aldar. Staðurinn var fyrst skráður árið 2000 en var heimsóttur aftur 2022 og eldri skráning endurskoðuð.



Bæjarhóll Stóru-Fellsaxlar 001_01, horft til SSV.

Umhverfis bæjarhólinn er gamalt tún í órækt. Túnið er í aflíðandi halla til norðausturs. Norðurhelmingi gamla heimatúns Stóru-Fellsaxlar hefur að miklu leyti verið raskað af djúpri malarnámu og eru mörk námunnar nú (2022) aðeins tæpa 15 m norðvestur af bæjarhólnum. Malarvegur, gamla heimreiðin að bænum, liggur frá Fellsendavegi að námunni. Gaddavírsgirðing afmarkar trjálund á suðvesturhluta bæjarhólsins.



Kort sem sýnir bæjarhól Stóru-Fellsaxlar 001_01 og staðsetningu kálgarðs 001_02 auk minja 004 og 005_01-02. Sjá má að mörk jarðvegsnámu (efst í vinstra horni) eru komin fast að minjunum.

Íbúðarhúsið hefur verið rifið og urðað á staðnum. Bæjarhóllinn er um 55 x 40 m og snýr norður-suður. Hann er hæstur um 1 m norðantil en rennur að hluta saman við brekkuna að suðvestanverðu. Grunn gryfja eða dæld er þar sem síðasta íbúðarhúsið stóð, norðarlega á bæjarhólnum. Tjálundur er sunnan við dældina en að öðru leyti er hóllinn grasi gróinn eins og túnið í kring. Líklegt er að eldri byggðaminjar hafi skemmst er íbúðarhúsið var grafið niður í hólinn.

Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku
Heimildir: Túnakort 1920; Fasteignamat 1916-1918 - undirmat Borgarfjarðarsýsla, 300

BO-095:001_02 heimild um kálgarð 363335 431888

Kálgarður 02 náði yfir suðvestur- og vesturhluta bæjarhólsins og rúma 20 m niður (norðvestur) af honum. Ekki sjást merki um hann á yfirborði. Trjáplöntur vaxa syðst á bæjarhólnum þar sem kálgarðurinn var en annars er svæðið grasi vaxið.

Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku

Heimildir: Túnakort 1920

BO-095:002 heimild um útihús 363186 432069



Horft til norðurs yfir svæðið þar sem útihús 002 var áður en þar er nú malarnáma.

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 230 m NNV við bæ 001 og 25 m VSV við útihús 003. Staðurinn var fyrst skráður árið 2000 en var heimsóttur aftur 2022 og eldri skráning endurskoðuð.

Á þessum stað er nú (2022) firnastórt námusvæði. Engin ummerki sjást lengur um fornleifar á þessum slóðum og sennilega engra mannvistaleifa að vænta enda búið að gjörbreyta landinu með námugrefti. Aðstæðum var svo lýst árið 2000: "Útihúsin stóðu yst í túninu, út við jaðar þess, en hafa verið sléttuð út og sér ekki móta fyrir þeim."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1920

BO-095:003 heimild um útihús 363214 432078



Horft til VNV yfir svæðið þar sem útihús 003 var áður en það er horfið vegna malarnáms.

Samkvæmt túnakorti frá 1920 var útihús um 230 m NNV við bæ 001 og 25 m ANA við útihús 002. Staðurinn var fyrst skráður árið 2000 en var heimsóttur aftur 2022 og eldri skráning endurskoðuð.

Á þessum stað er nú (2022) firnastórt námusvæði. Engin ummerki sjást lengur um fornleifar á þessum slóðum og sennilegra engra mannvistaleifa að vænta enda búið að gjörbreyta landinu með námugrefti. Staðnum var svo lýst árið 2000: "Útihúsin stóðu yst í túninu, út við jaðar þess, en hafa verið sléttuð út og sér ekki móta fyrir þeim."

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort

BO-095:004 heimild um útihús 363319 431907

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús rétt neðan við bæinn, þ.e. um 20 austan (ANA) hans. Af loftmyndum úr safni LMÍ að dæma stóðu útihús á þessum stað fram á 9. áratug 20. aldar en voru síðan rifin. Staðurinn var fyrst skráður árið 2000 en var heimsóttur aftur 2022 og var þá eldri skráning endurskoðuð.

Þar sem útihúsið stóð er grasi vaxið svæði, gamalt tún í órækt, fast suðaustan við malarborna heimreið.

Norðurhelmingi gamla heimatúns Stóru-Fellsaxlar hefur að miklu leyti verið raskað af djúpri malarnámu og eru mörk námunnar nú (2022) um 22 m norðvestur af staðsetningu útihússins.
Ekki sjást merki um útihúsið á yfirborði og hefur verið sléttað úr minjum þess.
Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku
Heimildir: Túnakort

BO-095:005_01 heimild um útihús 363301 431892
Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús 01 norðvestan við bæ 001 og kálgarður 02 fast norðvestan við útihúsið. Staðurinn var fyrst skráður árið 2000 en var heimsóttur aftur 2022 og eldri skráning endurskoðuð.
Norðurhelmingi gamla heimatúns Stóru-Fellsaxlar hefur að miklu leyti verið raskað af djúpri malarnámu. Mörk námunnar nú (2022) aðeins um 11,5 m norðvestur af staðsetningu útihúss 01 og tæpa 4 m norðvestur af staðsetningu kálgarðs 02.
Ekki sjást merki um útihús 01 á yfirborði og hafa minjar þess verið sléttaðar í tún.
Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku
Heimildir: Túnakort 1920

BO-095:005_02 heimild um kálgarð 363294 431897
Þar sem kálgarður 02 var er nú (2022) sléttað tún í órækt en einnig hylur uppmokstur úr malarnámu hluta þess svæðis þar sem garðurinn var.
Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku
Heimildir: Túnakort 1920

BO-113 Neðra-Skarð

“Jörðin var 30 hundruð árið 1707 að meðtöldu Steinsholti, sem var byggt úr jörðinni um 1620.” Byggðir Borgarfjarðar II, 141.
Tún 48,638 m², ¼ þýft. Garðar 945 m².

BO-113:006 *Götuhryggur* heimild um leið 365094 440619

“Upp af bænum er skarð, sem hann dregur nafn af, um það lá til forna allfjölfarin leið, þegar Skarðsheiðarvegur var farinn,” segir í örnefnalýsingu. “Milli [Bæjar]lækjarins og árinnar er melhryggur, sem heitir Götuhryggur. Þar liggur gatan upp og inn yfir heiði sem fyrr var getið,” segir síðar í sömu lýsingu. Skarðið sem um ræðir er beint ofan bæjarins, austan Snóksins sem er fjallstindur. Leiðin er rúmum 1,5 km norðan við bæ 001 og um 280 m VNV við sel 013. Leiðin var upphaflega skráð árið 2002 en skráning var endurskoðuð 2021-2022. Engu er við fyrri lýsingu að bæta. Leið þessi er einnig skráð sem fornleif á fleiri en einni jörð, sjá BO-641:004.



Skarðsheiði í sólskini, horft til suðurs. Sjá má akveg þar sem götur á leið 006 lágu áður.


Skarðsáin kemur úr skarðinu, vatnslítil efst en færist í aukana eftir því sem neðar dregur. Melhryggir eru upp með skarðinu austan megin neðst en skriður og klettar ofar.
Nú liggur akvegur þar sem gömlu göturnar voru áður og sjást engin ummerki um gömlu leiðina lengur. Samkvæmt Sigurði Valgeirssyni, heimildamanni, sáust þær vel áður en nýji vegurinn var lagður um 1978. Farið hefur verið upp austan við Snókinn og göturnar þar sameinast öðrum götum í Leirárdal, sjá BO-109:026.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 1, 2; Herforingjaráðskort 26 NA

BO-113:009 *Seldalur* heimild um sel 365369 440556

“Út frá Götuhrygg [006] er melskriða, sem hallar til austurs. Austan við hana er stór grasdalur, sem heitir Seldalur. Austast í honum er gríðarstór klettur, sem heitir Seldalsklettur, og undir honum eru smárústir,” segir í örnefnalýsingu. Seldalur er uppi í fjallinu ofan við bæinn. Hann gengur inn í fjallið til austurs frá skarðinu austan við Snók. Svæðið er 1,5 km NNA af bæ 001. Seldalur var upphaflega skráður árið 2002 en staðurinn var aftur skoðaður í september 2021. Engu er við fyrri lýsingu að bæta.
Lítil kvos eða skál inn í fjallið, gott útsýni er til suðurs en að norðan gnæfa háir hamra og skriður. Smálækur rennur um kvosina austanverða. Gróðurræma er vestan lækjar en hún er mýrlend.
Engar greinilegar tóftir eru í Seldal og kannast Sigurður Valgeirsson ekki við að hafa heyrt um þær. Staðurinn er heldur ólíklegur fyrir sel, lítið undirlendi er í kvosinni og ekki mikill beitargróður.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Neðraskarð & Skarðskot, 2

BO-113:010 garðlag túngarður 365107 439351

Leifar tveggja túngarða voru með austurhlið norðurtúnsins á Neðra-Skarði þegar skráning var gerð á jörðinni árið 2002, Þeir voru um 320 m ANA af bæ 001 og 75 m norðaustur af útihúsum 003. Skráning garðanna var endurskoðuð á vettvangi haustið 2022 og sást þá bara annar þeirra, líklega sá vestari.
Garðurinn er á sléttum grasi vöxnum hæðarhrygg sem liggur austur-vestur rétt ofan (norðan) við ræktuð tún. Skurður liggur norðaustur-suðvestur fast norðan við enda garðlagsins sem enn sést.
Garðurinn sem enn sést liggur norðvestur-suðaustur. Hann er alls um 85 m á lengd og 2 m á breidd en




er rofinn af slóða um miðbik garðsins. Garðlagið er heldur útflatt nyrst, aðeins 15-20 cm á hæð en hættar til suðvesturs í um 30-40 cm. Það er grjóthlaðið en nær algróið og sést aðeins í eina röð af grjóti á nokkrum stöðum í hliðum garðlagsins.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Túngarður 010, horf til suðvesturs.

BO-113:012 tóft óþekkt 365569 439486
Tóft er 80 m vestur af Hólakoti 007, í kvos milli melhóla. Hún var upphaflega skráð árið 2002 en skráningin var endurskoðuð haustið 2022.
Kvosin er girt melhólum á alla vegu en þeir eru teknir að gróa upp.





Tóft 012, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Tóftin er niðurgrafin og einföld. Hún er 10x7,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er með rennisléttum botni en þýfð hleðsla eða torfkragi er allan hringinn í kring, allt að 0,5 m hár innanmáls. Ytri brún sést nánast hvergi nema að austanverðu þar sem hún er 0,1 m á hæð. Dyr sjást ekki á tóftinni en grjót sést í norðvestur-horninu og virðist hafa hrunið úr vegg. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en líklegt er að hún hafi verið notuð fyrir hey.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-113:013 garðlag vörslugarður 365415 439435
Torfhlaðinn garður sést í mýrinni austan við Hólakot 007 og á milli Eystrihóls og Stórhóls og áfram til vesturs. Garðurinn var upphaflega skráður árið 2002 en skráningin var endurskoðuð haustið 2022.
Garðurinn liggur um mýrlendi og á milli melhóla.
Garðurinn virðist liggja allt frá landamerkjum við Efra-Skarð, þar er girðing. Þá fer hann norður fyrir Hólkot og upp á Hólana en hverfur þar í mel. Hann birtist aftur um 50-70 m vestar í mýri milli tveggja melhóla og aftur vestan við Stórhól. Garðurinn afmarkar svæði sem er um 610x110 m að stærð og snýr austur-vestur. Garðurinn lítur ekki út fyrir að vera mjög gamall, er 0,5-0,7 m breiður og 0,2-0,3 m hár.



Unglegur vörslugarður 013, horft til vesturs.



Mynd tekin út gagnstæðri átt (ANA) af garði 013.

Grunn pæla sést meðfram garðinum að utanverðu (norðan og norðaustanverðu). Líklegt er að garðurinn hafi verið undirstaða fyrir girðingu en einnig er mögulegt að hann hafi tengst áveitu. Ekki er útilokað að þessi garður hafi tengst garði 021 sem er 160 m vestar og hefur svipaða stefnu.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-113:020 varða óþekkt 365366 439434



Varða 020, horft til suðurs.

Varða er efst á Stórhóli, sem er rétt norðan við Hólabrekku. Varðan er um 480 m norðaustan við bæ 001 og 210 m vestan við tóft 012.
Stórhóll er hálfgróinn og uppblásinn melhóll. Umhverfis hólinn er smáþýft, deiglent svæði.
Varðan er fallin og byrjað að gróa yfir hana. Hún er 0,8 m í þvermál og 0,5 á hæð. Hún er hlaðin úr a.m.k. 6 stórum steinum en erfitt er að sjá fleiri steina vegna gróðurs. Óvíst er með hlutverk vörðunnar en hún er hvorki við þekkta leið né á landamerkjum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-113:021_01 garðlag túngarður 365062 439359


Lágur og unglegur garður er neðan (sunnan) og samsíða girðingu sem skilur að heimaland og mólendi neðan Skarðsheiðar, um 245 km norðan við bæ 001. Lítil tóft er byggð upp við innanverðan garðinn og fær hvor fornleif sér númer (01-02). Reyndar leikur vafi á því að minjarnar séu nógu gamlar til þess að teljast til fornminja en þær eru látnar njóta vafans og því teknar með í þessari skrá yfir fornleifar á jörðinni.
Minjarnar eru í deiglendi á mili mýrar (ofar) og gamals túns (neðar) sem komið er í órækt.
Lýsing hefst á garðinum 01 sem er 110 m langur og liggur austur-vestur. Hann er 0,8-1 m á breidd, torfhlaðinn,



Unglegur túngarður 021_01, horft til austurs.

og víðast 0,3 m á hæð. Garðurinn er farinn að ganga í þúfur og er hann siginn og úr lagi genginn nærri austurenda þar sem hann hverfur við skurð. Í vesturenda lækkar garðurinn og hættir að sjást, mögulega vegna túnasléttunar. Pæla meðfram norðurhlið garðsins er 0,1 m djúp og 0,4-0,5 m breið. Nærri austurenda hans er 9-10 m breitt rof. Það er ekki vitað hvaða hlutverki garðurinn gegndi en þar sem hann er rétt við heimatúnið er líklegt að hann hafi afmarkað það og má ætla að það hafi verið girðing ofan á honum, kannski bara gaddavírsstrengir.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


BO-113:021_02 tóft óþekkt 364993 439355



Tóft 021_02 er sambyggð túngarði 021_01. Á ljósmynd er horft til norðausturs.

Lítil torfhlaðin tóft 02 er sambyggð garði 01 að sunnanverðu, nærri vesturenda. Hún er einföld, um 3x3 m stór og veggir hennar eru 0,2-0,4 m á hæð. Innanmál tóftarinnar er nokkuð skýrt en veggirnir eru gengnir í þúfur. Ekki sést skýrt op á tóftinni og kemur helst til greina að hún hafi verið notuð sem heystæði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-113:022 *Stekkjarholt* tóft stekkur 365353 438688
Stekkjartóft er á Stekkjarholti í Skarðsflóa, um 530 m suðaustan við bæ 001.
Tóftin er norðarlega á fremur gróðursnauðu holti en mosi vex þó víða. Holtið er í framræstri, smáþýfðri mýri sem nýtt er til hrossabeitar.



Stekkjartóft 022, horft til norðurs á ljósmynd.


Stekkurinn er tvískiptur, 15 x 8 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hann er grjóthlaðinn og sjá má allt að 4 umför að stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru hæstar til norðurs, 0,6 m á hæð. Í NNA enda tóftar er hólf sem er 6,5 x 3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er inn í það í suðausturhorni. Lítið hólf er í SSV enda tóftannar en ekki sést lengur veggur á ASA-hlið þess. Hólfið er um 2,5 x 2,5 m að innanmáli en sem fyrr segir eru mörk þessi til ASA óskýr.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-114 Skarðskot

"Skarðskot hét afbýli Neðra-Skarðs, 6 hundruð að mati eða þriðjungur heimajarðarinnar. Gekk það stundum kaupum og sölum sem sérstök jörð. Byggð var komin í Skarðskoti 1707 og getur verið miklu eldri og hélst til 1925." Byggðir Borgarfjarðar II, 149.
Tún 36,071 m², ¾ þýft. Garðar 589 m².

BO-114:007 tóft útihús 364823 439406
Tóft er um 155 m norður af gamla íbúðarhúsinu á Neðra-Skarði, um 2 m austan við línuveg sem liggur frá bænum norður yfir Skarðsheiði. Staðurinn var fyrst skráður árið 2002 en var heimsóttur aftur 2022 og eldri skráning endurskoðuð.





Útihústóft 007, horft til VSV á ljósmynd.

Umhverfis tóftina er þýft en bitið óræktarsvæði í mýrarjaðri. Girðing er milli tóftarinnar og línuvegarins. Tóftin er ógreinileg og sigin og gæti hafa verið rutt út að hluta. Hún snýr NNV-SSA með op til SSA og er um 8,5 x 5 m að stærð. Hæð veggja er mest um 0,3 m. Tóftin er algróin en finna má fyrir grjóti í veggjum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-131 Efrihreppur

24 hdr. 1707. JÁM IV, 155. Hrepps í Andakíl er getið í fornbréfi frá 1470 (DI V, 563) og öðru frá 1489 (DI VI, 688). Ekki er ljóst hvort átt er við Efri- eða Neðri-Hrepp og er líklegt að á þessum tíma hafi þetta verið ein stór jörð. Efrihreppur á land milli Hrafnagils og Álfsteinsár, og engjaítak undan Innri-Skeljabrekku. Hreppskot 003, hjáleiga á 17. öld, í eyði fyrir 1687.
1920: 36.967 m2 = 11 1/2 dagsl. 1/5 þýft, Garðar 560 m2. "Undirlendi er fremur takmarkað neðan bungunnar [sem bærinn stendur undir og lokar Skorradal], þar eru mýrar og engjar, en þegar kemur upp fyrir bunguna, verður landið nokkuð jafnlent, skiptast þar á melar, móar, valllendi og mýrarteygingar. ... Hlíðin er allbrött upp til Skarðsheiðar og Miðfitjaskarðs, en víða gróin neðan til. Eru þar holt, ásar og melar með mýraflákum, móum og valllendisbölum á milli ... Lax- og silungsveiði er lítilsháttar í Andakílsá." BB II, 224

BO-131:012 varða landamerki 367034 445739

"En að utan, úr Andakílsá upp eftur ræður "Hrafnagil"; og svo rjett sjónhending upp eftir, þar til mætir miðjum "Miðfitjahól". Austur eftir í hann miðjan, (þar skal varða standa), eftir honum miðjum og rjettsýnis austur eftir, þar til mætir upptökum á fyrirskrifuðum Álfsteinsbotnum," segir í landamerkjabréfi frá 1921. Varða er á miðjum Miðfitjahóli á stakstæðri klöpp, um 90 m norðaustan við unglega vörðu 024 og 1,7 km sunnan við landamerkjavörðu 132:030 en 6 km suðvestan við bæ 001. Staðurinn var fyrst skráður árið 2017 en var heimsóttur aftur 2022. Engu er við fyrri lýsingu að bæta.



Landamerkjavarða 012, horft til SSV

Miðfitjarhóll er melhóll sem er hálfgróinn mosa. Línuvegur yfir Skarðsheiði liggur eftir honum.
Varðan er nánast öll hrunin ofan af klöppinni sem hallar til norðvesturs. Enn eru nokkrir skófum vaxnir steinar eftir á sínum stað og sjást 2 umför hleðslu. Talsvert af grjóti úr vörðunni er neðan við klöppina og einnig er laust grjót úr vörðunni á klöppinni til norðvesturs. Vörðubrotið sem eftir er á klöppinni er 0,3x0,5 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur, og er 0,3 m á hæð en 1,2 m ef klöppin er talin með.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur II, nr. 353

BO-131:024 varða landamerki 366977 445666



Landamerkjavarða 024, horft til SSV.

Lágreist, fremur ungleg varða er á suðvesturenda Miðfitjahóls, um 90 m suðvestan við landamerkjavörðu 012, 1,8 km sunnan við landamerkjavörðu BO-132:030 og 6,1 km suðvestan við bæ 001. Varðan var fyrst skráð 2017 en var athuguð aftur 2022. Engu er við fyrri lýsingu að bæta.
Miðfitjahóll er melhóll sem er hálfgróinn mosa. Línuvegur yfir Skarðsheiði liggur eftir honum.
Varðan er hringlaga, rúmur 1 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Hleðslan er óvönduð, grjótið er af mismunandi stærð og það er mismikið skófum vaxið. Varðan er lítið gróin í botninn. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi varða hefur gegnt. Þó hún

virðist ung að árum er ekki útilokað að hún hafi verið endurhlaðin. Líklegt verður að teljast að hún sé landamerkjavarða eins og varða 012.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-132 Neðrihreppur

16 hdr. 1707. JÁM IV, 155. Hrepps í Andakíl er getið í fornbréfi frá 1470 (DI V, 563) og öðru frá 1489 (DI VI, 688). Ekki er ljóst hvort átt er við Efri- eða Neðri-Hrepp og er líklegt að á þessum tíma hafi þetta verið ein stór jörð. Engjaítak átti Neðri Hreppur "á flæðiengi því, sem liggur við Andakílsá, framundan Innri Skeljabrekku og kallað er Neðra-hrepps engi." JÁM IV, 155, en það gekk til Efri-Hrepps fyrir allmörgum árum. Hreppskot 004, afbýli 1867-86.
1920: 63.535 m2 = 19 2/3 dagsl. allt slétt. Garðar 1923 m2. "Undirlendi er hér fremur flatt, eyrar með ánni, ofar að mestu mýrlendi og stöku melabungur, hlíðin aflíðandi að mestu, allgróin móa- og valllendisgróðri með holtum og bungum. Lax- og silungsveiði er dálítil í Andakílsá." BB II, 237


BO-132:010_01 tóft sel 368824 449211
"Í Einiberjahvömmum, alveg niður við lækinn eru tættur eftir mannvirki, sennilega sel frá Neðra Hreppi," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Þegar aðalskráning var unnin í Skorradalshreppi 2017 voru skráðar tvær tóftir í Einiberjahvömmum (A og B), um 2,6 km SSV af bæ 001. Aftur var farið á vettvang í Einiberjahvamma haustið 2021. Þá voru skráðar tvær tóftir til viðbótar og allar minjarnar mældar upp með nákvæmum hætti. Lýsingunni frá 2017 var breytt lítillega og hvert mannvirki fær hlaupandi eininganúmer í stað bókstafa. Minjasvæðið er 55x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftir 01 og 02 eru á vesturhluta svæðisins og tóftir 03 og 04 á austurhlutanum.



Yfirlitskort sem sýnir afstöðu minja í seli 010 í Einiberjahvömmum.

Einiberjahvammar eru þýfðir, vaxnir grasi og mosa. Grýttar, hálfgrónar brekkur afmarka hvammana en útsýni er niður á láglendi til norðurs. Lækur rennur í tveimur kvíslum um svæðið, í stefnu NNA-SSV. Austari kvísl lækjarins er mun vatnsmeiri en sú vestari sem er hálfþurr. Austurhluti svæðisins er stórþýfður og grasgefnari en vesturhlutinn, líklega stafar það af því að þar er deiglendara.
Lýsingin hefst vestast á svæðinu á tóft 01 (áður tóft A) en hún er vestan lækjar sem skiptir minjasvæðinu í tvennt ásamt tóft 02. Tóftin er 117 m ASA við miðlínu Holtavörðuheiðarlínu 1. Hún er tvískipt, um 15 x 6 m að stærð og snýr VNV-ASA. Tóftin er vaxin grasi og mosa og nokkuð hlaupin í þúfur. Á stöku stað sést í grjót í veggjum. Minna hólfið er í ASA enda og er það um 1,5 m á kant. Mögulega er op inn






Seltóft 010_01, horft til NNA á ljósmynd.

í það í suðurhorni en ekki sést op á milli hólfa. Stærra hólfið er í VNV hluta tóftar og er 7,5x1,5 m að innanmáli. Líklega er op inn í það í vesturhorni en það er allt samansigið. Gróið rof er í NNA langvegg, nærri norðurhorni. Hæð veggja er 0,3-0,6 m utanmáls, breidd víðast um 1,5 m. Tóftin er í aflíðandi halla til ASA.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Neðrihreppur, aths. og viðb., 1

BO-132:010_02 tóft óþekkt 368838 449206
Um 4 m ASA af tóft 01, milli lækjarkvísla, er tóft 02 (áður B). Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún gegndi nákvæmlega en gert er ráð fyrir því að tóft 01 sé hin eiginlega seltóft. Tóftin skiptist í tvö hólf og mögulega eru leifar af þriðja hólfinu norðan við hana þar sem sjá má þúst. Saman eru tóftin og þústin á svæði sem er 12x5 m stórt og snýr norður-suður en tóftin ein og sér er 8,5x5 m stór og snýr eins.






Tóft 010_02 á selstæði. Á ljósmynd sem tekin er til norðvesturs, er tóft 02 alveg við lækinn og litlu ofar er tóft 01.

Samansigin op virðast vera inn í bæði hólf á austurhlið tóftar. Syðra hólfið er 2,5x1,5 m að innanmáli og nyrðra hólfið er 3x2 m að innanmáli. Bæði snúa þau austur-vestur. Vesturveggur á nyrðra hólfi hefur sigið ofan í þurran kvíslarfarveg lækjar sem rennur um svæðið. Hæð veggja er 0,3-0,6 m að utan, breidd um 2 m. Hér og hvar sést glitta í grjót í grónum hleðslunum. Þústin norður af tóftinni er 3x1,3 m stór og 0,3-0,5 m há. Líklegt er að hún sé hluti af tóftinni en sambandið á milli þeirra er ekki lengur skýrt.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-132:010_03 tóft óþekkt 368867 449212

Tóft 03 er austan við læk sem skiptir minjasvæðinu í tvennt. Hún er 33 m austan við tóft 01 og 5,5 m NNA við tóft 04. Hún er einföld og yfirgróin en virðist hlaðin úr torfi og grjóti þó að ekkert grjót





Tóft 010_03, horft til ANA á ljósmynd.


sjáist í veggjum. Hún er 6x5 m stór og snýr ASA-VNV. Op er inn í hana á VNV-gafli. Innanmálið er illgreinanlegt og er tóftin mjög samansigin. Veggir eru 1,5-2 m breiðir og 0,2-0,3 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-132:010_04 tóft óþekkt 368860 449202

Að lokum er tóft 04 26,5 m austan við tóft 01 og 5,5 m VSV við tóft 03. Hún er mjög sigin og gengin í þúfur en virðist vera einföld. Tóftin er 8x6 m stór og snýr NNV-SSA. Ekki sést op á tóftinni en líklega hefur það verið í NNV enda. Innanmálið í tóftinni mjög illgreinanlegt og ytri brún þeirra er sömuleiðis





Tóft 010_04, horft til suðurs á ljósmynd.

ekki mjög skýr. Veggir eru 2 m breiðir og 0,2-0,4 m á hæð. Tóftin er öll grasi vaxin og gróin en hún er að líkindum hlaðin úr torfi og grjóti því það finnst fyrir grjóti undir fæti. Nákvæmt hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-132:014 *Vörðuhóll* heimild um landamerki 369144 451177

“ Milli Innri-Skeljabrekku og Neðra-Hrepps eru merkin úr fyr nefndri vörðu [013] beina línu í Skrokksgil þar sem það fellur ofan af brúninni, þaðan beina línu í Vörðuhól þar sem hann er hæstur, - þar stendur varða,” segir í landamerkjaskrá frá 1923. Í örnefnalýsingu er talað um Vörðuhóla í fleirtölu: “Þá er það í hallanum mýri, sem heitir Lambamýri og utan og ofar á melunum, rétt ofan gamla vegarins [651:007], eru hólar, sem heita Vörðuhólar. Það eru tveir smásandhólar með þúfum efst á.” Vörðuhóll er líklega strýtulagaður grjóthóll sem er ofan á stórum melhól um 720 m suðvestan við bæ 001 og 440 m sunnan við mógrafir 021. Hann er beint upp af skurði á merkjum milli Neðri-Hrepps og Innri-Skeljabrekku. Þar er ekki lengur varða.



Engin varða er á Vörðuhól 014 sem er á merkjum milli Innri-Skeljabrekku og Neðrihrepps.

Ógróinn og grýttur melur er allt í kringum Vörðuhól en grónar mýrar eru neðan við hann. Nokkuð víðsýnt er frá honum.

Engin ummerki sjást um vörðu eða hrunda vörðu á hólnum og ekki ljóst hver örlög hennar hafa orðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur II, nr. 354

BO-132:018 *Troðningar* heimild um leið 369250 451856

“Vestan við Breiðumýri er þurrlendara; eru þar kallaðar Troðningar. Dregur það nafn af, að þar var farið með heylestir áður fyrr af flæðiengjum og tróðst stundum illilega í sundur,” segir í örnefnalýsingu. Engjavegur þessi var á sömu eða svipuðum slóðum og alfaraleiðin 651:022 á þessum hluta sveitarinnar. Þar er malarvegur (Mófellsstaðavegur 507) enn í dag (2017). Leiðin lá frá bæ 001 til norðvesturs og norðurs á engjar niður við Andakílsá.

Leiðin lá um tún næst bæ, mólendi og blautar engjar.


Engin ummerki um leiðina sjást og hefur hún líklega lent undir bílvegi að stórum hluta.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Neðri-Hreppur, 1

BO-132:019_02 náma mógrafir 369283 451989

Miklar mógrafir eru norðvestan við Börðin og suðaustan við Breiðumýri. Að sögn Björns Hauks



Mógrafir 019_02, horft til norðausturs á ljósmynd.

Einarssonar, heimildamanns, voru þessar grafir mjög djúpar og stendur stundum vatn í þeim. Hross hafa drepið sig ofan í þær. Tvö stór mógrafasvæði eru greinanleg um 450 m norðan við bæ 001. Á milli þeirra eru um 200 m. Grafirnar voru upphaflega skráðar árið 2017 undir sama númeri (A og B) en við endurskoðun skráningarinnar haustið 2022 var hvoru mógrafasvæði gefið sérstakt einingarnúmer og lýsingin aukin.
Svæðið einkennist af grónum hallamýrum á milli ógróinna mela. Því hefur verið raskað talsvert með skurðgrefti til framræslu.
Suðvestara svæðið 02 (áður B) er um 140x110 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Skurður liggur í gegnum norðvesturhluta þess og annar skurður afmarkar það til suðausturs. Grónar grafir sjást í jöðrum svæðisins og eru víðast þurrar en vatn stendur í dýpstu gröfunum suðaustast á svæðinu. Stakar grafir eru 0,3-1 m djúpar en víðast er dýptin 0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


BO-132:022 varða landamerki 367101 447466



Landamerkjavarða 022, horft til norðurs.

“ Milli Ytri-Skeljabrekku og Neðra-Hrepps, frá sjónarhól í vörðu á Vörðuhrygg [012] [...],” segir í landamerkjaskrá frá 1923. Ekki er getið um vörðu á Sjónarhóli í landamerkjalýsingunni en þar er hins vegar sigin og gróin varða við línuveg sem liggur yfir Skarðsheiði. Varðan er á merkjum á milli Neðri-Hrepps og Ytri- og Innri-Skeljabrekku og er 1,8 km suðvestan við landamerkjavörðu 012 á Vörðuhrygg og 4,9 km suðvestan við bæ 001. Varðan var upphaflega skráð 2017 en aftur var farið á staðinn 2021 en engu var bætt við eldri skráningu.
Sjónarhóll er hár melhóll, gróðurlítill efst en mosagrónari eftir því sem neðar dregur. Klappir standa upp úr honum hér og hvar.
Varðan er hlaðin á klöpp á hæsta punkti Sjónarhóls. Hún er um 1x0,6 m að grunnfleti og snýr norðvestur-suðaustur. Varðan er 0,2-0,3 m á hæð og í henni sjást 2 umför hleðslu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur II, nr. 354


BO-132:023_01 náma mógrafir 369072 451609



Mógrafir 023_01, horft til norðurs á ljósmynd.

Að sögn Björns Hauks Einarssonar, heimildamanns, voru talsverðar mógrafir út við merki á móti Innri-Skeljabrekku. Þar eru óveruleg ummerki um mógrafir í þríhyrndu beitarhólfi á tveimur svæðum sem eru 640 m vestan við bæ 001 og 240 m suðvestan við leið 018. Mógrafir 01 voru skráðar á svæðinu árið 2017 en þegar farið var aftur á vettvang haustið 2022 fundust fleiri grafir um 100 m norðar (sjá 02). Fær hvort svæði sitt einingarnúmer til aðgreiningar. Miðað við þau ummerki sem sáust á vettvangi hafa grafirnar sigið vel saman en einnig kann að hafa verið fyllt upp í þær.
Beitarhólfið er ofan (suðvestan) við tún, í aflíðandi halla til norðausturs. Svæðið hefur verið ræst fram með skurðum og er að mestu þurrt. Innan beitarhólfsins er smáþýfður og grasi gróinn mói.
Lýsingin hefst á mógröfum 01 sem eru syðst á svæðinu. Ummerki um móskurð sjást á svæði sem er 20x10 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Ekki sjást mjög skýrar brúnir á gröfunum og eru þær mest 0,2-0,3 m á dýpt.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-132:023_02 náma mógrafir 369039 451736



Mógrafir 023_02, horft til norðurs á ljósmynd.

Mógrafir 02 eru 100 m norðan við grafir 01. Þar er hægt að greina ummerki um mótekju á svæði sem er um 40x35 m að stærð og snýr norður-suður. Grafirnar eru samansignar og eru mest 0,2-0,3 m á dýpt.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-132:030 gata leið 369136 450837



Gata 030, horft til suðurs.

Gata er um 900m suðvestan við bæjarhól 001 og um tæpan 1,5km norðan við seljatóftir 010. Gatan liggur að norðan frá leið BO-651:007 til suðurs að leið 031. Ekki er hægt að útiloka að um fjárgötu sé að ræða.
Gatan liggur um mólendi og gróðurþekjan víða nokkuð þunn.
Gatan var rakin á um 370m löngum kafla þar sem hún liggur austan Neðribrúna og vestan Vörðuhóla 014. Hún er oftast bara stök, 30-40cm að breidd og 10-20cm að dýpt. Hún er ógróin í botninn sem bendir til að henni sé viðhaldið af sauðfé.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-132:031 gata leið 369155 450615
Gata er rúman 1km suðvestan við bæjarhól 001 og um tæpan 1,4km norðan við seljatóftir 010. Gatan virðist liggja frá leið BO-651:013 til suðurs, austan fyrir Vörðuhóla 014 og liggur til suðurs að Eystra-Þvergili. Þar liggur hún meðfram því að norðanverðu til suðvesturs uns hún sameinast götu 030 norðan Gíslabrekkna. Ekki er hægt að útiloka að um fjárgötu sé að ræða.
Gatan liggur um mólendi og klettaholt. Gróðurþekjan er víða nokkuð þunn.
Gatan var rakin á ríflega 200m löngum kafla. Hún er oftast bara stök, 30-40cm að breidd og 10-20cm að dýpt. Hún er ógróin í botninn sem bendir til að líklega sé henni haldið við af sauðfé.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-159 Heggsstaðir

20 hdr. 1707. JÁM IV, 195. Skv. Egils sögu bjó Heggur á Heggsstöðum faðir Gríms er Egill vó. Heggsstaðir voru þingstaður Andakílshrepps. Heggsstaðanes, sem nú er kallað Hvítárvallakverk, var lagt til Hvítárvalla á 17. öld en við það lækkaði mat jarðarinnar úr 40 hdr í 20 hdr. Heggsstöðum fylgdi engjastykki í Hvanneyrarengjum, Heggsstaðaengi. BB II, 180.
1920: 56.083 m2 = 17 1/2 dagsl. 1/17 þýft. Garðar 840 m2. "Land Heggsstaða nær þvert yfir Heggsstaðaholt og ræmur af undirlendinu báðum megin. Er undirlendið mýrlent, en ásarnir klettóttir með móa- og valllendisteygingum og mýrasundum á milli." BB II, 180

BO-159:009 *Selholt* örnefni sel 371727 456867
"Vestan við [Heggsstaðaflóa] eru holt, sem merkin eru eftir móti Grímastöðum og eru héðan nefnd Selholt. En frá Grímastöðum eru þau nefnd Grímastaðaselholt." Selholt er all-langt klapparholt sem liggur frá suð-suðvestri til norð-norðausturs. Örnefnið Selholt bendir til þess að sel hafi verið á holtinu eða í næsta nágrenni við það en þrátt fyrir ítarlega leit fundust engar tóftir eða minjar um það á vettvangi. Jómundur Hjörleifsson, heimildamaður, vísaði til þess staðar á holtinu þar sem hann telur selið hafa verið, um 700 m norðvestan við bæ 001.
Selholt er aflangt klettaholt sem liggur frá suð-suðvestri til norð-norðausturs. Það er tiltölulega lítið gróið en umhverfis það er mýrlent flatlendi sem hefur verið framræst með skurðum. Austan við Selholt hefur tún verið ræktað upp.
Ekkert sér til minja en mögulegt er að þær séu horfnar vegna jarðvegsrofs sem er víða á holtinu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Heggsstaðir, 1

BO-159:010 *Skjólhólsgrafir* náma mógrafir 372686 457326
"[N]eðan við [Litlaskjólhól] eru gamlar mógrafir, Skjólhólsgrafir," segir í örnefnalýsingu. Skjólhólsgrafir eru fast vestan við Vesturholtatagl og nokkru austar við Þrætutungu, um 410 m suðvestan við tóft 024 og 210 m sunnan við Hvítárvallaveg (510).
Mógrafirnar eru í mýrlendi norðvestan undir hálfgrónum klettaási. Vestan við grafirnar eru tún sem hafa



Skjólshólsgrafir 010, horft til suðurs á ljósmynd.

verið ræktuð í mýrinni. Mikill grasgróður var á svæðinu skrásetjari var á ferð þar haustið 2022.
Mór var tekinn á svæði sem er 95 x 40 m að stærð og snýr NNA-SSV. Grafir innan þess eru margar hverjar byrjaðar að renna saman en erfitt var að sjá flestar þeirra vegna þess hve mikið var gróið yfir svæðið. Þær sem þó sáust voru allmargar um 0,4 m djúpar með gróinn og rakan botn. Mögulega voru teknar grafir lengra til vesturs en þar er búið að ræsa fram land og rækta tún.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Heggsstaðir, 1

BO-160 Vatnshamrar

24 hdr. 1707. Bændaeign. JÁM IV, 195. Fyrst getið 1237 - Sturl, 390. Jörðin fylgdi Hvanneyri í arfaskiftum [e. 1470] en þá arfleiddi Gunnhildur Vermundardótir á Hvanneyri Brynhildi Árnadóttur Ketilssonar, bróðurdóttur manns síns, Jóns Ketilssonar á Hvanneyri, að Hömrum, 4 kúgildum og hálfu öðru hundraði - DI V, 589. 10.10.1623 selur Árni Gíslason Páli Gíslasyni bróður sínum hálfan garðinn Hvanneyri og jörðina Hamra hjá Hvanneyri, 12 hdr. að dýrleika - Jarðabréf, 27. 23.8.1694 fékk Sigríður Jónsdóttir Hamra í Andakíl, reiknaða sem 10 hdr. í jörðu, í arfaskiptum eftir Jón Vigfússon biskup föður sinn, en bræður hennar Þórður og Magnús fengu Hvanneyri - Jarðabréf, 41.
1920: 45.530 m2 = 14 dagsl. 1/2 dagsl. þýfð. Garðar 504 m2. "Vatnshamrar eiga land í suðvesturhluta holta, sem eru í miðásaröðinni norðaustur eftir Andakíl. Fara holt þessi lækkandi niður að Andakílsá. Eru holtin í meginhluta landsins að sunnan og austan, og eru þar víða melabungur, en mýrasund á milli. Norðurhluti landsins er að mestu flatur flói. Vestur frá bænum var dálítið vatn, sem hét Vatnshamravatn, en hefur nú verið ræst fram. Austan við vatnið er aflíðandi og allhá brekka vestan í holtunum og klettar efst. Er Vatnshamrabærinn þar á brúninni ... en aðaltúnið í brekkunni og niður að vatninu. ... Silungsveiði var dálítil í Vatnshamravatni og varp í hólma í því. Þá var silungsveiði í Andakílsá, en nú arður af laxveiði." BB II, 206.

BO-160:006 *Vatnshamraborg* sögustaður vígi 370072 370072
"Sagt er frá því í Sturlungu, að Þorgeir í Görðum var uppi á [Vatnshamraborg] nóttina 19. apríl 1237 með lið sitt. Hefur þótt betra en ekki að hafa þar vígi." segir í örnefnalýsingu. Í Sturlungu segir "[E]n Þorleifur fer upp í hérað með flokkinn og fór um kveldið á borgina hjá Vatnshömrum." Vatnshamraborg er um 990 m sunnan við bæ 001 og 550 m SSA við stekk 009. Sögustaðurinn var upphaflega skráður árið 1999 en aftur var farið á staðinn haustið 2022 og var þá eldri skráning endurskoðuð. Vatnshamraborg er einnig þekktur huldufólksbústaður, sjá 007.
Vatnshamraborg er afgerandi klapparhóll í mýrlendi. Ógrónir melar eru næst borginni. Landinu hallar til suðvesturs í átt að Andakílsá.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Vatnshamrar, 2; Sturl, 390.

BO-160:007 *Vatnshamraborg* náttúrumin huldufólksbústaður 370038 453365



Vatnshamraborg, sögustaður 006 og huldufólksbústaður 007, horft til suðausturs.

"Norður af Grafarholti í Vatnshamraborg, hefur orðið vart við huldufólk," segir í örnefnalýsingu. Vatnshamraborg er um 990 m sunnan við bæ 001 og 550 m SSA við stekk 009. Huldufólksbústaðurinn var upphaflega skráður árið 1999 en aftur var farið á staðinn haustið 2022 og var þá eldri skráning endurskoðuð. Vatnshamraborg er einnig þekktur sögustaður, sjá 006.
Vatnshamraborg er afgerandi klapparhóll í mýrlendi. Ógrónir melar eru næst borginni. Landinu hallar til suðvesturs í átt að Andakílsá.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Vatnshamrar, 2

BO-160:008 *Kastali* náttúrumin huldufólksbústaður 370372 454493
"Norður af Grafarholti í Vatnshamraborg, hefur orðið vart við huldufólk, einnig í Kastalanum, sem síðar verður nefndur … Framhald af klettunum, sem bærinn stendur utan í, heitir Kastali," segir í

örnefnalýsingu. Kastali er klettahryggur austur af Vatnshömrum, brattur norðanmegin en aflíðandi til suðurs.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Vatnshamrar, 2

BO-160:014 varða samgöngubót 370351 454195



Varða 014 á Kastalamelum, horft til austurs.

Hrunin varða úr grjóthellum er á Kastalamelum, 245 m suðvestan við mógrafir 020 og 250 m austan við bæ 001. Hún hefur að líkindum varðað leiðir sem lágu eftir melnum (BO-661:007 og BO-661:004).
Kastalamelar eru mosavaxnir klapparásar. Grýtt er þar sem varðan stendur en gróin svæði eru inn á milli á melunum.
Varðan er alveg hrunin og er um 1 m í þvermál og 0,2-0,3 m á hæð. Í henni er kantað og hvasst grjót, skófum vaxið.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-160:015 garðlag túngarður 370224 454169



Túngarður 015, horft til NNA.

Ungur túngarður er meðfram Upptúni að austan- og suðaustanverðu og sést fyrst um 140 m suðaustan við bæ 001. Girðing er fast austan hans og utan hennar er trjágróður í aflíðandi halla niður að vegi á leið BO-661:007.
Garðurinn er á mörkum slétts túns og móa með trjágróðri.
Garðurinn er torfhlaðinn og sést á 35 m löngum kafla austan við túnið þar sem hann liggur norður-suður. Óljóst, útflatt framhald af honum er hægt að greina áfram til suðurs á 25 m löngum kafla. Garðurinn er 0,4 m breiður og 0,2-0,3 m á hæð utanmáls en 0,5 m á hæð innanmáls. Aftur sést óljós hluti af garðinum utan við suðausturhorn túnsins. Þar er hægt að greina hann á 72 m löngum kafla þar sem hann liggur norðaustur-suðvestur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-160:016 *Tjaldhóll* örnefni tjaldstæði 369594 452866
Tjaldhóll er niður við Andakílsá, norðan við Hlífarengi og fast norðaustan við Stórahamar. Örnefnið er í örnefnasjá Landmælinga Íslands og bendir til þess að við hólinn hafi verið tjaldað, sennilega yfir fólk við heyannir á enginu. Hóllinn er 1,5 km suðvestan við bæ 001.
Tjaldhóll, en einkum Stórihamar, eru áberandi klapparhólar sem standa upp úr flatlendu mýrlendi í aflíðandi halla til suðurs.
Engin ummerki sáust um tjaldstæði við Tjaldhól.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-160:017 varða óþekkt 370413 454452



Varða 017, horft til SSV.

Varða er um 350 m norðaustur af bæ 001, fast suðaustan við Kastala 008 og um 25 m norðvestur af malarvegi sem liggur til norðaustur frá bæ.
Varðan er á hálfgrónu klettaholti. Rafmagnsmastur er 4 m sunnan við vörðuna og gaddavírsgirðing milli mastursins og vörðunnar.
Varðan stendur ofan á lágum kletti. Hún er u.þ.b. ferhyrnd að grunnfleti, um 70 cm í kant og 50 cm á hæð. Í vörðunni eru 4 umför af grjóti. Varðan er ungleg að sjá og ekki víst að hún teljist til fornleifa en einnig er mögulegt að hér sé gömul varða nýlega upphlaðin. Hlutverk hennar er ekki þekkt.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-160:018 náma mógrafir 370258 453916



Mógrafir 018, horft til vesturs á ljósmynd.

Mógrafir eru 360m suðaustan við bæ 001, um 125m suðaustan við vörðu 016 og um 320m aust-norðaustan við stekk 009 á Stekkjarholti.
Mógrafirnar eru í víðri kvos milli klettaholta í deiglendi sem er hvoru tveggja skorið af Borgarfjarðarbraut (50).
Mógrafarsvæðið er 65x55m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Mógarfirnar hafa frekar skarpa kanta eru fullar af vatni og farnar að gróa.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-160:019 gata leið 371026 455579

Götur liggja suðaustan Bergljótsvatns eftir Skrauthólum. Gatan var rakin á tveimur stöðum á svæði sem er 670x180 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Þær virðast fylgja þurrlendinu í sveig á milli klettaholta í jaðri deiglendis. Þær liggja úr suðri til norðausturs en ekki er ljóst hvaðan eða hvert þær þær hafa legið. Ekki er hægt að útiloka að um fjárgötur sé að ræða.
Leiðin liggur um mýrlendi og lág klettaholt.
Göturnar voru raktar á tveimur stöðum. Ætla má að þær séu hluti af sömu leið sem virðist stefna frá suðri til norðausturs. Syðri og vestari hluti leiðarinnar er austan við Skrauthólasund. Þar voru göturnar raktar



Suðvestari hluti leiðar 019, horft til NNA.

á um 100m löngum kafla og þar liggja göturnar norður suður. Hinn hluti leiðarinnar er norðaustan við þann áðurnefnda og liggja göturnar þar á milli Skrauthólanna. Þar voru göturnar raktar á um 270m löngum kafla og liggja þær norðaustur og suðvestur. Þær eru 2-4 saman og liggja um mýrlendi, eru þær grónar í botninn og stundum fullar af vatni.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-160:020 náma mógrafir 370614 454295



Mógrafir 020, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Signar og grónar mógrafir eru rétt norðaustan við Kastalamel, um 500 m austan við bæ 001 og 230 m norðan við Borgarfjarðarbraut 050.
Mógrafirnar eru í mýrarsundi milli hálfgróinna mela. Holtavörðuheiðarlína (raflína) er fast vestan við grafirnar.
Mór var tekinn á svæði sem er um 110 x 95 m að stærð og snýr NNV-SSA. Mógrafirnar eru víðast 0,2-0,3 m djúpar og stendur grunnt vatn í þeim dýpstu þar sem mýrin er blautust.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-169 Hvítárvellir

60 hdr. 1707. Skálholtsstólsjörð til 1683 og eftir það var Heggstaðanes keypt og lagt til jarðarinnar og jókst mat hennar þá úr 40 í 60 hdr - JÁM IV, 184. Hjáleigurnar Suðurkot, Norðurkot/Búðarhöfði og Vallnasel hafa verið lagðar undir heimajörðina aftur. Mjólkurskóli starfræktur 1904-18. BB II, 191.
1920: 71.224 m2 = 22 1/3 dagsl. Allt slétt. Garðar 285 m2. "Klapparásar eru austast og vestast í landinu. Er bærinn nyrst í þeim vestri og hálf umluktur. Annars er þar ríkjandi mýrlendi, góðar flæðiengjar eru með Hvítá, en þurrlendisbakkar víða með Grímsá. Laxveiði er mikil í ánum og sandnám við Hvítá." BB II, 191.


BO-169:017 hleðsla refagildra 371805 456903



Refagildra 017, horft til vesturs á vinstri mynd og beint ofan á gildru á hægri mynd (suður er upp).

Refagildra er um 1,8 km suðaustur af bæ 001. Hún er norðarlega á Selholti BO-159:009 nærri merkjum Grímarsstaða, Heggsstaða og Hvítárvalla.
Selholt er langur klettaás, hálfgróinn mosa og lyngi.
Refagildran er hlaðin ofan á klöpp. Hún er um 2 m í þvermál og hæst um 40 cm há. Op er á stokk gildrunnar til austurs en grjóti er óreglulega hrúgað upp að öðrum hliðum. Opið er um 25 cm á hæð og 20 cm á breidd. Rétt er hægt að horfa í gegnum stokkinn en op á vesturhlið er um 5 cm á hæð.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-169:033 garðlag óþekkt 373880 458631



Garðlag 033, horft til suðausturs.

Stóri-Einbúi er aflangt klettaholt sem liggur frá suðvestri til norðausturs á Heggstaðanesi austan Hrísflóa. Út frá suðausturhlið þess liggur stutt garðlag sem er um 3,2km norðaustan við íbúðarhús Hvítárvalla byggt 1924, rúma 720m vestan við Grímsá og um 65m suðaustan við vörðu 036.
Garðlagið liggur eins og áður sagði frá kletti en er þó ekki byggt upp við hann. Það liggur um mjög þýft og grösugt mýrlendi.
Garðlagið er tæplega 19m langt, um 50 cm á breidd og 30-40cm hátt. Eftir norðaustur-langhlið garðlagsins er grunnur skurður er sem er 60-70cm breiður og um 30cm djúpur. Meðfram skurðinum

er mjög þýft sem ætla má að sé að hluta til vegna uppmoksturs. Erfitt er að segja til um hlutverk þessa garðlags en sé ályktað út frá eðli svæðisins er hugsanlegt að einhver hafi ætlað að hlaða áveitugarð en hætt svo við.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-169:034 garðlag óþekkt 372974 457805




Garðlag 034, horft til suðvesturs.

Garðlag er um 2,3km austan við íbúðarhús Hvítárvalla byggt 1924, rúma 173m vestan við tóft 035 og um 20m norðan við Hvítárvallaveg (510).
Garðlagið liggur um mjög þýft deiglendi.
Garðlagið er 60m langt og liggur suð-suðvestur og norð-norðaustur. Það er 30-50cm á hæð og um 1m á breidd. Austan við það er skurður sem er 30-60cm á breidd og um 50cm djúpur. Hvoru tveggja er á kafi í grasi. Hlutverk þess er óþekkt en út frá umhverfi og útliti gæti helst komið til greina einhvers konar partur af áveitumannvirki en þar sem ekki fundust önnur áveitugarðlög á svæðinu verður að draga það í efa.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-169:035 tóft óþekkt 373175 457850
Grjóthlaðin tóft er rétt norðaustan við Stóra-Skjólhól, um 2,5 km norðaustan við bæ 001 og 140 m norðan við Hvítárvallaveg 510.





Tóft 035, horft til vesturs á ljósmynd.

Tóftin er norðvestarlega á grónum klettahrygg. Umhverfis hrygginn er deiglent til mýrlent svæði. Norðvestan við tóftina er raflína (Holtavörðuheiðarlína).
Tóftin er einföld, 25 x 8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Sjá má 3 umför af blöndu af smágrýti og stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru hæstar á suðvesturhlið þar sem þær eru 0,5 m á hæð. Veggir eru nokkuð grónir á norðvestur- og norðausturhliðum tóftarinnar. Op er á tóftinni í suðausturhorni hennar. Tóftin er í lítilsháttar halla til vesturs. Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki er hér að ræða. Mögulega er þetta fremur ung rétt en ef til vill er líklegra að um grunn af ungum beitarhúsum sé að ræða.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-169:036 varða óþekkt 373829 458673



Varða 036 á Stóra-Einbúa, horft til vesturs.

Varða er efst á Stóra-Einbúa, sem er rétt austan við Hrísflóa, um 1 km NNV við tóft 035 og 60 m VNV við garðlag 033.

Varðan er á háu, hálfgrónu stöku holti sem er umkringt mýrlendi.

Varðan er 0,6 m á kant og 0,7 m á hæð. Hún er hlaðin úr meðalstóru grjóti sem er skófum vaxið. Lítillega hefur hrunið úr vörðunni til norðurs. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-171 Þingnes

60 hdr. 1707. JÁM IV, 187. Getið í Landnámu: “Snæbjörn [galti Hólmsteinsson] var fóstraður í Þingnesi með Þóroddi.” ÍF I, 190 sbr. 191. (Þóroddur er annars ókunnur) “Snæbjörn tók við Þóroddi ór Þingnesi fóstra sínum ok konu hans (og fóru að leita Gunnbjarnarskerja).” ÍF I, 194. Einnig í Heiðarvíga sögu, ÍF III, 301. 18.5.1417: Kolbeinn Þorgilsson handleggur Árna bpi jörðina Þingnes - DI IV, 252-53; 5.9.1444: Skúli Loptsson selur Þingnes fyrir 60 hdr; DI IV, 658-59; 7.8.1481: Gísli Filippusson geldur Skálholtskirkju hálfa Þingnesjörð fyrir 30 hdr - DI VI, 393-94. Árbakki er nýb. á 3/8 Þingnesslands óskiptu, stofnað 1938.
1920: 54.626 m2 = 17 1/4 dagsl. 1/4 þýft. Garðr 796 m2. Túnauki 9105 m2 = 3 dagsl. Húsatún: 13.143 m2 = 4 1/3 dagsl. “Neðan til er Þingnesland flatt, eru þar eyrar og vallendisbakkar með ánum, en votlendi, er fjær dregur. Austur frá bænum eru smátjarnir, enn austar fer landið hækkandi og gersit ásótt vestur og suðvestur af Blundsvatni. Heita þar Þingnessásar. Eru þar mýrarsund á milli. Skógur til kolagerðar var í ásum þessum fram undir 1700, og enn er þar talsvert kjarr.” BB II, 208.

BO-171:037_01 *Höllugötur* gata leið 374534 459257

“Reiðgatan lá utan í Gráubökkum neðan til og hétu þar Höllugötur,” segir í örnefnaskrá. Meðfram eystri (nyrðri) bakka Grímsár liggja götur sem sjást frá Húsatúni 008 til suðurs að Hólmavaði BO-169:019 en hún hefur legið frá bæ 001. Höllugötur liggja yfir ós Grænukeldu þar sem hún rennur út í Grímsá og þar er upphlaðin brú 02.



Höllugötur 037_01, horft til suðurs.

Göturnar liggja meðfram grösugum og tiltölulega flötum árbakka.
Leið 01 var skoðuð á um 100m löngum kafla vestan við Keldumóa og Suðurtún, móts við Heggsstaðanes í landi Hvítárvalla. Eru göturnar 5 - 7 talsins á belti sem er 5-7m breitt. Þær eru mjög skýrar og ógrónar í botninn. Hver gata er 30-40cm á breidd og 10-20cm á dýpt. Ekki er ljóst á hvaða leið göturnar eru en þær hafa tengst fjölda leiða við Hólmavað (BO-661:013, 015 og 016). Frá Þingstaðabænum að Hólmavaði eru rúmir 4 km meðfram ánni.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Þingnes, 11

BO-171:037_02 brú leið 374469 459357



Upphlaðin brú 037_02, horft til suðausturs.

Á Höllugötum er upphlaðin brú 02 þar sem Grænakelda rennur út í Grímsá. Hún er 65m vestan við fjárhús 053. Brúin er tæplega 40m löng, hlaðin úr torfi. Þar sem hún liggur yfir ós Grænukeldu hefur verið komið fyrir stóru járnvirki til að styrkja brúna en það virðist hafa haft annað hlutverk upphaflega. Brúin er um 5m breið og upphleðsla hennar 30-60cm. Suðvesturhlið brúarinnar sem snýr að Grímsá er nokkuð skörp en norðausturhliðin ávalari og þýfðari. Brúin er orðin nokkuð þýfð og á kafi í grasi.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-171:053_01 tóft fjárhús 374548 459365


“Reiðgatan lá utan í Gráubökkum neðan til, og hétu þar Höllugötur [037_01]. Nokkru neðar rennur Grænakelda, sem fyrr er nefnd, í Grímsá. Móunum báðum megin við hana, Keldumóunum, hefur nú verið breytt í tún. Hefur Sveinbjörn Björnsson ræktað að sunnanverðu við kelduna, og standa fjárhús hans á keldubakkanum við Grímsá,” segir í örnefnaskrá Þingness eftir Björn Sveinbjarnarson. Tóftir af tvennum fjárhúsum eru um 1,7km aust-suðaustan við bæjarhól Þingness 001 og um 65m austan við Höllugötur 037_01, fær hvor þeirra sitt einingarnúmer til aðgreiningar í lýsingu.

Tóftirnar eru á grösugum flötum nærri Grímsá.

Tóftirnar eru af tvennum fjárhúsum, sem eru að öllum líkindum misgömul, og hlöðu á milli þeirra. Allt rústasvæðið er um 21x19m að stærð og snýr svo til alveg norður suður. Áætlað er að eldra fjárhúsið 01 sé syðst og verður því lýst hér. Það er 8x8m að stærð og snýr norður og suður. Á því eru ekki gaflar og því líklegt að þeir hafi verið úr timbri og eða bárujárni. Einnig er mögulegt að suðurgaflinn hafi verið úr timbri en að norður gaflinn hafi verið rifinn þegar yngri fjárhúsin voru byggð. Vegghleðslurnar eru um 1,5m að breidd, vestari langhliðin er um 80cm á hæð en eystri langhliðin er 50-60cm á hæð. Eftir miðju



Fjárhús 053_01, horft til suðurs.



Uppmæling á fjárhúsum 053_01-02.

fjárhúsanna er garði, hlaðinn úr stóru grjóti og er hann um 80cm á breidd og 30cm á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Þingnes, 6

BO-171:053_02 tóft fjárhús 374548 459365

Norðan við fjárhús 01 eru önnur fjárhús sem hafa sennilega haft sambyggða hlöðu og hefur hlaðan verið á milli fjárhúsanna. Alls er tóftin 19x13m að stærð og snýr vestur austur. Hlaðan virðist hafa verið 11x4m að innanmáli og snúið vestur-austur. Hún er lítið eitt niðurgrafin og afmarkast að stórum hluta af niðurgröfnum kanti sem er 30-40cm hár. Við austurenda hennar er torfhlaðinn veggur en hugsanlega hefur verið innangengt í hana á vesturgafli eða austarlega á suðurlanghlið. Fjárhúsin eru svo norðan við hlöðuna. Þau virðast hafa verið um 9x9m að innanmáli. Vesturveggurinn er nokkuð veigalítill en hann er 9m á lengd og 60-80cm á breidd. Hann er hlaðinn úr torfi og grjóti og efst á honum eru timburleifar. Austurveggurinn er mun voldugri, um 13m að



Fjárhús 053_02, horft til suðurs.

lengd en misbreiður. Nyrst er hann tæplega 2m að breidd en syðst um 5m að breidd. Hæð hans er 90-100cm. Mikið rof er komið í allt ytrabyrði hans en í því sjást engar grjóthleðslur.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-172 Bakkakot

10 hdr. 1707. JÁM IV, 188. Bakka er getið í Grettis sögu ÍF VII, 148. 18.5.1417 handlagði Þorkell Magnússon Árna biskupi jörðina Bakka í Bæjarþingum DI IV, 252-53. 27.8.1487 geldur Einar Björnsson Magnúsi Eyjólfssyni Skálholtsbpi Bæ í Borgarfirði og þar með Langholt og Hvítárbakka er þar liggja undir - DI VI, 603. Sbr. DI VI, 604-605. Síðar taldist Bakkakot eign Skálholtskirkju á móti Bæjarkirkju og gæti verið að jarðirnar hafi framan af verið tvær, en Bakkaland síðan lagst undir Bakkakot. Nafninu var breytt í Hvítárbakka eftir að stofnaður var hér lýðskóli 1905. Skólinn starfaði hér til 1931 að hann var fluttir til Reykholts. Hvítárbakkalandi var skipt í þrennt 1958, Hvítárbakka I og II og Vindheima og voru gerð full landskipti. BB II, 189-190.

Túnakort vantar. "Hér er fremur jafnlent, en land fer þó aðeins hækkandi til austurs. Hætt getur verið hér nokkur af flóðum í Hvítá. Að henni eru eyrar og valllendisbakkar, en mýrlendi, er fjær ánni dregur, og mólendi efst." BB II, 189.

BO-172:001 *Bakkakot* bæjarhóll bústaður 375498 460029

"Bærinn stendur á lágum hól skammt frá Hvítá, en tvö íbúðarhús hafa verið reist með nokkru millibili suðaustur frá gamla bæjarstæðinu," segir í Byggðum Borgarfjarðar. Að sögn Jóns Friðriks Jónssonar, heimildamanns, er talið að Bakkakotsbærinn hafi verið um 1,5 km suðaustur af núverandi íbúðarhúsi Hvítárbakka.

Þar sem bærinn er sagður hafa staðið er þýft graslendi með rofablettum á stöku stað. Skurðir eru suðvestan, suðaustan og norðvestan við svæðið.

Ekki sjást merki um fornleifar á yfirborði. Engin skýr hólmyndun er greinanleg á svæðinu. Það er ekki ljóst hvers vegna engin ummerki sjást um bæinn en mögulega hefur skurðgröftur á merkjum milli Bakkkots (Hvítárbakka) og Þingness raskað bæjarstæðinu að einhverju leyti.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: BB II, 189

BO-172:002 *Bakki* heimild um bústað 376412 460759

1877: "Når Kirkevad [MH-097:022] göres til Bakkavad [MH-097:015], antages gården Bakke at hve stået straks syd for vadet, hvor der findes en lav höj med nogle tomter. Der er imidlertid I og for sig intet, der antyder en sådan beliggenhed for denne gård, og kun en formodning om, at Kirkevad oprindelig havde heddet Bakkavad, kunde opfordre til at anvise den plads her," segir í Bidrag til en historisk-topografisk beskrivelse af Island eftir Kristian Kålund.

1884: "Fyrir sunnan farveginn í suður útsuður frá bænum Stafholtsey [BO-097] sést fyrir fornum rústum rétt á bakka farvegarins. Þetta er mjög stutt bæjarleið fyrir ofan Bakkakot [001]. Þessar rústir eru mjög fornlegar og eru á nokkurri upphækkun eða bakka, en ekki sést þar með vissu fyrir tóttalögun, nema lítil tótt, sem er hringmynduð, og er þó nokkuð af veggjunum af brotið af ákaflega miklu jarðfalli, sem þar hefir brotizt fram af farveginum og sjálfsagt tekið af fleiri tóttir. Túnstæðið hefir verið hér mikið og náð langt vestr með ánni. Þetta er auðséð, þvíað þar er mikill jarðvegr og töðugresismóar. Það er auðsætt að Bakkavað er kennt við þennan bæ, sem hét Bakki, eins og t.d. Langholtsvað er nú kent við Langholt ... [SV telur jafn auðsætt að tóftir þessar séu af býlinu Bakka sem getið er í Grettis sögu og Bakkavað hafi verið þar hjá, en hann rekur götur úr Stafholtsey yfir farveginn á Kirkjuvaði, sem brotnar eru af jarðfallinu] Það sýnizt vera hið eðlilegasta, að bærinn Bakki hafi eyðilagzt af jarðföllum, þvíað fyrir utan þetta langa og djúpa jarðfall, sem áðr er nefnt, þá er bæði fyrir utan og ofan rústirnar sem heilt kerfi af jarðföllum, og sum fleir mannhæðir á dýpt; lengra úti í hinu gamla túni eru og mörg; sum jarðfallannna eru mjög gömul að sjá og grasi vaxin, og sum eru að aukast," segir í grein eftir Sigurð Vigfússon í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1884-85.

"Í Græfrunum er mikið um rústir. Hvort það er gamli Bakkabærinn, er ekki gott að segja," segir í örnefnaskrá.

Græfrurnar, þar sem talið er að býlið Bakki hafi verið, eru um 100 m austan við íbúðarhús nýbýlisins Vindheima, 1,2 km norðaustan við Bakkakot 001 og fast norðaustan við Hvítárbakkaveg (514).



Horft til suðvesturs yfir Græfrurnar en talið er að býlið Bakki 002 hafi verið á þessum slóðum.

Græfrurnar eru djúp jarðföll, um 3-4 m á dýpt. Víða er virkt rof á svæðinu en annars hálfgróið grasi. Mýralækur rennur eftir botni þeirra. Stórþýft er umhverfis uppi á bökkum. Fast vestan við Græfrurnar er nýbýlið Vindheimar og er töluverð skógrækt umhverfis íbúðarhúsið.
Ekki fundust merki um fornleifar á yfirborði við Græfrurnar í landi Bakkakots og er ekki vitað hvar "í Græfrum" rústirnar voru. Mögulegt er að þær séu horfnar vegna rofs en einnig er mögulegt að þeim hafi verið raskað af skógrækt. Þess ber að geta að nyrst í Græfrunum er rústahóll sem heitir Kirkjurúst/Grefrahóll BO-174:019 og er hann hornmark jarðanna Bakkakots, Bæjar BO-173 og Langholts BO-174. Kemur til greina að eitthvað af þeim rústum sem lýst er í heimildum hér að ofan eigi við um þá rúst.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Hvítárbakki, 2; KK I 1877, 306; ÁHÍF 1884-85, 83

BO-172:005 gata leið 375396 461140



Götur 005, horft til VSV.

Götur sjást um 1,1 km norður af bæ 001 og 800 m austur af núverandi íbúðarhúsi Hvítárbakka.
Göturnar liggja um þýft graslendi sem er afmarkað af skurði til norðurs. Sléttuð tún eru handan skurðarins. Austan svæðisins er lítil tjörn og gamli farvegur Hvítár.
Alls sjást göturnar á um 287 m löngum kafla. Þær sjást austast um 25 m frá vesturhlið tjarnarinnar og liggja til VNV að skurðinum. Handan skurðarins eru göturnar horfnar í tún. Göturnar ná yfir 12-15 m breitt svæði og sjást víðast 7-10 götur. Göturnar eru um 30-40 cm breiðar og um 30 cm djúpar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


BO-173 Langholt

16 hdr. 1707. JÁM IV, 189. Við jarðasölur 1487 var Langholt talin liggja undir Bæ ásamt Hvítárbakka - DI VI, 603, 604-605. Skálholtsstólseign. 1931 var nýb. Laugarholt stofnað en 1947 fór Langholt sjálft í eyði og lagðist þá jörðin öll undir Laugarholt. Langholt var síðan endurreist 1962 á öðrum stað en áður. BB II, 197.

1920: 42.508 m2 = 13 2/3 dagsl. Garðar 468 m 2 + 1000 m2 utantúns. "Með ánum eru malareyrar og valllendisbakkar. Melar eru nokkrir vestur frá Flókadalsá. Landið er víða mýrlent með smátjörnum, en harðlendara austan til. Í landinu miðju er aflangt holt. Stóð Langholtsbærinn á því sunnanverðu allt til 1947. Blautt mýrarsund var sunnan holtsins og því mjög ógreitt að komast að bænum. ... Laxveiði er góð fyrir Langholtslandi í Hvítá, en lítil í Flókadalsá." "Hæsti hóll túnsins heitir Stórhóll. Á honum eru rústir eftir bæ. Er það síðan tvíbýli var í Langholti. Hét þá þetta Syðra Langholt. Norðvestur af Stórhól er Litlihóll, og kringum hann sveigði brunngatan. Svo var harðvellisbali í landsuður frá Litlahól að fjárhúshlöðu. Þessi bali hét Húsabali, og holt upp af bænum, í átt til Stafholtseyjar, hét Hesthúshóll. Norðan við götuna heim að bænum var hvammur, Norðurhvammur, og vestan við hann Fjóshvammur [Brunnskarð á spássíu]. Syðst í túninu eru þrír grjóthólar, sem nefndir eru Smáhólar. Og að lokum: suðvesturhallinn á túninu var nefndur Fjóskinn, oft stytt í Kinn." Ö-Langholt, 2.

BO-173:005 *Syðra-Langholt* bæjarhóll bústaður 377649 461729
"Hæsti hóll túnsins heitir Stórhóll. Á honum eru rústir eftir bæ. Er það síðan tvíbýli var í Langholti. Hét þá þetta Syðra Langholt," segir í örnefnaskrá. Syðra-Langholt eða Stórhóll er rúmlega 80m suðaustan við bæjarstæði Langholts 001 og um 530m norðan við núverandi íbúarhús Langholts (b. 1963).
Bæjarhóllinn er í grösugu landi sem hefur verið sléttað og þegar minjastaðurinn var heimsóttur (haust 2022) var það nýtt undir hrossabeit. Hóllinn er miðsvæðis í gömlu heimatúni jarðarinnar. Suðaustanvert í Langholti sem er klettaholt sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Núverandi tún eru sunnan við þetta gamla tún í mýrlendi sem hefur verið ræst fram og ræktað.





Bæjarhóll Syðra-Langholts 005, horft til norðurs á ljósmynd.

Bæjarhóllinn er 100x90m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hann er greinilega manngerður að einhverju leyti og gæti möguleg upphleðsla hans verið um 4m. Efst á hólnum vottar fyrir þúst sem er um 17x8m að stærð og má vera að það séu leifar íveruhúss. Suðaustanvert á hólnum gæti einnig vottað fyrir kálgarði sem gæti bent til þess að framhlið bæjarins hafi snúið til suðausturs. En allt er þetta mjög óljóst og hefur hóllinn verið sléttaður og það jafnvel oftar en einu sinni. Góðar líkur eru á því að þetta sé elsta bæjarstæðið og að bærinn sem skráður er undir 001 sé yngri.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Langholt, 2; Örnefna- og sögukort: Langholt og Laugarholt í Bæjarsveit í Borgarfirði

BO-173:008 *Byrgiskelda* heimild 376525 462176

“Eftir flóanum [Langholtsflóa] er kelda, miklu nær Stafholtsey en Langholti, sem heitir Byrgiskelda. Hún er á vesturmörkum hins vanalega nefnda Langholtsflóa,” segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir Björn J. Blöndal: “Byrgiskelda: Um þetta örnefni hefi ég helzt heyrt þetta: 1) Að litla rústin, sem þarna er, bendi til, að hey hafi verið sett þarna saman á sumrum og flutt heim að Langholti á sleða á vetri. 2) að þarna hafi verið byrgi fyrir sauði. Beit er þar ágæt, fjalldrapi og brok í víðlendum flóa. Þetta þykir mér sennilegra, og má þó vera, að hvorutveggja sé rangt.” Byrgiskelda er vestan Langholtsflóa rúman 1km norðvestan við bæjarhól Langholts 001 og austan Hádegispolls. Örnefnið gefur til kynna að einhvers konar byrgi hafi staðið í eða við Byrgiskeldu en ekkert slíkt mannvirki fannst á svæðinu þrátt fyrir leit.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Langholt, 1; Ö-Langholt aths. og viðb., 1

BO-173:009 *Lambholt* náttúrumin huldufólksbústaður 377350 461278



Huldufólksbústaður 009 er í Lambholti, horft til suðurs.

“Sunnanverðu við Laugarlækinn er holt, sem heitir Lambholt. Það er huldufólksbústaður,” segir í örnefnaskrá. Lambholt er um 590 m SSV við bæ 001 og 310 m suðaustan við áveitugarð 039.

Lambholt er lágt, hálfgróið klettaholt. Austan og sunnan við það eru flatlend tún en deiglendur mói eða mýri til norðurs og vesturs. Raflína (Holtavörðuheiðarlína) liggur yfir Lambholt.

Engar sagnir eru þekktar um huldufólk í Lambholti.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Langholt, 1

BO-173:010 *Gálgaklettur* mannabein legstaður 377917 462303



Gálgaklettur 010, horft til austurs.

“... haustið 1947 fundust bein undir kletti, innarlega undir klettunum [í Langholti] ... upp af þessum stað er einhver sá bezti gálgi, til hengingar fallinn, sem finnast gerist í héraðinu,” segir í örnefnaskrá. Gálgaklettur er hluti af stærra klettabelti sem nefnist Langholt og er norðarlega á því, rúman hálfan kílómetra norðaustur frá bæjarhóli 001 og rúma 370m austan við vörðu 048. Meintur aftökustaður er 1 km norðvestan við þingstað 011 í Sandatorfum.

Klettabeltið sem Gálgaklettur er partur af er aflangt klettaholt sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Norðvesturbrún þess er brött og stundum þverhnýpt en suðausturhliðin aflíðandi og hækkar til norðvesturs.

Engin ummerki eftir mannvist fundust á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Langholt, 2

BO-173:012 gata leið 378023 462335

"Inn með þessum klettum [í Langholtinu] liggja götuslóðar, sem benda á talsverða umferð, enda liggja þær að Langoltsvaði [013] á Hvítá," segir í örnefnaskrá. Leið er sýnd á Herforingjaráðskorti 35 SV frá 1913 þar sem hún liggur frá bæ og að leið BO-661:016 og svo að Langholtsvaði 013. Götur á leiðinni sjást vel þar sem þær liggja eftir Langholti á tveimur stöðum.

Götur á suðaustanverðu Langholti liggja um harðlendis móa og lágar klappir en götur á norðvestanverðu holtinu liggja í nokkrum halla um grösugt þýfi og skriður.



Gata 012 þar sem hún liggur suðvestan við Langholt, horft til suðausturs.

Leiðin liggur frá Hvítá og til suðurs að Langholti. Rétt áður en hún kemur að Langholti klofnar leiðin og fer vestari kvíslin meðfram holtinu að norðvestanverðu og svo beygir hún til suðurs um Stóraskarð að bæ. Austari kvíslin fer aftur á móti fyrir norðausturenda holtsins og meðfram því að suðaustanverðu. Liggur þessi leið nokkuð hærra í landinu og á meira harðlendi. Sunnan Stóraskarðs sameinast þær svo aftur heim að bæ 001. Einnig má sjá af loftmynd að götur hafa líka legið um Litlaskarð á Langholti sem er nokkuð norðar en Stóraskarð. Leiðin var rakin á um 150m löngum kafla suðaustan Langholts. Göturnar eru 3-5 saman á 1-4m breiðu belti. Sumar þeirra ógrónar í botninn, um 30cm breiðar og 20-40cm djúpar. Leiðin mun í heild vera um 1,3km að lengd en um 350m af henni voru raktir á vettvangi og um 500m voru raktir af loftmynd.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Langholt, 2; Herforingjaráðskort 35 SV

BO-173:013 *Langholtsvað* heimild um vað 377412 462855

"Inn með þessum klettum [í Langholtinu] liggja götuslóðar, sem benda á talsverða umferð, enda liggja þær að Langoltsvaði á Hvítá. Langt mun nú síðan áin hefir verið farin þar. Þegar vaðið var farið, var farið út í hana um 250 metrum fyrir ofan Reiðskarð að sunnanverðu og upp langa eyri í ánni," segir í örnefnalýsingu. Í Árbók Ferðafélags Íslands frá 1953 segir: „Enn er vað á ánni [Hvítá] undan Langholti, Langholtsvað, og var það aðalvaðið á seinni öldum og langoftast farið, enda lá þjóðleiðin þar um til Reykjavíkur og Akraness. Þótti það jafnan þrautavað og giftudrjúgt." Langholtsvað á Hvítá er um 800 m norðaustan við áveitu 043 og tæpan 1km norðan við bæjarhól 001.



Horft til austurs yfir Langholtsvað 013 á Hvítá.

Flatlent er beggja vegna árinnar, hálfgróin sandeyri er í miðri ánni og lítt grónar eyrar eru norðan árinnar í landi Neðra-Ness MH-071.

Vaðið lítur út fyrir að vera gott yfirferðar. Botninn í ánni er harður og þá dreifir áin vel úr sér á þessum stað en reyndar virðist vera nokkur straumur í henni (haust 2022). Beggja vegna árinnar eru götur sem vaðið hefur tengt en að sunnanverðu eru það götur á leið BO-661:016 og að norðanverðu eru það götur á leið MH-661:011. Ógrónin gata virðist liggja að vaðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Langholt, 2; ÁFÍ 1953, 21

BO-173:015 heimild
"[norður af Fornastekk] er lágur klettarani, sem heitir Tjarnarklettar. Undir klettunum að vestanverðu eru rústir eftir eitthvað mannvirki," segir í örnefnaskrá. Gengið var um norðausturenda Tjarnarkletta og varð ekki vart neinna mannvirkja annarra en vörðu 048 sem er norðaustast á klettunum.
Tjarnarklettar er aflangur klettarani sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Hann liggur í deigu flatlendi sem hefur verið framræst með skurðum.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Langholt, 2

BO-173:018 *Lestamannagötur* gata leið 378575 462492
"Yfir [Skipanes 017], frá Sandatorfum [011] ... lágu Lestamannagötur til Langholtsvaðs [013]; þær eru nú grasi grónar," segir í örnefnaskrá. Lestamannagötur eru tæpa 1,2km norðaustan við bæjarhól 001, rúma 100m austan við áveitu 038 og rúma 700m vestan við Haugsendavað 019.
Göturnar liggja um þýft og deigt flatlendi sem er mjög grösugt.
Lestamannagötur fundust ekki á vettvangi en á úrvinnslustigi voru þær raktar af loftmynd á um 250m löngum kafla. Staðsetning þeirra var því eingöngu staðsett af loftmynd.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Langholt, 3; Örnefna- og sögukort: Langholt og Laugarholt í Bæjarsveit í Borgarfirði.

BO-173:019 *Haugsendavað* heimild um vað 379253 462720
"Niður frá [Svarthöfða], svo sem 150 metra, var Haugsendavað á Hvítá. Göturnar að vaðinu eru horfnar, enda vaðið orðið kvikófært fyrir löngu. Þarna með ánni var sléttur bakki, sem að mestu er farinn í ána, sem þarna liggur með allmiklum þunga," segir í örnefnaskrá. Í Árbók Hins íslenska fornleifafélag 1886 segir: "Þetta vað á Hvítá er nú kallað Haugsendavað; það er skamt fyrir neðan þar sem Flókadalsá kemr í Hvítá; sunnan til við ána heitir Haugseyri; þetta er nær því gagnvart Bæ, þar sem Þorsteinn Gíslason bjó." Haugsendavað var um 740 m ANA við Lestamannagötur 018 og 40 m VNV við Haugsflöt 020.


Horft til norðurs yfir Hvítá á þeim slóðum þar sem farið var yfir hana á Haugsendavaði 019.

Bakkar Hvítár eru nokkuð háir og fremur grónir en víða sést þó í rofabörð. Stór sandeyri, hálfgróin, er miðri ánni.
Áin er nokkuð djúp og breið á þessum stað og getur verið straumþung eins og segir í örnefnaskrá. Engar greinilegar götur sjást liggja að vaðinu í landi Langholts eða Kaðalsstaða MH-069.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Langholt, 3; ÁHÍF 1886, 27

BO-173:020 *Haugsflöt* heimild um legstað 379275 462692
"[hjá Haugsendavaði (sjá 019) var] með ánni [...] sléttur bakki, sem að mestu er farinn í ána, sem þarna liggur með allmiklum þunga. Haugurinn, sem vaðið er kennt við, stóð á sléttum bakka nokkrum föðmum neðan við vaðið. Hann var mjög greinilegur, eingöngu gerður úr torfi, strýtumyndaður. Hann var um 4x5 m að flatarmáli og náði manni í brjóst. Áin fór með hauginn rétt eftir 1930," segir í örnefnalýsingu. Í viðbótum við þá lýsingu segir: "Haugsflöt, sem Kaalund nefnir svo, hét Hauksflöt, nú nær öll horfin í Hvítá. Sú sögn var til hér, að sá hafi Haukur heitið, sem heygður var þarna á árbakkanum. Þar fundust forngripir. Þegar Borgfirðingar vörðu Snorra goða að komast yfir ána, er sagt, að einn úr liði Snorra hafi skotið spjóti í flokk Borgfirðinga og drepið mann að nafni Haukur." Haugsflöt var um 740 m ANA við

Lestamannagötur 018 og 40 m ASA við vað 019.
Bakkar Hvítár eru og nokkuð háir og fremur grónir en víða sést þó í rofabörð.
Engin ummerki sjást lengur um haug á þessum stað enda áin brotið hann niður eins og segir í örnefnaskrá.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Langholt, 3; Ö-Langholt, aths. og viðb., 1

BO-173:030 varða landamerki 376389 462098



Landamerkjavarða 030, horft til norðurs.

Landamerki Langholts 1923, móti Stafholtsey MH-097: "Frá því fyrgreind sjónhending frá torfvörðunni [023] á "Grafahól" í vestari enda "Grímsstaðamúla" kemur í "Eyjarfarveg" ræður greindur farvegur þar sem hann er vatnsmestur landamerkjum til torfvörðu sem stendur austanvert við miðjan "Hádegispoll", sem er skamt suður frá Stafholtseyjartúni [...]." Torfhlaðin landamerkjavarða austan við Hádegispoll er um 90 m SSV við vörðu 031 og 200 m VSV við stíflu 043_01.
Landamerkin móti Langholti eru eftir gömlum bakka Hvítár sem er fremur gróðursnauður en nokkuð mosagróinn.
Varðan er 0,6 x 0,4 m að grunnfleti, snýr ANA-VSV. Hún er aðeins 0,4 m á hæð en sker sig úr umhverfinu vegna grænku í gróðri.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 100

BO-173:031 varða landamerki 376412 462186



Landamerkjavarða 031, horft til vesturs.

Landamerki Langholts 1923 móti Stafholtsey MH-097: "Frá vörðu [030] austanvert við miðjan "Hádegispoll" sjónhending eftir þremur torfvörðum [sjá líka 032 og 033] til torfvörðu [034] þeirrar sem hlaðin er í miðju svokölluðu "Vaðskarði" við Hvítá [...]," segir í landamerkjabók. Torfhlaðin landamerkjavarða er um 90 m NNA við vörðu 030 og 90 m suðaustan við stíflu 043_01. Á milli vörðu 030 og vörðu 034 við Vaðskarð eru fimm vörður (sjá einnig vörður 041-042) en ekki bara þrjár eins og greint er frá í landamerkjalýsingu. Ekki er ljóst hvaða vörður af þessum fimm er átt við í lýsingunni.
Landamerkin móti Langholti eru eftir gömlum bakka Hvítár sem er fremur gróðursnauður en nokkuð mosagróinn.
Varðan er torfhlaðin, 0,5 m á kant, en er nokkuð sigin til vesturs. Hún er 0,5 m á hæð og sker sig úr umhverfinu vegna grænku í gróðri.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 100

BO-173:032 varða landamerki 376466 462311



Landamerkjavarða 032, horft til norðurs.

Landamerki Langholts 1923 móti Stafholtsey MH-097: “Frá vörðu [030] austanvert við miðjan “Hádegispoll” sjónhending eftir þremur torfvörðum til torfvörðu [034] þeirrar sem hlaðin er í miðju svokölluðu “Vaðskarði” við Hvítá [...],” segir í landamerkjabók. Landamerkjavarða er um 130 m norðaustan við vörðu 031 og 90 m NNV við stíflu 043_01. Á milli vörðu 030 og vörðu 034 við Vaðskarð eru fimm vörður (sjá einnig vörður 041-042) en ekki bara þrjár eins og greint er frá í landamerkjalýsingu. Ekki er ljóst hvaða vörður af þessum fimm er átt við í lýsingunni.
Umhverfis vörðuna er þéttar mosabreiður, en víða stendur þó gróðursnautt grjót upp úr mosanum.
Varðan er 0,4 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Í henni er nokkuð grænn gróður og er hún nokkuð áberandi í landslaginu.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 100

BO-173:033 varða landamerki 376519 462404



Landamerkjavarða 033, horft til suðurs.

Landamerki Langholts 1923, móti Stafholtsey MH-097: Frá vörðu 030 austanvert við miðjan Hádegispoll” sjónhending eftir þremur torfvörðum til torfvörðu [034] þeirrar sem hlaðin er í miðju svokölluðu “Vaðskarði” við Hvítá [...],” segir í örnefnaskrá. Landamerkjavarða er um 110 m NNA við vörðu 032 og 100 m vestan við áveitugarð 043_02. Á milli vörðu 030 og vörðu 034 við Vaðskarð eru fimm vörður (sjá einnig vörður 041-042) en ekki bara þrjár eins og greint er frá í landamerkjalýsingu. Ekki er ljóst hvaða vörður af þessum fimm er átt við í lýsingunni.
Umhverfis vörðuna eru þéttar mosabreiður, en víða stendur þó gróðursnautt grjót upp úr mosanum. Enn fremur má sjá rofabörð hér og þar á þessum slóðum. Austan við vörðuna er vírgirðing.
Varðan er mjög lítil, aðeins 0,2 m á kant. Hún er nær alveg útflött, 0,2 m á hæð og er við það að hverfa í mosa og þúfur í landslaginu.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 100

BO-173:038 garðlag áveita 378456 462480
Ungt áveitugarðlag er á milli Lestamannagatna 018 og leiðar 012, um 800 m norðaustan við bæ 001.
Garðurinn liggur um deiglent svæði sem er að hluta til framræst.
Garðurinn afmarkar svæði sem er 190x210 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hann er torfhlaðinn, allt að 0,8 má hæð og um 1,5 m á breidd. Pæla sést beggja vegna við garðinn. Vélgrafinn framræsluskurður liggur í gegnum u.þ.b. miðjan garðinn.



Ungur áveitugarður 038, horft til ASA

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-173:039 garðlag áveita 377095 461519



Áveitugarður 039, horft til suðvesturs.

Áveitugarðlag er suðaustarlega í Pollaflóa, um 360 m norðvestan við Lambholt 009 og 590 m suðvestan við bæ 001.
Garðlagið er í smáþýfðu og deiglendi. Til norðurs og suðurs eru framræsluskurðir.
Garðlagið er greinilegt á um 22 m löngum kafla og snýr norðaustur-suðvestur. Það er torfhlaðið, 0,5 m á hæð og allt að 0,9 m á breidd. Ógreinileg pæla sést norðvestan við garðinn. Garðurinn er sums staðar byrjaður að hlaupa í þúfur.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-173:040 gata leið 377400 461233

Gata liggur til suðausturs frá Lambholti. Hún er rúma 600m sunnan við bæjarhól 001 og um 430m vestan við íbúðarhús á Laugarhóli byggt 1931. Samkvæmt örnefnakorti Langholts og Laugarholts er þetta forn gata og um hana flutt grjót úr Lambholti að Bæ (BO-174:001).



Gata 040, horft til suðausturs.

Gatan liggur til suðausturs frá klettarana sem nefnist Lambholt og liggur frá suðvestri til norðausturs. Þaðan liggur hún um grösugan haga að sléttuðum og framræstum túnum.
Göturnar virðast vera tvær og liggja þær samhliða hvor annarri og því hugsanlega farnar af véldrifnu farartæki. Hvor gata er um 20-30cm að breidd og um 20cm að dýpt. Þær eru grónar í botninn. Göturnar sjást á ríflega 100m löngum kafla og á u.þ.b. 2m breiðu belti.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Örnefna- og sögukort: Langholt og Laugarholt í Bæjarsveit í Borgarfirði.

BO-173:042 varða landamerki 376617 462572

Landamerkjavarða er rúmum 200 m NNA við landamerkjavörðu 033 og 145 m norðan við áveitugarð 043_02. Varðan er á merkjum Langholts og Stafholtseyjar MH-097. Samkvæmt Landamerkjabók voru þrjár vörður á milli varða 030 og 034 á þessum merkjum. Þar eru hins vegar fimm vörður og ekki er ljóst hvaða vörður er átt við í landamerkjalýsingunni (sjá einnig vörður 031-033 og 041).



Landamerkjavarða 042, horft til suðurs.

Varðan er rétt vestan við vírgirðingu. Umhverfis vörðuna er mosagróið svæði en víða sést þó í mold og gróðursnautt grjót.

Varðan er 0,6 m í þvermál. Hún hallar smávægilega til vesturs og er 0,5 m á hæð. Hún er mjög grasigróin og er áberandi vegna mikillar grænku í gróðri.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 100

BO-173:043_01 garðlag áveita 376571 462180

Áveita er í Byrgiskeldu 008, vestan Langholtsflóa um 950m norðvestan við bæjarhól Langholts 001. Hún er á svæði sem er um 400x150m að stærð og snýr norðaustur og suðvestur. Hún saman stendur af stíflu 01 og tveimur áveitu garðlögum 02 og 03.



Áveitugarður 043_01, horft til norðvesturs.

Áveitan er í blautu og flötu mýrlendi.

Stífla 01 er suðvestast áveitumannvirkjanna. Hún er tæplega 95m löng og liggur frá norðvestri til suðausturs. Stífluopið sem er suðaustarlega á stíflunni er ferhyrnd gryfja, full af vatni sem er rúmlega 1m að breidd og lengd. Garðlagið norðan við stífluopið er um 72m langt og beygir norðurendi þess til vesturs en Garðlagið sunnan við opið er um 21m að lengd og beygir suðurendi þess til austurs. Garðlögin eru 30-50 cm að hæð og um 1m á breidd. Eftir endilöngum garðlögunum liggur kindagata sem er víða orðin mjög djúp.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Örnefna- og sögukort: Langholt og Laugarholt í Bæjarsveit í Borgarfirði.

BO-173:043_02 garðlag áveita 376618 462407

Rúmlega 190m norðaustan við stífluna er fyrra áveitugarðlagið 02. Það er um 150m langt og liggur frá norð-norðvestri til suð-suðausturs en sunnarlega á því beygir það til suðausturs. Það er 30-60cm á hæð og eru hliðar þess vel skarpar. Breidd þess er 60-70cm á breidd. Það er allt gróið grasi og liggur um mjög blauta mýri.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Örnefna- og sögukort: Langholt og Laugarholt í Bæjarsveit í Borgarfirði.

BO-173:043_03 garðlag áveita 376815 462494

Rúmlega 80m norðaustan við áveitugarðlag 02 er seinna áveitugarðlagið 03. Það er um 195m langt og liggur frá norðaustri til suðvesturs. Nyrst beygir það skarpt til austurs en við suðvesturenda þess beygir



Áveitugarður 043_03, horft til suðurs.

það skarpt til suðurs. Það er 30-50cm á hæð og um 1m á breidd. Það er allt á kafi í grasi og eftir því endilöngu liggur kindagata.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Örnefna- og sögukort: Langholt og Laugarholt í Bæjarsveit í Borgarfirði.

BO-173:044 gata leið 376590 462155
Gata liggur suður frá Langholti (klettabeltinu sem bær 001 dregur nafn sitt af) til norðvesturs að bæjarhóli Stafholtseyjar MH-097. Samkvæmt örnefnakorti Langholts og Laugarholts var borið grjót frá Langholti að Stafholtsey eftir þessari götu.




Gata 044, horft til suðausturs.

Göturnar liggja um flata og þýfða mýri.
Leiðin var rakin á tæplega 110m löngum kafla en hægt er að rekja götuna af loftmynd á um 940m löngum kafla alveg frá Byrgiskeldu 008 og að Langholti (klettum) sunnan Fjóshvamms. Það er athyglisvert að gatan er svo til alveg bein. Oftast var bara hægt að greina eina götu en mest mátti sjá þrjár götur. Skýrasta gatan er mjög skýr og safnast greinilega mikið af vatni í hana. Hún er 30-50cm djúp og 30-50cm á breidd.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Örnefna- og sögukort: Langholt og Laugarholt í Bæjarsveit í Borgarfirði.

BO-173:045 *Hesthúshóll* tóft hesthús 378290 462342
"Svo var harðvellisbali í landsuður frá Litlahól að fjárhúshlöðu. Þessi bali hét Húsabali, og holt upp af bænum, í átt til Stafholtseyjar, hét Hesthúshóll," segir í örnefnaskrá. Tóft er tæpa 60m norðvestan við gamla bæjarhólinn í Langholti 001, rúma 9m norðvestan og utan við túngarð 046. Samkvæmt örnefninu mun húsið sem hér stóð hafa verið hesthús en hugsanlega hefur sú tóft sem hér er skráð haft annað hlutverk t.d. fjárhús en hlutverk þess kann líka hafa verið blandað.
Tóftin er efst á klettaholti rétt utan við heimatún Langholts. Stórt og flatt mýrlendi er norðvestan við holtið en grösugt tún að austanverðu.
Tóftin er 16x12m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hún hefur fjögur hólf og eru þeim gefnir bókstafir til aðgreiningar í eftirfarandi lýsingu. Hólf A sem er mjög líklega hlaða, er norðvestast í tóftinni. Það er 7x2m að innanmáli og snýr norðaustur og suðvestur. Ekki var hægt að greina neitt op á þessu hólfi en innra byrði þess er 50-120cm á hæð. Suðausturlanghliðin á hólfi A er lægst og nokkuð aflíðandi en norðausturgaflinn er hæstur og er opið rof í honum. Þar má einnig sjá í grjóthleðslu sem er 3-5 umför. Suðaustan við hólf A eru hólf B, C og D sem hafa sennilega öll haft timburgafla á suðausturhlið. Hólf B er syðst í þessari hólfaröð og er það 4x1,5m að innanmáli og snýr norðvestur og suðaustur. Innst í því





Hesthústóft 045, horft til norðausturs á ljósmynd.

er virkt og ógróið rof. Norðaustan við það er hólf C sem er 3,5x3,5m að innanmáli. Vegghleðslan sem skilur á milli hólfs B og C er hlaðin úr mjög stóru grjóti og er aðeins eitt umfar. Hleðsluhæð er um 60cm. Þessi gerð veggjar sést ekki annars staðar í tóftinni og má vera að um garða sé að ræða og ef svo er þá hefur verið vandað til hans. Norðvestan við hólf C er svo hólf D sem er 3,5x1,5m að innanmáli. Innra byrði þess er 30-40cm á hæð og í því má sjá grjóthleðslu sem er um 2 umför. Almennt er ytrabyrði tóftar skýrt eða 60-80cm á hæð og svo er breidd veggja 1-2m.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Langholt, 1-2; Örnefna- og sögukort: Langholt og Laugarholt í Bæjarsveit í Borgarfirði.

BO-173:046 garðlag túngarður 377506 461806
Túngarður liggur meðfram norðvesturmörkum heimatúns á Langholti. Hann er um 50m norðvestan við bæjarhól 001 og tæpa 10m suðaustan við tóft 045 á Hesthúshól. Túngarðurinn er óvenju beinn sem gefur til kynna að hann er sennilega frekar ungur. Hann er samt sýndur á túnakorti frá 1920 og samkvæmt því má ætla að í honum hafi staðið girðing. Hann hefur afgrirt heimatúnið sem af loftmynd að dæma hefur verið um 6,5 hektari. Hlutar hans eru nokkuð ólíkir að gerð sem gæti gefið til kynna ólíkan aldur.
Túngarðurinn liggur undir brekkurótum Hesthúshóls sem er vestan við garðlagið en svo liggur garðlagið upp nokkuð bratta brekku til norðausturs frá Fjóshvammi og upp á holt vestan við Norðurhvamm. Túnið er nýtt fyrir hrossabeit og er grösugt. Innan þess er Stórhóll eða Syðra-Langholt 005 sem er gamall bæjarhóll. Túnið einkennist ennfremur af grónum klapparholtum.



Garður 046 sem afmarkaði gamla heimatún Langholts, horft til norðausturs.

Túngarðurinn var bara skoðaður í norðvesturjaðri túnsins. Þar er hann er í tveimur hlutum og liggur frá suðvestri til norðausturs. Suðvesturhlutinn er 56m langur og nyrðri hlutinn er 35m langur en á milli garðlagsbrotanna er 33m löng eyða í garðinn. Syðra garðlagið er hlaðið úr torfi og grjóti, 60-90cm á hæð og um 2m á breidd. Garðlagið er og svo til trapisulaga, algróið en þar sem sést í hleðslugrjótið má sjá að það er mjög stórt. Nyrðra garðlagið er nær eingöngu hlaðið úr grjóti, um 1m á breidd og 90cm á hæð. Það er orðið nokkuð sigið og má telja um 4 umför.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Örnefna- og sögukort: Langholt og Laugarholt í Bæjarsveit í Borgarfirði.

BO-173:047 náma mógrafir 377563 462053
Langt mógrafarsvæði liggur meðfram Langholti að norðvestanverðu. Það er um 130m norðvestan við bæjarhól 001, um 60m norðvestan við tóft 045 á Hesthúshól og um 220m suðvestan við Gálgaklett 010.



Mógrafir 047, horft til norðvesturs á ljósmynd.

Mógrafarsvæðið er í jaðri víðfeðms og flats deiglendis og norðvestanvert undir brekkurótum Langholts. Mógrafarsvæðið er ríflega 400m langt og tæplega 50m breitt. Gryfjurnar eru mjög margar, mis djúpar og stórar, sumar grónar í botninn en aðrar fullar af vatni. Flestar þeirra snúa norðvestur og suðaustur en aðrar þvert á þá stefnu.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Örnefna- og sögukort: Langholt og Laugarholt í Bæjarsveit í Borgarfirði.

BO-173:048 varða óþekkt 378290 462342



Varða 048, horft til norðurs.


Varða er nyrst á Tjarnarklettum sem er langt en frekar mjótt klettaholt sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Varðan er rúma 850m norðaustan við bæjarhól 001 og um 275m norðan við Langholtstjörn.
Varðan er efst á grösugu klettaholti.
Varðan er 1x1m að stærð og 30-50cm á hæð. Hún er mikið sigin, varla meira en 2 umför og virðist mest hafa hrunið til suðurs. Ekki er nein leið þekkt hjá henni og því er óljóst hvaða hlutverki hún hefur þjónað.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-173:049 gata leið 377544 461516
Samkvæmt örnefnakorti Langholts og Laugarholts lá gata milli yngri bæjarhúsa Laugarholts og Langholts og gamla Langholts bæjarins 001. Hún var að litlum hluta rakin á vettvangi en að stærtum hluta af loftmynd.
Gatan liggur um slétt og gott harðlendi meðfram klettaholtum og er það vel grösugt.
Gatan var aðeins rakin á um 35m löngum kafla en virðist af loftmynd vera um hálfur kílómetri. Hún

bar þess greinileg merki að hafa verið ekin véldrifnum ökutækjum. Hún hefur legið að sunnan frá yngri bæjarhúsum Langholts og Laugarholts, suður og vestur fyrir tún og túngarð 046 og heim að bæ 001.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Örnefna- og sögukort: Langholt og Laugarholt í Bæjarsveit í Borgarfirði.

BO-173:050 þúst óþekkt 377610 461615
Á lágu klapparholti um 40m suðvestan við Stórahól eða Syðra Langholt 005 er þúst. Mögulega hefur þar áður staðið útihús frá Syðra-Langholti 005 en ekki er hægt að útiloka að um yfirgróna klöpp sé að ræða. Í sléttuðu grösugu túni á mörkum klapparholta og mýrlendis.





Þúst 050 í túni Langholts, horft til norðurs á ljósmynd.

Þústin er 30-40cm á hæð og 5x5m að stærð. Hvorki sjást vegghleðslur né innanmál hólfa.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-173:051 gata leið 376379 461762



Gata 051, horft til suðurs.


Gata liggur á merkjum Stafholtseyjar og Langholts, meðfram eystri bakka eldri farvegs Hvítár. Gatan liggur frá leið BO-661:016 að norðan og að Bakkavaði MH-097:015 og er í heild um 2,4km.
Gatan liggur um grösugt mólendi.
Leiðin var rakin á um 640m löngum kafla. Á þeim hluta sem var skoðaður mátti telja um 3-9 götur á 8-20m breiðu belti. Þær eru mis skýrar en sumar mjög skýrar og ógrónar í botninn. Sú sem var einna skýrust var 30-40cm að breidd og 10-70cm djúp.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-174 Bær

30 hdr. 1707. JÁM IV, 189. Getið í Heiðarvíga s., Harðar s., Grettis s., Landnámu og Sturlungu. Í Heiðarvíga s. er getið um sel frá Bæ (ÍF III, 249). Kálfanes var hjáleiga frá Bæ norðan við Hvítá sem fór í eyði á 18. öld, landið síðan nytjað frá Bæ. Nýi Bær nýb. stofnað 1935 á 1/3 úr landi Bæjar. Jaðar, garðyrkjubýli á 5 ha af landi Bæjar stofnað 1942. Laugabær nýbýli stofnað 1949 á 1/3 af landi Bæjar. Bæjarkirkja átti ekkert í heimalandi en henni fylgdu útjarðirnar Steðji, Kálfanes og Múlakot og seinna eignaðist hún Bakkakot og hálfa Hrísa. Bær varð síðar eign Skálholts og taldist hálft Bakkakot einnig heyra til stólnum. Ítök kirkjunnar voru veiði öll í Flókadalsá nema að hálfu á móti Varmalæk, nautaganga í Svanga og á Hellistungur og selför í Faxadal. BB II og JÁM IV.
1920: 100.424 m2 = 31 1/2 dagsl. Garðar 1996 m2. 1877: "Gården Bær, der selv ligger forholdsvis höjt, er omgivet af blöde moser og vanskelig tilgængelig." KK I (Kaalund), 306; Villtir laukar vaxa í túni á Bæ (Allium oleraceum). "Með Flókadalsá eru eyrar, en síðan taka við mýrarsund, en þá melar með dálitlu skógarkjarri syðst, þá mýrlendi austan og vestan bæjar, en í suðvesturhorni landsins eru kjarri vaxnir ásar." BB II, 173 "Jarðhiti er víða í hinu forna Bæjarlandi, eru þar laugar, og var ekkert vatnsból annað og þótti til ókosta." BB II, 196.

BO-174:019 *Kirkjurúst* þúst bænhús 376428 460841
"Þar í Grefrunum er hóll á merkjum [við Bakkakot] sem heitir Grefrahóll eða Kirkjurúst." segir í örnefnalýsingu. Þessi hóll er hornmark milli Bæjar, Langholts og Bakkakots og er hann á norðurbakka Grefranna (Græfranna). Hann er um 100 m norðan við Hvítárbakkaveg (514)og um 100 m austan við mýrina í gamla farvegi Hvítár. Staðurinn var fyrst skráður árið 2000 en var heimsóttur aftur 2022 og var þá eldri skráning endurskoðuð.






Kirkjurúst 019, horft til suðausturs á ljósmynd

Kirkjurúst eða Grefrahóll er hólbunga í grasmóa, ekki mjög áberandi. Fast sunnan við eru lækjargil, svokallaðar Grefrur, með háum moldarbökkum. Vestan þeirra er nýbýlið Vindheimar og skógrækt umhverfis íbúðarhúsið sem nær inn á suðvesturhluta hólsins. Girðing liggur yfir hólinn sunnanverðan.
Hóllinn er um 50 x 29 m að stærð og snýr austur-vestur. Uppi á hólnum eru þúfur sem geta verið sprungnir veggir en ekkert skýrt tóftarlag er þar þó. Þegar staðurinn var fyrst skráður árið 2000 sást hvilft norðan í hólnum sem sneri austur-vestur, um 6x4 m að innanmáli. Ekki er óhugsandi að hér hafi verið vegarkapella á miðöldum, þá sennilega í sambandi við vað á Hvítá meðan hún rann austan við Stafholtsey. Í Grefrunum átti fornbýlið Bakki BO-172:002 að hafa staðið og mætti einnig mögulega setja hólinn í samhengi við það.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Bær, 3

BO-220 Deildartunga

60 hdr. 1708 en af því töldust 10 hdr til Tungukots, 8 hdr. til Kletts [BO-219] og 12 hdr til Brekkukots [BO-221]. JÁM IV, 236. Getið í Sturlungu og Grettis sögu. Bændaeign. Hálfkirkja var í Deildartungu. 1708 voru einnig Lambhagi og Litlatunga eyðihjáleigur. Tungukot lagðist aftur til heimajarðarinnar á 18. öld en Klettur og Bakkakot töldust lögbýli 1847. Skipt í tvö býli 1956 og fóru landaskipti fram 1973. Víðigerði garðyrkjubýli á 1 ha 1938. Tunguhlíð smábýli á 1 ha. Auk þess spilda kringum Deildartunguhver tekin eignarnámi af ríkisstjórn Íslands 1979. BB II, 310-11, 350.
1918: 121.531 m2 = 38 dagsl. 1/7 smáþýft. Garðar 868 m2. + Hamarsgeiri 42.251 m2 = 13 1/3 dagsl + Húsatún 21.634 m2 = 7 dagsl. Samtals 185.416 m2 = 58 1/3 dagsl. "Landið er að mestu flatt nema austan til, þar sem eru holt, grónir melar, móar og mýrlendi, annars skiptast á mýri, mói og valllendi með stöku melaflákum ... veiðivon í Reykjadalsá og Hvítá." BB II, 310


BO-220:021_01 *Selmelur* tóft sel 382583 465279
"[...] Norðan við [Vatnsstapa] er lítill melur, sem heitir Selmelur, nú stundum nefndur Kringlumelur. Nyrzt við þennan mel eru rústir eftir sel," segir í örnefnalýsingu. Minjar um sel eru við Selmel rúma 2,1km beint vestur af bæjarhól 001, um 170m aust-norðaustan við vörðu og smalakofa 056 og um 630m norður af Tunguvatni. Þar eru þrjár tóftir á svæði sem er 62x30m að stærð og snýr norður-suður. Hver þeirra fær sérstakt einingarnúmer frá 01 - 03 til aðgreiningar í lýsingu.
Rústaþyrpingin er á grösugri hólbungu en gróðurhulan umhverfis hana er mjög þunn. Svæðið umhverfis rústaþyrpinguna er nýtt sem beitarhagi fyrir kýr. Það er flatt og einkennist nokkuð af lágum klettaholtum, rofsvæðum og rofabörðum. Stutt er í Hvítá.



Selminjar 021_01-03 á Selmel.

Lýsingin hefst á seltóft 01 sem er á miðju svæðinu. Tóftin er 36x20m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er öll úr lagi gengin og er erfitt að greina hólf og skipulag með góðu móti. Hún ber þess merki að vera leifar nokkurra húsa sem ætla má út frá minjunum að hafi verið byggð að einhverju leyti






Seltóft 021_01, horft til SSA á ljósmynd.

hvert ofaná öðru. Í ofanálag eru vegghleðslurnar orðnar mjög þýfðar og aflagaðar. Innsta hólfið sem er einna heillegast og kannski yngst er 15x5m að innanmáli. Op á því virðist hafa verið til norðvesturs og hallar tóftin einnig í þá átt. Suðvestan og samsíða þessu hólfi eru tvær vegghleðslur en þó er ekki hægt að útiloka að um vegghrun sé að ræða. Möguleg vegghleðsla liggur einnig meðfram norðausturhlið hólfsins. Almennt má segja að vegghleðslur séu frá 60-90cm á hæð og 1-2m á breidd. Á stöku stað finnst fyrir grjóti og mun tóftin vera hlaðin úr torfi og grjóti. Tóftin er á kafi í snarrót og grasi og er ekkert rof í henni.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Deildartunga, 3

BO-220:021_02 tóft óþekkt 382583 465301






Tóft 021_02, horft til austurs á ljósmynd.

Tæpa 8m norðan við tóft 01 er tóft 02. Hún er 10x8m að stærð og snýr norður suður. Tóftin er öll gróin grasi og er hvergi rof í henni en vegghleðslur bera þess þó glöggt vitni að í þeim hefur verið þó nokkurt rof sem núna er gróið. Greina má tvö hólf í tóftinni sem snúa bæði vestur-austur með op á vesturgafli. Það nyrðra er 5x1m að innanmáli en það syðra 2x1m að innanmáli. Hugsanlega vottar fyrir þriðja hólfinu norðaustast í tóftinni en það gæti einnig verið hluti af nyðra hólfinu sem áður hefur verið lýst. Sumstaðar glittir í grjót og mun tóftin vera torf og grjóthlaðin. Almennt er ytrabyrðið nokkuð óljóst en það er helst syðst sem það er skýrast og er þar um 40cm á hæð. Innra byrði nyrðra hólfsins 30-60cm á hæð en syðra hólfsins 50-60cm á hæð en almennt er innra byrði skýrara en ytrabyrði.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-220:021_03 tóft óþekkt 382585 465249






Tóft 021_03, horft til suðurs á ljósmynd.

Þriðja tóftin 03 er 10m sunnan við tóft 01. Hún er 10x7m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún hefur tvö hólf sem liggja samsíða og snúa eins og tóftin. Það nyrðra er 3x1m að innanmáli en það syðra er 6x1,5m að innanmáli. Op er á milli þeirra norðvestast og þá er op á tóftinni norðarlega á norðvesturgafli. Hugsanlega er nyrðra hólfið viðbygging. Ytrabyrði tóftarinnar er skýrast að vestanverðu þar sem það er um 80cm á hæð en að austanverðu er það 20-30cm á hæð. Innra byrði nyrðra hólfsins er 30-50cm á hæð en syðrahólfsins 30-60cm á hæð. Hleðslur er rúnnaðar, vel grónar og ekkert rof í þeim. Í syðra hólfinu vottar fyrir grjóthleðslu og mun tóftin vera torf- og grjót hlaðin.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-220:055 þúst óþekkt 381606 464846
Þúst er nokkru sunnan við Leyni og suðvestan við Leirtjörn, rúmum 1 km suðvestan við sel 021 og 3,2 km VSV við bæ 001.
Þústin er í deiglendi rétt austan við hálfgróinn klettahól. Sunnan við hana er er stór og voldugur framræsluskurður.
Þústin er 13 x 4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,8 m á hæð og mjög áberandi vegna talsverðar grænku í gróðri og þar er gras sömuleiðis þéttara en í kring. Brúnir þústarinnar eru mjög





Þúst 055, horft til NNA á ljósmynd.

skýrar. Mögulega er þetta heystæði, miðað við staðsetningu, en ekki er útilokað að þetta sé aðeins náttúrumyndun.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-220:056_01 varða óþekkt 382412 465223




Varða 056_01, horft til norðausturs.

Varða 01 er uppi á litlum kletti sem er 2,3km vestur af bæjarhól 001, um 170m vestur af seli 021 á Selmelum og um 360m suðaustan við Hvítá. Norðvestan undir þessum sama kletti er hjásetukofi eða smalakofi 02. Minjarnar eru á svæði sem er 6x4m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur.
Varðan er á litlum kletti í frekar flötu landi. Stöku klettaholt einkenna þetta flata land og er kletturinn sem varðan er á eitt slíkt en þó sennilega með þeim minni. Þessi klettaholt liggja frá norðaustri til suðvesturs
Varðan er norðvestast á litlum klettarana eða berggangi sem liggur norðvestur og suðaustur. Hún er 1x1m að stærð og 70cm á hæð. Í henni eru 4 umför, úr frekar stóru grjóti og er farið að hrynja úr henni til suðausturs. Hlutverk hennar er ekki þekkt en sennilega er hún hlaðin af smala sem væntanlega hefur hlaðið hjásetukofann líka.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-220:056_02 tóft smalakofi 382410 465224





Ljósmyndin til vinstri er af smalakofa 056_02, horft til norðvesturs. Mynd af uppmælingum sýnir smalakofann og vörðu 056_01.

Tóft af smalakofa er norðvestan undir klettinum sem varða 01 stendur á. Tóftin er 3,5x2,5m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún hefur bara eitt hólf sem er 2x1,5m að innanmáli og er op á því til suðvesturs. Tóftin hefur grjóthlaðinn norðvesturvegg og norðausturvegg en áðurnefndur klettur myndar suðausturvegg. Hleðslugrjótið er nokkuð stórt. Innra byrði 30-50cm á hæð en ytrabyrði frekar óverulegt og aflíðandi, mesta lagi 20-30cm. Hleðslur eru signar en þó er ekki víst að þær hafi nokkurn tíman verið háar eða vel hlaðnar. Hugsanlega hefur kofinn verið eitthvað niðurgrafinn eða að upp við klettinn hafi verið náttúruleg dæld. Breidd veggja er 1-1,5m.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-221 Brekkukot

12 hdr. 1708 og var þá hjáleiga frá Deildartungu og hafði verið lengi. JÁM IV, 237. Talin lögbýli 1847. JJ, 116.
1918: 34.074 m2 = 10 2/3 dagsl. 1/4 þýft. Garðar 478 m2. + húsatún 5143 m2 = 1 2/3 dagsl. "Bærinn stendur suðvestan undir lítt grónum melabungum, sem ná yfir mestallan austurhluta jarðrinnar. Melarnir vestan þjóðvegar, þar sem bærinn stendur hafa verið græddir upp. Annars er land jarðarinnar að mestu jafnlendar mýrar, sem ræstar hafa verið fram, með holtum og valllendis- og móateygingum inn á milli og eyrar með Hvítá ... Silungsveiði í net er í Hvítá." BB II, 307.

BO-221:024 gata leið 383695 466923



Götur á leið 024 liggja beggja vegna við Stóruþúfu 028 sem er á miðri myndinni, horft til norðurs.

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá bæ 001 í norðvestur í átt að Brúarreykjum (MH-067) að Hvítá. Gatan er merkt sem óviss að hluta. Leiðin lá vestan undir Brekkukotsmelum og var um 1 km að lengd. Hún var skoðuð á stuttum kafla nærri Hvítá haustið 2022.
Leiðin lá neðarlega í allhárri og brattri brekku niður af Brekkukotsmelum, en vestan við hana er þýft mýrlendi í sundum milli klapparholta.
Leiðinni var aðeins fylgt á stuttum kafla (220 m) en á loftmynd er hægt að fylgja henni frá túnmörkum nærri bæ, á 600 m löngum kafla til NNV þar sem hún hættir að sjást í rofi og jarðraski. Á leiðinni er bæði ruddur slóði og svo götur og troðningar eftir reiðhesta og sauðfé á um 35 m breiðu svæði neðst í brekkunni. Margar gatnanna eru ógrónar og það er slóðinn einnig að miklu leyti. Slóðinn liggur fast neðan og suðvestan við Stóruþúfu 028, álagablett.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV

BO-221:025 varða óþekkt 383166 466265



Varða 025, horft til vesturs.

Lítil varða er svo gott sem á miðjum Langási, um 270 m NNA við vörðu 026 og 1,1 km vestan við bæ 001.
Langás er langur og mjór og lítt gróinn. Til vesturs er framræst votlendi en til annarra átta er óræktað deiglendi.
Varðan er 0,6 x 0,2 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 0,4 m á hæð og er hlaðin úr misstórum steinum. Grjót í botni vörðunnar er stærra en það sem er efst á henni.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-221:026 varða óþekkt 383008 466051



Varða 026, horft til VSV.

Varða er sunnarlega á Langási á milli varða 025 og 027 en 1,3 km vestan við bæ 001.
Langás er langur og mjór og lítt gróinn. Til vesturs er framræst votlendi en til annarra átta er óræktað deiglendi.
Varðan er 0,4 m á kant og 0,5 m á hæð. Hún er mikið gróin og aðeins glittir rétt svo í grjót allra neðst í henni. Ekki er útilokað að aðeins sé um fuglaþúfu að ræða.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-221:027 varða óþekkt 382874 465839



Meint varða 027, horft til vesturs.

Varða er sunnan við Langás, um 240 m SSV við vörðu 026 og 1,4 km suðvestan við bæ 001.
Varðan er á lítilli klöpp í deiglendum og þýfðum móa.
Varðan er mjög gróin. Hún er 0,6 m í þvermáli og 0,6 m á hæð. Vegna þess hve gróin varðan er sést ekki lengur í neitt grjót í henni. Ekki er útilokað að aðeins sé um fuglaþúfu að ræða.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-221:028 *Stóraþúfa* álagablettur 383852 466696



Stóraþúfa er álagablettur 028, horft til norðvesturs.

Samkvæmt Ólöfu Guðmundsdóttur, heimildamanni, er Stóraþúfa álagablettur og mátti ekki hrófla við honum. Stóraþúfa er við leið 024 og um 650 m frá bæ 001.
Þúfan er í grasi grónum móa neðst í brekku vestan við Brekkukotsmela. Jarðvegsrof er hér og hvar í nágrenninu, einkum vegna umferðar á leið 024.
Stóraþúfa ber nafn með rentu og er í raun stór aflöng þúst sem er 11,5x4,5 m stór og snýr nálega norður-suður. Hún er 0,3-0,6 m á hæð, hæst að vestanverðu. Engar þekktar sagnir eru um Stóruþúfu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

BO-221:029 varða óþekkt 383634 466547



Varða 029, horft til norðvesturs.

Varða er rúma 670m norðvestan við bæjarhól Brekkukots 001 og 175m norð-norðaustan við vörðu 030. Hún er ennfremur rúma 500m suðaustan við Hvítá þar sem hún fer hjá Jónstúni.
Varðan er fremst á lágu klettabelti sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Varða 030 er einnig á sama klettabelti. Undir og meðfram þessu klettabelti er flatt deiglendi.
Varðan er smá, 60x60cm að stærð og rétt nær því að vera 30cm á hæð. Hún er 3-4 umför, hlaðin úr þunnum og flötum grjóthellum. Það er eftirtektarvert að það er áberandi klettur rétt sunnan við vörðuna sem hefði jafnvel verið enn bertri staðsetning fyrir vörðu. Varðan virðist eitthvað hafa sigið en ekki mikið. Hlutverk hennar er óþekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-221:030 varða óþekkt 383536 466403



Varða 030, horft til suðvesturs.

Varða er rúma 700m norðvestan við bæjarhól Brekkukots 001 og 175m suð-suðvestan við vörðu 030 sem er á sama klettabelti. Hún er ennfremur rúma 560m suðaustan við Hvítá þar sem hún fer hjá Jónstúni.
Varðan er fremst á lágu klettabelti sem liggur frá suðvestri til norðausturs. Undir og meðfram þessu klettabelti er flatt deiglendi.
Varðan er mjög áþekk vörðu 029. Hún er svo til alveg fallin. Hún er 60x60cm að stærð og um 10cm á hæð. Hún er 2 umför, hlaðin úr þunnum og flötum grjóthellum. Hlutverk hennar er óþekkt.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

BO-611 Fornleif á fleiri en einni jörð í Hvalfjarðarstrandarhreppi

BO-611:004 heimild um leið 367540 435099
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 36 SV frá 1910, liggur frá leið 001 sunnan undir Miðfellsmúla í suðaustur að Kalastaðakoti (BO-012). Gatan er merkt sem óviss að hluta, næst Kalastaðakoti. Leiðin var skoðuð í landi Eysta-Miðfells um 880 m suðaustur af bæ BO-014:001.
Á þessu svæði er hálfgróinn melur, sunnan við Hvalfjarðarveg (47). Túnstykki eru milli melsins og vegarins.
Ekki sjást merki um leiðina á þessu svæði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 36 SV

BO-611:006 heimild um leið 366552 435512
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 26 SA frá 1910, liggur frá Eystra-Miðfelli (BO-014) í suðvestur yfir hreppamörk að Galtarholti (BO-092) (sjá einnig leið BO-631:002). Leiðin var skoðuð í landi Eystra-Miðfells á svæði sem er um 350-980 m suðvestur af bæ BO-014:001.
Hvalfjarðarvegur (47) liggur austur-vestur þvert yfir umrætt svæði. Norðan þess lá leiðin yfir hálfgróinn mel, en sunnan vegarins að mestu um graslendi.
Ekki sjáust merki um leiðina á því svæði sem athugað var.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 SA

BO-611:009 gata leið 365802 437394



Götur á leið 009 í landi Vestra-Miðfells, horft til suðausturs.

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 26 SA frá 1910, liggur frá leið 007 við Vestra-Miðfell (BO-015) í norðvestur yfir hreppamörk um Laxá og að Steinsholti (BO-115) (sjá einnig BO-641:006). Leiðin var skoðuð í landi Vestra-Miðfells og var hún rakin á um 500m löngum kafla, frá bökkum Laxár og að sumarhúsalóð sem nefnist Flatir 1 og var byggð 1996.
Leiðin liggur um nokkuð þýft deiglendi.
Götur sjást á 5-25m breiðu belti og liggja um mýrlendi og mela. Þar sem leiðin liggur um mýrlendi eru göturnar nokkuð grónar í botninn en minna grónar annars staðar. Rof er á svæðinu þar sem göturnar dreifa hvað mest úr sér og kann það að hafa áhrif á það hvað göturnar liggja yfir stórt svæði. Hver gata var um 30cm á breidd og um 10-20cm á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 SA

BO-611:010 heimild um leið 365753 437039
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 26 SA frá 1910, liggur frá leið 007 við Vestra-Miðfell (BO-015) í vestnorðvestur yfir hreppamörk, um Laxá og að Melkoti (BO-110) (sjá einnig leið BO-641:007). Ummerkja um leiðina var leitað í landi Vestra-Miðfells suðvestan við leið 009, á milli Laxár og sumarhúsalóðar sem nefnist Flatir 1.
Svæðið er þýft flatlendi, mjög grösug og blautt.
Engar götur fundust sem gætu verið hluti af umræddri leið þrátt fyrir leit.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 SA

BO-611:011 heimild um leið 365747 437573
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910, liggur frá leið 008 við Laxá meðfram ánni til vestsuðvesturs og yfir hreppamörk, yfir Lambhaganes og ósa Urriðaár að Litlu-Fellsöxl (BO-088) (sjá einnig BO-631:007). Leiðin var skoðuð í landi Vestra-Miðfells BO-015 um 260m suðvestan við ármót Skarðsár og Laxár.
Á bökkum árinnar eru þurrir og þýfðri móar en einnig mýrlend svæði inn á milli.
Malarvegur liggur eftir bakka Laxár þar sem eldri leið lá áður og er hann m.a. nýttur af llaxveiðimönnum.
Engin skýr ummerki um reiðgötur á leiðinni sáust á vettvangi.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 SA

BO-631 Fornleifar á fl. en 1 jörðu í Skilmannahreppi

BO-631:002 heimild um leið 435512 435368
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 26 SA frá 1910, liggur frá Eystra-Miðfelli (BO-014) (sjá leið BO-611:006) í suðvestur yfir hreppamörk að Galtarholti (BO-092). Ummerkja um leiðina var leitað nærri landamerkjum Galtarholts á móti Eystra-Miðfelli á hreppamörkum.
Leiðin lá um gróið mýrlendi og eftir Galtarholti að bænum þar sem núverandi heimreið liggur einnig.
Engin ummerki um leiðina sáust nærri landamerkjum á móti Eystra-Miðfelli í mýrlendinu sem þar er.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 SA

BO-631:004 heimild um leið 363209 431800
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 26 SA frá 1910, liggur frá Stóru-Fellsöxl (BO-095) í suðaustur en sveigir suðvestur meðfram hlíðum Akrafjalls, yfir hreppamörk og áfram í vestur að Eystri-Reyni (BO-079). Leiðin var skoðuð í landi Stóru-Fellsaxlar, suðvestur af bæ BO-095:001.
Þar sem leiðin lá í landi Stóru-Fellsaxlar hefur landinu að mestu leyti verið raskað af malarnámu.
Ekki sjást merki um leiðina á því svæði sem athugað var, vegna námugraftrar. Á loftmynd virðist leiðin sjást þar sem malarnámunni sleppir, um 580 m suður af bæ BO-095:001.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 SA

BO-631:005 heimild um leið 364182 434931
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 26 SA frá 1910, liggur frá leið 002 norðvestan við Galtarholt (BO-092) í vestur framhjá Litla-Lambhaga (BO-090) og að leið 007 þar sem hún liggur yfir Lambhaganes. Gatan er merkt sem óviss á kafla norðaustan við Litla-Lambhaga. Leiðin var skoðuð í landi Lambhaga, um 260 m norðaustur af Lambhaga 2.
Á svæðinu er hálfgróinn lúpínumelur. Um hann liggur gamall malarvegur VNV-ASA en um 50 m norðan hans liggur núverandi Hvalfjarðarvegur í sömu stefnu.
Ekki sjást merki um eldri götur á svæðinu og hafa þær líklega farið undir yngri veg.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 SA

BO-631:008 heimild um leið 361871 432501
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 26 SA frá 1910, liggur frá Stóru-Fellsöxl BO-095 til VNV að Litlu-Fellsöxl BO-088 og Fellsaxlarkoti BO-089. Leiðin var skoðuð við jarðvegsnámur í landi Stóru-Fellsaxlar og Litlu-Fellsaxlar.
Svæðunum hefur mikið verið raskað af malarnámi. Núverandi Fellsendavegur liggur norðvestur-suðaustur meðfram norðurjaðri námunnar í landi Stóru-Fellsaxlar og sunnan við námu í landi Litlu-Fellsaxlar.
Leiðin sést vel á loftmynd frá 1956 í safni LMÍ. Í landi Stóru-Fellsaxlar hefur hún að mestu farið undir núverandi veg en í landi Fellsaxlarkots var leiðin um 40-100 m norðan við Fellsendaveg og sést hún þar sem hálfgróinn slóði, um 3 m breiður. Gömlu leiðina má rekja á loftmynd um 500 m þar til að námunni kemur en þar er hún horfin vegna efnistöku.


Slóði er neðan vegar þar sem leið 008 lá, horft til norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 SA; LMI-Kort-LI218-LI2-4412

BO-641 Fornleifar á fl. en 1 jörðu í Leirár- og Melahreppi

BO-641:004 *Skarðsheiðarvegur* heimild um leið 365233 440797



Vegslóði liggur á sama eða svipuðum stað og Skarðsheiðarvegur 004, horft til norðurs.

Á Herforingjaráðskorti 26 NA frá 1911 eru sýndar tvær leiðir yfir Skarðsheiði sem taka við af leið BO-651:006 í Skorradalshreppi. Austari leiðin sem hér er skráð er merkt með nafni: Skarðsheiðarvegur og liggur austan við Snóksfjall, í suður að leið 014 norðan við Neðra Skarð (BO-113). Leiðin hefur verið skráð að hluta í landi Neðra-Skarðs undir númerinu BO-113:006 og vísast til skráningar þar. Aðrir hlutar leiðarinnar hafa ekki verið skráðir á vettvangi en í landi Neðra-Skarðs sáust engin merki um leiðina vegna vegarslóða sem hefur verið ruddur yfir heiðina.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 NA

BO-641:005 heimild um leið 366029 444385

Á Herforingjaráðskorti 26 NA frá 1911 eru sýndar tvær leiðir yfir Skarðsheiði sem taka við af leið BO-651:006 í Skorradalshreppi. Austari leiðin er Skarðsheiðarvegur 004 og liggur austan við Snóksfjall.



Línuvegur sem sést á ljósmynd er á svipuðum slóðum og leið 005 á Skarðsheiði en engin ummerki um gömlu leiðina sáust.

Sú leið er einnig skráð í landi Neðra-Skarðs undir BO-113:006. Hin leiðin sem hér er skráð er vestar og liggur í norðvestanverðum Leirárdal, síðan meðfram Leirá vestan við ána, milli Leirárgarðanna (BO-107 og BO-108) og Leirár (BO-109) og áfram að leið 009 vestan við Vogatungu (BO-116). Leiðin hefur legið á sömu slóðum og núverandi línuvegur.
Vegurinn liggur um hálfgrónar hlíðar sem víða eru skornar af lækjum. Lynggróður er á svæðinu og stórgrýti á stöku stað.
Núverandi línuvegur er ruddur malarvegur. Ekki sjást merki um eldri leið á svæðinu.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 NA

BO-641:006 heimild um leið 365605 437770

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 26 SA frá 1910, liggur frá leið 007 við Vestra-Miðfell (BO-015) í Hvalfjarðarstrandarhreppi norðvestur yfir hreppamörk um Laxá og að Steinsholti (BO-115). Leiðin er skráð á BO-611:009 í Hvalfjarðarstrandarhreppi.
Malarvegur liggur frá Steinsholti til suðausturs, hann beygir síðan til suðurs um 360 m suðaustur af bæ BO-115:001 en hálfgróinn slóði liggur áfram um mó- og graslendi í átt að Laxá.
Gamla leiðin lá á svipuðum slóðum og núverandi vegir. Ekki sjást merki um eldri götur.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 SA

BO-641:008 heimild um leið 365634 437677
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort frá 1910, liggur frá leið BO-611:008 við hreppamörk í suðvestur meðfram Laxá að leið 009 við smjörbú í landi Vogatungu (BO-116). Leiðin var skoðuð á stuttum kafla í landi Steinsholts (BO-115).
Í landi Steinsholts lá leiðin um þurra og flatlenda bakka og eftir allháu og gróðurlitlu holti.
Ekki sáust skýr merki um gömlu leiðina en á holtinu eru óljósir götuslóðar sem líklegt er að séu eftir sauðfé eða annan búsmala.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 SA

BO-641:013 gata leið 365322 439283
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 26 SA frá 1910, liggur frá Skarðskoti (BO-114) í austur yfir hreppamörk að Efra-Skarði (BO-018) (sjá leið BO-611:013). Gatan er merkt sem óviss að hluta, um miðbik leiðarinnar. Leiðin var skoðuð á vettvangi í landi Neðra-Skarðs (BO-113) sunnan undir Hólabrekku þar sem hægt er að fylgja leiðinni á stuttum kafla.


Götur á leið 013 í landi Neðra-Skarðs, horft til vesturs.

Hólabrekka er grasi gróin og er norðan við Skarðsflóa sem hefur verið mjög blaut mýri en er búið að þurrka að miklu leyti með framræsluskurðum.
Leiðinni var fylgt á um 300 m löngum kafla þar sem hún liggur austur-vestur. Sjá má fjölda grunnra og gróinna gatna í Hólabrekku og neðan við hana sem eru margar hverjar sennilega eftir sauðfé eða annan búsmala en 4-5 syðstu göturnar kunna að hafa verið farnar af ferðafólki. Til vesturs hætta göturnar að að sjást vegna túnræktar og sléttunar og til austurs hverfa þær í mýrlendi.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 SA

BO-641:019 heimild um leið 358873 436909
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 26 SA frá 1910, liggur frá leið 002 norðvestan við Geldingaá (BO-106) í suðsuðvestur, framhjá Skorholtstúnunum (BO-120 og BO-121) að norðanverðu, áfram í vestur yfir Súluá og í suðvestur að Eystra-Súlunesi (BO-123). Leiðin var skoðuð í landi Skorholts, vestan bæjar. Þar sem leiðin lá eru tún næst bæ en melur vestar. Malarnáma er fast norðan við tún. Melasveitarvegur liggur austur-vestur fast sunnan við heimatúnin og hefur gamla leiðin líklega farið undir núverandi veg þegar kemur að vesturmerkjum jarðarinnar og áfram í landi Bakka BO-122.
Ekki sjást merki um eldri götur á svæðinu.
Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 SA

BO-641:022 heimild um leið 358803 436962
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 26 SA frá 1910, liggur frá leið 019 vestan við Vestra-Skorholt (BO-121) í norðvestur að Fiskilæk (BO-105). Syðsti hluti leiðarinnar í landi Skorholts var skoðaður 2022.
Melur er þar sem leiðir 019 og 022 mættust. Norðvestur af melnum eru tún en malarnáma norðaustur af honum. Vegur liggur frá Melasveitarvegi yfir melinn að námunni. Vegarslóði liggur út frá þeim vegi til NNV milli túna og námu á svipuðum slóðum og gamla leiðin lá.
Ekki sjást merki um eldri götur á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 SA

BO-651 Fl. á fleiri en einni jörð í Skorradalshreppi

BO-651:006_01 heimild um leið 370230 449750
Í Sýslu- og sóknalýsingum segir um alfaraleiðir í Hvanneyrar- og Bæjarþingum 1840: “A<l>faravegur úr sóknunum og í þær liggur yfir Hvítá á Langholtsvaði [BO-173:013], upp með Flókadalsá og svo eftir Varmalækjarmelum, yfir um Grímsá að Hesthálsi, [BO-681:002] undir honum skiptast vegir á Mannamótsflöt, liggur annar til landsuðurs yfir hálsinn að Andakílsá þar sem hún fellur úr Skorradalsvatni, yfir hana, fram með vatninu að sunnanverðu að Stóru-Drageyri og þar upp á Dragann til Svínadals [005]. Þetta er landvegur til Reykjavíkur. Hinn liggur neðar upp á Hestsháls og skiptist þar enn á ný, liggur önnur gatan yfir Andakílsá, upp á Skarðsheiði, milli Efrahrepps og Horns, að Leirá. Hinn vegurinn [007] liggur neðar yfir ána og út með bæjum, fyrir framan hafnarfjall til Leirár- og Melasveitar.” Leiðin sem hér er skráð lá af leið 007 á Kolási (sjá 133:009) á merkjum milli Hálsa BO-133 og Syðri-Fossa BO-154, yfir Andakílsá þar sem uppistöðulón Andakílsvirkjunar er, suðaustan í Réttarási (sjá 131:004) og áfram upp á og yfir Skarðsheiði. Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911. Hún var skoðuð í landi Efri-Hrepps BO-131 uppi á Skarðsheiði. Á leiðinni voru skráð torfhlaðin brú 02 og varða 03. Leiðin var fyrst athuguð 2017 en var skoðuð aftur 2022 og er engu við fyrri lýsingu að bæta. Brú 02 og varða 03 voru utan úttektarsvæðis 2022.
Leiðin liggur yfir fjölbreytt landslag; yfir heiðar og láglendi, hæðir og hryggi og mýlend sund.
Í Skorradalshreppi er leiðin um 8 km á lengd og liggur hún úr norðaustri til suðvesturs. Þegar komið er yfir í Leirár- og Melasveit greinist leiðin í tvær aðskildar leiðir. Sú austari 641:004 nefnist Skarðsheiðarvegur á Herforingjaráðskorti 26 NA og lá austan við Snóksfjall en sú vestari 641:005 lá eftir norðvestanverðum Leirárdal. Gamall línuvegur yfir heiðina er víða á sömu eða svipuðum slóðum og gamla reiðleiðin lá áður. Ekki sjást mikil ummerki um gömlu leiðina þar sem hún var skoðuð í landi Efri-Hrepps.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: SSMB, 257; Herforingjaráðskort 36 NV; Ö-Efrihreppur AG, 2; Ö-Efri- Hreppur GÞ, 3

BO-651:007 gata leið 369124 451216
Í Sýslu- og sóknalýsingum segir um alfaraleiðir í Hvanneyrar- og Bæjarþingum 1840: “A<l>faravegur úr sóknunum og í þær liggur yfir Hvítá á Langholtsvaði [BO-173:013], upp með Flókadalsá og svo eftir Varmalækjarmelum, yfir um Grímsá að Hesthálsi, [BO-651:002] undir honum skiptast vegir á Mannamótsflöt, liggur annar til landsuðurs yfir hálsinn að Andakílsá þar sem hún fellur úr Skorradalsvatni, yfir hana, fram með vatninu að sunnanverðu að Stóru-Drageyri og þar upp á Dragann til Svínadals [005]. Þetta er landvegur til Reykjavíkur. Hinn [006] liggur neðar upp á Hestsháls og skiptist þar enn á ný, liggur önnur gatan yfir Andakílsá, upp á Skarðsheiði, milli Efrihrepps og Horns, að Leirá. Hinn vegurinn liggur neðar yfir ána og út með bæjum, fyrir framan Hafnarfjall til Leirár- og Melasveitar.” Er síðastnefnda leiðin sú sem hér er skráð.


Þar sem leið 007 lá um land Efrihrepps er vegarslóði. Mynd tekin til austurs við Vörðuhól BO-132:014.

“Gamli vegurinn niður að Andakílsá lá þar milli [Stórahóls og Magnúsarhóls]. [...] “Við suðurenda Kinnarinnar er Folaldakriki, þar lá vegurinn [...]. Bjöllás [...] er norður af Landbrotinu milli Húsasunds og vegarins, sem áður var farinn. Niður þennan ás lá slóði, sem stundum var farinn,” segir í örnefnaskrá Hálsa. Leiðin er sýnd á herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911. Upphaflega var þessi leið skráð í landi Hálsa BO-133 árið 2017 þegar unnin var aðalskráning fornminja í Skorradal. Þar liggur vegurinn sunnan undir Magnúsarhól til suðvesturs. Annar hluti leiðarinnar var skráður síðsumars 2021 í landi Neðrihrepps BO-132. Þar liggur hann neðan og

norðaustan við Vörðuhól BO-132:014.
Magnúsarhóll í landi Hálsa er rétt vestan við veginn, kjarri vaxinn. Suðaustan við hólinn er grasflöt. Sunnar er lægra kjarr og lyngbreiður eru báðu megin vegar. Við Vörðuhól í landi Neðrihrepps eru gróðurlitlir melar en litlu vestar, í landi Innri-Skeljabrekku BO-153 er búið að græða upp melana.
Í landi Hálsa er vegurinn ruddur malarvegur, um 1,5 m breiður, niðurgrafinn 10-15 cm og liggur norðaustur-suðvestur. Hann er lítillega gróinn á köflum en sést víðast greinilega. Á loftmynd má rekja veginn um 2,8 km til suðvestur frá Dragavegi norðaustan við Magnúsarhól í landi Hests (BO-158), gegnum land Hálsa (BO-133) að Fossamelum í landi Mið-Fossa (BO-155). Þar sem vegurinn var skoðaður í landi Neðrihrepps sést 3 m breiður, ruddur malarslóði og í honum eru hjólför. Á loftmynd er hægt að rekja leiðina frá landamerkjum Innri-Skeljabrekku á um 820 m löngum kafla til norðausturs að Mófellsstaðavegi 507. Ekki sjást reiðgötur við leiðina og má ætla að þær hafi farið undir rudda veginn.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: SSMB, 257; Ö-Hálsar, 2; Herforingjaráðskort 36 NV

BO-651:022 heimild um leið 369962 451408
Leið er sýnd á Herforingjaráðskorti 36 NV frá 1911 og lá af leið 006 til norðvesturs, yfir leiðir 013 og 007 að Andakílsá á móts við Ausu BO-161 í Andakílshreppi. Hún var víðast á sama stað og Mófellsstaðavegur 508 í landi Neðrihrepps og Efrihrepps. Leiðin var fyrst skráð 2018 en var athuguð aftur 2022 og er engu við fyrri lýsingu að bæta.
Leiðin lá að mestu leyti um mýrlent láglendi.
Heildarlengd leiðarinnar var um 3,1 km. Engin ummerki sjást um þessa leið vegna vegagerðar, túnaræktunar og annars rasks. Heybandsleið BO-132:018 var á sömu eða svipuðum slóðum í landi Neðrihrepps.
Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku
Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-661 Fl. á fleiri en einni jörð Andakílshreppi

BO-661:001 heimild um leið 364316 449959
Á Herforingjaráðskorti 36 NV og 26 NA frá 1911 sést að leið lá um vestanverðan Andakílshrepp og lá leiðin víðast á svipuðum stað og þjóðvegur Borgarfjarðarbraut 50 liggur. Austan við Innri-Skeljabrekku BO-153 greinist leiðin og þaðan taka við leiðir 651:007 og 651:013 í Skorradalshreppi sem liggja annars vegar upp á Hestháls og yfir til Lundarreykjadals og hins vegar til austurs sunnan við Andakílsá. Gatan er sýnd liggja frá Höfn (BO-104) í norður inn með Borgarfirði og yfir hreppamörk, framhjá Grjóteyri (BO-149), Árdal (BO-151), Innri-Skeljabrekku (BO-153), Neðri-Hreppi (BO-132), Syðstu-Fossum (BO-154) og endar nærri Hesthálsi í landi Hests (BO-158). Leiðin var athuguð á Fossamelum í landi Fossa og í landi Grjóteyrar ofan við námu á Grjóteyrarhæðum.
Leiðin lá yfir fjölbreytt landslag, meli, móa, mýri og ræktað land, að hluta á sömu slóðum og núverandi vegir.
Ekki sáust merki um gamlar götur á þeim svæðum sem athuguð voru á vettvangi en sunnan við námu á Grjóteyrarmelum og meðfram austurhlið námu á Fossamelum liggja vegarslóðar á svipuðum slóðum og gamla leiðin.
Hættumat: hætta, vegna efnistöku
Heimildir: Herforingjaráðskort 26 NA; Herforingjaráðskort 36 NV

BO-661:004 heimild um leið 370158 454073
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 36 NV frá 1911, liggur frá Ausu (BO-161) í norðaustur að Vatnshömrum (BO-160). Þessi leið tengist leið 003 sem lá frá Ausu að Hvanneyri og leið 007 við Vatnshamra. Leiðin var skoðuð að mjög litlu leyti í landi Vatnshamra haustið 2022, þar sem hún sameinast leið 007 suðaustan við heimatún jarðarinnar.
Leiðin lá um mólendi, mela og mýrarsund.
Ekki sáust skýr ummerki um leiðina þar sem hún var skoðuð 2022 en það skal tekið fram að um mjög lítinn hluta var að ræða.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-661:007 heimild um leið 370140 454002


Gróinn ruddur vegur er í landi Vatnshamra þar sem eldri leið 007 lá, horft til SSV.

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 36 NV frá 1911, liggur frá leið 006 norðan við Miðfossa (BO-155) í norðvestur framhjá Vatnshömrum (BO-160) að leið 008. Leiðin var skoðuð í landi Vatnshamra þar sem hún liggur af Kastalamelum til suðurs (SSA).
Leiðin liggur yfir klapparása og mela en inn á milli eru blaut mýrarsund.
Á leiðinni sjást ekki reiðgötur en þar er gamall ruddur vegur sem enn sést mjög vel. Honum var fylgt frá Upptúni á Vatnshömrum BO-160 þar sem hann er í stórþýfðum móa á milli Kastalamela og túnsins. Þar er vegurinn samsíða og neðan (vestan) við núverandi heimreið að Vatnshömrum en búið er að planta trjám beggja vegna við hann og í hann á kafla. Vegurinn er um 2 m á breidd og niðurgrafinn um 0,1-0,2 m á þessum kafla. Áfram heldur vegurinn sunnan Borgarfjarðarbrautar (50) og er þar mun greinilegri og minna gróinn. Leiðin er um 3,5 km löng og var fylgt á um 1 km löngum kafla.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-661:008 gata leið 370659 454653
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 36 NV frá 1911, liggur frá Kvígsstöðum (BO-157) í vestur að leið 014 norðan við Bárustaði (BO-167). Leiðin var skoðuð á stuttum kafla í landi Vatnshamra BO-160 haustið 2022.
Þar liggur leiðin um lítt gróinn mel fast norðan við hálfgróinn klettahrygg sem er í framhaldi af og austan við klettinn Kastala BO-160:008. Norðan við leiðina er mýrlent svæði.
Leiðinni var fylgt á um 200 m löngum kafla þar sem leiðin liggur austur-vestur. Þar sést hún sem 0,5 m breiður moldarstígur og virðist haldið við af sauðfé.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-661:012_01 *Slörk* heimild um leið 373151 457956
Óviss gata, merkt inn á herforingjaráðskort 36 NV frá 1911, lá frá Heggsstöðum (BO-159) í norður meðfram Hatti, sveigir til vesturs við Grímsá, yfir Landbrot og Áskeldu og að Hvítárvöllum (BO-169). Á þessari leið eru tvær brýr (sjá 02 og 03) yfir Landbrot og Áskeldu í landi Hvítárvalla. Leiðin var skoðuð á litlu svæði í kringum Stóra-Skjólhól í landi Hvítárvalla í örnefnaskrá þeirrar jarðar segir um leiðina: “Skammt frá Eyrar-Landbrotinu er Kelda, sem heitir Troðningskelda. Með bökkum hennar er heldur óþverraleg leið, sem nefnd er Slörk.” Engin ummerki fundust um leiðina þar sem þeirra var leitað í landi Hvítárvalla og er hún vísast víða horfin í deiglendi.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV; Ö-Hvítárvellir, 3

BO-661:016 gata leið 377329 462881


Gata á leið 016 í landi Langholts, horft til vesturs.

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 36 NV og 35 SV frá 1911-1913, liggur frá leið 015 norðvestan við Hólmavað á Grímsá í norðvestur að Hvítá, sveigir til vesturs meðfram ánni og yfir sýslumörk, fer yfir ána á ferju norðvestur af Stafholtsey (MH-097) og liggur áfram til norðurs að Hamraendurm (MH-072). Gatan er merkt sem óviss á köflum. Leiðin var skoðuð á vettvangi á köflum landi Langholts BO-173 m.a. við Langholtsvað BO-173:013 á bakka Hvítár.
Gatan liggur um þýft, grösugt flatlendi sem hefur verið framræst með skurðum.
Þar sem leiðin var skoðuð sunnan við Reiðskarðssíki hjá Langholtsvaði var hún rakin á um 120m löngum kafla. Þar mátti sjá að hluti leiðarinnar, næst árbakkanum hefur verið ekinn af vélknúnum ökutækjum en hluti leiðarinnar er bara stök gata sem er 30-50cm breið og 10-30cm djúp.
Þar sem leiðin var skoðuð sunnan Skipaness og vestan Haugsendavaðs BO-173:019 var leiðinni fylgt á 300 m löngum kafla og mátti sjá um 3 götur sem voru á um 2m breiðu belti. Á þessu svæði liggja göturnar um þýft deiglendi og eru á kafi í mjög háu grasi en þó má áætla að þær séu 20-30cm á breidd og 10-20cm á dýpt.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV; Herforingjaráðskort 35 SV

BO-661:018 heimild um leið 375540 461469
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá Hvítárbakka (áður Bakkakots BO-172) í austur yfir sýslumörk um Farveg og sveigir til norðvesturs framhjá Stafholtsey (MH-097) að leið BO-661:016/MH-641:005 við Hvítá. Leiðin sést bæði í landi Stafholtseyjar og Hvítárbakka. Í landi Stafholtseyjar er leiðin skráð á MH-641:006 en hún liggur inn á land Hvítárbakka um 1,2 km austur af núverandi íbúðarhúsi.
Leiðin liggur um graslendi meðfram gamla farvegi Hvítár.
Í landi Hvítárbakka sjást göturnar liggja um 460 m meðfram Farveginum til norðvesturs þar til þær hverfa í tún. Göturnar eru óljósari í landi Hvítárbakka en í landi Stafholtseyjar og sjást betur á loftmynd en á vettvangi, en greina má um 10 samsíða götur á um 25 m breiðu belti.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV

BO-661:023 gata leið 371803 452051
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 36 NV frá 1911, liggur af leið 001 vestan við Hálsa BO-133 og til austurs yfir í Skorradalshrepp meðfram vatninu að Eiríksfelli og áfram að Gilstreymi BO-186, efsta bæ í Lundarreykjadal. Leiðin er skráð á BO-651:001 í Skorradalshreppi. Leiðin var skoðuð þar sem hún lá frá leið 001 í landi Fossa.
Þar sem leiðin var skoðuð er malarnáma í landi Fossa fast norðan við Skorradalsveg.
Næst námunni sést leiðin ekki vegna rasks en um 125 m austur af vegi sem liggur frá Skorradalsvegi sést gamall slóði sem liggur til austurs á sömu slóðum og leiðin lá áður.
Hættumat: hætta, vegna efnistöku
Heimildir: Herforingjaráðskort 36 NV

BO-681 Fl. á fleiri en einni jörð í Reykholtsdalshreppi

BO-681:008 heimild um leið 380736 460479
Á Herforingjaráðskorti 36 NV og 35 SV frá 1911 og 1913 sést að leið lá frá Varmalæk (BO-175) yfir Flókadalsá sem er á hreppamörkum, áfram að túni Steðja (BO-217) og til norðurs eftir Steðjamelum að Stóra-Kroppi (BO-218), Hömrum (BO-208), um land Kleppjárnsreykja (BO-207), að Snældubeinsstöðum (BO-206) og alla leið að Reykholtsdalsá þar sem hún liggur á leið 001. Stuttur hluti leiðarinnar er einnig skráður í Andakílshreppi þar sem hún er í landi Varmalækjar, sjá BO-661:025 .
Leiðin lá um láglend svæði en að nokkru leyti á ógrónum melum.
Leiðin var skoðuð að takmörkuðu leyti haustið 2022, annars vegar í landi Steðja sunnan við flugvöll (Stóra-Kroppsvöll) og hins vegar norðvestan við Rjúpnalág í landi Hamra en á þeim svæðum er hún horfin undir Stóra-Kroppsveg (5158). Engin merki um eldri reiðleið sjást lengur þar vegna vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna efnistöku
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV; Herforingjaráðskort 36 NV

BO-681:009 heimild um leið 380660 460479
Á Herforingjaráðskorti 36 NV og 35 SV frá 1911 og 1913 sést að leið lá frá Varmalæk (BO-175) af leið BO-661:019 yfir Flókadalsá sem er á hreppamörkum og á leið BO-681:003 á Steðjamelum í landi Steðja (BO-217). Leiðin er einnig skráð í Andakílshreppi, sjá BO-661:026.
Leiðin lá yfir gróið valllendi og lítt gróna mela.
Á vettvangi var leiðin aðeins skoðuð á litlu svæði á Steðjamelum þar sem hún tengdist leið 003. Þar sjást engin ummerki um leiðina.
Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV; Herforingjaráðskort 36 NV

BO-681:010 heimild um leið 383583 462879
Á Herforingjaráðskorti 35 SV frá 1913 sést að leið lá á milli Litla-Kropps (BO-209) og Hamra (BO-208), undir Kroppsmúla. Borgarfjarðarbraut (30) liggur á sömu eða svipuðum slóðum og þessi leið gerði áður.
Í landi Hamra var leiðin skoðuð nærri merkjum á móti Kleppjárnsreykjum efst á Hamramelum, neðan við Hamralág. Engin merki um eldri reiðleið sjást lengur vegna vegagerðar.
Hættumat: hætta, vegna efnistöku
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV


MH-017 Síðumúli

60 hdr. 1709. Bændaeign. JÁM IV, 273. Jarðarinnar er getið í Heiðarvíga sögu: "...ok sendi Ketill þær út á Fróðastaði ok Síðumúla..." - ÍF III, 297, í Bandamanna sögu og í Sturlungu. "Síðumúlakot. Eyðihjáleiga, byggð fyrst í heimatúninu, skammt frá bænum hérum fyrir vel 50 árum, og varaði byggðin í fáein ár; hefur síðan í auðn verið, og fyrir löngu niðurfallið. Lauga ás eður, Lauga gerði, eður Gvendarkot er allt hið sama. Eyðihjáleiga, byggð fyrst á fornu stekkjarstæði, þar sem ekki hafði áður byggð verið, hér um fyrir 30 árum, og varaði byggðin fáein ár, síðan í auðn" - JÁM IV, 274-5. Kirkjustaður. - JÁM IV, 273. 1367: "xciii. Mariukirkia j Sijdumula a land a frodastodum þad sem leigist þrim hundrudum . vij kýr og sex ær og hest. veide j kiarra æ ad helminge vid stadenn j Reykiahalltte. les vilchinsbok vtann hier stendur. þar skal vera prestur og taka hundrad." - DI III, 224. 1397: "CXLII. Sijdumvle. Mariukirkia i Sydumvla a land æ fordastodum. leiga ccc. xvij kyr oc vj ær oc hest. veidi i Kiarra ad helmingi vid stadinn j Reykiahollti millumm þverlækiar og Skialldmeyargils. tiund heimamanna liggur þar til oc af iiij bæiumm odrumm. iiij Bænhus ero þar j þyngum. Lykafærsla oc lysetollar liggia þar til epter landsid. kirkiann a kaleik. alltaraklædi v. messuklædi tvenn. smelltann kross. Mariuskript. mvnnlaugar ij. bokakista. glodarkier. elldberi. tiolld vmm kirkiu. kiertistikur ij oc kluckur v. þielahogg oc messingarkietill oc veidi vnder Brv Sydumvla meiginn til lækiar þess er næstur fellur Brv. Corporalia tvenn og glerglugg. vjc j bokumm. slopp oc kantarakapu. Jtem þa er Arne tok lx kyroc ij hross. cc vadmala. enn sijdann hann tok gaft iij kyr oc iij hross. portio Ecclesiæ xiiij hudrud voruvird" - DI IV, 125-6. 1472: "Kirkian i Sidumula er helgud hinum sæla Þorlaki biskupi hvn [a] allt land a frodastodum. fiorum hund[rudum] oc xx. æ hvn lx. kugilldi bulæg. var þetta [þat allt] at helgi biarnason tok med. stod eptir hia oddi bonda ij. kyr. stod oc....eptir nockut litit porcio sidan oddr bondi tok med. lagdi einar jonsson til kirkiunnar ij. bileti er standa yfir alltari. oc glodarker. haukul oc alltarisduk med brun. litin kross gylltan. skurþili at kori oc frammi fyrir kirkiu. golf i kor oc framkrirkiu. hafdi greindr oddur bondi burt fra kirkiunni sæmelegt mariulikneski er greindr einar heitinn hafdi lukt kirkiunni i procio. a kirkian i ornamentis kirkiunnar. ein messoklædi vond oc hokul lausan. kantara kapu oc slopp vondan. fontklædi vont. alltarisklædi .ij. uond. iiij. kluckur oc biollu oc broten onnur. missale de tempore fra aduentu til paska. oc onnur messubok fra paskum til aduentu oc er roten vm nidurlagit. sequenciubok per anni circulum de sanctis et de tempore oc vantar dominikurnar a sumarit. þorlaks historia. ij. salltarar. jstoriubok fra jolum oc fram yfir paskauiku de sanctis et de tempore. processivnal vondan. canonum bok. kirial vondan. kapitolarius vondan. lesbok vonda oc en skrædur nokorar. artidaskra. koparstikur. ij. messofata stol. bokaforma. lectara. kalek litin. mariuskript gomul. þorlaks likneski sæmiligt. mariuskript magdalene. smelltan kross oc annan smelltan kross brotin. steindan kross yfir kordyrum. merki vont." - DI V 674-675. 1478: "...virduligs herra herra magnus med gudz nad biskup(s) j skallhollte. reiknnadist ornnamenntum kyrkiunnar j sijdumula samt oc hier stenndur fyrr skrifad vtann porcio þad sem fell vmm v. ar. medann helge hiellt ccc. oc eirn eyrar betur." - DI VI, 172. 1575: "Kirkian i Sijdumula a Frodastada land. veijde i Kiarara ad helminge vid stadenn i Reykiahalltte millum Thuerlækiar og Skialldmeyiargilz og veijde vnder Bru Sijdumula meiginn til lækiar thess er næstur fellur Bru. Jtem halffann Aurnolffsdal i Kior. Jtem i kirkiunne .ij. hauklar . eirn serkur .iiij. kluckur. eirn silffur kaleikur brotinn lijtill og ein bialla. iij koparpijpur affgamlar. Jetem brijk yffer allttari. lasinn allttarisbuningur med gyllenis [stijckia krossi]. Jtem .vij. bokarskrædur. eirn kopar kaleikur. Jtem ein met sæmelig. Jtem .x. kugilldi j c hest. Jtem fastagotz med gardinum hundrad hundrada lxxx c. og .iiij." - DI XV, 554-55. Jarðarinnar er getið í skrá og reikningsskap Guðna Jónssonar frá 1504 - DI VII, 742-44 og í reikningum Eggerts Hannessonar lögmans um dánarbú Daða Guðmundssonar í Snóksdal árin 1563-4. - DI XIV, 209,211-13, 251-2. Um 1510 átti Björn Guðnason jörðina sbr. "Vitnisburður tólf manna um það, hvernig Ögur í Ísafirði, Hammr í Hvammsv., Kirkjuból í Valþjófsd, Síðumúli í Borgarfirði og Draflastaðir í Fnjóskadal er komið undir Björn Guðnason..." - DI IX, 53. Árið 1537 færir Ögmundur biskup í Skálholti Sigurði Ormssyni og Guðrúnu Eyjólfsdóttur, konu hans, til fyllrar eignar garðinn Bæ á Rauðasandi með Mábergi, Klúku og Gröf fyrir jörðina Síðumúla. - DI X, 108.

Tún: 8.6 ha, 2/5 sléttur, kálgarður 2200 m2. - Túnakort, 1917. "Skógur hefure lítill verið áður til eldiviðarstyrks, en nú að kalla gjöreyddur og í fauska fallinn. Torfrista og stúnga næg. Laxveiðivon

í Karará fyrir Síðumúla sellandi, hveru gagnvæn veriði og brúkast enn nú...Skóg á jörðin nokkurn í áðursögðu sellandi fyrir norðan Kjarará, sem brúkast til kolgjörðar og eldiviðar frá selinu. Túninu grandar sandfok, og blæs upp á stórviðrum. Engjunum , sem með Hvítá liggja, spillir grjóthrun og jarðföll, so og sandfok. Vatnsból bregst um vetur, og er þá erfitt mjög vatns að afla.” - JÁM IV, 274. “Heimaland jarðarinnar, um 720 ha, er breitt og grösugt láglendi við Hvítá neðan við Síðufjallsendann; þá hálsinn norðaustan Síðumúlaveggjalands og hallinn vestan í fjallsendanum upp í háfjall. Láglendið algróið, mýri og hálfdeigjur en valllendi með ánni o.v. Hálsinn klöppóttur og grýttur með mýrarsundum en hallinn berangurslegur....Túnin umhverfis og niður af bæ á lágum hjalla ofan við flóann. Bæjarlækurinn fellur gegnum túnið fram á flóann og myndar Votuspildu, afar grasgefið engi...Laxveiði er í Kjararár. Jarðhiti vestan og neðan bæjar, 78 gráður.” BB III, 38.

MH-017:020_01 *Síðumúlahús* bæjarhóll býli 385343 469949
“Síðumúlahús eru ofarlega í Húsadal, ofan við Veggjagötu [018:013],” segir í örnefnaskrá. “Þar voru beitarhús Síðumúlabænda, en síðast var þar húsmennskubýli í fáein ár snemma á þessari öld, byggt upp úr beitarhúsum af Guðmundi Hallgrímssyni og Ingveldi Kristjánsdóttur. Þar er nú grænn og gróinn hóll og sér fyrir rústum Viðirnir úr þessum bæ voru síðan fluttir heim að Síðumúla og notaðir í bæ, sem þar stóð í fáein ár austan við götuna heim á hlaðið en sunnan kirkju. ... Þegar bærinn var rifinn ... munu þessir viðir enn hafa verið notaðir í hús Kristjáns á Laugamel [sjá 001],” segir í örnefnaskrá. Í Byggðum Borgarfjarðar segir: “Guðmundur Hallgrímsson og Ingveldur Kristjánsdóttir voru í húsmennsku eða þurrabúð í Síðumúla 1916-1922. Nefndist bær þeirra Síðumúlahús og var við gömlu fjárhúsin úti í hálsi.” Síðumúlahús eru um 1,6 km VNV við Síðumúlabæ 001 og 220 m vestan við núverandi þjóðveg en um 30 m norðan við Veggjagötu MH-018:013. Minjarnar voru fyrst skráðar við aðalskráningu árið 2004 en eldri skráning var endurskoðuð á vettvangi haustið 2022 vegna Holtavörðuheiðarlínu. Rústasvæðið eða rústahólinn er 58 x 34 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Skráðar voru þrjár einingar á þessum stað; 01 sem er rústahóllinn sjálfur, 02 sem er tóft bæjar- og beitarhús og 03 sem er einföld tóft með órætt hlutverk.



Minjar 01-03 á bæjarstæði Síðumúlahúsa 020.



Bæjarhóll 020_01, horft til suðvesturs.

Húsin eru á hól milli klettaása, efst í Húsadal. Sunnan og suðaustan við þau er mýri en í aðrar áttir er gróinn melur og klettaásar. Svæðið í kring er grónara en umhverfið og frá því er gott útsýni til norðausturs, suðausturs og suðvesturs. Þegar eldri skráning var endurskoðuð (í september 2022) var svæðið á kafi í grasi sem var á köflum mannhæðar hátt. Það ásamt því hversu stórþýft það er gerir það að verkum á á köflum er erfitt að átta sig á nákvæmri lögun veggja.

Lýsingin hefst á nokkuð greinilegum rústahóli 01 í Síðumúlahúsum. Ekki er raunar auðvelt að aðgreina allar brúnir og það hvað kann að vera uppsöfnun mannvistarlaga og hvað náttúruleg hæð. Gróflega áætlað má segja að hann sé um 58 x 34 m að stærð og hann er víða 0,5-0,7 m hærra en umhverfið. Á þessu svæði má búast við að mannvist geti víða leynst undir sverði og virðist sem nokkur uppsöfnun sé þar. Til suðurs gengur svolítill rani út úr hólnum, fagurgrænn og ef ekki væri fyrir þá staðreynd að á nokkrum stöðum sést í klöpp mætti e.t.v. ímynda sér að þar væri öskuhaugur. Þessi hluti hólsins er þó allt að 0,8 m lægri en hæsti hluti hans, þar sem býlisrúst 02 er.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda


Heimildir: Ö-Síðumúli, 7. BB III, 41; Herforingjaráðskort 35 SV

MH-017:020_02 tóft bústaður 385371 469962

Tvær tóftir eru í Síðumúlahúsum og er hér skráð aðaltóftin 02, sú sem hefur verið býli og bústaður á yngsta skeiði hússins. Tóftin er 29 x 20 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Talsvert er hrunið úr veggjum tóftarinnar og á flestum stöðum gróið fyrir hleðslur og veggir að nokkru hlaupnir í þúfur. Þar sem hleðslurnar standa best eru þær þó allt að 1,5 m á hæð og sjást sum staðar 5-6 umför. Veggir eru úr grjóti og torfi. Í lýsingunni verður hverju hólfi gefinn bókstafur til aðgreiningar en rétt að taka fram að ekki er alltaf ljóst hvað beri að skilgreina sem sérstakt hólf og hvað ekki. Tóftinni má gróflega skipta í frambæ þar sem flest hólfin eru (hér skilgreint sem 6 hólf, A-F) og hús bakatil sem hér er skilgreint sem eitt stórt hólf eða tóft (hólf G) en mætti hugsanlega Skipta upp í 2-3 hólf þótt óljóst sé. Að auki er áttunda hólfið, hólf H, suðvestan við tóftina og er talsvert lægra en hún og gæti hugsanlega verið heystæði eða jafnvel ummerki um eldra byggingarstig. Norðvestasti hluti tóftarinnar er betur varðveittur, þar sér allvíða í grjóthleðslur, allt að fjögur umför. Hleðsluhæðin er mest um 1,3 m. Allra norðaustast í



Bæjartóftin 020_02, horft til norðausturs.




Minjar 01-03 á bæjarstæði Síðumúlahúsa 020.

tóftinni, ofarlega í henni og alveg við bakhólf G er hólf A sem er 4,3 x 2,5 m stórt í grunninn og snýr NNV-SSA. Op hefur verið á því í suðausturhorni en norðausturlangveggur virðist ná lengra til suðurs en mótveggurinn og má vera að hólfið hafi einhverju sinni verið stærra, a.m.k. virðist þessi hluti vera lægri og ógreinilegri en aðrir veggir hólfsins. Í hólfinu sést víða í grjóthleðslur. Suðvestan við það er stærra hólf B, sem snýr eins, en þar eru grjóthleðslur einnig talsvert áberandi. Op virðast á því á tveimur stöðum, annars vegar á miðjum suðausturvegg, nálega þar sem komið er úr hólfi A og hins vegar á miðjum suðurgafli. Hólfið er 11,5 x 4,5 m að innanmáli. Hlaðinn garði er í því miðju eftir því endilöngu og hefur það því verið fjárhús. Norðvestast á suðurveggnum eru hleðslurnar rofnar og mögulegt að þar hafi verið op en líklegra er að þar hafi einungis hrunið úr tóftinni. Sunnan við þetta hólf eru tvö hólf C og D sem í raun mætti segja að væru saman L-laga hólf. Norðausturhluti hólfsins, C, virðist hafa verið með timburþili fram á hlað (suðausturgafl), a.m.k. er þar ekki hlaðinn veggur lengur. Hólfið er um 12 x 2.5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Í framhaldi af þessu hólfi er hólf D og er opið á milli. Hólf D er 13 x 3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Sem fyrr segir er það opið inn í hólf C (eða bæði hluti af sama rými) en að auki virðist sem op hafi verið úr því yfir í hólf F allra nyrst og einnig op út úr hólfinu og til suðvesturs (þangað sem meint heytóft H er. Allra suðvestast í tóftinni eru svo tvö hólf til viðbótar, E og F. Hólf E er langt og mjótt og snýr NNV-SSA. Op er á því suðaustast og það er 6 x 1 m að stærð, hugsanlega aðeins bæjargöng. Úr því er svo gengt yfir í hólf F til norðausturs. Hólf F er 4 x 3.5 m að stærð og snýr NNV-SSA. Mögulegt er að annað op hafi verið á norðurhorni þess, yfir í hólf C-D en það gæti allt eins verið hrun. Að húsabaki allrar tóftarinnar er svo aflangt hólf G, sem komið er á kaf í þýfi og gras og því ógreinilegt. Ekki er ólíklegt að það gæti hafa verið hlaða/heytóft. Þetta hólf er víða 1-1,5 m á breidd en allt að 23 m langt. Það gæti hafa skipst upp í 2-3 minni hólf en þær skiptingar eru fremur óljósar. Op virðist á mannvirkið á norðausturgafli og hugsanlegt er einnig að op hafi verið á suðvesturgafli. Á einum stað liggur hryggur út frá norðausturveggnum en ekki er ljóst hvort það hefur verið garðlag eða er einfaldlega hrun. Engar grjóthleðslur sjást í þessum hluta tóftar. Suðvestan við tóftina er greinileg brún, H, þar sem mögulegt er að glitti í eldri byggingarfasa hússins, nema að ummerkin séu um óljósa heytóft. Samanlagt er svæðið um 10 x 3 m að stærð og snýr NNV-SSA og 0,2-0,3 m á hæð en ofar er suðvesturgafl bæjarins 0,7 m á hæð og því talsvert reisulegri.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-017:020_03 tóft óþekkt 385350 469946





Tóft 020_03, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Tóft 03 er lítil og einföld, um 2 m suðvestan við suðvesturvegg á tóft 02. Tóftin er um 5,5 x 5,5 m að stærð og op virðist helst hafa verið í suðausturhorni (fremur en á miðjum sama vegg). Tóftin er grasi gróin en þó sést í grjóthleðslur í innanverðum veggjum á kafla, 3-4 umför. Veggir eru mest 0,5-0,6 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-017:022 *Gálgaklettur* heimild um aftökustað 386142 471164



Gálgaklettur 022, horft til SSA.

"Gálgaklettur er í Gálgaás, móti norðvestri, skemmt suðvestan Kleifa," segir í örnefnaskrá AG. "Rétt vestast við veginn er Gálgaklettur, í gegnum hann er gat," segir í örnefnaskrá AG 2. Staðurinn var fyrst skráður 2004 á u.þ.b. miðjum Gálgaási. Við endurskoðun skráningar 2022 var staðurinn skráður um 220 m norðvestar m.t.t. örnefnasjár LMÍ, um 1,6 km NNV af bæ 001.
Kletturinn er hluti af klettaási, Gálgaási. Efst í ásnum er klettabelti en neðar brattar hálfgrónar hlíðar. Mýrarsund er á milli Gálgaáss og næsta áss norðan við.
"Niður um rönd (brún) hans er gat. Þar áttu sakamenn að hafa verið hengdir," segir í örnefnaskrá. Eyjólfur Andrésson bóndi í Síðumúla (f. 1925) kannaðist við gatið þegar rætt var við hann 2004 en taldi ósennilegt að það hafi nýst við hengingar. Hvorki gatið né önnur mannaverk í klettinum fundust þó við vettvangsskoðun, hvorki 2004 né 2022. Á því svæði sem Gálgaklettur er merktur á örnefnasjá er klettur sem skagar lítillega úr úr hamrinum, en frekar er um að ræða skarð heldur en gat.
Hættumat: stórhætta, vegna efnistöku
Heimildir: Ö-Síðumúli AG, 8, Ö-Síðumúli AG 2, 3

MH-017:024 gata leið 386400 470794
"Síðumúlaháls... Hallandi niður frá vesturenda há-Síðufjallsins og nær vesturundir veginn upp í Þverárhlíð um Húsadal og Langasund. Yfir hann, frá túni og upp í Kleifar, lá gatan, upp í Þverárhlíð áður fyrr, og þar var þjóðleiðin í Borgarnes, eftir að þar hófst verzlun og var þar farið með hestvagna, út Þverárhlíð og yfir Norðurá á Gafleyri eða Hábrekknavaði, unz brýr komu á árnar", segir í örnefnaskrá.
Gatan er greinileg þar sem hún liggur upp á hálsinn og yfir hann þar til hún kemur niður við Brúarsund 029 en þar hverfur hún. Þar sem gatan beygir yfir hálsinn er varða. Það er um 640 m NNV við bæ 001.
Leið þessi var fyrst skráð árið 2004 en við endurskoðun skráningar á svæðinu haustið 2022 var þessi leið skráð sem fornleif á fleiri en einni jörð, sjá MH-611:001.
Gatan liggur yfir Síðumúlaháls sem víðast hvar er hálfgróinn melur.
Slóðinn er um 1,3 m breiður ruddur malarslóði. Varðan er um 20 m vestan við slóðann, þar sem hann beygir yfir hálsinn. Hún er um 1,2 m á hæð, hringlaga neðst, um 1,1 m í þvermál (utan úttektarsvæða vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 2022).
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Síðumúli, 9.

MH-017:029 *Brúarsund* hleðsla brú 386431 470758
"Brúarsund er sunnan við Búrfellstagl. Dregur nafn af grjótbrú, sem gerð hefur verið þar sem gatan [024] upp í Kleifar og Þverárhlíð lá yfir það. Enn sést fyrir brúnni", segir í örnefnaskrá. Brúin er suðaustan við Búrfellstaglið áður en gatan liggur yfir suður enda þess, eftir að hún kemur niður af Síðumúlahálsi, um 1 km norðvestan við bæ (001). Brúin var upphaflega skráð 2004 en eldri skráning var endurskoðuð haustið 2022 og henni breytt lítillega. Hún er á leið 024 en sú leið er einnig skráð sem fornleif á fleiri en einni jörð, sjá MH-611:001.
Brúin liggur yfir mýrarsund milli Hálsins og Taglsins sem hvort tveggja eru melásar.



Upphlaðin brú 029 á leið BO-661:001 (og leið 024), horft til VNV.

Brúin var þannig gerð að steinar voru settir í mýrina og hún þannig brúuð á um 15 m löngum kafla. Brúin snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 1 m breið en aðeins 0,3 m á hæð. Margir steinanna eru sokknir en vel mótar fyrir brúnni.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Síðumúli, 10

MH-017:042 varða samgöngubót 385972 470556



Varða 042, horft til norðvesturs.

Varða er um 1,2 km norðvestan við bæ 001 á löngum ási sem liggur samsíða Þverárhlíðarvegi (522), suðvestan hans og suðvestan Langadals.
Varðan er á nokkuð reisulegu aflöngu holti við Þverárhlíðarveg.
Varðan er köntuð og um 1 x 1 m í þvermál en hefur hrunið að nokkru leyti til norðvesturs. Í vörðunni eru 7-8 umför af grjóti þar sem hún rís hæst. Grjótið í vörðunni er skófum vaxið og hún er nokkuð gróin í botninn. Ekki er vitað hvaða hlutverki varðan gegndi en líklegt er að hún hafi varðað eldri leið BO-611:003 sem lá á sama stað og Þverárhlíðarvegur.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-017:044 varða samgöngubót 386016 470618



Vörðubrot 044, horft til VSV.

Vörðubrot er um 1,2 km norðvestur af bæ 001 á löngum ási sem liggur samsíða Þverárhlíðarvegi (522), suðaustan hans og suðaustan Langasunds. Þar lá áður eldri leið MH-611:003. Varðan er um 75 m norðaustur af vörðu 042.
Varðan er á nokkuð reisulegu aflöngu holti við veginn.
Vörðubrotið er ofan á stóru rúnnuðu bjargi sem er um 1,2 m á hæð. Vörðubrotið sjálft er ekki stórt, um 60 x 50 cm að grunnfleti og snýr norður-suður. Það samanstendur aðeins af fjórum skófum vöxnum steinum og er um 20-25 cm á hæð. Líklegt er að varðan hafi verið við leið MH-611:003 og flokkast sem samgöngubót.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-017:045 varða samgöngubót 385789 470322



Varða 045, horft til VSV.

Vörðubrot er um 1,3 km norðvestur vaf bæ 001, sunnarlega á löngum ási sem liggur samsíða Þverárhlíðarvegi (522), suðaustan hans og suðaustan Langasunds. Þar lá áður eldri leið MH-611:003. Varðan er um 300 m suðvestur af vörðu 042.
Varðan er á nokkuð reisulegu aflöngu holti við veginn.
Vörðubrotið er ofan á um 30 cm háum steini. Vörðubrotið sjálft er um 25 m á hæð, og 70-80 cm í þvermál. Í því eru tvö umför af grjóti en grjóthrun úr vörðunni er umhverfis steininn. Líklegt er að varðan hafi verið við leið MH-611:003 og flokkast sem samgöngubót.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-017:046 varða samgöngubót 385399 469899




Varða 046, horft til vesturs.

Vörðubrot er um 1,6 m vestur af bæ 001 og um 60 m suðaustur af Síðumúlahúsum 020, Líklegt er að varðan hafi vísað á húsin.
Varðan er á klettaholti, hálfgrónu mosa og lyngi. Mýrarsund eru umhverfis.
Vörðubrotið er um 1 x 0.8 m að grunnfleti og 35 cm hátt. Mest eru í því þrjú umför af grjóti og er grjótið vel skófum vaxið.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-017:047 vegur leið 385721 470136

Upphlaðinn vegur er um 1,3 km VNV af bæ 001, fast austan við Þverárhlíðarveg. Bæði norðan og sunnan hans eru grunnar gryfjur, líklega námur þar sem efni hefur verið tekið í veginn. Alls ná minjarnar yfir svæði sem er um 50,5 x 36 m og snýr norðaustur-suðvestur.
Vegurinn liggur um grösuga mýri austan Þverárhlíðarvegar sem liggur u.þ.b. norður-suður og hafði nýlega verið endurbyggður þegar minjarnar voru skráðar 2022. Hálfgróið holt er austan mýrarinnar.
Vegurinn er algróinn en nokkuð genginn í þúfur. Hann er um 33 m á lengd, 3,5 m á breidd, 30 cm á hæð en af loftmynd Loftmynda efh frá 2019 að dæma náði hann um 9 m lengra til norðvesturs fyrir endurbyggingu Þverárhlíðarvegar. Vegurinn liggur til suðausturs út frá núverandi vegi að holtinu en engin merki sjást um veg eða götur á holtinu og er ekki ljóst hvert leiðin hefur legið.
Um 4 m norðan við veginn er u.þ.b. ferhyrnd náma, um 15 x 7 m að stærð og snýr norður-suður. Náman hefur verið lengri til vesturs en hefur verið raskað af vegaframkvæmdum, bæði af nýlegri uppbyggingu Þverárhlíðarvegar og eldri framkvæmda. Á loftmynd Loftmynda ehf frá 2019 virðist náman ná um 8 m lengra til vesturs að þáverandi vegi. Náman eru um 20-30 cm djúpar, grasi grónin en mjög blaut. Hin náman er um 11,5 m sunnan við veginn. Hún er ferhyrnd, um 18,5 x 10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Námunni hefur einnig verið raskað af nýjum og gömlum vegaframkvæmdum en á loftmynd



Upphlaðinn vegur 047, horft til ASA á ljósmynd.

Loftmynda ehf frá 2019 sést norðurhorn námunnar og hefur hún þá upphaflega verið um 16,5 m á breidd. Syðri náman er dýpri en sú nyrðri, 30-50 cm á dýpt, en þurrari, aðeins hálfdeig.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-017:048 varða óþekkt 386591 471510



Varða 048, horft til suðurs.

Lítil varða er á Austurásum, norðaustan við Búrfellsdal. Varðan er um 510 m VNV við vörðu 043 og 1,7 km norðan við bæ 001.
Varðan er á stóru og allháu bjargi á ásunum. Umhverfis vörðuna er fremur gróðursnautt en sitt hvoru megin við ásana eru deiglend og þýfð sund. Varðan er aðeins 0,3 m í þvermál og 0,4 m á hæð. Bjargið sem hún stendur á er hins vegar 1,4 m á hæð þannig að hún sést vel langt að. Varðan er hlaðin úr 6 meðalstórum steinum sem eru að hluta til skófum vaxnir. Ekki er vitað um hlutverk vörðunnar en hún er hvorki við þekktar leiðir né landamerki.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-018 Síðumúlaveggir

16 hdr 1709. JÁM IV, 275. Bændaeign. Einnig Veggir. Fyrst getið í Landnámu: “Ísleifr ok Ísröðr, bræðr tveir, námu land ofan frá Sleggjulæk milli Örnólfsdalsár og Hvítár ... Ísröðr á Ísröðarstöðum ok átti land et syðra með Hvítá; hann var faðir Þorbjarnar föður Ljóts á Veggjum, er fell í Heiðarvígi.” - ÍF I,85. Í Heiðarvíga sögu: “Þorbjörn Brúnason stóð upp snimma á Veggjum ok biður húskarl sinn stand upp með sér” - ÍF III, 288. Árið 1493 gefur Andrés Magnússon Helgafellsklaustri jörðina: “Andries Magnusson gaff sier til saluhialpar og framfæres Sijdumulavegge j Sijdumula kirckiu sokn clostrenu a Helgafelle. og abota Halldore og þar til xxj c i frijdu Anno 1493” - DI VII, 200. Árið 1559 skiptir Hallur Ólafsson við Daða Guðmundsson á jörðunum Síðumúlaveggjum og Fjalli fyrir Galltarvík og Beitistaði: “Hier j mot gaf Hallur bondi Olafsson Weggi er liggur j Sijdumula kirkiu sokn xvj c ad dýrleika...” - DI XIII, 438. Jarðarinnar er getið í reikningum Eggerts Hannessonar lögmans um dánarbú Daða Guðmundssonar í Snóksdal frá árunum 1563-4. - DI XIV, 204,212. “Í eigu og ábúð sömu ættar síðan 1848.” BB III, 37. Tún: 4.5 ha ; 3/4 sléttur ; kálgarður 420 m2. - Túnakort, 1917. “Skógur lítill til eldiviðarstyrks, torfrista og stunga næginleg svo og reiðingrista fyrir heimilið. Móskurður til eldiviðar nægur, engjar litlar spillast árlega af aur og grjóti sem sagt minni hagbeit. Kvikfé er ekki óhætt fyrir afætudýjum og holgryfjulækjum, vatnsból bregst bæði sumar og vetur og er þá kvikfénu beitt á einni mýrarkeldu.”- JÁM IV, 275. “Neðsta jörðin í sveitinni og hin eina sem ekki nær til fjalls né heiðar. Land jarðarinnar, 363 ha, liggur í lágum klapparhálsi, sem er suðvestur frá enda Síðufjalls, gróin á köflum. Suðaustan við hálsin grösugt, flatt láglendi, mýri ofan til en valllendi næst Hvítá.” - BB III, 37.

MH-018:008 *Vaðgróf* heimild um vað 383771 467418



Vaðgróf 008 við Hvítá, horft til suðurs.

“Bugur heitir einu nafni svæðið næst ánni [Hvítá] vestur frá Veggjagróf, valllendi með lækjaskörðum alllanga leið, að annarri gróf, sem heitir Vaðgróf”, segir í örnefnaskrá. Vaðgróf er um 370 m vestan við Bugeyri, 50-70 m austan við merki móti Brúarreykjum og um 1,5 km SSV við bæ (001). Vaðið var upphaflega skráð árið 2004 en eldri skráning var endurskoðuð haustið 2022. Tekinn var nýr staðsetningarpunktur fyrir vaðið en lýsingin stendur óbreytt.

Á þessum stað er áin breið, fremur lygn og bakkar hennar lágir beggja vegna. Sunnan og norðan ár eru skörðótt melköst fast að ánni. Vaðgróf er skarð í melkastið norðan ár.

“Við hana [Vaðgróf] var vað á ánni, sem stundum mun hafa verið farið fram á síðari ár, en var þó varla talið með hinum betri eða fjölfarið, enda stutt til brúar á Kljáfossi síðan fyrir aldamótin síðustu”, segir í örnefnaskrá. Óljósir slóðar liggja með nyrðri bakka árinnar, hjá vaðinu, varla meira en kindagötur. Árið 2022 sáust 1-3 grónar götur uppi á melköstum við ána, austan við vaðið. Er líklegra að þar sé um fjárgötur að ræða frekar en reiðgötur.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir, 2-3

MH-018:009 *Bugeyri* heimild um lögn 384117 467491

“Bugeyri er malareyri við ána undan Bugnum. Þar sáust til skamms tíma járnhælar, sem reknir voru ofan í eyrina til halds fyrir laxalögn, sem þarna var gerð á fyrri hluta aldarinnar, en ekkert veiddist í”, segir í örnefnaskrá. Bugeyri er í Hvítá um 1,4 km sunnan við bæ (001) og um 990 m suðvestan við brúnna yfir Kljáfoss. Lögnin var upphaflega skráð árið 2004 en eldri skráning var endurskoðuð haustið 2022. Tekinn var nýr staðsetningarpunktur fyrir lögnina en lýsingin stendur óbreytt.



Horft til suðausturs yfir Bugeyri þar sem laxalögn 009 var.

Bugeyri er malareyri, stöku gras vex á vesturodda hennar. Á þessum stað er Hvítá lygn og fremur grunn norðan eyrinnar en straumharðari og dýpri sunnan við.
Ekki var farið út í eyrina, engin ummerki um lögn sáust í henni frá bakkanum. Stakur torfhnaus er á eyrinni norðan til á henni miðri, gæti hugsanlega verið í tengslum við lögnina en ekki er hægt að fullyrða um það.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö- Síðumúlaveggir,3

MH-018:028 heimild um landamerki 384902 469204
Landamerki Síðumúlaveggja 1886: Frá vörðu 026 vestarlega á Reiðholtum "sjónhending í Grjótvörðu í Mýrajaðrinum sunnan á Veggjahálsi (þessi síðasta nefnda varða var hlaðin eftir að Síðumúla landamerkjabrjef var fullgjört til að gjöra landamerkin glöggvari) [...]." Í Landamerkjabréf Síðumúlaveggja nefnir vörðu í mýrinni sunnanvert við Veggjaháls. Hún hefur verið um það bil 950 m ASA við bæ 001. Varðan var upphaflega skráð við aðalskráningu 2004 en eldri skráning var endurskoðuð haustið 2022. Þá var aðeins tekinn nýr staðsetningarpunktur.
Sunnan við Veggjahálsinn sem er aflíðandi, mosavaxinn og grýttur við merkin, er mýri þar sem varðan var.
Girt er á merkjum milli Síðumúla og Síðumúlaveggja nú en engin varða er sunnanvert við Veggjahálsinn og engin ummerki um hana sjáanleg í mýrinni.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 288

MH-018:029 heimild um landamerki 384816 469463
Landamerki Síðumúlaveggja 1886: Frá vörðu 028 í mýrajaðri sunnan á Veggjahálsi "sjónhending í grjótvörðu í Hálsinum (veggjahálsi) sunnanvert við veginn ofarlega í Landamerkjageira [...]." Landamerkjabréf Síðumúlaveggja nefnir grjótvörðu á sunnanverðum Veggjahálsi. Víða í merkjagirðingunni á hálsinum hafa verið byggðir kassar og fylltir af grjóti. Svo er einnig á þeim stað sem varðan hefur líklega staðið, um 1 km ASA við bæ 001 og um 70 m sunnan við leið MH-611:005. Landamerkin voru fyrst skráð árið 2004 en eldri skráning endurskoðuð haustið 2022.
Á þessum stað rennur lækur við merkin og er mýrarspilda í kringum hann, annars er hálfgróinn melur uppi á hálsinum.
Engin grjótvarða er á sunnanverðum Veggjahálsi og er líklegt að varðan hafi verið rifin þegar girt var á merkjum.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 288

MH-018:037_01 náma mógrafir 384130 467619
Óljós ummerki um móskurð eru á grónum stöllum í aflíðandi halla syðst í landi Síðumúlaveggja við Hvítá. Eru grafirnar norðaustan við Vaðgróf 008 og 1,3 km sunnan við bæ 001. Heildarstærð mógrafasvæðisins er 530x150 m og snýr það norðaustur-suðvestur. Innan þess eru tvö mógrafasvæði og fær hvort þeirra sér númer til aðgreiningar.
Mikill gróður og talsvert þýfi er á svæðinu en allvíða eru ógróin svæði sem hafa mögulega myndast



Horft til norðvesturs yfir mógrafasvæði 037_01.

eftir móskurð. Mógrafasvæðin eru á milli þýfðs valllendismóa og melbrúnar við bakka Hvítár. Á milli mógrafasvæðanna er flatlend mýri.
Lýsingin hefst á svæði 01 sem er nær árbakkanum og er 260 m á lengd (norðaustur-suðvestur) og 30 m á breidd. Það er þurrt og gróið að norðaustanverðu en að hluta ógróið að suðvestanverðu. Við mótekjuna var stungið úr bökkum í hallanum niður að ánni og eru innri brúnir mun lægri að neðanverðu, undan halla. Grafirnar eru allt að 1 m á dýpt að norðvestanverðu en 0,5 m að suðaustanverðu. Það virðist vera grunnt niður á möl í jarðvegi.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-018:037_02 náma mógrafir 384143 467755



Mógrafasvæði 037_02, horft til suðvesturs.

Mógrafasvæði 02 um 100 m ofar og norðvestar en svæði 01. Svæðin tvö eru áþekk en í mógröfum 02 er hærra upp á brún til norðvesturs eða 1,5-2 m og ójós mörk eru til suðausturs þar sem mesta dýpt er 0,2-0,3 m. Mikill gróður er í gröfunum og erfitt að fylgja mörkum þeirra en móskurður virðist hafa verið á svæði sem er 380x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-019 Norðtunga

50 hdr. 1708. Bændaeign. JÁM IV, 277. Einnig Norðurtunga og Norðrtunga. Norðtungu er getið í Bárðar sögu Snæfellsáss og Hænsna-Þórissögu. Þar bjó Arngrímur goði Helgason. ÍF XIII og ÍF III. „Geldfjárupprekstur hefur jörðin á Hellistúngur ásamt öðrum í þessari sveit, og gelst þar enginn tollur af.'' JÁM IV, 278 „Kirkjan að Norðtungu á jörðina Högnastaði. Item á kirkjan hálfan Örnólfsdal, hvort land hefur lengstum í eyði verið og til selfarar brúkað'' JÁM XIII, 149. „Þingstaður sveitarinnar hefur jafnan verið í Norðtungu, og þar hófst boðleið um Þverárhlíð,...'' BB III, 49. Norðtungukirkju getið í Hítardalsbók 1367 DI III, 224. Norðtungukirkju getið í Vilchinsmáldaga 1397 DI IV, 126. 01.07.1460 „Jón Þórðarson selr Birni bónda Þorleifssyni jörðina Norðtungu í Borgarfirði fyrir sex tigi hundraða,...'' DI V, 213. Máldagi Norðtungukirkju í Þverárhlíð c.1463-c.1470 „selfor æ þverærdal med motaki. elldividar hris i hamarsiord ens litla. tveg[g]ia manada beit i þorunnarhollt saudfie æ veturin. hris aull i þorunnarhollti i millum gatna. al[l]an skog i kirkiuhollti i hamarsiord. manadarbeit i blesamyre i sleggiulækiar iord.'' DI V, 405 23.10.1467 Skiptabréf eftir Björn Þorleifsson hinn ríka. „olof loptzdottir skal hafa nortungu...'' DI V, 502. 14.01.1362 Testamentisbréf Einars Þorlákssonar, þar sem hann meðal annars gefur Helgafellsklaustri eitt hundrað (peninga) DI VI, 14. 1491-1518 Máldagi Norðtungukirkju. DI VII, 63. 14.04.1519 „Jón Hallsson lætur í umboði Guðlaugar Jónsdóttur Ögmund ábóta fá jarðirnar [...] og Norðtungu...'' DI VIII, 681 Kirkju í Norðtungu getið í kirknaskrá frá 1200. DI XII, 10. 23.10.1467 Norðtungu getið í skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson og skal hustru Olof hafa Norðtungu og fleiri jarðir fyrir skuldum. DI XII, 53. 08.06.1553 Norðtunguþings getið í úrskurði Erlends lögmans Þorvarðarsonar. DI XII, 558. 17.04.1559 „Jtem æ Nordurtungu kirkia Haugnastade xvj ad dyrleika. allan halfan Aurnolfsdal. xij. manadar beit aullum peningi j Sleggiulækiar land vr Nordurtungu j Blesamyre. manadarbeit j Hamars jord saudfie vr Nordurtungu. og skogar haugg j Þorunarhollt millum gatna til elldevidar oc Kirkiuas j Hamars lande millum gatna. manadarbeit æ sumar aullum peningi vr Nordurtu[n] gu j Kuija land. Jtem æ kirkian holma hinumegin Aurnolfsdalsar ad forna farueigi. oc med þessum jtaukum. Selldi hann bondanum Dada halfa Nordurtungu til eignar með halfum adurgreindum jtaukum.'' DI XIII, 398. 26.10.1563 Testamentisbréf Daða Guðmundssonar í Snóksdal. „Gudmundi Halldorssyni (brodr hans) gef ek jordina Nordtungu j Þuerarhlid...'' DI XIV, 178. 1563-4 Reikningar Eggerts lögmanns Hannessonar um dánarbú Daða Guðmundssonar í Snóksdal. „Jtem med halfre Nortungu hia Sygurdi ij kyr og ij asaudar quilldi og kapal. Landskylld.'' DI XIV, 204 og 212 17.12.1568 Jarðskiptabréf. „Hier j mot gaf Gudmundur Halldorsson adur sogdum Jone Grimssyne jordina haalfa Nortungu...'' DI XV, 172-3. Norðtungukirkju er getið í Gíslamáldaga 1570 og síðar. „ Kirkian i Nordtungu a land ad Hognastødum. Jrem i Kirkiuholltte Skog. Jtem halffann Aurnolffsdal. Jtem i frijdu .viij. kugilldi.'' DI XV, 551 og 555. „Kaupbréf Páls Sigurðssonar fyrir hálfri jörðunni Norðtungu í Þverárhlíð, 25 hundruð að dýrleika, af Þórði Hákonarsyni [...] Kirkjan á Norðtungu samt hennar ornamentum og inventarium komi ei í þetta kaup...'' AÍ XII, 514.

Tún 6,4 ha 1917. Allt slétt. Kálgarður 300 m2. „Túninu grandar Örnólfsdalsá til stórskaða með landbroti, ár frá ári meir og meir, so að undan því landbroti verður að flytja bæði bæ og kirkju. Enginu spillir bæði fyrrnefnd á og so Þverá á hina síðu. Hætt er kvikfje fyrir foröðum'' JÁM IV, 278. „Norður frá bænum er flatlend mýri, Norðtunguflaga kölluð, inn að Norðtunguskógi. Þetta land var ræst fram fyrir allmörgum árum og er nú þurrt orðið. Ræktunarland er mjög gott og túnin samfelld og þægileg í norðvestur frá bænum. Asutanvert við Örnólfsdalsá eru sléttar, uppgrónar eyrar, sem áður voru nýttar til slægna [...] Norðtunga er mikil hlunnindajörð af laxveiði í Örnólfsdalá og Litlu-Þverá...'' BB III, 67 „Um og eftir miðja öldina voru mikil skógræktarumsvif í Norðtunguskógi...'' BB I, 577.

MH-019:011 heimild um beitarhús

“Norður við skóginn er rúst eftir gömul sauðahús, og rétt norðan við þau er í skóginum svæði sem nefnt er Bót,” segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með vissu hvar þessi sauðahús eða beitarhús voru en Bót er suðvestasti hluti Norðtunguskógar og er rúmum 1 km norðan við bæ 001. Gömluhús 012, sem enn sjást, voru nokkru neðan við sauðahúsin sem hér eru skráð. Út frá þessum upplýsingum má ætla að sauðahúsin hafi verið á milli Bótar og Gömluhúsa. Það svæði var gengið í leit að ummerkum um húsin, án árangurs.

Í Norðtunguskógi er þéttur birki- og barrskógur en suðvestasti hluti skógarins, suðvestan við Þverárhlíðarveg (522), er gisinn og víða er jarðvegsrof í honum. Á milli Bótar og Gömluhúsa hefur orðið rask vegna vegagerðar, sléttunar og námugraftar.
Sem fyrr segir fundust engin ummerki um sauðhúsin á vettvangi en mögulega eru leifar af þeim enn til staðar undir sverði.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Norðtunga, 3

MH-019:013 gata leið 386687 473748


Gata á leið 013 í Norðtunguskógi, horft til norðausturs.

Illgreinileg gata liggur í gegnum Norðtunguskóg og er hún nokkuð samsíða meintri Þrælagötu 014 en er 70-150 m suðaustan við hana. Ekki er ljóst hvort um gamla leið sé að ræða eða hvort hún hafi ef til vill verið rudd í tengslum við athafnir Skógræktarinnar eftir miðja síðustu öld.
Norðtunguskógur er í eigu og umsjá Skógræktarinnar. Skógurinn er gamall birkiskógur en búið er að planta þéttum barrskógi í hann víða auk fleiri trjátegunda. Vegarslóðar liggja um skóginn til þess að hægt sé að komast um hann.
Leiðinni var fylgt á vettvangi á 100 m löngum kafla þar sem hún liggur norðaustur-suðvestur. Einnig var hægt að greina hana á loftmynd áfram um 70 m til suðvesturs. Ekki er ljóst hvert þessi leið lá en á henni sést ein gróin gata sem er hvorki breið né djúp. Norðaustan við þann hluta leiðarinnar sem hægt var að rekja á vettvangi er stórt svæði í skóginum þar sem búið er að fella tré og safna þeim í stóra kesti. Þar sjást engin ummerki um leiðina en ætla má að hún hafi haldið áfram til norðausturs í gegnum allan skóginn og mögulega sameinast Skógargötu/Stapagötu MH-621:007 nærri landamerkjum Norðtungu og Helgavatns.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-019:014 *Þrælagata* gata leið 386602 473835
"Í gegnum Norðtunguskóg lágu ýmsar götur. [...]. Vestust var Grjótagata [svo] [MH-621:012], næstum því í miðjum skógi, breið melgata. Sunnar, nær Örnólfsdalsá, var Þrælagata, sem mun hafa dregið nafn sitt af, að skógurinn þar var mikill og erfitt að komast um götu þessa," segir í örnefnalýsingu. "Nafnið [Þrælagata] er ekki talið gamalt. Þeir, sem hjuggu hana, töldu það þrælavinnu," segir í örnefnalýsingu Högnastaða. Ekki er vitað hvar Þrælagata lá en til greina kemur að nafnið eigi við um illfæra leið í gegnum Norðtunguskóg sem sést ágætlega á loftmynd og var fylgt á stuttum kafla á vettvangi haustið 2022.


Þrælagata 014 í Norðtunguskógi, horft til norðausturs.

Norðtunguskógur er í eigu og umsjá Skógræktarinnar. Skógurinn er gamall birkiskógur en búið er að planta þéttum barrskógi í hann víða auk fleiri trjátegunda. Vegarslóðar liggja um skóginn til þess að hægt sé að komast um hann.

Af vegarslóða er hægt að fylgja leiðinni á um 40 m löngum kafla til norðurs en að öðru leyti er leiðin rakin af loftmynd og sést hún á henni á um 700 m löngum kafla. Hún stefnir á Högnastaðagötu MH-021:019 í landi Helgavatns og mögulega hafa þær tengst nærri merkjum á milli jarðanna. Þar sem hægt var að fylgja leiðinni af jörðu niðri mátti sjá tvær alldjúpar götur sem eru 0,2-0,3 m djúpar og 0,2 m breiðar. Á milli þeirra er afgerandi hryggur. Er hann um 0,8 m breiður og ekki mikið meira en 0,1 m á hæð.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Norðtunga, 3; Ö-Högnastaðir, 3

MH-020 Högnastaðir

10 hdr. 1847. Kirkjueign. JJ, 125. (Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín eru Högnastaðir taldir heimaland af Norðtúngu. Dýrleikinn talinn með heimajörðinni og eigendur sagðir þeir sömu.) JÁM, IV, 279. Jarðarinnar er getið í Landnámabók: “Högni hégskipveri Hrómundar; hann bjó á Högnastöðum...” (ÍF I, 85). Jarðarinnar er getið í máldaga Norðtungukirkju árið 1367 (DI III, 224), 1397 (DI IV, 126), ca. 1463-ca 1470 (DI V, 405) og 1491-1518 (DI VII, 63).. Í máldögunum segir að Katrínar kirkja í Norðtungu eigi land allt á Högnastöðum. Jarðarinnar er getið í helmingaskiptum á Norðtungu og máldaga kirkjunnar frá 1559, þá er túninu á Högnastöðum skipt í tvennt milli Daða Guðmundssonar og Guðmundar Snorrasonar, jafnframt segir í máldaganum að Norðtungukirkja eigi Högnastaði xvjc að dyrleika. (DI XIII, 396-399). Þá er jarðarinnar getið í máldaga Norðtungukirkju frá 1570 og síðar; “Kirkian i Nordtungu a land ad Hognastodum.” DI XV, 555. “Flugumyre nefna menn heitið skuli hafa fornbýli á dalnum, sem nú er kallaður Kjör, en hvert það hafi verið þar sem nú er Reykholtssel, eður þar sem Skógarsel heitir frá Síðumúla, eður þar sem Holmssel er kallað, kann enginn að skýra” JÁM IV, 280.

1917: 2.4 ha.; 2/5 slétt; Garðar 150 m2. “Enginu grandar Þverá og uppgöngudý, sem úr jeta rótina. Torfrista og stúnga bjargleg. Reiðingsrista lök” JÁM, IV, 280. “Högnastaðaland er flatlent og ræktunarskilyrði góð vestan þjóðvegarins, en austur með Melabrúnunum, þar sem Þverárrétt stendur, er landið votlent. Miklar veitur koma upp undan melunum. Úr Melabrúnunum var áður tekið allmikið steypuefni, en hefur verið af lagt. Karlsbrekka, eyðibýli norðan Litlu-Þverár...hefur verið nytjuð frá Högnastöðum. Þar er kjarri vaxið hálsland móti suðri, og undir brekkunum með fram ánni, í góðu skjóli fyrir norðanáttinn, er allnokkurt tún. Jörðin er vel í sett og hæg til búskapar. Dálítilla hlunninda af laxveiði nýtur hún frá Litlu-Þverá.” BB III, 61.

MH-020:008 *Smaladys* heimild um legstað 386086 474852



Engin ummerki sjást lengur um Smaladys 008 vegna malarnáms, horft til austurs.

“Austar [en Kaldilækur eða Klakhúslækur] er Eyvindarnef, melkast, og á því dys, nefnt Smaladys,” segir í örnefnaskrá. Smaladys var 500 m austan við bæ 001 og neðan og fast suðvestan við Kvíaveg (5230).

Gömul jarðvegsnáma er þar sem dysin var og neðan og suðvestan við hana er mýrlent að Litlu-Þverá.

Engin ummerki um dysina sjást lengur vegna efnistöku á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Högnastaðir, 2

MH-020:010 *Stekkjarvað* heimild um vað 386134 475138



Stekkjarvað 010 á Litlu-Þverá, horft til NNA.

Í örnefnalýsingu segir: “Enn vestar [en Stórimói] er Stekkjarbali niður við á, og af honum er Stekkjarvað yfir ána nokkuð neðar.” Stekkjarvað á Litlu-Þverá er rúmum 120 m norðaustan við stekk 026 og tæpum 700 m norðaustan við bæ 001.

Litla-Þverá er um 20 m breið og rennur til VSV. Malareyrar eru í ánni og bakkarnir lágir. Kindagötur eru sunnan við ána en ekki er hægt að sjá hvar var farið yfir.

Engin ummerki um vaðið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Högnastaðir, 2.

MH-020:011 *Helgavatnsbraut* vegur leið 385982 474901



Helgavatnsbraut 011, horft til norðvesturs.

Í örnefnalýsingu segir: “Vagnvegur var gerður frá melkastinu við Smaladys [008] og út á Kríubrot [012] og farið þar yfir, áður en brúin kom, kallað/ ur/ Helgavatnsbraut.” Helgavatnsbraut er um 440 m norðaustan við bæ 001 og liggur yfir mýri að Litlu-Þverá. Vegurinn hefst norðvestan við malarbrún og nær allt að ánni.
Vegurinn liggur yfir gróna mýri en búið er að rækta tún vestan við hann á suðurbakka Litlu-Þverár.
Helgavatnsbraut er upphlaðinn vegur sem enn er nýttur til að komast að túnum sunnan við Litlu-Þverá. Vegurinn er um 180 m langur og 3-4 m á breidd. Hann er beinn og líklega verið breikkaður í seinni tíð til að hægt væri að aka eftir honum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Högnastaðir, 2.

MH-020:012 *Kríubrot* heimild um vað 385858 474968



Kríubrot 012, vað á Litlu-Þverá, horft til norðvesturs.


Í örnefnalýsingu segir: “Ofan við Laugarvaðið [006] er Kríubrot yfir ána.” Helgavatnsbraut 011 lá að Kríubroti úr suðaustri og má greina vegslóða norðan árinnar. Farið var skáhallt yfir ánna og mögulega ekið eftir henni lítillega til vesturs. Vaðið er um 200 m suðvestan við stekk 026 og um 380 m norðaustan við bæ 001.
Bakkar Litlu-Þverár eru lægri að norðan, þar er malareyri og vegslóði meðfram henni. Til suðurs eru bakkarnir mun hærri, 1-1,5 m á hæð og brattir. Áin er rúmlega 20 m breið og rennur til vesturs. Hún er fremur grunn en ekki er hægt að sjá á bökkunum hvar var farið niður að ánni.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Högnastaðir, 2.

MH-020:017 *Þverárrétt* heimild um rétt 386703 475414

“Liggur hún [Grjótagata MH-621:012] frá Skarðsvaði [014] við Litlu-Þverá, austan við Hrísneshyl, milli Þverárréttar og safngirðingarinnar, sem er í Helgavatnslandi,” segir í örnefnaskrá. Þverárrétt er merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913. Sú rétt var á sama stað og réttin sem nú er í notkun og var byggð árið 1960, um 820 m norðaustan við Smaladys 008 og 10 m sunnan við Kvíaveg (5230).
Réttin er frammi á melabrún norðan við Norðtunguskóg. Neðan og norðan við hana er mýrlent að Litlu-Þverá. Við réttina er samkomuhús (b. 1927),
Engin ummerki um gömlu réttina sjást lengur. Hefur hún verið rifin þegar ný steinsteypt rétt var byggð á svæðinu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Högnastaðir, 3; Herforingjaráðskort 35 SV

MH-020:026 tóft stekkur 386053 475046
Í örnefnalýsingu segir: “Enn vestar [en Stórimói] er Stekkjarbali niður við á, og af honum er Stekkjarvað [010] yfir ána nokkuð neðar.” Stekkurinn sést enn, norðaustan við ræktað tún á suðurbakka Litlu-Þverár. Stekkurinn er 120 m suðvestan við Stekkjarvað 010 og rúmum 550 m norðaustan við bæ 001.
Austan við stekkinn er rök mýri en ræktað tún til vesturs. Í mýrinni eru stórþýfðir rimar sem eru þurrlendir.





Stekkjartóft 026, horft til norðausturs á ljósmynd.

Tóftin er 7x5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún skiptist í tvö hólf sem bæði eru opin til suðvesturs. Hólfin eru um 3,5 m að lengd en suðastara hólfið er breiðara. Bæði hólfin snúa norðaustur-suðvestur. Ekki er gengt á milli hólfa og líklegt að stekkurinn hafi verið nýttur sem fjárhús eftir að hætt vat að færa frá. Veggirnir eru torfhlaðnir, 1,5-2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Þeir eru stórþýfðir og grónir.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Högnastaðir, 2

MH-021 Helgavatn

20 hdr. 1708. Bændaeign. JÁM IV, 280. Einnig Vatn. Getið í Hænsna Þórissögu: "...Nú græðir Þórir svá mikit at hann kaupir sér land, er at Vatni heitir, upp frá Norðrtungu..." ÍF III, 6. og "Einn dag gerir Þórir heiman ferð sína ok ríðr í Norðrtungu ok hitti Arngrím goða og bauð honum barnfóstr. "Vil ek taka við Helga, syni þínum..." Fór þá Helgi heim með Þóri, ok heitir þar nú síðan bærinn at Helgavatni." – ÍF III, 6. Helgavatnssel, húsmennskubýli í sellandi Helgavatns. Ekki hefur verið búið þar síðan 1886.- BB III, 72. Tún 6,4 ha. 1907. "Skógur sem sagt er um Örnólfsdal. Torfrista og stúnga er bjargleg enn nú. Móskurður meinast vera, en brúkast ekki. Sumir ætla hann þrotinn. Laxveiðivon má valla telja. Selstöðu á jörðin þar sem heitir Þverárdalur, og er þángað ærið lángt til að sækja." JÁM IV, 280-281. "Skóglendi er allmikið í suðvestur frá bænum og liggur að Norðtunguskógi. Annað land hefur mest allt verið ræktað enda ræktunarskilyrði með besta móti, landið er fremur þurrt og túnin samfelld og þægileg...með klettabrúninni sem skilur að lönd Helgavatns og Örnólfsdals er kominn vísir af sumarhúsabyggð...Hlunnindi af laxveiði eru bæði í Örnólfsdalsá og Litlu-Þverá." BB III, 57. "Jarðhiti er allnokkur á Helgavatni og er nýttur til upphitunar á íbúðarhúsnæði jarðarinnar. Um nokkurt skeið voru þar gróðurhús sem nú eru aflögð. Nú (1992) er í undirbúningi að leggja hitaveitu um hreppinn frá Helgavatni." – BB III, 72.


MH-021:014 tóft óþekkt 387298 475604

Lítil tóft er austarlega í Eyvindarlág, fast sunnan við Eyvindarhöfða 024 og rúmum 1 km vestan við bæ 001.

Lágin er lítið þýfð og í henni vex gras en allþétt birkikjarr er beggja vegna við hana.



Tóft 014 í Eyvindarlág, horft til NNV.



Mynd af uppmælingu sem sýnir tóftina og þúst við hlið hennar.

Tóftin er í norðurjaðri lágarinnar, þar sem hún þrengist og er um 4 m breið. Tóftin er hringlaga og einföld, um 3 m í þvermál. Veggir hennar eru 0,2-0,4 m á hæð, grónir og signir en innanmál er skýrt. Fast sunnan við tóftina er lágur hryggur sem er 2,5 m á kant. Mögulega leynast mannvistarleifar í honum. Tóftin virðist ekki mjög gömul en hlutverk hennar er ekki þekkt. Mögulega hefur hún verið notuð sem heystæði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-021:019 *Rjóður* heimild um kolagröf 387379 474774

"Bugaskógurinn var talinn ná að götunni [Skógargötu MH-621:007] að sunnan, en skógurinn vestan götunnar [Skógargötu] er nefndur Rjóður, en er líklega ekki gamalt nafn. Trúlega er nafnið dregið af því, að áður fyrr var gert hér mikið til kola. Menn komu að vestan og norðan og fengu skóg í kolagerð í staðinn fyrir rekavið," segir í örnefnaslýsingu.

Helgavatnsskógur er þéttur birkiskógur og Rjóður er innan þess hluta skógarins sem er á flatlendi vestan

við Stapana.
Haustið 2022 var áhrifasvæði línukosta vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 tekið út í Helgavatnsskógi, m.a. þar sem heitir Rjóður. Ekki vitað hvort að sú ályktun sem dregin er í örnefnalýsingu jarðarinnar sé rétt, þ.e.a.s. að Rjóður heiti svo vegna þess að þar hafi verið gert til kola en afar líklegt verður að teljast að kolagerð hafi verið stunduð í skóginum að einhverju marki í gegnum tíðina. Ekki var hægt að finkemba skóginn í leit að kolagröfum á úttektarsvæðinu en reynt að fara þar sem það var hægt fyrir trjám. Engar kolagrafir fundust á þeim svæðum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Helgavatn, 3

MH-021:021 *Högnastaðagata* heimild um leið 387410 475147
"Gata lá í gegnum mið Rjóðrin [019], sem hét Högnastaðagata milli Helgavatns og Högnastaða, en er orðin skógivaxin á kafla," segir í örnefnalýsingu. Högnastaðagata liggur í gegnum Helgavatnsskóg og sést fyrst vestan við nýræktartún rúmum 1 km suðvestan við bæ 001.
Leiðin liggur í gegnum þéttan birkiskóg á fremur flatlendu svæði.
Högnastaðagata hefur verið rudd og er hálfgróin. Ruddi vegurinn er um 2 m á breidd en norðaustasti hluti leiðarinnar er allur grónari og er 1-1,5 m á breidd. Leiðin er 870 m löng þar sem hægt er að fylgja henni í landi Helgastaða. Engin merki um hana sjást í Norðtunguskógi suðvestan við merki milli Norðtungu og Helgastaða vegna trjáræktar. Leiðin liggur norðaustur-suðvestur og stefnir ekki beint á Högnastaði en hefur væntanlega breytt um stefnu í Norðtunguskógi og legið til vesturs. Engin ummerki um eldri götur á þessari leið sjást lengur í landi Helgavatns.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Helgavatn, 3

MH-021:024 *Eyvindarhöfði* Þjóðsaga 387343 475616


Eyvindarhöfði 024, horft til ANA.

"...innan við réttina [Þverárrétt (sjá MH-020:017] gengur fram skógivaxinn höfði, sem heitir Eyvindarhöfði. Sú saga er til um höfðann, að smali á Helgavatni átti að hafa drepið Eyvind smala á Högnastöðum við Eyvindarhöfða einhvern tíma í fyrndinni," segir í örnefnaskrá. Höfðinn er vel greinilegur og afgerandi. Eyvindarlág liggur meðfram höfðanum að suðvestanverðu og henni er tóft 014. Höfðinn er rúmum 1 km vestan við bæ 001.
Höfðinn er flatur að ofan, vaxinn grasi, lyngi og birkikjarri. Brattar hlíðar hans eru lítt grónar, nema neðst, við flatlenda Smérmóa sem ná norður að Litlu-Þverá.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Helgavatn, 3

MH-021:031 *Möngubrot* heimild um vað 387562 476080
"Milli Grjóts [MH-029] og Helgavatns var vað á Litlu-Þverá, sem hét Möngubrot," segir í örnefnaskrá.
Vaðið við Möngubrot er um 370 m vestan við Kvíaveg (5230) og 450 m norðan við Bug 032 þar sem torf var rist.
Bakkar Litlu-Þverár eru grónir og flatlendir.
Þar sem vaðið var yfir ána er hún hvorki straumþung né djúp. Áin er um 10-20 m breið á þessum slóðum. Engin skýr merki um umferð sjást við vaðið en þó sjást bílslóðar liggja að því á bökkum beggja vegna við ána.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Helgavatn, 4

MH-021:032 *Bugur* heimild um ristu 387560 475600



Í Bug var torfrista 032, horft til austurs.

"Bugur hét bogið vik í melana fyrir framan Eyvindarhöfða og mýrarblettur þar við. Þar var aðaltorfrista (heytorf), en slegið á jöðrunum," segir í örnefnalýsingu. Bugur er austan við Eyvindarhöfða 024 og um 950 m vestan við bæ 001.

Í Bugnum hefur land verið ræst fram og þar ræktuð flatlend tún. Deiglent er utan túna, meðfram gróinna brekkna.

Engin ummerki sjást um torfristu á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Helgavatn, 4

MH-028 Sigmundarstaðir

16 hdr. 1708. Bændaeign. JÁM, IV, 284. Jarðarinnar er getið á skrá og reikningsskap eigna Guðna Jónssonar frá 1504: “ ...ij kvi(lldi) hia arna a sigmundarstodum.” DI VII, 743.
1917: 4.5 ha.;2/5 sléttur; Garðar 195 m2 “Skógur til kolagjörðar og eldiviðar nægur. Torfrista og stúnga viðsæmandi. Lax og silúngsveiðivon lítil. Engjunum spilla leysingavötn af melum.” JÁM, IV, 285. “Sigmundarstaðaland er ofan vegar kjarri vaxið mað valllendis brekkum og holtum á milli, en suðvestur af bænum er undirlendi, sem nú hefur verið nær allt ræktað og er samfellt og þægilegt tún. Dálítil hlunnindi eru af laxveiði í Litlu-Þverá. Á jörðinni er nú aðallega suðfjarbúskapur, einnig nokkurt hænsnabú og kýr til heimilisnota.” BB III, 69.

MH-028:005 *Grafarhringur* heimild um mógrafir 388260 477437
“Austan við Flöguna er sléttur melur, sem heitir Grafarhringsmelur (8), og milli hans og árinnar er mýrar- og vallendiseyri, sem heitir Grafarhringur (9). Mun draga nafn af mógröfum, en þarna var mótak jarðarinnar,” segir í örnefnalýsingu AG. Í svörum við spurningum um örnefni Sigmundarstaða kemur eftirfarandi fram um mótekju á jörðinni: “Ég [Katrín Jónsdóttir f. 1899] man ekki eftir mógröfum annars staðar í landareigninni eða örnefnum, sem minna á mótekju. Meðan við vorum á Sigmundarstöðum (1908-1928), var alltaf tekinn upp mór þarna, en ég man ekki eftir að tekinn væri upp mór í Grafahring frá öðrum bæjum. Á bæjunum í kring var brennt hrísi, en á Sigmundarstöðum var enginn skógur til nytja, þar var brennt sauðataði og mó.”Grafarhringur er 350-400 m suðaustan við bæ 001. Litla Þverá rennur meðfram svæðinu að norðaustanverðu. Þar er nú sléttað tún.
Búið er að ræsa fram Grafarhring og rækta þar tún. Sunnan við það er jarðvegsnáma á Grafarhringsmel. Engin ummerki sjást um mógrafir á svæðinu vegna túnræktar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Sigmundarstaðir AG, 1; Ö-Sigmundarstaðir, svör við sp., 1

MH-028:010 tóft óþekkt 387504 477046



Niðurgrafin tóft 010, horft til austurs.

Niðurgrafin tóft er neðan og sunnan við Sigmundarstaðaveg (5231), austan við Sandhól, um 35 m norðaustan við landamerkjavörðu MH-029:023 og um 800 m suðvestan við bæ 001.
Tóftin er í litlum grónum hvammi, rétt sunnan við læk.
Tóftin er einföld og nálega ferköntuð, 5 x 3 m að stærð og snýr NNV-SSA. Veggir eru grafnir niður á um 0,5 m dýpi. Enginn veggur er á NNA-hlið tóftarinnar. Ekkert grjót er sjáanlegt í veggjum. Ekkert er vitað um hlutverk þessarar tóftar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-028:021 heimild um landamerki 386442 478196
Frá miðri Leirtjörn liggja landamerki Sigmundarstaða “í vörðu austan til á Finnsteins-brekku, frá þeirri vörðu í miðju á Hróðnýjarvatni stóra” samkvæmt landamerkjalýsingu jarðarinnar frá 1884. Merkin liggja á móti Grjóti (MH-029) og er landamerkjalýsing þeirrar jarðar frá 1922 samhljóða.
Landamerkjagirðing milli Sigmundarstaða og Grjóts er um 165 m vestan Grjóthálsvegar.
Finnsteinsbrekkur eru bratttar og að mestu grasi grónar á þessu svæði. Ofan (norðvestan) við brekkurnar er melur en hálfgróið lyngi neðan (suðaustan) við þær.
Engin merki um vörðu fundust á svæðinu og er ekki vitað um afdrif hennar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 220; Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur II, 65

MH-028:027 varða óþekkt 386651 478415



Varða 027, horft til austurs.

Varða er um 1,6km norðvestan við bæjarhús á Sigmundarstöðum, rúma 250m austan við Hróðnýjarvatn og norðan Merkjasunds og Finnsteinsbrekkna. Hún er einnig um 180m suð-suðaustan við vörðu MH-621:003_2. Mögulega tengist hún leið MH-621:002.
Varðan er í hæðóttu mólendi sem hefur nokkuð þunna gróðurhulu og er hún nyrst á ávalri og gróðurvana klöpp.
Varðan er 1x1m að stærð og hlaðin úr flötum grjóthellum. Hún er um 50cm á hæð, 1-3 umför og mikið til hrunin til vesturs. Umhverfis hana vottar fyrir gróðurkraga.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-028:028 gata leið 386738 478942



Götur á leið 028, horft til norðurs.

Götur liggja eftir Grjóthálsi, all nærri landamerkjagirðingu Hafþórsstaða MH-056 og Sigmundastaða, suðaustan við Hrafnabjörg. Þær liggja frá suðvestri til norðausturs.
Göturnar liggja um leitótt klapparholt og deiglendan móa.
Göturnar eru á bilinu 2-4 og hlykkjast nokkuð. Þær liggja stundum nokkuð þétt saman en dreifa síðan vel úr sér og eru þar á 2-6m breiðu belti. Þær virðast hafa sömu stefnu og Grjóthváls. Þegar skráningin var gerð þekktust engar heimildir fyrir leið á þessum slóðum en þar sem skilarétt var við Fiskivatn má vera að göturnar hafi myndast í tengslum við hana. Göturnar eru grónar í botninn en eru enn frekar greinilegar. Þær voru raktar á um 160m löngum kafla og er hver gata er um 30cm á breidd og 10cm á dýpt.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-028:029 varða óþekkt 386699 478947

Á Grjóthálsi er klettabelti sem nefnist Hrafnabjörg og þar er varða. Varðan er um 1,7km norðvestur af íbúðarhúsum á Sigmundarstöðum, um 90m norð-norðaustur af vörðu 028 og um 110m suð-suðvestan við landamerkjavörðu MH-056:045. Vel sést til þeirra varða sem eru sunnan og norðan við hana. Varðan er á lágu klettabelti sem liggur langsum eftir Grjóthálsi og nefnast Hrafnabjörg. Mögulega er varðan hluti af leið 028 en þar sem hún er einnig nærri landamerkjum má vera að hún hafi einniG verið hlaðin sem landmerkjavarða.
Varðan er á mosagrónu holti sem hefur þunna gróðurhulu og stendur hún nyrst á klöpp sem liggur svo til norður og suður.




Varðan er um 50x50cm að stærð og um 30cm á hæð. Hlaðin úr flötum grjóthellum og er hún 1-3 umför.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Varða 029, horft til austurs.

MH-028:030 tóft heystæði 386794 478904
Heystæðistóft er norðvestan við Efri-Gilbrekkur, um 1,6 km norðvestan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1978) og rúmum 70 m suðaustan við leið 028.
Tóftin er í litlum og votlendum hvammi. Gróður er nokkur, mest mosti. Hálfgrónir melar afmarka hvamminn og rétt sunnan við tóftina er þurr lækjarfarvegur.





Heystæðistóft 030, horft til suðausturs á ljósmynd.

Tóftin er einföld, 7 x 3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru hæstir á norðurhlið, 0,5 m á hæð, en nær útflattir í suðausturhorni tóftarinnar. Þar er vegghæð aðeins 0,1-0,2 m. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir en ekki sér í umför í hleðslum vegna gróðurs. Ekkert op er greinilegt á tóftinni. Stutt er í slægjur í sundi neðan og austan við tóftina sem styrkir þá tilgátu að þetta sé heystæði.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-028:031 varða landamerki 386639 478881
Varða er syðst á Hrafnabjörgum um 1,7km norðvestan við íbúðarhús á Sigmundarstöðum. Hún er um 260m norð-norðvestan við vörðu MH-621:003_2 og um 90m suðvestan við vörðu 029.
Varðan er sunnarlega á ávölu klapparholti sem er lítt gróið. Hún er nærri girðingu sem er að öllum líkindum landamerkjagirðing milli Sigmundarstaða og Hafþórsstaða. Háspennulína liggur beint yfir vörðuna og vestan við hana Grjóthálsvegur og mun varðan sjást af honum.
Varðan er að öllu leyti fallin en hún hefur verið hlaðin að lágmarki úr fimm steinum sem liggja þétt saman. Hún er um 100x60 cm að stærð og snýr norður og suður. Hún er einungis 20 - 30cm á hæð og




Landamerkjavarða 031, horft til norðurs.

aðeins eitt umfar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-028:032 tóft sel 387465 478438
Tóft er ofarlega í Neðri-Gilbrekkum, fast vestan við Gilið. Hún er um 780 m norðan við Miðaftanshól 033, um 820 m austan við vörðu 027 og um 850 m NNV við bæ 001. Tóftin er sunnan undir brattri bekku, nærri vesturbrún Gilsins. Sé tekið mið af lagi og staðsetningu tóftarinnar er um sel eða beitarhús að ræða. Ekki fundust aðrar tóftir í hvamminum.





Meint seltóft 032, horft til austurs á ljósmynd.

Tóftin er í hvammi, undir um 15 m hárri brekku sem hallar til suðurs. Klettar eru efst í brekkunni sem verður grýttari eftir því sem neðar dregur. Kjarr er ríkjandi í brekkunum en víða er einnig grýttur melur. Gróið svæði er næst tóftinni, mögulega ummerki um gamalt tún.
Tóftin er í hvammi í svokölluðum Neðri-Gilsbrekkum. Hún er mjög gróin og sker sig úr nánasta umhverfi sökum þess. Tóftin er 12,6 x 10,7 m að stærð, snýr NNA-SSV og skiptist í fjögur hólf. Þrjú hólf (A-C) eru í sjálfri tóftinni en hið fjórða D er líklega rétt eða aðhald sunnan hennar. Veggir í tóftinni eru 0,4 m á hæð, 1-2 má breidd, grónir og aðeins sléttari en nánasta umhverfi. Hólf A-C eru öll opin til suðvesturs og snúa eins, norðaustur-suðvestur. Hólf B er í miðri tóftinni og virðist minnst (3x1,5 m). Úr því er op inn í hólf D sem er er suðvestan við tóftina. Líklega var það einhvers konar aðhald. Op er inn í það úr ASA og veggirnir eru 0,2-0,3 m á hæð. Þeir eru þýfðir og grónir. Tóftin er öll sigin, hlaupin í þúfur og mjög gróin.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-028:033_01 *Miðaftanshóll* varða eyktamark 387387 477664



Eyktamark 033_01 á Miðaftanshóli, horft til austurs.

Í örnefnalýsingu segir: “[...] og í vestur frá Sigmundarstöðum er hár kletta hóll, er heitir Miðaftanshóll, fornt eyktamark.” Miðaftanshóll er um 630 m vestan við núverandi ibúðarhús á jörðinni og um 780 m sunnan við sel 032. Tvær vörður eru á Miðaftanshóli, varða 033_01 er uppi á sjálfum hólnum en varða 033_02 er norðaustast á hólnum þar sem hann fer lækkandi.
Miðaftanshóll er á klettaási eða -hrygg sem liggur norðaustur-suðvestur. Hann er 10-15 m á hæð, hæstur til suðausturs. Mosavaxið svæði er umhverfis hólinn, fjær er víða deiglendi og kjarr.
Lýsingin hefst á vörðu 033_01 sem er uppi á Miðaftanshól, á hæsta punkti hans. Varðan er um 0,8 x 0,9 m að grunnfleti og er 0,7 m á hæð. Hleðslan er fremur óvönduð eða úr lagi gengin. Það má greina 7-8 umför af hleðslum í henni, mest er um grjóthellur. Gróðurkragi er meðfram neðstu steinum vörðunnar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Sigmundarstaðir AG, 1

MH-028:033_02 varða óþekkt 387419 477730



Varða 033_02 á Miðaftanshóli, horft til norðvesturs.

Varða 02 er norðaustast á Miðaftanshóli, um 75 m NNA við vörðu 01. Ekki er ljóst hvort að þessi varða sjáist vel frá bæ en líklega er hún ekki eyktarmark líkt og varða 01. Hlutverk þessarar vörðu er því óþekkt. Hún er á lágum stakstæðum kletti og er hrunin. Neðst eru hellur en stærri steinar eru ofar. Hún er 0,5-0,6 m í þvermál og 0,2 m á hæð. Mögulega er um hrunda refagildru að ræða.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-029 Grjót

12 hdr. 1708. Konungseign. JÁM IV, 285. Jarðarinnar er getið í jarðakaupabréfi Hauks Einarssonar frá 13. október 1461: "...ath fyrr greindr haukr sellde adr nefnum birne til fvllarar eignar ok frials for(r) ædis jarder þriar er suo heita hvassafell j nordrardal er liggr j huamz kirkiu sokn ok griot j þverarhlid j nordtungv kirkiu sokn ok hafvafell j daulum er liggr j saudafellz kirkiu sokn..." DI V, 405. Hún á skrá yfir jarðir sem Ögmundur biskup átti og teknar voru án dóms og laga undir konungsvaldið. DI X, 680. Þá er jarðarinnar getið í fógetareikningum; leigna, landskylda og skreiðargjaldsreikningi Kristjáns skrifara, frá 1548-9, 1549-50, í afgjaldsreikningi Kristjáns frá 1550 og í leigna, landsskylda og skreiðargjaldsreikningi Eggerts Hannessonar frá 1552. DI XII, 132, 147, 167, 393. 1917: 3.3 ha; ¼ sléttur; Garðar 210 m2 "Skógur til kolagjörðar og eldiviðar enn nú nægur., en þverr mjög. Móskurður hefur áður verið brúkaður, en meinast nú þrotinn. Torfrista og stúnga næg. Silúngs og laxveiðivon lítil." JÁM IV, 285. "Hálsinn upp af bænum er grýttur, en þegar neðar dregur og vestar, er allnokkurt skógarkjarr í svonefndum Grjótsflata. Sunnan vegar er undirlendi, sjálfgrónir bakkar með Litlu-Þverá og fremur þurrt mýrlendi upp af þeim, sem nú er búið að rækta að talsverðum hluta. Á jörðinni er blandað bú. Allnokkur hlunnindi eru af laxveiði í Litlu-Þverá, því bakkalengd árinnar er mikil, þar sem hún rennur mjög í buðgðum fyrir Grjótslandi." BB III, 54.

MH-029:010 *Arnarvarða* varða landamerki 386134 475845



Arnarvarða 010, horft til VNV.

"Efst í honum [Flata] er á merkjum varða, sem Arnarvarða heitir," segir í örnefnaskrá.

Landamerki Grjóts 1922: "Gagnvart Höfðalandi [MH-030] eru merkin þannig: Frá Flatavörðu [017] sjónhending í Arnarvörðu. Frá Arnarvörðu sjónhending í Einbúa." Arnarvarða er rétt suðvestan við Flata, rúmum 250 m SSV við tóft 028 og tæpum 410 m vestan við veg 5231.

Arnarvarða er mjög ofarlega á hálfgrónum hrygg. Mosi og kjarrgróður er áberandi á svæðinu. Umhverfis hrygginn er deiglendi sem er þakið birkikjarri.

Varðan er mjög hrunin. Hún er aðeins 0,2 m á hæð og er 0,3 m á kant. Hún er hlaðin úr 4-5 flötum grágrýtissteinum og er grjót í vörðunni skófi vaxið. Rétt norðvestan við vörðina er vírgirðing og mögulega hefur grjót verið tekið úr vörðunni og sett undir girðinguna. Þetta er mjög umfangslítið varða og ekki sannfærandi landamerkjavarða. Ekki fannst önnur varða á Flata og ekki er hafið yfir allan vafa að þessi varða eða vörðubrot sé landamerkjavarðan Arnarvarða.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Grjót, 1-2; Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur II, 64


MH-029:011 náma mógrafir 387404 476578

Allstórt mógrafasvæði er rétt norðan við Græfrahyl í Litlu-Þverá, um 440 m sunnan við landamerkjavörðu 023, 280 m austan við Sigmundastaðaveg (5231) og 440 m suðaustan við bæ 001.

Svæðið er nokkuð þýft og var á kafi í grasi þegar skrásetjari var á ferð haustið 2022. Rétt austan við grafirnar eru hálfgróið melholt og sunnan við þær er lækur.

Mór var tekinn á svæði sem er um 90 x 30 m að stærð og snýr ANA-VSV. Ekki er unnt að telja fjölda grafa innan svæðis vegna stærðar þess. Þær eru flestar nokkuð djúpar, allt að 0,7 m á dýpt en margar hverjar byrjaðar að síga saman. Botn þeirra er rakur og gróinn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mógrafir 011, horft til suðurs á ljósmynd.

MH-029:013 *Selfell* örnefni sel
"Þá kemur Forarsund ofan við Selfell. Þá kemur sunnan við það Selfellssund," segir í örnefnaskrá. Selfell er sunnarlega á Grjóthálsi, vestan við Grjóthálsveg.
Selfellssund er að mestu gróið lyngi og lágvöxnu birki eða fjalldrapa. Ofar (norðar) á Selfelli, er að mestu urð, með litlum mosa- og lyngbreiðum á dreif.
Minja um sel var leitað suðaustan og austan við Selfell haustið 2021 á svæði sem gengið var í leit að minjum í tengslum við Holtavörðuheiðarlínu 1. Ekki er vitað hvar við Selfell selið var.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Grjót, 2.

MH-029:014_01 *Þrívörður* varða samgöngubót 386308 476981



Varða 014_01, horft til suðausturs.

"Fram af því [Selfellssundi 013], þó sunnar, koma Þrívörður": segir í örnefnaskrá Grjóts. Þrívörður eru tæpa 700m norðvestan við bæjarhús Grjóts, rúma 80m suðvestan við vörðu 026 og tæpa 10m aust-norðaustan við vörðu 025. Þær eru norðan Bæjarsunds, austan Hóla og Selfells 013 og suðvestan Bröttusneiðar 016. Það verður að teljast líklegt að vörðurnar sem eru þrjár hafi verið þekkt kennileiti á Bröttusneið sem er hluti af leið sem lá frá Grjóti og að Grjóthálsi MH-631:004. Vörðurnar eru á klapparholti sem liggur frá suðvestri til norðausturs ásamt vörðum 025 og 026. Þær eru nærri suðvesturenda holtsins og framarlega á suðausturhlið þess og sjást líklega frá bæ. Vörðurnar standa á klöpp sem liggur eins og holtið frá suðvestri til norðausturs. Þær eru á svæði sem er um 6x1m að stærð og snýr það eins og klöppin. Hér verður byrjað á að lýsa norðaustustu vörðunni en hinar fá einingarnúmerin 014_02 og 014_03.
Umhverfis klapparholtið sem vörðurnar eru á er birkikjarr en sjálft holtið er lítt gróið, gróðurhula þunn og þá aðallega mosi.
Varðan er 70x50 cm að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er 40-50 cm á hæð, hlaðin úr flötum grjóthellum og er 6-7 umför. Umhverfis hana er vottur af gróðurkraga.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Grjót, 2.

MH-029:014_02 varða samgöngubót 386306 476979



Varða 014_02, horft til suðausturs.

Miðvarðan 014_02 er mikið til hrunin og má sjá hrunið úr henni norðaustan megin við hana. Hún er bara 1-2 umför og 30-40cm á hæð. Hún er 60x100 cm að stærð og snýr norðvestur og suðaustur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-029:014_03 varða samgöngubót 386306 476979



Varða 014_03, horft til suðausturs.

Suðvestasta varðan 014_03 er svo til alveg hrunin og má sjá hrunið úr henni suðvestan megin við hana. Hún er 1-2 umför og 20-30cm á hæð. Hún er 100x50cm á stærð og snýr norðvestur og suðaustur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda


MH-029:020 tóft óþekkt 386395 478124

Lítil tóft er í rótum Finnsteinsbrekkna, 195 m vestur af Grjóthálsvegi.

Grasi vaxin brekka er ofan (norðanvestan) við tóftina, og er áberandi grænn blettur í brekkunni. Svæðið suðaustan við tófina er smágrýtt og hálfgróið lyngi.

Tóftin er ferhyrnd, um 3,5 x 3,5 m að stærð og er með op til suðausturs. Hæð veggja er um 50 cm að utan en 70 cm að innan. Tóftin er grasi gróin en grjót finnst í veggjum að innan þó það sjáist varla. Ekki





Tóft 020, horft til norðvesturs á ljósmynd.

er vitað um hlutverk tóftarinnar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-029:023 varða landamerki 387489 477015



Landamerkjavarða 023, horft til suðurs.

Landamerki Grjóts 1922, á móti Sigmundarstöðum BO-235: "Frá vörðu 022 á miðjum Hríshól "sjónhending í vörðu á Sandhól og frá þeirri vörðu beint í Þverá (Litlu Þverá)," segir í landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Landamerkjavarða á Sandhóli er um 430 m NNA við mógrafir 011 og rúma 700 m ANA við bæ 001.
Varðan er austarlega á grónum hól, nokkuð bratt er til austurs en vestan við vörðuna liggur akvegur, Sigmundastaðavegur (5231).
Varðan er mjög lítil, 0,5 m á kant og aðeins 0,4 m á hæð. Hún er hlaðin úr flötu grágrýti, úr a.m.k. 7 steinum sem eru við það að hverfa undir gróður.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur II, 65

MH-029:025 varða samgöngubót 386297 476975

Varða er tæpa 700m norðvestan við bæjarhús Grjóts. Hún er norðan Bæjarsunds, austan Hóla og Selfells 013 og suðvestan Bröttusneiðar 016. Varðan er einungis um 8m suðvestan við Þrívörður 014 og má það því teljast líklegt að hún sé kennileiti á sömu leið sem hefur mögulega verið Brattasneið en hún er hluti af leið sem lá frá Grjóti og að Grjóthálsi MH-631:004. Varðan er á klapparholti sem liggur frá suðvestri til norðausturs og er varðan suðaustarlega á þessu holti og nærri suðvesturenda þess.



Varða 025, horft til suðvesturs.

Umhverfis klapparholtið er birkikjarr en sjálft holtið er lítt gróið og er gróðurhula þunn og þá aðallega mosi.
Varðan er algjörlega fallin. Hún er um 1x1m að stærð og um 20cm á hæð.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-029:026 varða samgöngubót 386330 477059

Varða er tæpa 700m norðvestan við bæjarhús Grjóts. Hún er norðan Bæjarsunds, austan Hóla og Selfells og suðvestan Bröttusneiðar 016. Varðan er um 80m norð-norðaustan við Þrívörður 014 og má það því teljast líklegt að hún sé kennileiti á sömu leið sem hefur mögulega verið Brattasneið en hún er hluti af leið sem lá frá Grjóti og að Grjóthálsi MH-631:004. Varðan er á klapparholti sem liggur frá suðvestri til norðausturs og er varðan norðvestarlega á þessu holti og nærri norðausturenda þess.
Umhverfis klapparholtið er birkikjarr en sjálft holtið er lítt gróið og er gróðurhula þunn og þá aðallega mosi. Vestan við klapparholtið sem varðan er á er vegarslóði og svo er Brattasneið austan við holtið.
Varðan er alveg ferhyrnd, um 80x80cm að stærð. Hún er 60-70cm á hæð og 5-6 umför. Hún er hlaðin úr flötum grjóthellum, vaxin skófum og umhverfis hana er gróðurkragi.



Varða 026, horft til norðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-029:027 varða samgöngubót 386385 477087




Varða 027, horft til norðausturs.

Varða er tæpa 700m norðvestan við bæjarhús Grjóts. Hún er norðan Bæjarsunds, austan Hóla og Selfells og suðvestan Bröttusneiðar 016. Varðan er á stakstæðri klöpp 130m norðaustan við klapparholt það sem Þrívörður 014 eru og má það því teljast líklegt að hún sé kennileiti á sömu leið sem hefur mögulega verið Brattasneið en hún er hluti af leið sem lá frá Grjóti og að Grjóthálsi MH-631:004. Varðan er vestast á klöppinni.
Umhverfis klöppina er birkikjarr en sjálft holtið er lítt gróið.
Varðan er um 80x80cm að stærð. Hún er um 50cm á hæð, hlaðin úr stóru grjóti og má telja 2 umför. Greinilegt hrun úr vörðunni er austan megin við hana. Milli hleðslugrjótsins í vörðunni er holrými og því er hugsanlegt að um gildru sé að ræða, það er þó mjög óljóst og ekkert hægt að fullyrða um það. Ef um gildur væri að ræða væir hleðlan mjög úr lagi gengin.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-029:028 tóft óþekkt 386178 476089





Tóft 028, horft til vesturs á ljósmynd.

Lítil tóft er í Lækjarlág, austan við Hallstjörn, rúmum 250 m NNA við Arnarvörðu 010 og rúmum 450 m VNV við veg 5231.
Tóftin er í grunnri lág sem er þakinn birkikjarri. Botngróður er einnig talsverður og er mikill mosi. Nokkuð gróið mýrlendi er til norðurs og þar rennur lækur niður eftir miðri láginni.
Tóftin er einföld, 5 x 4,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er grjóthlaðin en vegna gróðurs er ekki hægt að sjá í umför þótt víða, einkum á suðausturhlið, sjáist glitta í hleðslugrjót. Veggir eru signir, 0,5 m á hæð og ekki er hlaðinn veggur á norðvesturhlið en þétt skógarkjarr byrgir sýn á þennan hluta tóftarinnar. Ekki er vitað um hlutverk tóftarinnar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-029:030 *Grafarsund* náma mógrafir 387259 476913



Mógrafir 030, horft til ASA.


"Fremst fyrir ofan Sandhól er Grafarsund," segir í örnefnaskrá. Í Grafarsundi má sjá óljós merki um móskurð sem gæti skýrt nafnið. Þau eru 340 m NNV við mógrafir 011 og 500 m norðaustan við bæ 001.
Sundið er fremur mjótt og niðurgrafið ofan við Sigmundarstaðaveg (5231) þar sem það er afmarkað af klettum. Lækur rennur eftir sundinu sem er deiglent næst honum en fjær er þýfður lyngmói.
Í sundinu sjást ummerki um móskurð á svæði sem er 10x10 m að stærð, breiðast austast en mjókkar til vesturs. Grafirnar eru 0,2-0,4 m á dýpt víðast hvar. Deiglent og gróið er innan svæðisins.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Grjót, 2

MH-030 Höfði

24 hdr. 1708. Bændaeign. “Bænhús segja menn hjer hafi verið og er það af fallið fyrir manna minni, so að valla sjást þess merki nú.” JÁM IV, 286.
1917: 4.8 ha; ¼ sléttur; Garðar 340 m2. “Skógur til kolagjörðar og eldiviðar nægur. Raftvið má þrotinn kalla. Torfrista og stúnga næg. Móskurður hefur verið, meinast vera en brúkast ei. Silúngsveiðivon í Þverá. Berjalestur gagnvænn heimamönnum.” JÁM IV, 287. “Landslagi er svo hátta, að upp frá bænum er landið bratt, klettótt, en þegar ofar kemur, er hálsinn meira gróinn og kjarri vaxinn utanvert við Karlsdalin. Sunnan þjóðvegar að Litlu-Þverá er undirlendi, sem að mestu hefur verið ræktað. ... Fyrr á árum átti Höfði engjaítak í Norðurárdal, sem heitir Kerlingahólmi. Var það selt að Brekku fyrir allmörgum árum. Dálítil hlunnindi eru af laxveiði í Litlu-Þverá. Á merkjum Höfða og Skarðshamra er Hólmavatn, allstórt vatn, sem áður fyrr var í þó nokkur silungsveiði. Nú síðari ár hefur hún verið lítið stunduð...Á Höfða er rekið blandað bú.” BB III, 60.

MH-030:029 tóft óþekkt 385935 475227
Tviskipt tóft er í jaðri birkiskógar norður af austurenda Leynifita, um 480 m ANA við yngsta bæjarstæði Karlsbrekku 018 og 1,5 km austan við Höfða 001.
Tóftin er á fremur grösugu svæði, rétt sunnan við allþétt birkikjarr.





Tóft 029, horft til norðvesturs á ljósmynd.

Tóftin er tviskipt, 14 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin en vegna þess hve gróið er mikið yfir hana er ekki hægt að telja umför. Veggir eru signir, 0,6 m á hæð. Hólf A er vesturhluta tóftarinnar. Það er 5 x 4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hlaðinn veggur á suðvesturhlið hólfsins. Hólf B er austurhlutanum. Það er 5 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er hlaðinn veggur á suðurhlið hólfsins. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en til greina kemur að hún sé stekkjartóft, út frá lögun, stærð og fjarlægð frá bæ (Karlsbrekku).
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-048c Hellistungur

Nú á afrétti Stafholtstungna og nokkurra jarða austanmegin í Norðurárdal. Þær takmarkast af Hellisá að vestan og Norðurá að austan. "Hellistungur heita ofarlega í Norðurárdal, dalurinn austan Norðurár og fyrir norðan Hellisá og fjallendið þar austur af. Í Hellistungum er nú engin byggð, og hefir eigi verið svo öldum skiptir, en munnmæli herma, að þar hafi verið byggð að fornu, og kvað enn sjást til rústa þar á nokkrum stöðum. Rústir þessar hafa aldrei verið rannsakaðar, og er því óvíst, hvort þar er um bæjarústir eða seljarústir að ræða, en Hellistungur eru nú og hafa lengi verið afréttarland Stafholtstungnamanna, Þverhlíðinga, Hvítsíðinga og Norðdæla austan Norðurár og Sanddálsár." ÓL Byggð og saga, 305.
Bæjarkirkja í Bæjarsveit átti geldnautaupprekstur í Hellistungur framfrá Norðurárdal 1707 - JÁM IV, 190. Óljóst er hvort þetta er sama og 'afrétt uppi í norðurárdaal' sem kirkjan átti skv. elstu máldögum hennar (DI V, nr. 350) en kirkjan átti líka afrétt í Svarfastungur (DI III, nr. 88) eða Hvarfsártungur (DI III, 223, 191) sem ÓL telur að sé sama og Hvassártungur vestan Norðurár (ÓL Byggð og saga, 306). "Þá töldu og forráðamenn Hjarðarholtskirkju í Stafholtstungum hana eiga landssvæði nokkurt neðan til í Hellistungum. Var það tilkall byggt á tveimur lögfestum Hjarðarholts frá 19. öld, og á nokkrum vísitasíum kirkjunnar, og var hin elsta þeirra vísitatía Páls prófasts Gunnrssonar frá 1694. Tilkalli þessu var hrundið með dómi landsyfirréttarins 12. okt. 1896, og kirkjunni aðeins dæmdur réttur til selfarar í landið (Landsyfirréttar- og Hæstaréttardómar V, 327-330) og var það byggt á því, að kirkjunni var í JÁM aðeins eigNuð selstaða í landinu." - ÓL Byggð og saga, 306.

MH-048c:002 *Hellisrétt* heimild um rétt 394998 485219

"Daniel Jónsson telur, að elsta fólk í sínu ungdæmi hafi borið saman um, að réttarhaldið hafi verið í svokölluðum Hellistungnasporði við Hellisá. Að líkindum hefur gljúfur verið notað til sundurdráttar eins og tíðkaðist um þær mundir," segir í Göngum og réttum II. "Við suður enda Kjúkubrekku, þar sem Hellisá rennur fram úr neðsta gljúfraþrengslinu, eru allháir hamraveggir báðum megin ár og lítil graseyri inn með hamraveggnum að norðanverðu. Þar á eyrinni var fyrrum fjárrétt fyrir afréttarfénað sem hét Hellisrétt. Talið er að þar hafi verið síðast 1677 eða 1678. Nú sjást ekki merki um mannvirkjaleifar þar," segir í riti Magnúss Sigurðssonar, Afréttir Upprekstrarfélags Þverárréttar í Mýrasýslu.
Graseyri er norðan við ána um 430 austur af þann stað þar sem Hellisá rennur í Norðurá.
Rétt ofan við gljúfur Hellisár er grasi vaxin eyri norðan árinnar. Gýttur árfarvegur er sunnan við eyrina en brött grasi vaxin brekka upp af eyrinni til norðurs.
Engin merki um fornleifar eru sjáanlegar á yfirborði á svæðinu og hefur réttin líklega verið rofin í burt af ánni.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: GR II, 374; MS Afréttir, 9

MH-048c:004 varða óþekkt 397533 490364



Varða 004, horft til norðausturs.

Vörðubrot er 1,1 km ASA af þeim stað er sem Hvassá rennur í Norðurá.
Vörðubrotið er á stórgrýttu holti, að mestu mosavöxnu. Neðan (norðvestan) við holtið er lyngmói og rennur lækur gegnum móann til suðvesturs.
Vörðubrotið er ofan á stórum steini sem er um 1,3 m á hæð. Það er hlaðið úr alls þremur steinum, tveimur í grunninn og einum ofan á. Það er um 45 x 30 cm að grunnfleti og 35 m hátt. Steinarnir þrír eru vel skófum vaxnir. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-048c:005 varða samgöngubót 395398 486836



Varða 005, horft til norðurs.

Ung varða er á milli núverandi þjóðvegar 1 upp á Holtavörðuheiði og eldri útgáfu af sama vegi, fast vestan við þann eldri.
Er á litlum malarhóli sem er lítt gróinn að ofan en neðst í lágum hlíðum hans og í kring er mosamói. Varðan samanstendur af rúnuðu grjóti og er um 1 m á kant. Hún er 0,1-0,3 m á hæð, hæst að sunnan. Hleðslan er öll úr lagi gengin og hefur líkega verið óvönduð í upphafi. Grjót hefur hrunið úr vörðunni, einkum til norðurs og vesturs.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-052a Fornihvammur

Hjáleiga/afréttarland Hvammskirkju. “Forne Hvammur, forn eyðijörð. Liggur undir beneficium Hvamm í Norðurárdal. Hefur í auðn verið næstliðin 22 ár. Átján árum fyrir (eður um það skeið) var hjer á fornu eyðibóli lítilfjörlig bygð uppreist, en hvað mörg hundruð ár áður hafði það í auðn verið, veit enginn að segja. Þá stund, sem bygðin átti að heita viiðhjeldist, lá þó kotið öðruhvörju í auðn, tvö ár í bili eður lengur.” JÁM IV, 300. “Efsti bærinn í dalnum, sem byggður hefur verið í manna minnum, er Fornihvammur, í hvammi rétt fyrir framan ármót Hvarfsár (Hvassár) og Norðurár. Þangað var jafnan, meðan byggð hélst, mikið sótt af ferðamönnum, er leið áttu um Holtavörðuheiði, og lengst af frá 1882 og fram til 1976 var þar boðið upp á gistingu og veitingar. Árið 1926 keypti ríkissjóður jörðina og eyðibýlið Hlíð/Hlíðarenda, sem var vestan Hvassár, nokkru fyrir neðan ármót hennar og Norðurár, og lét reisa myndarlegt hús til gestamóttöku. Hélst starfsemi við lýði fram til ársins 1976, að byggð lagðist þar af. Nú hafa allar byggingar verið jafnaðar við jörðu utan hús nokkurt, sem er afdrep leitarmanna að hausti. […] Á síðari hluta 17. aldar byggðust t.d. 2 jarðir, sem lengi höfðu í eyði legið, Galtarhöfði og Fornihvammur. Fornihvammur átti eftir það auðnarsögu um langan tíma.” - BB III, 78-79. Í BB IV, bls. 190-200 er fjallað um ábúendur í Fornahvammi frá 1880 til 1977 er bærinn fór í eyði.

Túnakort 1917: Stærð túns 2.8 ha (2.15 +0.67) (og húsatúns). Heimatún slétt. Heimatún greiðfært (í hagagirðingu). Kálgarðar: 259 m2.

“Mótak til eldiviðar var af nægð og so torfrista og stúnga. Sumarhagar yfirfljótanlegir,e n átroðningur af afrjettarpeningi mikill. Vetraríki mikið. Þessar sakir telja menn til eyðileggingarinnar: Átroðning af verfólki mest. Ágángur af fjallpeningi. Oflángur kirkjuvegur og vetrarríki. Byggja má hjer aftur, ef nokkur þá tvo síðari ókostu þolir [leiðrj., þola hdr], en getur hinum afhrundið.” - JÁM IV, 300.


MH-052a:013 tóft sæluhús 401656 494182

“Í vetur var ég á ferð milli Suður- og Norðurlands og kom þá í sæluhúsið rétt fyrir sunnan Holtavörðuheiði. Á húsinu, sem er í sjálfu sér gott, er 4 rúðu gluggi, en engin rúða var í honum og húsið var hálffullt af gaddi, því að dyrnar höfðu staðið opnar í því í vetur, og ómögulegt að loka dyrunum fyrir gaddi. Eins og húsið var, er ég kom þangað, mundi varla nokkrum manni hafa verið líft í því næturlangt,” segir í grein Sigurbjörns Björnssonar frá 1905 í Ísafold.

“Innan við Búrfellsána niður við á eru neðst Sæluhúseyrar. Ofan við þær tekur við flói, er heitir Sæluhúsflói og nær sumsstaðar niður að á. Upp af þessu eru Sæluhúsbrúnir og þar hækkandi upp af Sæluhúshæðir. Norðan við Sæluhúsið rennur niður Sæluhúslækur,” segir í örnefnaskrá.

“Sæluhús var gangnamannakofi Stafholtstungnamanna, Mýrasýslu. Rústir hans eru við neðanverðan Sæluhúslæk, rétt ofan við þjóðveginn á vinstri hönd, er farið er norður,” segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar.





Sæluhústóft 013, horft til ANA á ljósmynd.

Sæluhústóftin er merkt inn á herforingjaráðskort 35 (SV-SA) frá 1913 og 1911, um 490 m NNA við brú MH-631:001_7 á leið 631:001_1 yfir Holtavörðheiði. Tóftin er rúmum 90 m NNV við þjóðveg 1.
Tóftin er rétt suðvestan við malarveg sem liggur frá Þjóðveginum og upp hálfgróna hlíð til NNA. Sunnan og suðaustan við tóftina rennur Norðurá og rétt norðan við malarveginn er Sæluhúsalækur. Sjálf sæluhústóftin er á hálfgrónum klettahól og er deiglent umhverfis hólinn.
Tóftin er einföld, 10,5 x 6,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggir eru grjóthlaðnir, 0,4-0,7 m á hæð að innan en rúmir 0,9 m á hæð að utan. Veggir eru stæðilegastir á suður- og norðurhliðum. Ekki sér í umför í hleðslum vegna gróðurs en þó glittir í stæðilegt hleðslugrjót í vestur- og suðurhliðum tóftarinnar. Op er á tóftinni á miðri austurhlið.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ísafold 19.04.1905, 76; Ö-Fornihvammur, 3; Ö-Fornihvammur svör, 1; Herforingjaráðskort 35 SA og SV

MH-052a:014 varða samgöngubót 401046 493718



Varða 014, horft til suðvesturs.

Varða er um 65 m suður af Þjóðvegi 1, um 200 m austur af þeim stað þar sem Búrfellsá rennur í Norðurá. Hún er um 50 m ofan (norðan) við leið MH-631:001 og er ekki útilokað að hún tengist henni.
Varðan er uppi á stórgrýttu mosagrónu holti. Grasi grónara er neðar (suðvestar), nær Norðurá. Varðan er hlaðin upp við vesturhlið stórs steins sem er rúmur 1 m á hæð. Um 7 umför eru teljanleg í vörðunni næst steininum en annars er grjóti óreglulega hrúgað upp við steininn. Varðan er um 3 x 2,5 m að grunnfleti, breiðust norðvestur-suðaustur, og 1,3-1,4 m á hæð. Hún er hlaðin úr tiltölulega stóru grjóti og er það flest a.m.k. um 35 cm í þvermál. Grjót í vörðunni er skófum vaxið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-052a:015 varða samgöngubót 402187 496477



Varða 015, horft til norðurs.

Varða er austan Sæluhússhæðar, sunnan Hrossagils og norðan Rauðhóla. Varðan er um 75m suð-suðaustan við vörðu 016 og ríflega 2,3km norður af sæluhúsi 013.
Varðan er sunnarlega á ávölu mosagrónu klapparholti sem er framarlega á lágum bakka þar sem land byrjar að lækka til suðurs. Rúma 40m austan við vörðuna liggur raflína.
Varðan stendur á litlu bjargi sem myndar neðsta umfar hennar eða sökkul. Með þessu neðsta umfari er hæð vörðunnar 120-130cm en um 80cm án þess. Varðan er kringlótt, um 1m í þvermál og ágætlega hlaðin. Hún er 8-10 umför, hlaðin úr flötum grjóthellum og vaxin skófum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-052a:016 varða samgöngubót 402151 496543



Varða 016, horft til norðurs.

Varða er austan Sæluhússhæðar, sunnan Hrossagils og norðan Rauðhóla. Varðan er um 75m norð-norðvestan við vörðu 015 og 2,4km norður af sæluhúsi 013.

Varðan er sunnarlega á ávölu mosagrónu klapparholti í landi sem hallar til austurs niður að Norðurá. Rúma 70m austan við vörðuna liggur raflína.


Varðan er 90x90cm að stærð og um 150cm á hæð. Hún er afskaplega vel hlaðin, algjörlega ferhyrnd og með skörp horn. Hún er hlaðin úr flötum grjóthellum og er um 17 umför. Efst upp úr kolli vörðunnar er grjóthlella sem stendur uppá rönd og virðist hún vísa til vesturs. Ekki sást til vörðu í þeirri átt frá umræddri vörðu. Varðan er vaxin skófum og er gróðurkragi umhverfis hana. Staðsetning vörðunnar er sérstök. Það mætti ætla að varðan væri hluti af leið, bæði vegna þess að í toppi hennar er grjóthella sem hefur verið sett þar til að vísa á eitthvað og svo er hún í sjónlínu við vörðu 015. Ef hún hefur tilheyrt einhverri leið eru sennilega allar upplýsingar um þá leið glataðar því engin leið er þekkt á þessu svæði. Þá er hún ekki heldur á landamerkjum og því er hlutverk hennar óþekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-053 Krókur

1695, 1708 & 1847: 16 hdr. Eign Hvammskirkju. OILR, 151; JÁM, 299, JJ, 126.
Fyrst getið í Landnámabók: “Þorbjörn blesi nam land í Norðurárdal fyrir sunnan á upp frá Króki ok Hellisdal allan ok bjó á Blesastöðum.” ÍF I, 87.
Jörðin er nefnd í nokkrum skjölum sem eign Hvammskirkju í Norðurárdal: 1399: Máldagi Hvammskirkju. DI III, 645. 1432: Gunnar bóndi Bjarnarsson tekur að sér nokkrar jarðir kirkjunnar í Hvammi, þar á meðal Krók, en á að leysa í lausafé. DI IV, 507. 1442: Máldagi Hvammskirkju. DI IV, 630. 1508: Virðingargerð á staðnum í Hvammi. DI VIII, 257.“Blesastader fornt eyðiból í Krókslandi.” JÁM IV, 299. “Nokkur spilda af Krókslandi var seld til [Upprekstrarfélags Þverárréttar] fyrir allmörgum árum, áður átti jörðin land að Hellisá. Krókur á slægjuland á Desey.” BB III, 104. “Ofan vegar, við merki Hárekssstaða, er lítil landspilda, eign fyrrverandi ábúenda, Haraldar Brynjólfssonar og Sigurbjargar Sigurðardóttur, og hafa þau reist þar sumarbústað.” - BB III, 104. “Land var selt frá Króki til afréttar. Girðingin liggur frá Norðurá á móti bænum í Sveinatungu upp á Dagmálaás, þaðan suður yfir Gunnbjarnarmýrar og áfram suður í Litlu-Þverá. Afréttarmörkin voru áður við Hellisgil.” Ö-Krókur aths og viðb, 1. “Jörðin hefur verið í eyði frá 1983.” - BB III, 104.
Túnakort 1917: Stærð túns: 2,7 ha. Allt þýft. “Umhverfis bæinn er land fremur hrjóstrugt og ræktun erfið. Hálsinn upp frá túninu er allgróinn og góður til beitar. Krókur á Laxveiði í Norðurá og silungsveiði í Fiskivatni á Grjóthálsi.” - BB III, 104. 1709: “Skógur sem verið hefur er gjörþrotinn, so nú þarf eldivið í Hárekssstaðaskóg að sækja. Rifhrís lítið til eldiviðar. Torfrista og stúnga lök. Grasatekja er að mestu þrotin. Engjavegur yfirmáta langur” - JÁM IV, 299. Blesastaðir 1709: “Túnstæði alt er að mestu í hrjóstur og mosa komið, og ekki má hjer aftur byggja fyrir slægnaleysi og fjallpenings yfirgángi [...].”


MH-053:003_01 *Blesastaðir* bæjarstæði býli 393515 484256
“Þorbjörn blesi nam land í Norðurárdal fyrir sunnan á upp frá Króki ok Hellisdal allan ok bjó á Blesastöðum,” segir í Landnámu.



Minjar á bæjarstæði Blesastaða 003.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns segir 1708: “Blesastader fornt eyðiból í Krókslandi. Enginn minnist að þar hafi bygð verið, en munnmæli eru eftir gamallri kellíngu, að faðir hennar hafi þar búið 3 ár. Hún var á dögum foreldra þeirra, sem nú eru fimtugir; ætla menn sögn hennar sanna. [...] Túnstæði alt er að mestu í hrjóstur og mosa komið, og ekki má hjer aftur byggja fyrir slægnaleysi og fjallpenings yfirgángi; það mundi þó annars mögulegt að rækta, ef afstíað yrði átroðnings nauðinni.”
“Nokkuð fyrir innan bæinn er talað um eyðibýlið og landnámsjörðina Blesastaði. [...] Sé nú haldið inn með Norðurá, verður fyrir manni grasigróin lækjarlaut með rústarhól og vatnslind hjá. Brekka er þar austan við. Þetta heita Blesastaðir. [...] Litlu austar en Blesastaðir er gil eitt nokkuð vatnsmikið. Það kemur úr mýrarhvolfi allstóru uppi á hálsinum og heitir það Gunnbjarnarmýrar, en gilið heitir Blesastaðagil og fellur í Norðurá,” segir í örnefnaskrá. Tóftir af Blesastöðum sjást enn og eru þær nokkuð greinilegar. Þær eru óraskaðar en signar. Tóftirnar eru rúmum 1,8 km austan við núverandi íbúðarhús jarðarinnar (b. 1938) og rúmum 780 m VSV við Selhaga 021. Bæjartóft (01) er greinileg ásamt ummerki um útihús





Bæjartóft Blesastaða 003_01, horft til norðurs á ljósmynd.


(02 og 03) og rennu (04). Þessar fornleifar tilheyrðu líklega öll yngsta skeiði búsetu á Blesastöðum. Minjarnar eru á svæði sem er 40 x 25 m að stærð og snýr NNV-SSA.
Minjar um Blesastaði eru í grónum og hálfdeiglendum hvammi sem er fast vestan við Norðurá. Fornleifarnar eru nánast allar í röð á grónum stalli, rétt austan við læk sem rennur gegnum hálfgróið gil og niður að ánni. Mosi og lynggróður er nokkuð áberandi á þessum slóðum og til norðausturs og norðurs eru fáein moldarflög greinileg. Svæðið var á kafi í grasi þegar skrásetjari var þar á haustmánuðum 2021. Sjálf bæjartóftin 01 er syðst á svæðinu. Hún er 20 x 15 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er byggð í lítilsháttar halla til SSA. Tóftin samanstendur af þremur nokkur skýrum hólfum. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, 0,3-0,5 m á hæð, en ekki sér í grjóthleðslur vegna talsverðs gróðurs á þeim. Þó sést glitta í stæðilegt hleðslugrjót í norðurhluta tóftarinnar. Hólf A er syðst. Það er 5 x 3,5 m að innanmáli og snýr h.u.b. austur-vestur. Hólf B er rétt til norðvesturs. Það er a.m.k. 8 x 2 m að innanmáli en gæti hafa náð lengra til vesturs en veggir þar eru mjög þýfðir og grónir og erfitt að sjá skýr endamörk. Hólfið snýr norðvestur-suðaustur. Við norðurvesturenda hólfsins er 0,4 m hár torfhlaðinn veggbútur. Mögulega hefur hann markað annað hólf en það er ekki víst. Hólf C er fast norðaustan við hólf B. Mögulega hefur verið innangengt milli þessara hólfa en það er þá ekki lengur greinilegt. Hólf C er 7,5 x 4 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er hlaðinn veggur á norðvesturhlið hólfsins. Þar eru stakar þúfur sem gætu verið ummerki um útflattan vegg en þau merki eru afar óljós. Rétt suðvestan við bæjartóftina eru afar óskýr merki um hleðslu sem er 0,2 m á hæð, 0,6 m á breidd og 3 m á lengd. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Þar sem ummerkin eru afar óskýr er þessi veggbútur skráður hér undir fremur en á sér númer.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: ÍF I, 87; Ö-Krókur, 1; 5; JÁM IV, 299

MH-053:003_02 dæld útihús 393508 484266
Greinileg dæld er rúmum 10 m VNV við bæjartóft 01. Þetta eru líklega ummerki um útihús sem þarna hefur staði en ekki er þó hægt að fullyrða um það. Dældin er 4 x 3,5 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hún er 0,5-1 m að dýpt og er mjög gróin, með fremur aflíðandi hliðar. Í þeim glittir á stöku stöðum í stæðilegt hleðslugrjót.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-053:003_03 tóft útihús 393508 484272
Tóft 03 er rúmum 15 m VNV við bæjartóft 1. Tóftin er á kafi í grasi og stendur á lágum hól sem líklega er að einhverju leyti uppsafnaðar mannvistaleifar. Tóftin er 17 x 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.



Tóft af útihúsi 003_03, horft til SSA.



Uppmæling á tóft 003_03 og dæld 003_02.

Veggir eru torf-og grjóthlaðnir, 0,2-0,6 m á hæð. Þeir eru stæðilegastir á suður- og austurhliðum. Norðvesturhluti tóftarinnar er nokkuð óskýr. Veggir eru nær útflattir þar, 0,2 m á hæð, og þar er einnig þýft. Í tóftinni eru 3 hólf greinanleg. Hólf A og B eru mjög keimlík. Hólf A er vestast en hólf B er í miðri tóftinni. Bæði hólfin eru 3,5 x 1,5 m að innanmáli og snúa nálega norður-suður. Op er á hólfunum til norðurs. Hólf C er austast. Það er 5 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Op er á miðri norðurhlið þess. Mögulega hefur hólfið náð lengra til austurs, en þar er mikið þúfnamyndum og ekki skýrt hvar endimörk hólfsins eru. Ekki er útilokað að það sé þó annað hólf þar austan við.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-053:003_04 renna áveita 393497 484263




Renna 003_04, horft til norðurs.

Handgrafinn skurður, eða renna, er rúmum 5 m austan við bæjartóft 1. Hægt er að rekja rennuna á 90 m löngum kafla þar sem hún liggur frá lækjarfarvegi til NNV. Rennan er 0,5 m á breið og 0,3-0,6 m djúp. Rennan liggur frá læknum sem rennur gegnum gilið, til NNV og endar við gróinn og náttúrulegan hól. Með rennunni hefur vatn verið veitt nær brænum og áfram til áveitu á gróið svæði
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-053:021_01 *Selhagar* tóft sel 394200 484639

“Austan við Blesastaðagil frá Norðurá og suður á hálsbrún heitir einu nafni Selhagar allt að Hellisá og Hellisgili. Flatlendi nokkurt er neðan við Hellisá, en hún kemur úr Hellisdal, og heitir flatlendi það Selflatir neðanvert við miðja hlíð. Í miðri hlíð er túnmói í hólbarði, sem heitir Selhóll og sér fyrir rústum í hólnum. Ekkert heyrt talað um sel. Lítill lækur vestan við móann heitir Sellækur,” segir í örnefnaskrá. Tóftaþyrpingin samanstendur af þremur tóftum og er 2,5 km austan við íbúðarhús á Króki (byggt 1938) og um 770m aust-norðaustan við Blesastaði 003. Tóftasvæðið er 32x15m að stærð og snýr norð-norðvestur og suð-suðaustur. Syðst er tóft 021_01.



Minjar á selstæði 021 í Selhögum.

Tóftarsvæðið er á ávalri hæðarbungu í annars frekar flötu mólendi þar sem lágir klapparhólar og mýrardrög skiptast á. Gróðurhulan er víða þunn.



Seltóft 021_01, horft til norðausturs.


Lýsingin hefst á tóft 021_01 sem er byggð upp að suðvesturhlið klapparhóls. Tóftin er 10x9m að stærð, snýr í norðvestur og suðaustur og skiptist í fjögur hólf sem segja má að hvert snúi til höfuðáttar. Hér verður byrjað á að lýsa nyrsta hólfinu og svo farið réttsælis um tóftina. Nyrsta hólfið er 1,5x1,5m að innanmáli. Suðaustan við það er svo austasta hólfið sem er 3,5x1,5m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Op er á milli þessara hólfa og frá því liggur op til suðvesturs að hólfunum sem eru suðvestan megin í tóftinni. Syðsta hólfið er 1x2m að innanmáli og snýr eins og tóftin og norðvestan við það er svo vestasta hólfið sem er 1x1m að innanmáli. Op er einnig á milli þessara síðastnefndu hólfa. Óljóst op gæti

einnig verið á syðsta hólfinu til suðvesturs. Tóftin er mjög grösug og sést ekkert hleðslugrjót í veggjum. Hleðsluhæð veggja er almennt frá 50-80cm á hæð og á það bæði við um innra- og ytrabyrði.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Krókur, 5

MH-053:021_02 tóft óþekkt 394199 484646



Tóft 021_02, horft til suðvesturs.




Uppmældar tóftir 021_01 og 02.

Tóft 021_02 er fast norðan við tóft 021_01 og um 10m suðaustan við tóft 021_03. Tóftin er 7x5m að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er einföld og er 3,5x1,5m að innanmáli. Óljós op mátti greina á báðum göflum hennar. Hún er á kafi í grasi og sést ekkert hleðslugrjót í henni. Innrabyrði hennar er 60-80cm á hæð og er það mun greinilegra en ytrabyrðið sem er 30-50cm á hæð. Tóftin er byggð upp að suðvesturhlið klapparhóls.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-053:021_03 tóft óþekkt 394187 484657



Tóft 021_03, horft til suðausturs á ljósmynd.



Tóftin er efst á ávalri hæðarbungu í mólendi sem hallar til norðvesturs og liggur raflína rétt norðvestan við tóftina. Hún er 15m norð-norðvestan við tóft 021_01 og um 10m norð-norðvestan við tóft 021_02. Tóftin er einföld, 8x7m að stærð og snýr suðvestur og norðaustur. Hún er 4x1,5m að innanmáli og mjókkar til suðvesturs en þar er op á henni. Vegghleðslur eru mjög signar og ávalar, 1-2m á breidd

og 30-50cm á hæð. Norðausturhluti tóftarinnar er skýrari en suðvesturhlutinn en ekkert rof er í henni. Ekkert hleðslugrjót sést í vegghleðslum sem eru grasi grónar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-053:022 *Leiðarlækur* heimild um leið 391642 483508



Malarvegur við Leiðarlæk 022, horft til suðurs.

"Norður af Fiskivatni eru nokkur flóasund, sem kölluð voru Blautarás, og renna saman úr þeim lækjarlindir, og þegar kemur norður á hálsbrún, eru þessar rennur orðnar að einum læk, er heitir Leiðarlækur. Hann rennur niður í Norðurá ekki langt vestan við túnið. Nafn sitt hefur hann af því, að upp með honum lá leiðin til Fiskivatnsréttar [MH-026:015]. Þar eru götuslóðar og þarna lá leiðin suður í Þverárhlíð," segir í örnefnaskrá.
Leiðarlækur rennur í stefnu NNV og kemur saman við Norðurá um 460 m vestan við íbúðarhús í Króki. Um 615 m SSV af íbúðarhúsinu liggur ruddur malarvegur að læknum austanverðum og heldur áfram samhliða læknum að Fiskivatni. Úttektarsvæði Holtavörðuheiðarlínu 1 liggur yfir Leiðarlæk.
Vegurinn liggur um rýrt mólendi, litlu meira en hálfgróið. Leiðarlækur rennur vestan vegarins, lítillega niðurgrafinn. Búið er að planta grenitrám austan Leiðarlækjar.
Ekki sjást merki um eldri leið en vegarslóðann og hefur leiðin líklega verið á sama stað og vegurinn er nú.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Krókur, 7-8

MH-053:030 heimild um leið 392398 483812
"Nokkru vestar á brúninni er önnur varða og heitir Dagmálavarða 020. [...] Varðan er nú kölluð Gunnbjarnarmýravarða. Hún vísaði leiðina fyrir heybandslestina úr Gunnbjarnarmýrum, segir í örnefnaskrá. Engin ummerki sáust um heybandsleiðina innan áhrifasvæðis vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 sem tekið var út haustið 2021. Af þeim sökum var ekki hægt að staðsetja hana með nákvæmum hætti en ljóst er að hún hefur legið í gegnum það þar sem hún lá frá Gunnbjarnarmýrum heim að bæ. Hnit var tekið innan úttektarsvæðissins á milli Gunnbjarnarmýrar og bæjar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Krókur, 4-5

MH-053:031 varða óþekkt 391997 483716



Varða 031, horft til norðausturs.

Vörðubrot er um 675 m suðvestur af íbúðarhúsi í Króki, rétt norðan við Hrútatungulínu 1.
Vörðubrotið er í rýru mólendi í aflíðandi halla til norðvesturs. Víða er stórgrýti á dreif.
Vörðubrotið er um 50 x 40 cm að grunnfleti og 30 cm hátt. Það er hlaðið ofan á stóran stein og er grjótið í vörðunni skófum vaxið. Greinanleg eru 4 umför í vörðunni. Ekkert er vitað um hlutverk hennar.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-053:032 varða samgöngubót 393954 484623



Varða 032, horft til norðausturs.

Vörðubrot er uppi á melhól um 135 m suður af Norðurá og um 930 m suðvestur af Hellisá. Það er um 245 m vestur af seli 021 í Selhögum og vísar líklega á það.

Vörðubrotið stendur á smágrýttum melhól með rýrum lyngmóum umhverfis. Landið er í aflíðandi halla til norðvesturs að Norðurá.

Vörðubrotið er hlaðið ofan á stóran stein, um 35-40 cm háum. Það er um 45 x 60 cm að grunnfleti og 20-25 cm hátt. Aðeins má telja 1-2 umför í vörðubrotinu og er grjót vel skófum vaxið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-054 Hárekssta̧ðir

1695, 1708 & 1847: 16 hdr. 1708. Eigandi Hvammskirkja í Norðurárdal OILR, 151; JÁM, 298, JJ, 126. Fyrst getið í Landnámabók: “Qrn enn gamli nam Sanddal ok Mjóvadal ok svá Norðrárdal ofan frá Króki til Arnarbælis ok bjó á Hárekssto̧ðum.” ÍF, I, 87. 1399 var jörðin orðin eign Hvammskirkju. DI III,654. Einnig er jörðin talin meðal eigna kirkjunar í eftirfarandi máldögum Hvammskirkju: 1432 - DI IV, 506-7. 1442 - DI IV, 630. 1491-1518 - DI VII, 63. 508 - DI VIII, 257. Eigandi í dag Guðmundur Finnsson, Varmalandi. Í eyði síðan 1984. BB III, 95.

1917: Tún 3,3 ha, ekkert slétt, kálgarðar 260 m2. “Tún 36 ha. Landið er fremur hrjóstrugt og lítt fallið til ræktunar en gott til beitar. Nokkru neðar með ánni eru allstórar valllendisfitjar, og voru þær aðalslægjulönd jarðarinnar, en auk fylgja slægjuítök í Desey. Laxveiði er í Norðurá.”-BB III, 95. “Geldfjárupprekstur á Hellirstúngur ut supra. Kolskógur er gjörsamlega eyddur , og er þó enn nýttur til eldiviðar. Enginu grandar stundum Norðurá með leir og grjóti.” JÁM IV, 299.

MH-054:022 varða samgöngubót 389332 482492



Varða 022, horft til NNA.

Varða er undir Hrútatungulínu 1, um 1,5 m suðvestur af íbúðarhúsi á Hárekssto̧ðum, Hún er um 170 m SSV af Seli 006 og gæti mögulega vísað á það en er þó ofan við selið og lengra frá bæ.

Varðan stendur á grýttum hól, hálf mosagrónum. Umhverfis eru holt, hálfgróin lyngi og mosa með mýrarsundum á milli.

Varðan er hrunin og eru ekki greinanleg skýr umför í henni. Hún er um 45 cm á hæð og 100-110 cm í þvermál. Grjót í vörðunni er mosa og skófum vaxið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-055 Hóll

1695, 1708 & 1847: 12 hdr. Eign kirkjunnar í Hvammi í Norðurárdal. OILR, 150; JÁM IV, 298; JJ, 128. Jörðin er víða nefnd í skjölum sem eign kirkjunnar að Hvammi í Norðurárdal: um 1223: Máldagi Hvammskirkju. DI I, 420. [1346]: Máldagi Hvammskirkju. DI II, 833. [1354]: Máldagi Hvammskirkju. DI III, 78. [1375]: Máldagi Hvammskirkju. DI III, 304. 1399: Máldagi Hvammskirkju. DI III, 645. 1422: Máldagi Hvammskirkju. DI IV, 630. [1491-1518]: Máldagi Hvammskirkju. DI VII, 63.
1508: Virðingargerð á staðnum í Hvammi. DI VIII, 257. 1570 og síðar: Máldagi Hvammskirkju. DI XV, 555. Í máldaga 1491-1518 og virðingargerð 1508 er jörðin nefnd Hvoll. "Eldiviðartak hefur jörðin frí í Hárekstaðaskógi, sem mjög tekur að eyðast." JÁM IV, 298.
Túnakort 1917: Tún 1,9 ha. "Geldfjárupprekstur á Hellirstúngur [...] Torfrista og stúnga lök." - JÁM IV, 298. "Bærinn stendur á lágum hól, snertispöl frá suðausturbakka Norðurár. Þeim megin árinnar er mjó láglendisræma, slægjuland. Land Hóls takmarkast að vestan af landi Hafþórsstaða, að sunnan af landi Lunds í Þverárhlíð, að austan af landi Hárekstaða og norðan af löndum Dýrastaða og Hvamms um Norðurá og Hólsey, en þar á Hóll góð slægjulönd beggja megin ár svo og engjastykki á Desey. Þessi slægjulönd hafa nú öll verið ræktuð. Í hálsinum suðaustan túns skiptast á mýrarsund og grasi og lyngi vaxnar brekkur. Þar á milli eru svo mosa vaxin, ávöl holt og mólendi. Gott beitiland. Hóll á laxveiðirétt í Norðurá og upprekstur á Hellistungur." – BB III, 96. "Hóll á svokallaða Niðureyju í Norðurá og hálfa Hólsey, allt fyrir neðan garðbrot sunnan á eynni og í hnausa við Leirvikið eftir beinni sjónhendingu. Hóll á engjapart í Dysey sunnanveðri, milli engjaparts Klettstíu að neðanverðu og engjaparts Króks að framanverðu, ráða þar gamlir landamerkjagarðar, að norðan í mitt Hópið, en Norðurá ræður að sunnan." - Landamerkjabók Mýrasýslu, í Ö-Hóll, A+V, 1.

MH-055:016 garðlag vörslugarður 387724 481313



Garðlag 016, horft til norðausturs.

Umfangslítið og ungt garðlag sem hlaðið hefur verið undir girðingu er í norðvestanverðum Grjóthálsi. Garðlag liggur undir norðvesturhlið Grjótháls og samsíða honum. Það er um 760m sunnan við íbúðarhús á Hóli og um 290 suðvestan viið garðlag 017.
Garðurinn liggur um mólendi með mjög þunna gróðurhulu og er víða deiglent umhverfis.
Garðlagið er um 1m á breidd og 50-70cm á hæð, hlaðið úr torfi og grjóti. Það er um 118m á lengd og liggur frá suðvestri til norðausturs. Í Á garðlaginu er gömul girðing sem er löngu fallin og hætt að þjóna hlutverki sínu. Hún er gerð úr grönnum girðingastaurum og á milli þeirra eru þrír strengir gaddavírs. Önnur girðing og greinilega mun yngri liggur á ská þvert á þá eldri. Girðingin er fornleg en þó er ekki víst að um fornleif sé að ræða en byrjað var á að girða af lönd seint á 19. öld með járnvír og girðingarstaurum. Hér var tekin sú afstaða að láta garðlagið njóta vafans.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-055:017 garðlag óþekkt 387916 481631
Garðlag er norðvestarlega á Grjóthálsi, um 475 m frá íbúðarhúsinu á Hóli og liggur í átt að bæ. Garðlagið er um um 290 norðaustan viið garðlag 016.
Garðurinn liggur um mólendi með rofablettum á köflum. Smágrýti er vestan við garðinn en land er deigara og vaxið fífu austan við garðinn. Vatn seitlar með garðinum vestan til.
Garðurinn er grasi vaxinn, um 2 m breiður og 30-40 cm hár. Hann liggur í stefnu NNV-SSA og er rekjanlegur á um 57 m kafla, en á loftmynd virðist marka fyrir honum áfram um 50 m til NNV og 107 m



Garðlag 017, horft til norðvesturs.

til SSA. Ekkert er vitað um hlutverk garðsins.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-056 Hafþórsstaðir

16 hdr. 1708. Bændaeign. Fyrst getið í jarðabókum frá lokum 17. aldar. “Hjer hefur að fornu bænhús verið, en ekki tíðir veittar í manna minni”. JÁM IV, 297. “Áður fyrr áttu Hafþórsstaðir engjastykki, Tunguengi, sem er norðan Deseyjarkvíslar, en það var selt og tilheyrir nú Hreimsstöðum. Sanddalstunga er nýtt frá Hafþórsstöðum. … Hafþórsstaðir eiga upprekstur á Hellistungur.” - BB III, 94.
Tún 1917: 3,8 ha; 1/6 þýft, Garðar 240 m2. 1708: “Kvaðir öngvar. Geldfjárrekstur ut Skarðshamar. Torfrista og stúnga er lök. Engi er árliga tilkeypt v aura leigu, það er afdeilt pláts fyrir vestan Norðurá, fylgir öngri jörðu, og helmingur þess pláts, sem kallast Túnguengi. Eldivið allan þarf að kaupa. Vatnsból bregst um vetur og er þá meinerfitt.” JÁM IV, 297. “Undirlendi er lítið, mestmegnis melar og móar með graslautum hér og þar. Nokkrar valllendisfitjar eru við Norðurá. Talsvert af þessu landi hefur nú verið ræktað, annars eru möguleikar til túnræktunar fremur litlir. Allstórt land eig Hafþórsstaðir a Grjóthálsi. Er landslag þar mestmegnis valllendisbrekkur og mýrasund milli klettastalla.” BB III, 297.

MH-056:013 *Götás* vegur leið 386803 479906
“Norðvestan við Háhlíðardal er klapparás, er heitir Götás. Þar lá vegurinn áður fyrri, og liggur enn, þó nú sé hann ekki mikið farinn,” segir í örnefnalýsingu. Gamla leiðin yfir Grjótháls lá sunnan við Bæjarlækinn á móts við bæinn ofan í Bæjargilinu en síðan yfir lækinn ofan við fossinn neðan við Norðlingabrekku. Þaðan lá leiðin vestanmegin í gilinu upp undir Prestavörðu 014 og er þar ofan við komin upp á Götás. Þar liggur hún undir núverandi veg og liggur samsíða honum á kafla, meðfram suðausturbrún ássins, 10-20 m frá veginum. Þar eru vörðubrot á 2-3 stöðum en síðan hverfur leiðin alveg undir malarveginn. “Háhlíðardalur er kenndur við bröttu skriðurnar og hlíðina framan í Sandinum (Hafþórsstaðasandi), austan við Bæjargilið. En það á upptök sín úr Kötlunum og vestan úr Pokatjarnarhæðum. Gilið skiptir Háhlíðardalnum í tvennt. Fyrir vestan gilið eru Sundin, Götuásinn og Alviðra. Háhlíðardalurinn er nokkurn veginn um miðjan hálsinn á Hafþórsstöðum. Forarsundið í ofanverðum Háhlíðardalnum, sem er meðfram Götuásnum og er ofan við hann, hefur verið nefnt Torfmýrardalur, en það kemur ekki fram í skránni, svo ég veit ekki hvort þeir sem það sögðu okkur, hafa haft rétt fyrir sig í því.” segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofunar og ennfremur í sama skjali: “Síðan lá hún ofan í gilið og yfir það. Þá var komið á hina götuna sem lá yfir Grjótháls. Hún lá áfram upp með gilinu að austan að Norðlingabrekku en þar yfir gilið vestur fyrir og upp með því þar fast með gilbrúninni og sumsstaðar ofan í því og síðan upp stallann upp á Götuás hjá Prestavörðu og út Götuásinn að austan með Pokatjarnarhæðum og yfir hrygg fyrir vestan Alviðru og ofan í Töfludalinn austanverðan. En þegar vegur var lagður yfir Grjótháls, sem var í kringum síðustu aldamót, var hann lagður frá Götuás austur fyrir Gilin og meðfram bröttu hlíðinni á Sandinum niður Krókalágar. Þar út við á og farið yfir ána á svo kölluðu Sandhólavaði. En áður fór gatan niður með gili að vestan, og síðan austur fyrir móts við Norðlingabrekku.” Í Bæjargili sést leiðin sumsstaðar sem einföld reiðgata en annarsstaðar er hún greinilegur ruddur vegur um 2 m breiður. Á köflum hefur grjóti erið rutt úr og raðað meðfram, á öðrum eru sneiðingar og jafnvel hlaðið undir (eða hefur þjappast niður svo stallar hafa myndast) en hvergi eru slík ummerki samfelld á löngu bili. Neðan við Prestavörðu hverfur gatan alveg í mýri og þó sjá megi hvar hún hefur legið eftir Götási eru þar hvergi skýr mannaverk fyrir utan vörðubrot á 2 eða 3 stöðum. Þau þurfa ekki að vera gömul og gætu tengst núverandi vegi sem er samhliða gömlu götunni á sama



Vörðubrot við Grjóthálsveg þar sem leið 013 yfir Götás lá áður, horft til suðvesturs.

méli. Á Herforingjaráðskorti frá 1913 er Grjóthálsvegur sýndur á sama stað og hann er nú og er þessi leið því eldri.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö- Hafþórsstaðir, 3; Ö-Hafþórsstaðir svör, 9, 21-22.

MH-056:014 *Prestavarða* varða samgöngubót 386870 480088
"Á norðurenda Götás er smávarða alveg við veginn, er heitir Prestavarða. Það er ævagamalt vörðubrot dálítið niður undan Kötlum." segir í örnefnalýsingu. Prestavarða er 1130 m suður af bæ 001, á norðurenda ásaraðar sem núverandi Grjóthálsvegur liggur ofan (austan) við. Klapparhóllinn sem varðan stendur á er laus frá honum eiginlega Götás sem vegurinn liggur eftir en í sömu röð. Varðan er um 60 m norðvestur af Grjóthálsvegi og sést vel frá honum og neðan frá.
Á mosagrónum klettahjalla, á brúninni.


Prestavarða 014, horft til norðausturs.

"Prestavarða. Áður fyrr er Hvammsprestur þjónaði Norðtungusókn fór hann yfir Grjóthváls. Þegar hann var að koma frá Norðtungu seinni part dags eða kvölds, þá á hann að hafa séð ljósið í Hvammi frá vörðunni þegar dimmt var orðið. Það hefur nú líklega verið hlaðið ofan á vörðubrotið svo hún er áberandi nú, en vörðubrotið sjálft er mjög fornt orðið." segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Gamla leiðin 013 er lengst af mjög greinileg vestanmegin í Bæjargili en hverfur svo skyndlega í mýrarsund áður en hún kemst upp á Götás. Varðan sýnir hinsvegar vel hvert á að stefna, hvort heldur sem komið er að neðan eða ofan. Hún hefur verið hlaðin upp, og líklega haldið við í seinni tíð. Hún er 2,2 m há, strýtulaga og stendur mjög vel. Engin merki sjást um eldri vörðu undir en vel má hún vera hlaðin á eldri grunni. Steinar eru víðar á stangli á norðurenda Götáss en þessi staður er rakinn til að vísa leiðina á óvissum kafla.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö- Hafþórsstaðir, 3;; Ö- Hafþórsstaðir svör, 10

MH-056:020 *Torfmýrardalur* Örnefni Rista 386803 479850
"Forarsundið í ofanverðum Háhlíðardalnum, sem er meðfram Götuásnum [sjá 013] og er ofan við hann, hefur verið nefnt Torfmýrardalur, en það kemur ekki fram í skránni, svo ég veit ekki hvort þeir sem það sögðu okkur, hafa haft rétt fyrir sig í því. [...] Nú upp í Torfmýrardal sem er efst upp í Háhlíðardal mun hafa verið tekið torf eftir nafninu að dæma. [...] Í skránni segir að mýrasundið sem er fyrir norðan Alviðru og liggur með Götuásnum norðvestanverðum heiti Háhlíðardalur, en eitt af þeim fyrstu örnefnum sem við heyrðum var að þetta sund heiti Torfmýrardalur og bæði Þverhlíðingar og fleiri töluðu um það en Þórður Hákonarson minnist ekki á það," segir Guðmundur Skúlason í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Torfmýrardalur er slétt mýri í dæld ofan og suðaustan við Götás, um 250 m löng frá norðaustri til suðvesturs og um 100 m


Torfmýrardalur 020, horft til suðvesturs.

breið.
Blaut og slétt mýri, afmörkuð að norðvestan með standklettum í Götási.
Engin ummerki um torfristu sjást.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Hafþórsstaðir viðb, 9, 12, 18

MH-056:045 varða landamerki 386753 479045
Landamerki Hafþórsstaða 1923: "Gagnvart Sigmundarstaðalandi eru merkin úr áður nefndri vörðu [þ.e. 042], sjónhending í vestur enda á Hrafnabjörgum svo eftir Hrafnabjörgum, svo sjónhending úr vörðu þeirri sem er norðan til á Hrafnabjörgum í vörðu [046] sem stendur að norðan verðu við Sölkutjörn."
Varða er á norðvesturbrún Hrafnabjarga, um 200m austur af mastrinu sem er á vesturenda þeirra og um 20 m norðvestur af núverandi landamerkagirðingu. Ásamt óvenju stórri hundaþúfu á næstu bungu norðaustan við er hún þar sem Hrafnabjörg ber hæst. Upphaflega var varðan skráð haustið 2020. Hún var aftur heimsótt haustið 2021 en engu var við eldri lýsingu að bæta.


Landamerkjavarða 045, horft til norðvesturs.

Mosavaxið klapparholt og hamraveggur neðan við. Ber mjög hátt og sést víða að af ofanverðum hálsinum.
4 umför af allstórum steinum (50 sm), 1x1,5 m í grunninn og 1 m há. Ekkert hrun í kring, skófum vaxin og greinilega gömul. Lítið vörðutyppi er um 100 m suðvestan við, Sigmundarstaðamegin við landamerkjagirðinguna.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 109-110

MH-056:046 varða landamerki 387254 479543
Landamerki Hafþórsstaða 1923: "Gagnvart Sigmundarstaðalandi eru merkin úr áður nefndri vörðu [þ.e. 042], sjónhending í vestur enda á Hrafnabjörgum svo eftir Hrafnabjörgum, svo sjónhending úr vörðu [045] þeirri sem er norðan til á Hrafnabjörgum í vörðu sem stendur að norðan verðu við Sölkutjörn."
Vörðubrot er við norðausturenda Hrafnabjarga, eða þar sem dæld eða vik er í þau sem afrennsli úr Sölkutjörn fellur niður um. Á næsta kolli norðaustan við hefur nú verið reist lítil vindmylla vegna rannsókna. Þessi staður er NNV af vesturenda Sölkutjarnar, um 15 m frá bjargbrúninni norðan við og 50 m norðan við núverandi landamerkjagirðingu. Frá þessum stað sést í hundaþúfuna austan við landamerkjavörðuna 045 en 706 m eru á milli þessara varða.


Landamerkjavarða 046, horft til suðausturs.

Á gróðurlausum klapparási.
Þessi varða hefur aldrei verið meira en 6-7 steinar með 2 umför og er sá efsti nú hruninn. Hún er um 1 m í þvermál og 0,5 m há. Í merkjalýsingum Sigmundarstaða og Lunds er miðað við vörður norðan og austan við Litlu Sölkutjörn - sem geta ekki átt við þennan stað sem er norðan við Stóru Sölkutjörn - og er líklegt að lýsing Sigmundarstaðamerkja á vörðu sem "stendur framantil á klettunum" eigi við þessa. Mögulegt er því að Hafþórsstaðalýsingin eigi líka við vörðu

norðan við Litlu Sölkutjörn sem er þá óskráð.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 109-110

MH-056:050 varða óþekkt 386822 479555



Varða 050, horft til norðurs.

Varða er á Grjóthálsi austan Sjónborgar. Hún er rúman 1,6 km suður af bæjarhól 001, 135m suður af vörðu 051, rúman 1 km aust-suðaustan við vörðu 024 og um 535m suður af Prestsvörðu 014. Varðan er norðvestan undir lágu klettabelti sem nefnist Hrafnabjörg, en austan við hana er blautt mýrlendi sem afmarkast af klettum á allar hliðar. Varðan er hlaðin upp að suðurhlið kletts sem liggur norður suðurs. Hún er 50-60cm í þvermál og um 50cm á hæð. Hún er 3 umför og hlaðin úr frekar stóru grjóti. Það er greinilegt að það hefur hrunið úr henni til austurs en hún er vaxin skófum og mjög fornleg. Varðan stendur ekki nærri leið sem er þekkt en þó ber að minnast á það er varða 051 er skammt frá og þá er hún ekki við landamerki og því er hlutverk hennar ekki þekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-056:051 varða óþekkt 386849 479688



Varða 051, horft til austurs.

Varða er rúman 1,5 km suður af bæjarhól 001, um 135m norður af vörðu 050, rúman 1 km austan við vörðu 024 og um 400m suður af Prestsvörðu 014. Varðan er á Grjóthálsi um 190m suðaustan við Götás 013 sem er gömul leið yfir Grjótháls. Varðan er á klettastöllum sem liggja frá suðvestri til norðausturs og undir þessum klettahjöllunum er mýri sem afmarkast af klettum á allar hliðar. Varðan er 1x1m að stærð en er að stórum hluta fallin og liggur hrunið frá henni til austurs. Hún er 30-40cm á hæð, 3-4 umför og hlaðin úr flötum grjóthellum. Varðan stendur ekki nærri leið sem er þekkt og þá er hún ekki við landamerki og því er hlutverk hennar ekki þekkt.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-056:052 varða landamerki 386815 479127



Meint varða 052, horft til vesturs.

Varða er rúmum 2 km sunnan við bæ 001 og um 100 m NNA við landamerkjavörðu 045. Hún er við merki Hafþórsstaða og Sigmundarstaða (MH-028) og líklega hefur hún verið landamerkjavarða. Varðan er frammi á brún Hrafnabjarga og er þvert fram af henni til vesturs. Gróðursnautt er á svæðinu en þó er nokkur gróðurkragi við vörðuna.Til suðurs og suðausturs er vírgirðing.
Varðan er 0,7 x 0,4 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er 0,7 m á hæð en er hrunin og mikið gróin. Aðeins sést glitta í 2-3 steina í vörðunni, neðst, en hún er nær öll gróin og efst á henni er nokkuð afgerandi fuglastapi. Ekki er útilokað að það sé ekki vörðuhleðsla í fuglastapanum.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-056:053 varða óþekkt 386745 479038



Varða 053. horft til norðurs.

Vörðubrot er rúmum 2,1 km sunnan við bæ 001 og 10 m SSV við landamerkjavörðu 045. Varðan er frammi á vesturbrún Hrafnabjarga.
Á þessu svæði skiptast á þykkar mosaábreiður og grýttir blettir.
Búið er að draga saman nokkra steina sem hafa mögulega verið varða. Hún er hlaðin úr 4-5 steinum og er hún 0,4 m á kant og 0,3 m á hæð. Aðeins neðsta umfarið sést. Varðan er á merkjum Hafþórsstaða og Sigmundarstaða (MH-028) en er hins vegar svo illa hlaðin og lítil að líklegra er að hún sé fremur nýlega hlaðin en gömul landamerkjavarða, auk þess er mun meira sannfærandi varða litlu norðar (sjá 045). Hún fær hins vegar að njóta vafans og því skráð hér.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-064 Guðnabakki

1695, 1708 & 1847: 40 hdr. Bændaeign. OILR, 151; JÁM IV, 317; JJ, 127.

Guðnabakka er ekki getið í fornsögum en í Landnámu segir: “Hans [Hrómundar Þórissonar] son var Gunnlaugr ormstunga, er bjó á Gunnlaugsstöðum fyrir sunnan Þverá.” ÍF I, 85. 1563-1564: Daði í Snóksdal á 1½ kúgildi hjá Eyjólfi á Guðnabakka. DI XIV, 205. 1570: Kaupmálabréf Þorvarðs Þórólfssonar og Vilborgar Gísladóttur. Gísli Jónsson gefur Vilborgu dóttur sinni 20 hdr í Guðnabakka. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 17 & DI XV, 422. 12.03.1686: Þórður Erlendsson lögréttumaður selur Ólafi Hallgrímssyni 15 hdr í Guðnabakka. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 52. 22.05.1688. Arfaskipti eftir Gunnhildi Jónsdóttur. Þórður Einarsson sonur hennar eignast 5 hdr í Guðnabakka. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 36. 22.05.1689. Arfaskipti eftir Guðrúnu Magnúsdóttur. Árni Pétursson fær 3 hdr og 80 ál í Guðnabakka en systurnar Gróa, Úrsúla og Guðrún 1 hdr og 100 ál. Pétur Árnason fær syni sínum Árna Péturssyni 1 hdr og 100 hdr álnir í jörðinni að auki með samþykki dætra synni. Að endingu selja Gróa og Úrsúla Árna bróður sínum 1 hdr og 100 ál hvor. Guðrún lofar að selja Árna sinn hlut þegar hann girnir. Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 53. Gunnlaugsstaðir voru byggðir í landi Guðnabakka 1852 eða 1854, hugsanlega byggðir á eldra bæjarstæði, sbr. Landnáma. Ö-Gunnlaugsstaðir, 1. “Á Guðnabakka hefur ekki verið föst búseta né stundaður hefðbundinn búskapur um alllangt skeið nema með hross.” BB III, 138

Túnakort 1917: Stærð tún 3,6 ha, 1/5 slétt. Kálgarðar 300m2.

“Raftviðarskóg má eyddan kalla. Kolviðarskógur nægur, brúkast og til eldiviðar. Torfrista og stúnga lök. Laxveiði hefur góð verið í Örnudalsá og Þverá, en heppnast nú mjög misjafnt; þar með vill presturinn í Stafholti eigna kirkjunni veiðina í Þverá, en tilliggjandi jarðir þykjast lengi brúkað hafa átölulaust. Það er enn nú ekki til greina komið að lögum. Túninu grandar Örnudalsá til stórskaða, sem árlega fer í vöxt, hefur bærinn mestallur verið undan þeim voða fluttur og þó enn nú í stóran háska kominn. Túnið fordjarfast og af sandfjúki. Engjunum spillir Örnudalsá, og er mikill partur í hrjóstur kominn. Hætt er kvikfje fyrir foröðum.” JÁM IV, 318.

MH-064:009 heimild um leið 384956 471655

Samkvæmt Herforingjaráðskorti 35 SV frá 1913 lá þjóðleiðin BO-641:002 úr Reykholtsdal frá Deildartungu og til norðurs um land Síðumúla allt að Gálgakletti en beygði þá nokkuð skarpt til vesturs og fór svo um áreyrar Örnólfsdalsár og líklega að kirkju í Norðtungu um Kirkjuvað MH-019:008. Hér er hins vegar skráð leið 009 sem lá frá áðurnefndri leið í landi Guðnabakka um 500 m vestan við Gálgaklett MH-017:022. Leiðin lá þar til vesturs og heim að Guðnabakka allra nyrst í ásnum sem tekur við norðan Snagás.



Vegarslóði liggur á sama stað og eldri leið 009, horft til ANA.

Þar sem gatan greinist frá þjóðleið hefur hún legið niður skógivaxinn ás en því næst yfir flóa sem nú er framræstur og yfir lægri klettáasa að bæ.

Leiðin var skoðuð á 350 m löngum kafla þar sem heimreið að Gunnlaugsstöðum þverar hana. Á því svæði er nú ógreinilegur malarslóði allra suðaustast að hluta til í gegnum framræst svæði og m.a. yfir litla lækjarsytru þar. Hann hverfur að mestu í ýmsa vegslóða þar sem heimreiðin að Gunnlaugsstöðum og gamla heimreiðin að Guðnabakka liggja nú. Ekki sjást augljós ummerki um fornar götur á þessum slóðum en malarvegurinn sem sést að hluta gæti hafa átt upphaf sitt til fyrri hluta 20. aldar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV

MH-064:014 *Mókollseyri* þjóðsaga draugur 384831 472096



Horft til norðvesturs yfir Mókollseyri 014 í Örnólfsdalsá.

"Þar nokkuð innar [en Skemmuklettur 013] gengur melhryggur fram að ánni, sem heitir Múli. Nýja brúin á Örnólfsdalsá er alveg við Múlann. Framan við Múlann er einnig með ánni, allstór valllendiseyri, sem heitir Mókollseyri. Dregur hún nafn sitt af því, að þarna hélt eitt sinn til draugur með þessu nafni. Lítill mun hann hafa verið fyrir sér, því fátt er eftir af honum nema nafnið eitt, sem eyrin gerir ódauðlegt. Þar var á eyrinni stór steinn með laut í. Hann hét Mókollssæti, og þar átti hann að hafa setið. Er vegur, sem nú er aflagður, var lagður um mýri þar utan við, var þessi steinn sprengdur og grjótið notað í ræsi," segir í örnefnaskrá. Mókollseyri er um 470 m norðan við tóft 036 og 440 m norðvestan við leið 009.

Mókollseyri er stór og fremur gróðursnauð en helst er þar mosi sem þar vex.

Eyrin sjálf er tiltölulega flöt og er við landamerki milli Guðnabakka og Norðtungu MH-019. Mókollssæti sést ekki lengur vegna vegagerðar eins og segir í örnefnaskrá.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Guðnabakki, 2-3

MH-064:032 varða landamerki 384934 470507



Landamerkjavarða 032, horft til suðvesturs.

Landamerki Gunnlaugsstaða 1890, á móti Síðumúla MH-017: Frá vörðu 031 við Fálkaklett "í vörðu á Sandhrygg þaðan sjónhending í Torfvörðu [MH-018:019] skamt fyrir sunnan Löngumýrarkeldu [...]." Varða er á merkjum Guðnabakka og Síðumúla MH-017 á Sandhrygg og er henni haldið saman með girðingarneti og staurum og hún þannig notuð til þess að koma í veg fyrir að girðing á merkjum lyftist í frostverkun. Varðan er um 1 km suðaustan við Gunnlaugsstaðabæinn og liggur merkjagirðing sem fyrr segir beggja vegna vörðunnar.

Ber melur en svolítil grastó er í kringum grjótið. Varðan er 1.2 x 2 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er um 1.2 m á hæð og virðist hafa verið hlaðin upp og hækkuð í tengslum við girðingarvinnuna. Umhverfis vörðuna hefur verið stungið um 12-14 timburstaurum og umhverfis þá og grjótið hefur verið vafið gaddavírsgirðingu. Þessi grjótstampi er svo kjölfesta fyrir merkjagirðinguna sem liggur yfir Sandhrygginn á þessum slóðum.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur II, 11

MH-064:034 heimild um leið 384872 471557

"Þá er sunnan við Hádegisás nafnlaus mýri, er liggur að Snagás, sem er bæði í Guðnabakka- og Gunnlaugsstaðalandi og gatan liggur eftir," segir í örnefnaskrá Guðnabakka. "Austur frá bænum er alllangur ás, sem heitir Snagaás. Eftir honum liggur vegurinn heim [að Gunnlaugsstöðum 008]. Nýlega



Horft til austurs yfir Snagás þar sem leið 034 lá, á sama eða svipuðum stað og núverandi vegur að Gunnlaugsstöðum.

hefur vegurinn verið færður neðan undir hann, en því verður sennilega breytt," segir í örnefnaskrá Gunnlaugsstaða. Gata sú sem hér er skráð er merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913 og liggur frá Gunnlaugsstöðum 008 að leið 009 sem liggur að Guðnabakka 001. Gömul heimreið að Gunnlaugsstöðum liggur á sama stað og eldri reiðleið meðfram suðaustanverðum Snagási og uppi á honum. Núverandi heimreið liggur öll meðfram ásnum. Ummerki um gömlu reiðleiðina voru skoðuð þar sem hún lá á leið 009.

Snagás er gróðurrýr klapparás, langur og mjór, sem liggur norðaustur-suðvestur. Mýrlent er beggja vegna við hann en mýrin hefur verið ræst fram og tún ræktuð víða.

Engin ummerki um gömlu leiðina sjást þar sem hún var skoðuð við norðausturenda Snagáss en mikið rask hefur orðið þar vegna vegagerðar. Á loftmyndum má sjá hvar eldri heimreið liggur eftir ásnum en engar reiðgötur eru sýnilegar þar.

Hættumat: stórhætta


Heimildir: Ö-Guðnabakki, 2; Ö-Gunnlaugsstaðir, 1; Herforingjaráðskort 35 SV

MH-064:036 tóft heystæði 384862 471604

Grjóthlaðin tóft er norðaustarlega á Snagási um 470 m sunnan við Mókollseyri 014 og 40 m norðaustan við leið 034.

Tóftin er í mjórri, gróinni laut í ásnum sem víðast gróðursnauður.





Heystæðistóft 036, horft til norðurs á ljósmynd.

Tóftin er einföld, 7 x 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur með opi sunnarlega á norðausturhlið. Veggir eru mjög grónir en sjá má 2 umför af stæðilegu grjóti í hleðslum sem eru 0,5 m á hæð. Tóftin er lítillega niðurgrafin, eða um 0,2 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en til greina kemur að hún hafi verið notuð sem heystæði út frá staðsetningu og lögun tóftarinnar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-064:037 garðlag óþekkt 385913 472048



Meint garðlag 037, horft til vesturs.

Pasturslítið garðlag er í brekku neðan og norðan við mel sem er vaxinn birkikjarri að nokkru leyti. Það er um 530 m suðvestan við Ísleifsstaði MH-066:013 og 120 m suðaustan við leið MH-641:002.

Garðurinn liggur á miðri brekku sem er mjög gróin. Til norðurs er deiglent svæði.

Garðurinn er greinilegur á um 75 m löngum kafla og liggur það hér um bil VNV-ASA. Garðurinn er 0,5 m á breidd og aðeins 0,3 m á hæð þar sem hann er hæstur en víða er hann byrjaður að renna saman við þúfur í landinu. Óvíst er með hlutverk garðsins, mögulega hefur hann verið einhvers konar vörslugarður.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-066 Sleggjulækur

1695, 1709 & 1847: 24 hdr. Bændaeign. OILR, 151; JÁM IV, 316; JJ, 127.

Jörðin er nefnd í Landnámu: "Ísleifr ok Ísröðr, bræðr tveir, námu land ofan frá Sleggjulæk milli Örnólfsdalsár ok Hvítár, et nyrðra ofan til Rauðalækjar, en et syðra ofan til Hörðahóla. Ísleifr bjó á Ísleifsstöðum, en Ísröðr á Ísröðarstöðum ok átti land it syðra með Hvítá. Hann var faðir Þorbjarnar, föður Ljóts á Veggjum, er fell í Heiðarvígi." ÍF I, 85 Hennar er einnig getið í Heiðarvígasögu: "Þórólfr hét maðr, er bjó á Sleggjulæk í Borgarfirði; hann var nú mjok hniginn á inn efra aldr, er saga þessi gerðisk, en hann hafði verit inn gildasti garpr í æsku sinni." Einnig er þar sagt frá Þorljótr, sem umdeilt var hvort átti heima að Veggjum eða Sleggjulæk. ÍF III, 260, 303-304. 1559: Máldagi Norðtungukirkju í Þverárhlíð. "Jtem aa Nordurtungu kirkia […] xij manadar heit aullum peningi j Sleggiulækiar land vr Nordurtungu j Blesamyre"" DI XIII, 398.

11.4.1619: Árni Gíslason selur Páli bróður sínum hálfan garðinn Hvanneyri, fyrir alla jörðina Hofstaði í Miklaholtshreppi, 40 hndr. að dýrleika og Sleggjulæk (Mýr), 24 hndr. að dýrleika – Jarðabréf, 27.

"Jörðin er í Syðstutungu og er önnur efsta jörðin í byggð, neðan og suðvestan Ásbjarnarstaða. Eiga jarðirnar Síðumúli og Guðnabakki land í suðvestri og vestri. Í suðri liggja mörkin eftir há Síðufjalli og móti Fróðarstöðum í Hvítársíðu. Að norðan eru merki við gamlan farveg móti Norðtungu í Þverárhlíð. Sleggjulækur á eignarland í svokölluðu Sellandi, fyrir neðan fjallgirðingu og um 2 km með Þverá (Örnólfsdalsá) og fylgdi því veiðiréttur, sem fylgdi áður heimalandi ..." BB III, 158. "Laxveiði hefur verið en nú engin, því áin er hlaupin gegnum Norðtunguland. Selstöðuland á jörðin á Örnúlfsdal, fyrir framan Asbjarnarstaðaland, og er kallað iiii (hdr) að dýrleika. Það tíundast með heimajörðunni. Ekki hefur þar selstaða brúkuð verið yfir næstu xx ár eða lengur." JÁM IV, 317.

Túnakort 1917: Stærð túns: 3,3 ha, ¼ hluti túnsins sléttur; kálgarður 180 m2. 1709: "Túninu spillir vatnsuppgángur, sem jetur úr grasrótina til stórskaða. Engjunum grandar Örnudalsá með landbroti og grjóts og sands áburði til stórrar eyðileggingar, so að fyrir þennan vatnságáng er helmingur engjanna aldeilis fordjarfaður. Hætt er kvikfé um vetur og sumar sjerdeilis fyrir einum holgryfjulæk, sem rennur hjá túninu, og hefur hjer að oft stórskaði orðið. Vatnsból er í þessum sama læk, og er þángað yfir eitt foræði að sækja heiman frá bænum, so að brúa þarf fyri menn og fjenað so lengi sem jörð er klakalaus." JÁM IV, 317. "Land er annars vegar hlíð Síðufjallsins, brött og með klettastöllum vestast, en nokkuð vel gróin austar, og hins vegar láglendið meðfram Þverá. Bærinn stendur á lágum mel rétt undir fjallshlíðinni. Er þar á milli blautur mýrarslakki með starargróðri, sem Sleggjulækurinn rennur um og var hann áður notaður til slægna. Við Þverá er engjastykki og valllendisbakkar, stórþýfðir að hluta. Land til ræktunar er gott, flatur, nokkuð þurr flói. Afréttarland er á upprekstrarsvæði Þverárréttar. " BB III, 158. Skv. JÁM var árið 1706 var "afrjett ut supra" (betri afrétt), "móskurður til eldiviðar nægur" og "Túninu spillir vatnsuppgángur, sem jetur úr grasrótina til stórskaða....Engjunum grandar Örnudalsá með landbroti og grjóts og sands áburði til stórrar eyðileggíngar, so að fyrir þennan vatnságang er helmíngur engjanna aldeilis fordjarfaður...Hætt er kvikfje um vetur og sumar sjerdeilis fyrir einum holgryfjulæk, sem rennur hjá túninu, og hefur hjer að oft stórskaði orðinn. Vatnsból er í þessum sama læk, og er þangað yfir eitt foræði að sækja frá bænum, so að brúa þarf fyri menn og fjenað jafnan so lengi sem jörð er klakalaus."

MH-066:005 Álagablettur 386678 472383



Álagablettur 005; reynitré í gljúfri Sleggjulækjar, horft til austurs.


"Í Gljúfrunum miðjum er reynihrísla gömul og farin mjög. Hana má ekkert snerta. Bóndinn hér tók þar hríslu og þá átti reiðhestur hans að hafa hrapað þar fram af. Ekki meir vitað," segir í örnefnaskrá. Reynitréð stendur enn (2022) þó að það sé orðið dálítið feyskið. Það vex út úr klettunum í Gljúfrunum og faman við það er flatur, grasi gróinn bali. Tréð (álgabletturinn) er tæpum 400 m austan við Ísleifsstaði 013 og 1,2 km VSV við bæ 001.
Gljúfrið er víða grýtt og hálfgróið en sumsstaðar skriðurunnið. Lækurinn er grýttur og nokkuð stríður straumur í honum.
Engar frekari sagnir eru þekktar um álagablettinn.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Sleggjulækur, 3

MH-066:013_01 *Ísleifsstaðir* bæjarstæði býli 386284 472454

Í handriti Jósafats Jónssonar frá 1899 (birt í Þjóðsögum og munnmælum) kemur eftirfarandi fram um staðsetningu Ísleifsstaða: "... við sjálfan Sleggjulæk, milli gljúfranna og Örnólfsdalsár, eru hólar tveir grasi vaxnir, og eru tóptir á báðum hólunum, mjög fornlegar, og má vera, að þar séu leyfar hinna fornu Ísleifsstaða." Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1904 segir: "[Nafn Ísleifsstaða] eru eigi einusinni til sem örnefni. En rústir [Ísleifsstaða] hyggur Jósafat ættfræðingur sig hafa fundið, og er það án efa rétt. Fann eg þær í sumar eftir tilvísun hans. Ísleifsstaðir hafa verið á grundinni, sem verður austanmegin Örnólfsdalsár gagnvart Norðtungu. Þar rennur Sleggjulækur í ána, og eru rústirnar á suðurbakka hans og eigi langt frá ánni. Þær eru í tvennu lagi. Hin eystri er eigi annað, nú orðið, en stórt þúfnabarð; það er að vísu auðsjáanlega byggingarleifar, en þó er eigi hægt að



Horft til norðurs yfir bæjarstæði Ísleifsstaða 013. Neðst á myndinni má sjá landamerkjagarð 020_01.



Kort sem sýnir uppmældar minjar á bæjarstæði Ísleifsstaða 013 og landamerkjagarð 020_01.


greina þar tóftir með neinni vissu. Vestri rústin er nær ánni og hún er framar á lækjarbakkanum. Hún er einnig orðin þúfnabarð, en þar má þó gjörla sjá tóft, sem er fyrir víst 5 fðm. löng og um 3 fðm breið. Hún liggur frá norðvestri til suðausturs. Suðaustur endinn er horfinn í þýfi, og má eigi vita nema tóftin sé raunar lengri. Ekki verður heldur sagt með vissu hvar dyrnar hafa verið. Af stórþýfi, sem þar er til hliðar, má sjá, að þar hafa fleiri hús verið. Svo þótti mér, sem þessi vestari rúst mundi hafa verið bærinn, en hin eystri fjósið og hlaðan eða heystæðið. Þó verður það ekki fullyrt að svo komnu." Sumarið 1939 gróf Mårten Stenberger upp báða rústahólana og komu í þeim eystri í ljós 3 byggingarstig af skála frá víkingaöld, það yngsta með viðbyggingu (sjá Forntida gårdar. Rústirnar voru friðlýstar 1930 og voru mældar upp af starfsmönnum Minjastofnunar Íslands árið 2009 (sjá Minjavefsjá). Þær eru um 1,5 km vestan við Sleggjulækjarbæ en um 470 m austan við bæinn í Norðtungu. Á þessum stað voru skráðar fimm minjar, misgreinilegar þó, og fær hver minjaeining númer til aðgreiningar. Samtals voru skráðar minjar á svæði sem var 200 x 90 m stórt og snýr það austur-vestur meðfram Sleggjulæk.

Rústirnar eru á grónum lækjarbakka sem er marflatur en á köflum stórþýfður á þessum slóðum. Upp úr flatanum rísa lágir rústahólar sem eru aðeins grónari en umhverfið og sjást því ágætlega úr nokkrum fjarska. Fleiri hæðir eru á flatanum en þær sem skráðar voru og er mögulegt að þar leynist fleiri rústir sem þá eru alveg signar og hlaupnar í þúfur en ekki fundust aðrar hæðir sem talið var augljóst að væru mannvistarleifar.

Lýsingin hefst á tóft 01 sem er önnur tveggja tófta sem grafnar voru upp árið 1939 (sú eystri). Er hún norðaustast á minjasvæðinu. Miklir haugar af uppmokstri frá uppgreftinum eru allt í kringum minjarnar og mynda hringlaga gerði í kringum þær. Svæðið er allt vel gróið. Innan uppmokstursins er svæði sem er 21,5x12,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þar sjást tvær nokkuð afgerandi lægðir. Sú stærri er leifar af skálanum sem grafinn var upp. Hún aflöng og liggur norðaustur-suðvestur, er 19 m löng og 3,5 m breið. Meðfram henni að norðvestanverðu er afgerandi, gróinn grjóthryggur sem er um 3 m breiður og 0,2 m á hæð. Norðan við leifarnar af sjálfum skálanum er hin lægðin, ummerki um afhýsi (rými V). Hún er um 3 m í þvermál. Talsvert af grjóti finnst í sverði í rústunum en ekki er hægt að sjá það nema á stöku stað upp úr gróðrinum. Minjarnar eru á mjög lágri og þýfðri hæð en erfitt er að aðgreina hana frá uppmokstrinum úr uppgreftinum frá 1939.



Uppgrafinn skáli á bæjarstæði Ísleifsstaða 013_01, horft til SSV.




Talsverð ummerki eru um uppgröftinn sem fram fór árið 1939 en minjarnar á bæjarstæði Ísleifsstaða 013_01 sem voru grafnar upp eru illgreinilegar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Jón Þorkelsson: Þjóðsögur og munnmæli, 180 nm; ÁHÍF 1904, 12; Forntida gårdar, 145-70; ÁG, 23; Minjavefsjá MÍ

MH-066:013_02 tóft óþekkt 386138 472482



Uppgrafin tóft 013_02, horft til austurs.



Kort sem sýnir minjar 013_02, 04 og 05.

Tóft 02 er aflöng tóft sem er um 125 m vestan við tóft 01 og er hún skýrasta tóftin á svæðinu. Tóftin er á hæð sem er án efa að hluta til náttúruleg en undir sverði kann að leynast uppsöfnun líka. Tóftin er 13 x 6 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Innanmál tóftar er 9.5 x 1.5-2 m. Hún virðist einföld og hugsanlegt er að op hafi verið á miðjum suðausturgafli hennar en það er þá mjög óljóst orðið. Ytri byrði veggja er óljóst, en innri brún veggja skýr og greinileg og virðist hún niðurgrafin um 0,4 m. Engar grjóthleðslur sjást.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Forntida gårdar, 145-70;

MH-066:013_03 þúst óþekkt 386270 472412
Þúst 03 er um 16 m sunnan við tóft 01. Þústin var skráð með þegar uppgröftur var gerður á tóftum 01 og 02 árið 1939 sem hæð í landslaginu þar sem líklegt var talið að innihéldi mannvistarleifar. Þústin er 10-20 m sunnan við tóft 01, allra suðaustast á svæðinu. Þústin er fagurgræn og sker sig úr umhverfinu



Þúst 013_03. horft til SSA.

þess vegna. Ekkert tóftarlag er þó að sjá á henni en líklegt að mannvist kunni að leynast hér undir sverði. Svæðið sem er hærra en umhverfið er um 30 x 20 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er 0,3 m hærra en umhverfið og innan hennar má segja að 3x4 m stórt svæði norðanlega á svæðinu beri hæst (sé þá um 0,2 m hærri en þústin almennt) og þar verður að teljast líklegast að minjar kynnu að leynast.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Forntida gårdar, 145-47

MH-066:013_04 þúst óþekkt 386123 472487



Þúst 013_04, horft til vesturs.

Þúst 04 er hæðartunga sem gengur til vesturs út frá tóft 02. Ekki er víst að í þessari tungu sé mannvist en þó virðist mega rekja óljóst gerði á þessum slóðum en stórþýft er allt í kring og í raun erfitt að rekja það með vissu. Hinn meinti veggur/ garður er um 1,2 m á br. og 0,2 m á hæð. Hann afmarkar svæði sem er um 18 x 13 m stórt en ekki sést móta fyrir neinum garði til austurs. Meintar hleðslur eru algrónar og hlaupnar í þúfur
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-066:013_05 þúst óþekkt 386110 472440




Þúst 013_05, horft til suðausturs.

Þúst 05 er þýfður og lágur hóll í flatlendi, um 150 m vestan við bæjarstæði 01 og 34 m suðvestan við útihús 02. Hóllinn er 25x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er 0,5-1 m á hæð, hæstur að norðvestanverðu. Suðvestast í hólnum eru ummerki um jarðvegsrof sem hefur gróið aftur. Ekki er að sjá nein skýr ummerki um mannvirki á hólnum en þar sem hann stendur aðeins upp úr umhverfi sínu eru líkur taldar til þess að í honum geti leynst mannvirki sem tilheyra fornbýlinu Ísleifsstöðum.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-066:014 tóft beitarhús 386551 472659
“Ofar á grundinni [en Ísleifsstaðir 013] og fyrir norðan lækinn er rúst, sem að vísu er nokkuð gömul, en þó eigi fornleg. Hún er glögg og má sjá að það eru sauðahús með hlöðu, án efa frá Sleggjulæk,” segir í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1904. Stór og allfornleg tóft er á flatlendi neðan og norðan við klettastalla.
Tóftin er í stórþýfðum móa sem vaxinn er grasi, mosa og lyngi. Lág en allbrött klettabrún er litlu suðaustar en norðar og nær Örnólfsdalsá eru hálfgrónar áreyrar.





Fornleg beitarhúsatóft 014, horft til vesturs á ljósmynd.

Tóftin er á lágum rústahól sem er 24x21 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er 0,3-0,4 m hærri en umhverfið. Tóftin er gróin og hlaupin í þúfur, er um 17x15,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Samansigið og ógreinilegt op er inn í tóftina suðvestarlega á suðausturhlið, inn í tvö samsíða hólf sem snúa norðvestur-suðaustur. Það norðaustara (B) er 5,5x3,5 m að innanmáli en það suðvestara (A) er ívið minna, 4,5x2 m að innanmáli. Ofan og norðvestan hólf A er lítið hólf C sem er 3,5x3 m að innanmáli og snýr einnig norðvestur-suðaustur. Hólf D er ofan og norðvestan við hólf B og er 2x1,5 m að innanmáli, snýr norðaustur-suðvestur. Heystæði E er svo byggt utan í norðaustanverða tóftina og stendur lægra. Ekki sést op inn í það og er hólfið 5,5x2 m að innanmáli. Norðvesturhlið tóftarinnar er mjög úr lagi gengin og langt á milli þúfna. Ekki er þó talið að þar séu fleiri hólf í tóftinni. Hæð veggja er 0,4-0,6 m. Hvergi sést í grjót en þegar gengið er um tóftina er hægt að finna fyrir grjóti í sverði hér og hvar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: ÁHÍF 1904, 12

MH-066:015 *Sleggjulækur* Álagablettur 386287 472480
“Mælti Sleggja svo fyrir, að svo margt kvikfé skyldi drepast fyrir búöndum á Sleggjulæk og Ísleifsstöðum, sem þeir veiddu marga silunga í Sleggjulæk, og hefir engin búandi á Sleggjulæk síðan vogað sér að veiða þar fyrir álögum þessum.” Samkvæmt Þjóðsögum og munnmælum þeim sem Jón Þorkelsson tók saman og vitnað er í að ofan var Sleggjulækur álagablettur, þ.e. að Sleggja hafi mælt fyrir að sami fjöldi kvikfjár ábúenda á Sleggjulæk og Ísleifsstöðum skyldu drepast eins og sá fjöldi silunga sem þeir myndu veiða í læknum. Ekki hefur verið bent á ákveðinn stað í Sleggjulæk í tengslum við álögin. Sleggjulækur er nærri mörkum Guðnabakka og Sleggjuækjar, fast norðan við minjar um Ísleifsstaði 013.
Lækurinn rennur í gili austast og er annar álagablettur við hann (sjá 005) en þegar komið er niður úr ásunum austast rennur lækurinn í krókum eftir mólendi og áreyrum Örnólfsdalsár og sameinast henni svo vestast.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Jón Þorkelsson: Þjóðsögur og munnmæli, 181

MH-066:020_01 garðlag landamerki 386270 472246




Landamerkjagarður 020_01, horft til VNV.

Torfhlaðinn garður er á merkjum Sleggjulækjar og Guðnabakka MH-064 í mýrlendi 150 m suðvestan við Ísleifsstaði 013 og 1,7 km VSV við bæ 001. Fast suðvestan við garðinn er ógreinileg tóft sem skráð er með honum en hvort mannvirki fær sitt númer til aðgreiningar (01-02).
Minjarnar eru í flatlendri, grösugri mýri norðvestan undir stöllóttri klettahlíð sem er kjarri vaxin í landi Guðnastaða. Í þessari skýrslu er aðeins fjallað um garðinn því tóftin kemur ekki við sögu.
Garðlagið er greinilegt á um 310 m löngum kafla og liggur frá klettahlíð úr suðaustri til norðvesturs þar sem það hverfur í mólendi. Garðurinn sést ekki á 37 m löngum kafla norðvestan við miðju hans þar sem hann er alveg sokkinn í mýrina. Garðurinn er um 2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Aldur garðsins er ekki þekktur en hann virðist nokkuð fornlegur að sjá.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-066:029_01 tóft óþekkt 387019 473017
Ógreinilegar tóftir/þústir eru neðan (norðvestan) ásanna í landi Sleggjulækjar, um 880 m VSV við bæ. Þústirnar eru í kverkinni þar sem ásunum sleppir og grónar áreyrar taka við. Á þessum stað er ein nokkuð sannfærandi tóft og annað mögulegt mannvirki sem er á mörkum þess að teljast sannfærandi mannaverk. Hvort tveggja eru óljós mannvirki og einföld. Tóft 01 er í brekkurótum í svolitlum halla til norðvestur og þúst 02 um 3 m suðaustar, á gróinni sléttunni. Ekki er vitað hvaða hlutverki þessi mannvirki kunna að hafa gegnt en líklegast er e.t.v. að þau hafi verið heystæði. Þau eru á svæði sem er 15x9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.
Minjarnar eru í grónum, smáþýfðum móa.



Tóft 029_01, horft til norðvesturs.



Tóft 029_01 og þúst 02.


Tóft 01 er nokkuð skýr og um 8 x 6 m stór. Innanmál hennar er 2,7 x 2,2 m. Hún snýr norðvestur-suðaustur eða þvert á brekkuna og er byggð inn í eða upp í hana, er raunar í svolitlum halla. Op virðist vera á henni norðvestanlega á suðvestur vegg (langvegg). Tóftin er torfhlaðin og 0,2 m á hæð en veggir

hennar eru 1-2 m á breidd. Fram undan henni er svolítil hæð sem bætir 1-1,5 m svæði við mögulega mannvist.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-066:029_02 þúst óþekkt 387013 473014



Þúst 029_02, horft til norðurs.



Tóft 029_01 og þúst 02.

Þúst 02 er fast suðvestan við tóft 01. Þústin er afar óljós og á mörkum þess að geta talist sannfærandi mannaverk. Hún er 6 x 5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er greinilegur veggur að suðvestan en óljóst virðist mega sjá móta fyrir hugsanlegum veggjum annars staðar. Þeir eru þó aðeins um 0,1-0,2 m á hæð. Sem fyrr segir er ekki víst að um eiginlegt mannvirki sé að ræða en það var látið njóta vafans.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-066:030 varða samgöngubót 386787 472711



Varða 030, horft til norðausturs.

Varða er neðarlega í klapparásum um 230 m ANA við beitarhús 014 og um 1 km vestan við bæ 001. Varðan er á næst neðsta ásnum og er mun lægri í landinu en varða 031 sem er 660 m suðvestar.
Varðan stendur á klettaás en allt umhverfis skiptast aflangir klettaásar sem liggja norðaustur-suðvestur og mýrarsund þeirra á milli. Ásinn sem varðan er á er lágur og gengur út í talsvert mýrarflæmi.
Varðan stendur á klöpp eða steini sem hækkar hana talsvert en sjálf varðan er fremur óveruleg. Hún er um 1 x 0,7 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er í raun aðeins 0,3-0,5 m á hæð og að mestu 2-3 umför þótt 5 umför séu í henni norðvestanverðri þar sem hún rís hæðst og skagar fram í flóann en þar er samanlögð hæð klettsins og vörðu um 1,6 m. Nokkuð hefur hrunið úr vörðu til suðausturs. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en líklegast er að hún hafi verið samgöngubót, kennileiti í landinu til að rata eftir, þótt ekki sé þekkt eiginleg leið á þessum slóðum. Mögulega hefur hún varðað leið að beitarhúsum 014.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-066:031 varða landamerki 386537 472100



Landamerkjavarða 031, horft til vesturs.

Varða er neðarlega (norðvestanlega) í ásum sem landamerkin milli Sleggjulækjar og Guðnabakka MH-064 liggja um, í landamerkjagarð 020_01. Frá henni er gott útsýni heim að kirkju og bæ í Norðtungu MH-019. Varðan er 275 m suðaustan við garð 020_01 og 1,4 km suðvestan við bæ 001. Varðan stendur á klettaás en allt umhverfis skiptast á aflangir klettaásar sem liggja norðaustur-suðvestur og mýrarsund þeirra á milli.

Varðan er stæðileg og stendur á brún klettaássins. Hún er því vel sýnileg. Næsta víst er að varðan sé á merkjum milli Guðnabakka og Sleggjulækjar en bein lína liggur til norðvesturs frá hornmarki milli Sleggjulækjar, Síðumúla og Guðnabakka í vörðuna og áfram í landamerkjagarð 020_01. Varðan er köntuð og 1-1,2 m á kant. Hún er um 1,3 m á hæð og Í henni eru 6-7 umför af hleðslu. Varðan virðist vandlega hlaðin og mjókkar aðeins upp. Steinarnir eru skófum vaxnir.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-069 Kaðalstaðir

1686/95: Í byggð, einkaeign metin á 40 hdr. OILR, 152. 1709: 40 hdr. 1709. Bændaeign. “Munnmæli eru að hjer hafi áður bænhús [002] verið, en [ei] hefur það uppi verið í manna minni. En litlar sjást hjer kirkjugarðsleifar, og stendur þar nú smiðjuhús, sem áður ætla menn að bænhúsið verið hafi.” JÁM IV, 321. Samkvæmt jarðabókinni frá 1709 voru tvö býli á jörðinni, Þiðrikskot [069:021] og Hellukot [069:027], þá bæði í eyði. 1801: “Kadalstadir” tvíbýli í byggð í Hjarðarholtssókn samkvæmt manntali vesturamts, 21.

Jarðarinnar er fyrst getið í heimildum 1480 í máldaga Stafholtskirkju í Stafholtstungum. “Jtem þá lá Hiardarhollt med sinne sokn under Stararhollte og þessa bæe þar til. [...] Kadalstader [...].” DI VI, 268. 11. ágúst 1545 voru Séra Marteinn Einarsson og bróðir Ólafur Sveinsson dæmdir til að sverja fullan bókareið vegna sáttargjörðar þeirra séra Freysteins Grímssonar og Daða bónda Guðmundssonar að Kaðalstöðum, DI XI, 433. Þá er jarðarinnar getið í skjölum frá 1563-4 um dánarbú Daða Guðmundssonar í Snóksdal: “Jtem med halfumm Kadalstodum iiij kyr og ij asauduar quilldi. landskylld epter halfa jordena quilldi. lukt j landskylld kyr anno 64. [...] Jtem af halfum Kadalstodumm kyr.” DI XIV, 204, 212. 1683: “Eftir andlát Eggerts Björnssonar í júní 1683 voru eftirfarandi jarðir og fasteignahlutar „so til lagðir áðurnefndri höfuðbólshlutdeild [Geirrauðareyri] sem hér greinir“. [...] Kaðalstöðum í Borgarfirði 4 hndr.” Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 66. 1845: Kaðalstaðir tvíbýli í byggð í Hjarðarholtssókn samkvæmt manntali vesturamts, 23-24. “Nýbýlið Miðgarður var stofnað 1950. Seldu núverandi eigendur Kaðalsstaða þá spildu af Kaðalsstaðalandi undir þetta býli. [...] Þá telst, það sem eftir er af jörðinni nú tvö sjálfstæð býli, þ.e. Kaðalsstaðir 1 og Kaðalsstaðir 2. Kaðalsstaðir 2 teljast 1/3 hluti jarðarinnar. Tún er skipt, en beitiland óskipt.” Ö-Kaðalsstaðir, 9-10.

Bærinn Hella [MH-069:028] er nefndur í Sturlungu: “Segir hann [Þorsteinn Gellison] að þeim lægi vel orð til Þorgils og vildu gjarnan gott við hann eiga og að þeir vildu finna hann annan dag viku eftir messudagana á Hellu fyrir vestan Ámótsvað við Hvítá. Hafði Þorsteinn þar grið er hann skyldi selja Þorgilsi til fundar þessa. En Þorgils skyldi selja þeim grið í móti. Skyldu hvorir vera með fimmtánda mann. [...] Þeir komu vestan Hrafn og Sturla og riðu til Ámótsvaðs. Báðu þar koma biskup kyndilmessu að færu veðri en ella mundu þeir bíða á Hellu.” Sturlunga Saga, 611. “Kaðalsstaðir við Þverá, 40. hndr. jörð, með góðu landrými og útbeit en slægnalítil.” SSMB, 68.

1917: Tún 8.3 ha. Hluti afréttar: 5/7. Stærð kálgarðar 900 m2. 1709: “Torfrista og stúnga mjög lök, brúkast þó. ... Móskurður til eldviðar nógur, brúkast árlega ...Laxveiði í Þverá lítil, hefur að fornu verið, en nú eru fljótin mestöll ... túninu er að meini hellugrjót, sem í jörðu liggur, og so þunn grasrót, að í þerrum og sólksini visnar grasið af gjörsamlega ... Túninu grandar ogso Þverár yfirgángur með landbroti. Enginu grandar Þverá og hefur af því allareiðu gjörsamlega eyðilagt þrjá fjórðunga; þeim eina fjórðungi, sem eftir er. er hætt við sama” JÁM IV, 322.

“Kaðalsstaðir eru frekar landmikil jörð. Miklir ræktunarmöguleikar eru með framfærslu. Landið er flatt. Breiður flói liggur niður tunguna, samhliða svokölluðum Klettum, klettarana, sem endar í Hörðuhólum við Hvítá í Neðraneslandi. Sunnan Kletta er nokkuð þurr, breiður flói eða mólendi með stökum holtum með Hvítá neðst. Eru þar uppgrónar eyrar, heita Eyrarnes. Þar er tún um 6 ha. Með fram Þverá eru þurrir bakkar neðst, þar fyrir ofan við ána eru Kaðalsstaðabæirnir á klapparholti, allbröttu niður að áni. Afréttur á upprekstarsvæði Þverárréttar. Veiðirétt eiga Kaðalsstaðir í Hvítá og Þverá. Hitaveita lögð frá Lundahver 1986-1987.” BB III, 144.

MH-069:027_01 *Hellukot* bæjarhóll bústaður 380769 464725

“Hellukot heitir örnefni hjer í landinu. Þar hefur að fornu bygð verið, og sjást hennar ljós merki og griðíngarleifar. Enginn veit nú hvað lengi það hefur í auðn verið, og er tún mestalt í hrjóstur og mosa komið. Þar er nú selstaða frá heimajörðunni, og má hjer ei aftur byggja nema til rýrðar við hana,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709.


“Vestan og sunnar í þessari [kletta] hæð [neðan við Hellunes] er mikið af rústum, misjafnlega gömlum. Þetta er Hellukot eða Hella [...] Mun áður fyrr hafa verið sjálfstætt býli, en seinasta byggð þar voru

beitarhús frá Kaðalsstöðum," segir í örnefnalýsingu. Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "HELLA/ HELLUKOT. Bæjarins Hellu [028] er getið í Sturlungu sem fundarstaðar og þar sagður fyrir vestan Ámótavað [029] á Hvítá. Jarðabók Árna og Páls getur Hellukots sem örnefnis í Kaðalsstaðalandi, hafi þar að fornu verið byggð. Enginn hefur búið í Hellukoti á síðari öldum. Í landi Kaðalsstaða eru rústir eyðihjáleigunnar Hellukots, rétt ofan við mynni Reykjadalsár. Eru þær friðlýstar." Í friðlýsingaskrá segir: "Kaðalsstaðir. a. Leifar af Hellu eða Hellukoti, vestaní hæð, sem fjárhús standa á. b. Forn tóft, austan undir hæðinni við Hvítá. Sbr. Árb.1896: 18. Skjal undirritað af MÞ 25.101930. Þinglýst 22.01.1931." Í Íslenzkum sögustöðum II segir: „Næsti bær fyrir vestan er Kaðalsstaðir [001]. Í þeirra landi eru rústir eyðihjáleigunnar Hellukots nálægt Hvítá. Þar eru fjárhús. Litlu neðar er mynni Reykjadalsár. Bæjarnafnið Hella [028] hefur geymzt í Hellukoti. Hella er oft nefnd í Sturlungu í sambandi við Ámótsvað [029]. Nafnið sýnir að vaðið hefur verið nálægt ármótum, og sjá má af aðstæðum að vaðið hefur verið á Hvítá þar sem Reykjadalsá rennur í hana. Hella hefur þó ekki getað verið á sama stað og Hellukot því að Hella er í Sturlungu sögð fyrir vestan vaðið."

Í Árbók fornleifafélagsins 1896 segir: „>>Hellukot<< í Kaðalstaðalandi í Stafholtstungum. Þar eru nú fjárhús frá Kaðalstöðum austur undir Hvítá. Sjást standa á hæð, og sjást talsverðar rústir fyrir vestan þau á hæðinni og vestan í henni, en óglöggar eru þær og líta út fyrir að vera misgamlar og hver ofaná annarri. Austanundir hæðinni, nær ánni, er tóft sem líkist fjósi og hlöðu."

Á herforingjaráðskort frá 1913 er útihús í Hellukoti merkt um 1,6 km suðaustur af bæ.

Hellukot er um 1,5 km SSA af íbúðarhúsi Kaðalsstaða. Á svæðinu eru 14 minjaeiningar á svæði sem er alls um 140 x 78 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Minjarnar eru sýnilega misgamlar. Til fornlegra minja má telja rústahól 01, tóft 02, 03 og 04, dældir 05 og 06, túngarð 07, rústahól 13 og tóft 14. Túngarður 08, fjárhústóftir 09, 10 og 11 og rétt 12 eru aftur á móti unglegri að sjá.




Yfirlitskort sem sýnir minjar í túni Hellukots 027.

Minjarnar eru undir og á suðvesturenda klettaholts eða hæðar skammt norðan við Hvítá. Klettabelti er á norðvesturhlið holtsins. Grösugt er á norðurvesturhluta gamla túnstæðisins en rýrari gróður, meira mólendi og víða rof, nær ánni. Mýrarsund er norðan við túnstæðið. Vegur liggur að Hvítá um 23 m suðvestan við minjasvæðið. Svæðið er beitt af hrossum.

Lýsingin hefst á hóli 01 er austan undir hæðinni, sem er hugsanlega bæjarhóll Hellukots. Hann er um 1,5-2 m á hæð, 33 x 26 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hóllinn gæti að hluta verið náttúruleg upphækkun en líklegt er að hann hafi a.m.k. að hluta til orðið til vegna uppsafnaðrar mannvistar. Hóllinn er grasi gróinn og töluvert stórþýfðari en umhverfið. Tóft 02 er suðvestan undir hólnum og á austurhluta hans eru tóftir 03 og 04 og dæld 05. Þessar minjar tengjast



Bæjarhóll Hellukots 027_01, horft til ANA.



Uppmældar minjar á bæjarhóli Hellukots 027_01 og í næsta nágrenni.

annað hvort gamla bænum eða mögulega líklegar seinni seljabúskapar. Ekki er hægt að útiloka að fleiri minjar leynist í þýfinu á hólnum en ekki sáust skýrar útlínur annarra mannvirkja en ofantaldra.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: JÁM IV, 322; Ö-Kaðalsstaðir, 7; BB III, 169; ÁG, 23; ÍS II, 18; ÁHÍF 1896, 18; Herforingjaráðskort 35 SV

MH-069:027_02 tóft óþekkt 380765 464715



Tóft 027_02 á bæjarhóli 027_01, horft til SSA.

Tóft 02 er suðvestan undir hól 01, milli hans og túngarðs 07. Hún er um 11,5 x 8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er hæst um 30 cm, mjög óljós og gengin í þúfur og er á mörkum þess að kallast þúst eða tóft. Mögulega má greina tvö hólf, í sitthvorum enda tóftarinnar, það syðra rúmir 1 x 1 m en það nyrðra um 2 x 1,5 m. Enginn inngangur er greinanlegur. Tóftin er grasi gróin og sést hvergi í grjót.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:027_03 tóft óþekkt 380784 464720




Tóft 027_03, horft til ASA.

Tóft 03 er austast á hól 01. Hún er grasi gróin og mjög gengin í þúfur, 10 x 5,5 m að stærð, um 30 cm á hæð, og snýr VNV-ASA. Tóftin er einföld og er um 4 x 2 m að innanmáli en enginn inngangur er greinanlegur.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:027_04 tóft óþekkt 380779 464718



Tóft 027_04, horft til norðvesturs.



Uppmældar minjar á bæjarhóli Hellukots 027_01 og í næsta nágrenni. Þar er m.a. tóft 027_04.

Tóft 04 er fast suðvestan við tóft 03. Hún er grasi gróin og heldur óljósari en tóft 03. Stærð tóftarinnar er um 7,5 x 4,5 m og snýr hún norður-suður. Tóftin er einföld og er um 2,5 x 1,5 að innanmáli en enginn inngangur er greinanlegur. Hæð veggja er um 30 cm.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:027_05 dæld óþekkt 380779 464723



Dæld 027_05 á bæjarhóli 027_01, horft til NNV.

Um 1 m norðan við tóftir 03 og 04 er dæld 05. Hún er um 3,5 x 2,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Dældin er grasi gróin með sléttan botn, aðeins dökkgrænni en umhverfið, en afmörkuð af stórþýfi. Hæð þúfnanna í kring er um 30 cm.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:027_06 dæld óþekkt 380757 464709



Dæld 027_06 utan við túngarð 027_07, horft til norðausturs.

Dæld 06 er tæpum 2,5 m suðvestan við tóft 02 en túngarður 07 er á milli þeirra. Hún er um 4,5 x 3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Dældin er grasi gróin með sléttan botn en afmörkuð af stórþýfi. Hæð þúfnanna í kring er 30-40 cm.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:027_07 garðlag túngarður 380751 464719



Túngarður 027_07 meðfram suðvesturhlið túnsins, horft til suðurs.

Gamall túngarður 07 afmarkar hluta túnstæðisins, svæði sem er 132,5x64 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er í þremur bútum og liggur einn meðfram nyrðri hluta suðvesturhliðar túnsins, annar meðfram norðvesturhlið og sá þriðji meðfram syðri hluta norðausturhliðar. Garðurinn er víðast 2,5-3 m á breidd, mjög siginn og genginn í þúfur. Meðfram suðvesturhlið túnsins sést garðurinn á um 46 m löngum kafla. Hann er skýrastur norðvestast og er þar hæstur um 70 cm en lækkar og verður óskýrari til suðausturs þar til hann hverfur í þúfur. Meðfram norðvesturhlið er garðurinn 45 m á lengd og um 30 cm á hæð. Meðfram suðvestur- og norðvesturhlið er garðurinn algróinn grasi en meðfram norðausturhlið er hann að mestu mosavaxinn. Þar liggur garðurinn niður hlíðina á um 51 m löngum kafla en er aðeins 10-15 cm á hæð þar sem hann er hæstur. Hann aðgreinist helst frá umhverfinu af gróðri á jörðu niðri en er skýrari á loftmynd. Virkt rof er í garðinum á köflum á þessum hluta, einkum nyrst.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:027_08 garðlag túngarður 380766 464779




Yngri túngarður 027_08, horft til austurs.

Yngri túngarður 08 er hlaðinn fast norðvestan við eldri túnggarð 07 meðfram norðvesturhlið túnstæðsisins. Hann er um 52 m á lengd meðfram þeirri hlið en við norðurhorn túnsins beygir hann til suðausturs og liggur um 16 m í átt að fjárhústóft 11. Garðurinn er grjóthlaðinn, víðast um 1,5 m á breidd en er alveg sokkinn í jörð. Mosi er tekinn að vaxa yfir grjótið suðvestast.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:027_09 tóft beitarhús 380812 464743






Beitarhúsatóft 027_09, horft til suðurs á ljósmynd.

Beitarhústóft 09 er hlaðin fast SV undir klett ofarlega á hæðinni, u.þ.b. á miðjum norðausturjaðri svæðisins. Hún er einföld, um 11 x 7,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á tóftinni á miðjum suðausturgafli. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en kletturinn sem hún er hlaðin undir er nýttur fyrir norðvestur- og norðausturhliðar. Grjót sést vel í veggjum bæði að innan og utan. Hæð veggja er víðast 50-70 cm og breidd um 2 m. Grjóthlaðinn garði er í miðju tóftarinnar, um 1 m á breidd og 30 cm á hæð.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:027_10 tóft beitarhús 380794 464742






Beitarhús 027_10, horft til norðausturs á ljósmynd.

Um 8 m vestur af tóft 09 er önnur beitarhústóft 10. Hún er um 18 x 6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á tóftinni suðvestarlega á norðvesturhlið og hlaða er í suðvesturenda. Hæð veggja er víðast 30-60 cm á hæð en tóftin er að hluta grafin inn í brekkuna á norðausturhlið og er hæð veggja þar aðeins um 15 cm að utanverðu. Í norðvestara hólfinu (fjárhúshlutanum), sem um 8,5 x 3 m að innanmáli er grjóthlaðinn garði í miðju, um 1 m á breidd og 20-30 cm á hæð. Hlaðan er um 3 x 2 m að innanmáli og snýr þvert á fjárhúsin. Dýpt hlöðunnar er 20-50 cm, mest í norðausturhluta. Að mestu er gróið yfir grjót í hleðslum en þó sést glitta í það á stöku stað og einkum í garðanum.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:027_11 tóft beitarhús 380798 464771



Beitarhús 027_11, horft til suðurs.



Mynd sem sýnir uppmælingu beitarhúsa 027_11 og réttarhleðslu 027_12.

Tvöföld beitarhústóft með hlöðu 11 er norðvestan undir hæðinni, um 10 m norður af tóft 10. Tóftin er um 16 x 13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti og er að miklu leyti gróið yfir grjót en það sést þó í það víða. Það sést best á utanverðri norðausturhlið og sjást þar 4-5 umför í hleðslum. Hlaðan er í suðausturenda en fjárhús í norðvesturhluta. Hæð veggja er víðast 50-70 cm. Bæði fjárhúshólfin eru með op til norðvesturs, hvort fyrir sig um 7,5 x 3 m að stærð. Grjóthlaðnir garðar eru í báðum hólfum, um 1 m á breidd og 15-20 cm á hæð. Hlaðan er um 8,5 x 1,5 m að stærð og virðist nánast tvískipt en líklega er það hrun sem skiptir henni. Hlaðan er líklega lítillega niðurgrafin en dýpt hennar er mest um 1,1 m í norðausturhluta.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:027_12 hleðsla rétt 380801 464761



Rétt 027_12 aftan við beitarhús 027_11, horft til VSV.

Grjóthlaðin rétt 12 er norðvestanundir hæðinni og tengir saman beitarhústóftir 10 og 11. Hún er um 25 x 7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á réttinni á vesturhorni en norðvesturendi norðausturhliðar tóftar 10 afmarkar suðvesturhlið, klettar afmarka suðausturhlið og suðvesturhlið tóftar 11 markar norðaustari hluta norðvesturhliðar. Grjóthlaðin garðlög eru á norðausturhlið og suðvesturhelming norðvesturhliðar, um 1 m á breidd og 30-40 cm á hæð. Mest eru teljanleg 3-4 umför af grjóti. Á stöku stað, einkum á norðvesturhlið er mjög stórt grjót í hleðslunni, allt að 90 cm í þvermál. Réttin er tvískipt, en garðlag liggur út frá klettum á móts við suðvesturhlið tóftar 11. Garðlagið er um 4 m á lengd, 1,5 m á breidd og 20 cm á hæð.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:027_13 þúst óþekkt 380831 464665




Þúst 027_13 og fjóstóft 027_14, horft til SSA.

Syðst á svæðinu er stórþýfður hóll 13, áberandi grænni og grösugri en mólendið umhverfis. Hann er 32 x 23 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hóllinn er hæstur um 2,5 m að sunnanverðu en rennur saman við brekkuna norðantil. Á hólnum er tóft 14 og er ekki ómögulegt að fleiri minjar séu þar einnig en ekki sjást skýrar útlínur mannvirkja.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:027_14 tóft fjós 380826 464664



Fjóstóft 027_14, horft til ASA.



Fjóstóft 027_14 er á þúst eða rústahóli 027_13.

Tóft 14 er á u.þ.b. miðjum hól 13. Hún er um 15,5 x 6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur með op á suðausturgafli. Í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1896 er þessi tóft sögð líkjast fjósi og hlöðu en aðeins sést eitt hólf í tóftinni í dag (2022). Tóftin er enda heldur óljós og mikið gengin í þúfur. Innra byrði er þó heldur skýrara en það ytra. Hæð veggja er 60-80 cm að innan en aðeins um 30 cm að utan. Breidd veggja er 2,5-3 m, og er hún mest á norðausturhlið.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:032 heimild um leið 380412 465184
“Gömul reiðgata lá frá Kaðalsstöðum suður að Hellukoti [027] um Neðstaskarð og þaðan nokkurn veginn í beina stefnu á Hellukot,” segir í örnefnalýsingu.
Gatan er merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913 í suðvestur frá bæ.
Leiðin liggur yfir raðir klettaholta sem liggja norðaustur-suðvestur. Mýrarsund eru milli holtanna.
Malarvegur liggur að mestu þar sem reiðgatan var áður. Ekki sjást merki um eldri götur. Vegurinn er upphlaðinn að hluta þar sem hann liggur yfir mýrarsund.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Kaðalsstaðir, 9; Herforingjaráðskort 35 SV

MH-069:036 varða óþekkt 380442 465255



Varða 036, horft til norðurs.

Varða er um 900 m SSA af íbúðarhúsi á Kaðalstöðum, um 30 m austan við veg að Hvítá þar sem leið 032 lá áður.
Sunnan túna eru raðir af klettaholtum sem liggja norðaustur-suðaustur með mýrarsundum á milli. Varðan stendur efst á einu þeirra. Yfir holtið liggur malarvegur til suðausturs að Hvítá.
Varðan er að mestu hrunin. Eftir standa um 4 umför af grjóti, um 45 cm á hæð. Varðan og grjótdreifin umhverfis hana er alls um 2,5 x 1,5 að grunnfleti. Grjót í vörðunni er skófum vaxið. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en mögulega hefur hún verið við leið 032 sem lá frá bæ 001 að Hellukoti við Hvítá og á leið MH-641:011.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:041 hleðsla óþekkt 380454 464897



Hleðsla 041, horft til suðausturs.


Hleðsla er utan í lágum klett um 1,3 km SSA af íbúðarhúsi á Kaðalstöðum og um 20 m suðvestur af vegi að Hvítá þar sem leið 032 lá áður.
Sunnan túna eru raðir af klettaholtum sem liggu norðaustur-suðaustur með mýrarsundum á milli. Hleðslan er norðvestan í einu holtanna. Malarvegur liggur yfir holtin til suðausturs að Hvítá.
Hleðslan er ferhyrnd, um 75 x 50 cm að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 50 cm á hæð en toppurinn stendur aðeins um 15-20 cm ofan við brún klettsins. Hleðslan myndar ásamt klettinum lítinn skáp sem er opinn til norðvesturs. Hann er um 40 cm á hæð, 20 cm á breidd og 45 cm á dýpt. Skápurinn er að mestu hlaðinn úr hellugrjóti og má mest telja 12 umför af grjóti. Mögulega er hleðslan ekki nógu gömul til að teljast til fornleifa. Ekki er vitað hvaða hlutverki mannvirkið gegndi.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-069:046 heimild um landamerki 379270 463941

Landamerki Kaðalsstaða 1923, á móti Neðra Nesi MH-071: Frá þúfu á Stórahól “ræður klettabrúnin að Kletti neðantil á Kaðalsstaðaklettum með vörðu og merktum + [...].” Varðan var á milli leiða MH-641:016 og leið MH-641:011 og um 2,4 km suðvestan við bæ 001.
Kaðalstaðaklettar er langur og nokkuð hár og afgerandi klapparás og var landamerkjavarðan suðvestast og ofarlega á honum. Norðvestan við ásinn er víðfeðmt mýrlendi en suðaustan við hann eru fleiri

klapparásar og mýrarsund á milli þeirra.
Varðan hefur verið rifin en þar sem hún stóð stendur járnstaur upp úr steyptri undirstöðu.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 105

MH-069:048_01 garðlag áveita 380118 463468



Yfirlitskort sem sýnir umfang garðlaga 048_01 og staðsetningu tóftar 048_02 og mannvirkis 048_03.

Eyrarnes er syðst í landi Kaðalstaða og rennur Hvítá vestan, sunnan og austan við nesið. Það er um 3 km sunnan við bæ 001. Ungleg en umfangsmikil garðlög liggja um allt Eyrarnes á svæði sem er um 1,8x1 km að stærð og snýr norður-suður. Garðlögin voru skráð undir einu númeri (01) en en óveruleg tóft (02) og mannvirki (03) eru við suðvestasta garðlagið á svæðinu.




Tvö dæmi um torfhlaðna garða 048_01, horft til suðvesturs á mynd til vinstri og til norðausturs á mynd til hægri.

Eyrarnes er fremur lágt og flatt og að mestu deiglent en víða virðist gróðurhula fremur þunn og á nesinu miðju eru talsverður uppblástursfláki.
Garðlögin eru flest nálega með stefnuna norður-suður en sum snúa þó norðaustur-suðvestur. Þau eru torfhlaðin, flest 0,7-1 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Víða má sjá pælu samsíða görðunum. Samtals voru skráðir 30-40 garðar á þessum slóðum en víða var erfitt að áætla hvar einum garði sleppti og annar tók við. Garðarnir eru án efa hluti af einhvers konar landrækt og eða framræslu enda er svæðið að mestu deiglent mýrlendi. Á vettvangi voru flestir garðarnir mældir upp að hluta innan úttektarsvæða vegna Holtavörðuheiðarlínu 1 (2022) en á úrvinnslustigi var heildarumfang garðanna mælt upp af loftmynd frá Loftmyndum ehf.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-069:048_02 tóft óþekkt 379724 463123






Tóft 048_02, horft til suðurs á ljósmynd.

Tóft 02 er sunnarlega á Eyrarnesi og við suðvestasta garðlagið á nesinu, um 400 m norðan við Hvítá. Tóftin er fremur óverulegt og óvandað mannvirki. Hún er 5 x 4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún virðist einföld, og er um 3 x 2 m að innanmáli. Ekki er að sjá op eða skiptingu á hólfinu og veggir eru óverulegir, meira eins og niðurstunga og uppkast fremur en að um vandlega hlaðna veggi sé að ræða. Breidd "veggja" er 0,8 m og hæð 0,2 m. Líklegast er að þetta hafi verið hey- eða móstæði en þó er ekkert um það vitað með vissu.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-069:048_03 mannvirki óþekkt 379737 463123





Mannvirki 048_03, horft til NNA á ljósmynd.

Mannvirki 03 er um 30 m sunnan við tóft 02 en við sama garð og hún. Ummerkin eru enn óverulegri en 02 en þó virðist ljóst að þarna hefur verið stungið út og einhvers konar mannvirki gert. Mannvirkið er 7 x 3 m stórt. Veggir eru um 0,7-0,8 m á breidd og 0,3 m á hæð og virðast fremur afrakstur útstungu en eiginleg eða stæðileg vegghleðsla. Mannvirkið snýr NNA-SSV, hugsanlegt er að það hafi skipst í tvö hólf en það er of óljóst til að hægt sé að fullyrða um það og í raun mannvirkið allt of óverulegt að að hægt sé að segja nokkuð um það annað en að þarna virðist greinilegt mannaverk og líklegt er að það tengist nýtingu mýrarinnar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-071 Neðra Nes

16 hndr. 1707. Kirkjueign. JÁM IV, 324. Jörðin er fyrst nefnd í Eyrbyggju: ”Þeir kómusk at lykðum á bæ þann í Stafholtstungum, er í Nesi heitir inu neðra, kvoddu þar gistingar, en bóndi vildi engan greiða gera þeim“ ÍF IV,143. Þverárþing er á jörðinni. Í Stafholtskirkju máldaga 1140 er getið um Þverárþing: „öll ey sú er Þverárþing er j.“ DI I 280; Í máldaga 1480: „Ey við Hvítá er Þverárþing stendur j.“ DI VI, 268. Gíslamáldaga frá 1570 „Nes leigð fyrer.c.“ DI XV, 621; Kirkjueign Stafholtskirkju árið 1847, dýrleiki 16 hndr. JJ,127. Ættarábúð síðan 1887. BB III, 156.
Tún 3.9 ha. Hluti sléttur ½. Kálgarður 296 m2. “Túninu grandar Þverá með landbroti og grjótsáburði, oft til stórskaða.Enginu grandar Þverá með Grjótsáburði til stórskaða, sem árlega fer í vöxt og er af mikill partur í skriðu og hrjóstur kominn“ JÁM IV, 325. ”Land jarðarinnar er flatt of fremur þurrt,vallendisbakkar meðfram ánum.Sléttir melar og nú ræktaðir eru upp frá ármótunum. Efst í landinu er mýr-og mólendi. Gott ræktunarland.“ BB III, 156.

MH-071:015 náma mógrafir 378418 463787



Óljós ummerki um mógrafir 015, horft til vesturs.

Ógreinilegar og signar mógrafir eru rúmum 550 m VNV við leið MH-641:016 og 130 m norðan við veg heim að Neðra-Nesi (án veganúmers).
Meintar mógrafir eru í norðurjaðri á lágum mel en mýrlent er þar norðan við. Nokkuð er um lynggróður á svæðinu og víða má sjá lágt kjarr.
Mór virðist hafa verið tekinn á svæði sem er um 40 x 30 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Erfitt er að meta fjölda grafa innan svæðis enda margar mikið grónar og jafnvel teknar að renna saman. Flestar eru 0,3 m djúpar með gróinn og rakan botn.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-071:016 mannvirki óþekkt 377791 463177

Fremur óljós ummerki um niðurgröft má greina á lágri brún norðvestan við Dýjaflóa um 1,4 km suðaustan við bæ 001.
Brúnin er öll grasi vaxin og nokkuð bratt en ekki hátt er fram af henni til suðausturs. Svæðið er þurrt og því virðist ólíklegt að hér hafi verið mó- eða torfrista en þó er það ekki útilokað.
Ummerki um niðurgröft eða efnistöku má sjá á allstóru svæði sem er 30x7,5 m að stærð og snýr



Suðaustasti hluti niðurgraftar 016. horft til NNV.



Kort sem sýnir umfang meintra minja 016.

norðaustur-suðvestur. Greinilegustu ummerkin eru suðvestast á því en þar er ferhyrndur og nokkuð afgerandi niðurgröftur sem er um 1x1,5 m að innanmáli og 0,3-0,4 m djúpur. Ekki sést innri brún í suðausturenda. Þar fast norðaustan við er svæði sem virðist hafa myndast við rof eða niðurgröft og er 6x3 m að innanmáli. Þar norðaustan við er svo lág brún en hún afmarkar 7x21 m stórt svæði að suðvestan- og norðvestanverðu. Hvergi er niðurgröfturinn dýpri en 0,4 m. Ekkert er í raun vitað um þennan stað eða hversu gömul þessi ummerki eru en þau virðast manngerð.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-097 Stafholtsey

Skv. elsta máldaga Stafholtskirkju frá miðri 12. öld átti kirkjan "ey þá er Þverárþing er í" - DI I, 179, og er það vafalaust Stafholtsey. Orðalagið bendir til að þar hafi þá ekki verið býli. Skv. Vilchinsbók frá 1397 átti kirkjan "ey vid Hvijta" - DI IV, 188-90. Maður var drepinn á þingi sem lögmenn héldu í Þingey í Borgarfirði 1378 - Flateyjarannáll. Á 16. öld braut Hvítá sér leið yfir í Þverá í gegnum Faxið, þar sem Þverárþing á að hafa verið haldið, líklega 1536-37, og færðist eyjan þar með suður fyri Hvítá. 1685 var hún lögð til Bæjarsóknar og 17.05.1852 var hún færð í Andakílshrepp í Borgarfjarðarsýslu. Læknissetur Borgarfjarðarhéraðs 1874-1924. Nýbýli, Stafholtsey II, stofnað 1956 en jarðirnar sameinaðar aftur 1977. 1920: 53.700 m2 = 17 dagsl. + nátthagi 8072 m2 = 2 2/3 dagsl samt 61.772 m2 = 19 2/3 dagsl. Garðar: 632 m2. Skv. túnakorti var Nátthagi austan við Farveg. "Stafholtsey er öll láglend, en hingað og þangað með síkjum, sem eru gamlir farvegir eftir Hvítá og Þverá." Ö-Stafholtey, 1. "Með Hvítá eru sand- og malareyrar og valllendisbakkar, en annars er landið að mestu þurrlent, en með smátjörnum og -síkjum, og er hér víða hætt við flóðum úr Hvítá. Silungs- og laxveiði er nokkur í Hvítá." BB II, 203.

MH-097:007 *Stíflugarður* garðlag áveita 375711 462035

"Neðrasíki er rétt fyrir neðan [bæinn 001], og þar yfir, neðarlega, er svo Stíflugarður. Hefur hann verið gerður þar til að veita á ... Upp með bæjarsíkinu, að vestan, er svæði, sem nefnt er Áveita. Það er frá Stíflugarðinum, sem fyrr er nefndur." Stíflugarðurinn er um 660 m suðvestur af bæ 001.

Garðurinn liggur um stórþýft graslendi, hálfuppþurrkaða mýri en mólendi er austan og vestan garðsins. Skurður liggur NNA-SSV yfir svæðið og sker garðinn.



Stíflugarður 007, horft til VSV.

Stíflugarðurinn er alls um 190 m á lengd. Hann er rofinn á tveimur stöðum, annars vegar af mýrarsundi á um 3,5 m löngum kafla um 36 m frá austurenda, en hins vegar af skurði á um 12,5 m löngum kafla u.þ.b. um miðbik garðsins. Garðurinn liggur að mestu austur-vestur en um 44 m vestur af skurðinum tekur garðurinn stefnu norður og liggur þannig um 20 m en beygir þá aftur til vesturs. Stíflugarðurinn er mjög siginn og genginn í þúfur. Hann er 3-4,5 m á breidd, breiðastur nærri mýrarsundinu. Hæð garðsins er um 40-60 cm en hann rís ekki meira en 10-20 cm hærra en þúfurnar umhverfis. Fast austan við mýrarsundið eru ummerki um efnistöku fyrir garðinn á um 21,5 x 14,5 m svæði sem snýr norður-suður. Þar er 20-30 cm djúp gryfja, grasi gróin og að mestu þurr. Garðurinn liggur yfir mitt svæðið.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Stafholtsey, 1, 2

MH-097:015 *Bakkavað* heimild um vað 376275 460890

"Þeir [Þorgils Hölluson] riðu at Eyjarvaði yfir Norðrá, en at Bakkavaði yfir Hvítá, skammt fyrir Bæ ofan; riðu þeir Reykjadal …," segir í Laxdæla sögu.

"Grímkell [sat fyrir Þórði Kolgrímsyni og] var við þriðja mann. Þeir fundust við Bakkavað fyrir austan Hvítá undir torfstökkum nökkurum," segir í Harðar sögu.

1877: ""Langs den omtalte "farvej" [þ.e. Farvegur] strækker sig gamle ridestier, og navnlig ned mod dennes midparti bliver de fra forskellige [306] punkter af Stavholtsö meget tydelige og giver sletten (moen) næsten udseende af gammelt, nu græsgrot, opplöjet land. Her I sydlig retning fra gården Stavholtsö, finde et almindelig benyttet overgangssted over den moradsige og upålidelige rende - sædvanlig kaldet Kirkjuvað, fordi det benyttes af de til Bæ kirke sögende. Man vil her söge sporene

af et af de ældre vad over Hvitå, Bakkavad, en hypotese, der står I forbindelse med forestillingen om, at Hvidå tidligere udelukkende löb syd for Stavholtsö; men da, som det er vist, Stavholtsö fra gammel tid har været en ö, er det ikke rimeligt, at et over öen förende vad ikke skulle tage navn efter denne. Bakkavad der nævnes I et par sagaer (Harðar saga, Laxdæla s.) bar navn efter en gård Bakke, der nu ikke kendes; dog er dens navn vel endnu bevaret I navnet på gården Bakkakot, som I vest fra Kirkevad ses ligge længere nede ved farvejens udlöb, nær Hvitåens bred. Når Kirkevad göres til Bakkavad, antages gården Bakke at have stået strax syd for vandet, hvor der findes en lav höj med nogle tomter [BO-172:004]. Der er imidlertid I og for sig intet, der antyder en sådan beliggenhed for denne gård, og kun en formodning om, at Kirkevad oprindelig havde heddet Bakkavad, kunde opfordre til at anvise den plads her. [sbr lýsingu Grettis sögu á Bakka] Til denne beskrivelse passer det bedst at antage en beliggenhed for Bakke omtrent som det nuværende Bakkakots, Bakkavad förte, efter Laxd. at dömme, over Hvitå kort over for gården Bakke; vadet må vel altså - under forudsætning af Bakkakot som Bakkes arvtager - have været strax vest for Stavholtsö, på strækningen hvor Hvitå har bevaret sit leje uforandret," segir í Bidrag til en historisk-topografisk beskrivelse af Island I.

"Þetta vað [Bakkavað] er oft kallað kirkjuvað [svo], því að hér yfir er kirkjuleið að Bæ frá Bakkakoti og Þingnesi," segir grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1884-1885.

"[...] rétt neðan við Djúpapoll [í Farvegi] er hið forna Bakkavað," segir í örnefnaskrá.

Ekki er fyllilega víst að Bakkavað hafi verið á sama stað og Kirkjuvað en staðurinn þar sem talið er að vaðið hafi verið er um 1,7 km suður af bæ 001.

Þar sem Hvítá rann áður á þessu svæði er nú lækur. Lág grasi gróin brekka er vestan við en sléttað tún og trjárækt austan við.

Vaðið sést ekki lengur í dag og ekki eru skýr merki um götur að vaðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Stafholtsey, 2; ÍF IV, 184; ÍF XIII, 96; ÁHÍF 1884-85, 83 nmgr. 1



Áætluð staðsetning Bakkavaðs 015 yfir gamlan farveg Hvítár, horft til suðurs.

MH-097:020 garðlag óþekkt 375742 461035



Garðlag 020, horft til suðvesturs.

Garðlag er um 1,6 km SSV af bæ 001, um 20 m austan við gamla farveg Hvítár.


Minjasvæðið er við gamlan árfarveg, að mestu deig mýri en hálfgrónir melhryggir eru austar.

Garðlagið er um 22 m á lengd og snýr ANA-VSV. Það er um 2,5 m á breidd og 40-60 cm á hæð, hæst ANA-til. Garðlagið er mikið gengið í þúfur en er grösugra en mýrin umhverfis, gróið vallarsveifgrasi. Hlutverk garðlagsins er óþekkt.

Hættumat: engin hætta

MH-097:021 tóft rétt 376218 462199
“Rétt vestan við [Hádegispoll] er gömul hestarétt,” segir í örnefnaskrá. Réttin er um 410 m SSA af bæ 001 og um 50 m austur af Stafholtseyjarvegi.
Umhverfis réttina er smáþýft graslendi, gamall árfarvegur Hvítár.





Réttartóft 021, horft til suðvesturs á ljósmynd.

Réttin er um 10,5 x 8,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hún er torfhlaðin og grasi gróin, að mestu skýr en norðvesturhluti er byrjaður að ganga í þúfur. Lítilsháttar virkt rof er innantil í réttinni á SSV-hlið. Breidd veggja er 2-2,5 m og hæð 40-80 cm að innan en allt að 1,2 m að utan, hæst austan til en lægst vestan. Inngangur er ekki alveg skýr en er líklega er hann syðst á ASA-hlið.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Stafholtsey, 3

MH-097:023 gata leið 375997 460982



Götur á leið 023, horft til ASA.

Í grein Sigurðar Vigfússonar í Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1884-85 segir: “... við þessar rústir [BO-172:005] hefir verið almenningsvað [sjá Bakkavað 015] í gamla daga yfir Hvítá. Fyrir vestan farveginn og með honum í Eyjarlandi, röktum við [Sigurður Vigfússon og Páll Blöndal] fornar götur vallgrónar, er sjást glögglega. Þær leggja frá vestri til austurs, eins og vanalega er kallað; enn það er þó nær að norðan í stefnu, og þannig liggja göturnar og suður með farvegnum. Í einum stað taldi ég 20 götur. Sumstaðar eru þær orðnar óglöggar; síðan liggja göturnar á snið út í farveginn, heldr neðanhalt á móti rústunum, og beint á móti hinu mikla jarðfalli, sem brotið hefir þær af þeim megin.” Götur sjást samhliða Farveginum um 1,2-1,5 km suður af bæ 001.
Leiðin liggur um grasmóa og mosabreiður ofan (norðan og vestan) við gamlan farveg Hvítár sem nú er að mestu hálfdeig mýri. Milli gatnanna og farvegarins eru gamlar áreyrar, hálfgróinn melur.
Göturnar sem lýst er í Árbókinni eru líklega þær sem sjást óljóst sitthvoru megin við bílslóða sem liggur til VNV frá Stafholtseyjarvegi (5118). Göturnar eru fyrst


greinanlegar um 48 m vestan við Stafholtseyjarveg en þar sem bílslóðanum sleppir, eftir um 350 m leið, liggja göturnar áfram meðfram Farveginum til NNV en þar verða þær smám saman óskýrari. Alls má rekja göturnar um 885 m langa leið. Erfitt er að telja göturnar nákvæmlega þar sem þær eru flestar afar óljósar. Víðast eru í það minnsta 1-2 skýrar götur, um 30 cm breiðar og 10-20 cm djúpar en þar sem svæðið er breiðast, um 25 m, má telja 10-12 götur.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: ÁHÍF 1884-85, 83

MH-611 Fornleifar á fl. en 1 jörðu í Hvítársíðuhreppi

MH-611:001 *Kleifagatan* heimild um leið 386431 470996
Landamerki Síðumúla (MH-017) 1923: “Gagnvart Guðnabakkalandi [sjónhending] í grjótvörðu [MH-017:035] á ásnum vestanvert við Kleifagötuna, þaðan sjónhending í þriðju grjótvörðuna [MH-017:036] á ásnum, rjett yfir austan Kleifagötuna.” Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá leið 004 milli Síðumúla (MH-017) og Fróðastaða (MH-016), í norðvestur yfir tvenn hreppamörk að Norðtungu (MH-019), áfram í norður að Högnastöðum (MH-020) og sveigir síðan til norðausturs og endar við leið að Helgavatni (MH-021) skammt vestan við bæinn. Leiðin er skráð á númer MH-641:002 í landi Guðnabakka MH-064 í Stafholtstungnahreppi og á númer MH-621:001 í Þverárhlíðarhreppi. Hér er sá hluti leiðarinnar skráður sem lá af leið 004 í landi Síðumúla til norðvesturs að hreppamörkum. Hún er einnig skráð á fornleifanúmer í landi Síðumúla, sjá MH-017:024 og brú MH-017:029.
Kleifagatan lá upp Síðumúlaháls sem er víðast hálfgróinn melur. Þegar leiðin sveigir út fyrir Gálgaás (sjá MH-017:022) liggur hún áfram eftir Kleifum sem er mjótt mýrarsund milli klapparása, liggur norðvestur-suðaustur. Þar er núverandi vegur um sveitina, Þverárhlíðarvegur (522), og hefur hann nýlega verið byggður upp og malbikaður (2022).
Leið þessi sést sem ruddur malarvegur og er víða 1,5 m breiður. Brú MH-017:029 er á leiðinni þar sem hún liggur yfir blautt mýrarsund. Leiðin er horfin undir Þverárhlíðarveg í Kleifum. Hvergi sjást gamlar reiðgötur á leiðinni sem er 2 km löng.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Landamerkjabók fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslur I, 97; Herforingjaráðskort 35 SV

MH-611:003 heimild um leið 385720 470177
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá leið vestan við Hamra (BO-208) í norðnorðaustur framhjá Deildartungu (BO-220) yfir sýslumörk um Hvítá á Kláffossbrú (MH-017:016) og að leið MH-611:001 norðvestan við Síðumúla (MH-017). Gatan er merkt sem vagnvegur að mestu. Leiðin var skoðuð í landi Síðumúla, norðvestan bæjar. Hún er einnig skráð á númer BO-681:003 í Borgarfjarðarsýslu.
Núverandi vegur, Þverárhlíðarvegur (522), liggur um mýrlendi milli klettaása á sömu slóðum og gatan sem merkt er á herforingjaráðskort. Vegurinn hefur nýlega (2022) verið endurbyggður.
Ekki sjást merki um eldri leið á svæðinu og hefur hún líklega farið undir núverandi veg. Líklegt er að vörður MH-017:042 og 044-045 hafi verið við þessa leið.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV

MH-611:005 *Veggjagata* gata leið 384928 469663



Veggjagata 005, horft til norðausturs.

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá Síðumúla (MH-017) í vestur framhjá Síðumúlahúsum (MH-017:020) og sveigir til suðvesturs að Síðumúlaveggjum (MH-018). Leið þessi heitir Veggjagata og var fyrst skráð undir númerinu MH-018:013 í landi Síðumúlaveggja árið 2004. Lengri hluti leiðarinnar var skoðaður á vettvangi haustið 2022, einkum frá merkjum á milli Síðumúlaveggja og Síðumúla og áfram til austurs í átt að síðarnefnda bænum.
Leiðin liggur um mela, klapparása og gróin mýrarsund.
Leiðinni var fylgt á um 1,3 km löngum kafla en

heildarlengd hennar er 3,4 km. Á leiðinni má sjá götu má sem eyðu í gróður/mosa og er víða 1-2 m á breidd. Næst merkjum mill Síðumúlaveggja og Síðumúla er svolítill kantur að suðvestanverðu við leiðina. Hlið er á merkjagirðingunni þar sem hún liggur yfir merkin.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV; Ö-Síðumúlaveggir, 6

MH-621 Fornleifar á fl. en 1 jörðu í Þverárhlíðarhreppi

MH-621:001 *Skógargata* heimild um leið 385840 474160
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 035 SV frá 1913, liggur frá leið MH-611:004 milli Síðumúla (MH-017) og Fróðastaða (MH-016), í norðvestur yfir tvenn hreppamörk að Norðtungu (MH-019), áfram í norður að Högnastöðum (MH-020) og sveigir síðan til norðausturs og endar við leið að Helgavatni (MH-021) skammt vestan við bæinn. Leiðin er einnig skráð á númer MH-611:001 í Hvítársíðuhrepp og MH-641:002 í Stafholtstungnahrepp. Í örnefnalýsingu Högnastaða MH-020 segir: "Þar sem alfaravegurinn liggur gegnum skóginn heitir Skógargata, liggur milli Gömluhúsanna [líklega er átt við Gömluhús MH-019:012 og sauðahús MH-019:011 í landi Norðtungu] og upp undir Högnastaðatún". Þverárhlíðarvegur (522) liggur á sama eða svipuðum stað og gamla leiðin í landi Norðtungu en í landi Högnastaða og Helgavatns lá leiðin þar sem nú er Kvíavegur (5231).
Leiðin lá um heldur flatlent svæði, í gegnum auststa hluta Norðtunguskógar og meðfram honum og Helgavatnsskógi að norðanverðu.
Engin merki sáust um eldri leið á vettvangi.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV; Ö-Högnastaðir, 3

MH-621:002 heimild um leið 386574 478105
Í Sýslu- og sóknalýsingum Mýra- og Borgarfjarðarsýslna frá 1840 segir: "Alfaravegur úr Norðurárdal suður yfir Grjótháls er í suður hjá Hafþórstöðum og liggur hann ofan að Sigmundarstöðum [MH-028, sjá leið 002 og MH-631:004] eða Grjóti [MH-029] í Þverárhlíð. Er háls sá grýttur, þó árlega ruddur, en spillist af leysinga- og rigningavatni sem grefur upp göturnar." Leiðin er merkt á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913 og liggur frá leið 003 á Grjóthálsi skammt sunnan við hreppamörk í suður að Grjóti, á leið 012. Leiðin var skoðuð á vettvangi haustið 2021 í landi Grjóts og Sigmundarstaða, rétt vestan við Fossárhlíð og Leirtjörn, rúmum 400 m sunnan við leið 003 og um 170 m austan við tóft MH-029:020. Líklegt er að varða MH-028:027 hafi verið við þessa leið.
Leiðin hefur þrætt fremur grýtt melholt og hálfgróna dali. Deiglendi er í mjóum sundum og á milli klapparhryggja.
Engin merki sjást lengur um gömlu leiðina í landi Grjóts eða Sigmundarstaða vegna þess að nýlegur malarvegur (Grjóthálsvegur) er á sömu slóðum sem ljóslega hefur raskað gömlu leiðinni.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: SSMB, 53; Herforingjaráðskort 35 NV, Herforingjaráðskort 35 SV

MH-621:003_01 gata leið 386593 478585
Í Sýslu- og sóknarlýsingu Mýra-og Borgarfjarðarsýslna frá 1840 segir: "Alfaravegur úr Norðurárdal suður yfir Grjótháls er í suður hjá Hafþórstöðum [MH-056] og liggur hann ofan að Sigmundarstöðum [MH-028] eða Grjóti [MH-029, sjá leið 002] í Þverárhlíð. Er háls sá grýttur, þó árlega ruddur, en spillist af leysinga- og rigningavatni sem grefur upp göturnar," segir í sýslu- og sóknalýsingu. Leiðin er merkt á herforingjaráðskort 35 NV/SV frá 1913 og liggur frá leið MH-631:006 norðaustan við Hafþórsstaði í Norðurárdalshreppi í suður að Sigmundarstöðum. Gatan liggur yfir hreppamörk og er einnig skráð á MH-631:004 í Norðurárdalshreppi.
Leiðin var skoðuð í landi Sigmundarstaða haustin 2021 og 2022 og voru tvær vörður voru skráðar við hana (003_02-03) á þeim kafla.
Á svæðinu eru grýtt melholt og lágir klettar, víða með deigum mýrarsundum á milli. Malarslóði, Grjótsvegur (5233), liggur vestan við leiðina, u.þ.b. í sömu stefnu og leiðin en fylgir síðan leið 002 til suðausturs.
Leiðin var mæld upp á tveimur svæðum, annars vegar 50 m norðaustan við Grjótsveg nærri merkjum á milli Sigmundarstaða og Hafþórsstaða og hins vegar frá Dýjadalslæk að Efri-Gilbrekkum. Á fyrrnefnda svæðinu, við Grjótsveg, var hægt að rekja hana á ríflega 300 m kafla en þó voru stuttar eyður inn á milli



Leið 003_01 á Grjóthálsi, horft til norðvesturs.

þar sem götur sáust ekki. Á nyrðri kafla leiðarinnar sjást um 8-10 samhliða götur á 16 m breiðu svæði en sunnar dreifist leiðin minna og sjást þar 1-5 götur á mest um 7 m breiðu svæði. Þar sem aðeins sést ein gata er hún um 1,5-2 m á breidd en annars er um mjóa götutroðninga að ræða. Á síðarnefnda svæðinu, við Dýjadalslæk, sást víðast aðeins ein, ógróin gata sem er 0,2-0,5 m á breidd. Á milli þeirra svæða sem leiðin var mæld upp er hægt að rekja hana á loftmynd.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV

MH-621:003_02 varða samgöngubót 386641 478618



Varða 003_02, horft til norðausturs.

Varða er á Grjóthálsi, rúma 50m norðan við reiðleiðina 003_01 þar sem hún liggur austur og vestur, norðaustan við Hróðnýjarvatn. Hún er í landi Sigmundarstaða og er 1,5km norðvestan við íbúðarhúsin þar. Hún er einnig um 260m sunnan við vörðu MH-028:031 sem er sunnarlega á Hrafnabjörgum. Varðan er 150x40cm á að stærð og snýr norðvestur og suðaustur. Hún er um 1m á hæð og 3-4 umför. Varðan er vaxin skófum en ekki er greinilegur gróðurkragi í kringum hana.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-621:003_03 varða samgöngubót 387489 478123



Varða 003_03, horft til norðvesturs.

Hrunin varða er á norðvesturbrún klapparholts sem er suðvestan við Dýjadalslæk við leið 01 sem liggur upp á Grjóthálsi frá Sigmundarstöðum MH-028.
Svæðið er nokkuð vel gróið og er grasgróður í sundum og hlíðum auk berjalyngs og birkigróðurs. Varðan er nokkuð ferköntuð, tæpur 1 m á kant að grunnfleti. Hleðslan er öll hrunin en er 0,3-0,4 m á hæð. Grjót í vörðunni er skófum vaxið.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-621:005 gata leið 387444 473776



Óljósar götur á leið 005 nærri Örnólfsdalsá, horft til norðausturs.

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá Norðtungu (MH-019) í norðaustur meðfram Örnólfsdalsá, yfir ána og yfir hreppamörk að Ásbjarnarstöðum (MH-065). Leiðin lá að miklu leyti eftir grónum eða hálfgrónum áreyrum þar sem hún var skoðuð haustið 2022 nærri merkjum Norðtungu MH-019 og Sleggjulækjar MH-066 annars vegar og Sleggjulækjar og Ásbjarnarstöðum hins vegar.
Leiðin lá eftir sléttum, grasi grónum áreyrum Örnólfsdalsár með þurrum farvegum.
Lítil sem engin ummerki um reiðgötur á þessari leið fundust á vettvangi en þó mátti greina óljósar götur á um 200 m löngum kafla í landi Sleggjulækjar, rétt suðvestan við merkin á móti Ásbjarnarstöðum. Þar eru 10-15 grunnar og mjóar götur á um 15 m breiðu svæði. Göturnar stefna norðaustur-suðvestur og hverfa til beggja enda vegna rofs af völdum árinnar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV

MH-621:006 heimild um leið 387418 474142



Ruddur vegur er á leið 006 og ekki sjást ummerki um gamlar götur á henni, horft til suðvesturs.

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá Norðtungu (MH-019) í norðaustur meðfram Örnólfsdalsá að Örnólfsdal (MH-022) og endar við Norðtungusel (BO-199c). Leið þessi var skoðuð í landi Helgavatns og Norðtungu haustið 2022. Heildarlengd leiðarinnar er um 7,5 km en á vettvangi var leiðin skoðuð á um 400 m löngum kafla.
Leiðin liggur ýmist uppi á skógi vöxnum malarbökkum eða eftir sléttum áreyrum, eftir því hvernig háttar til við Örnólfsstaðaá.
Leiðinni var fylgt þar sem hún liggur um birkiskóg í landi Helgavatns en þegar komið er yfir í landi Norðtungu vex birkið innan um allþéttan barrskóg. Ruddur vegur er á leiðinni og er hann ógróinn í landi Helgastaða. Þar er hann um 3 m breiður og niðurgrafinn um 0,5 m. Engin ummerki um götur á gömlu leiðinni sjást á þessum hluta hennar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV; Herforingjaráðskort 35 SA

MH-621:007 *Skógargata* gata leið 387404 474441
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá leið 006 í norðaustur að Helgavatni (MH-021) í gegnum Norðtunguskóg og Helgavatnsskóg. “Meðfram Stöpunum frá Móabrekkunum syðst var rennislétt melgata alla leið heim [að Helgavatni], sem nefnd var Skógargata eða Stapagata,” segir í örnefnaskrá Helgavatns. Er Skógargata/Stapagata að öllum líkindum sama leið og sýnd er á herforingaráðskortinu, a.m.k. að hluta.



Ruddur vegur er á leið 007 í landi Helgastaða, horft til suðvesturs.



Í Norðtunguskógi er leið 007 nánast horfin í trjágróður, horft til norðvesturs.

Leiðin liggur að miklu leyti í gegnum gamlan birkiskóg en í Norðtunguskógi sem Skógræktin á og hefur umsjón með er búið að planta barrtrjám víða. Rudd braut er á þeim hluti leiðarinnar sem liggur í gegnum land Helgastaða, undir Stöpunum.
Hægt er að fylgja leiðinni víða en í Norðtunguskógi er það býsna erfitt vegna þess hversu þéttur skógurinn er. Þar sést gróin, einföld gata. Í Helgafellslandi er hálfgróin rudd leið sem er um 2 m breið. Heildarlengd leiðarinnar er um 3 km en henni var fylgt á um 1 km löngum kafla.
Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV; Ö-Helgavatn, 3

MH-621:008 heimild um leið 385015 472365
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá Norðtungu (MH-019) í vestur yfir Litlu Þverá að leið milli Arnbjargarlækjar (MH-032) og Hamra (MH-023). Leiðin var skoðuð í landi Norðtungu haustið 2022,sitt hvoru megin við Þverárhlíðarveg (522) þar sem hún lá norðan Örnólfsdalsár. Í landi Norðtungu er búið að rækta tún á flatlendi þar sem leiðin lá. Vestar, í landi Arnbjargarlækjar og Hamra lá leiðin um kjarrlendi sem einkennist af klapparásum og mýrarsundum inn á milli þeirra.
Engin ummerki um leiðina sáust í landi Norðtungu þar sem þeirra var leitað.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV

MH-621:011 heimild um leið 386029 475159
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá Höfða (MH-030) í norðaustur að Grjóti (MH-029). Var leiðin á svipuðum eða sömu slóðum og Þverárhlíðarvegur (522) og Sigmundarstaðavegur (5231). Ummerkja um leiðina var leitað austast í landi Höfða (Karlsbrekku) þar sem hún lá um flatlendi á Leynifit og uppi á hæðarbrún niður við Litlu-Þverá.
Leiðin liggur um fremur flatlent svæði þar til kemur að birkiskógi á merkjum milli Grjóts og Höfða. Þar liggur leiðin upp á allbratta brún en ekki er mjög hátt fram af henni til suðausturs.
Engin skýr ummerki sjást um gömlu leiðina vegna vegagerðar.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV

MH-621:012 *Grjótsgata* heimild um leið 386729 475306
“Í gegnum Norðtunguskóg lágu ýmsar götur. [...]. Vestust var Grjótagata [svo], næstum því í miðjum skógi, breið melgata,” segir í örnefnaskrá Norðtungu MH-019. “Grjótsgata sker Móabrekkurnar og er síðar á merkjum móti Helgavatni. Liggur hún frá Skarðsvaði [MH-020:014] við Litlu-Þverá, austan við Hrísneshyl, milli Þverárréttar og safngirðingarinnar [sjá MH-020:017], sem er í Helgavatnslandi, svo



Rudd braut er þar sem Grjótsgata lá meðfram merkjum milli Helgavatns og Norðtungu, horft til suðurs.

suður gegnum skóginn og inní Norðtunguland," segir í örnefnaskrá Högnastaða. Grjótsgata lá til suðurs af leið 002 við bæinn Grjót MH-029 að Norðtungu MH-019 og er hún sýnd að litlu leyti á herforingjaráðskorti 35 SV frá árinu 1913 þar sem hún liggur frá Þverárrétt að Grjóti. Leiðin var skoðuð á vettvangi í Helgavatnsskógi og Norðtunguskógi haustið 2022.

Leiðin liggur að miklu leyti um skóglendi og er gamall birkiskógur í Helgavatnsskógi en blandaður skógur í Norðtunguskógi (birki, barrtré og lauftré). Svæðið er nokkuð jafnlent og í aflíðandi halla til suðurs eða suðvesturs. Þó er ein nokkuð brött (en ekki há) brekka á leiðinni sem heitir Móabrekkur.

Slóð hefur verið rudd þar sem gamla leiðin lá og er hún akfær. Hún liggur meðfram merkjum Helgavatns og Norðtungu þar sem hún er 2-3 m á breidd. Hlið er á merkjagirðingu þar sem leiðin liggur niður af Móabrekkum og er þar hlykkur á leiðinni. Hún heldur svo áfram í gegnum Norðtunguskóg eftir slóða sem er misjafnlega skýr. Heildarlengd leiðarinnar milli Grjóts og Norðtungu er um 4,3 km en sá hluti leiðarinnar sem liggur um skógana er tæplega 2 km langur.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Norðtunga, 3; Ö-Högnastaðir, 3; Herforingjaráðskort 35 SV

MH-621:014 heimild um leið 387499 477241



Ógreinileg ummerki sjást um rudda slóð þar sem eldri reiðleið 014 lá á milli Grjóts og Sigmundarstaða, horft til norðausturs.

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá Grjóti (MH-029) í norðaustur framhjá Sigmundarstöðum (MH-028) og yfir Litlu-Þverá. "Jaðrar. Mýrarræma upp af Undirlendiskrók og upp að melgötum þeim, er liggja milli Grjóts og Sigmundarstaða," segir í örnefnaskrá. Rudd slóð er á milli bæja, litlu ofar og norðvestar en núverandi vegur (Sigmundarstaðavegur (5231)). Leiðin var skoðuð á kafla í landi Grjóts og Sigmundarstaða haustið 2022.

Leiðin liggur eftir grasi gróinni hlíð en víða standa klappir upp úr sverði.

Rudda slóðin er um 4 m breið þar sem hún var skoðuð og hefur efni verið ýtt undan halla til suðausturs þannig að neðri brún er 0,5-1 m á hæð þar sem hallinn er mestur. Ekki er vitað hversu gamlar þessar vegabætur eru. Engar skýrar reiðgötur á leiðinni sjást þar sem hún var skoðuð. Leiðin var rakin á 550 m löngum kafla.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV; Ö-Sigmundarstaðir, 1

MH-631 Fornleifar á fl. en 1 jörðu í Norðurárdalshreppi

MH-631:001_01 gata leið 401116 493671

Í Sýslu- og sóknalýsingum Mýra- og Borgarfjarðarsýslna frá 1840 segir: “Alfaravegur úr Stafholtstungum fram í Norðurárdalinn er frá Hraunánni fram með Norðurá að vestanverðu fram yfir Fosshraun, Hreðavatns- og Brekkuhraun fyrir sunnan Brekkubæ og Hraunsnef og svo yfir um Bjarndadalsá suðaustan undan Hvassafelli hvor bær að næstur er að vestan, en Dalsmynni að austanverðu við Bjarnadalsá áður en vegurinn liggur upp í Reiðskörðin sem að eru í mynni Bjarnadals. […] Frá Dalsmynni eða Reiðarskörðum liggur vegurinn fram með Norðurá, fram yfir Arnarbæli við ána og fyrir sunnan Hreimstaði fram að Torfafitjarvaði [MH-055:018], hvar eð nefnd á rennur frá norðri til suðurs, er þar farið yfir hana og upp á Hólsey og liggur vegurinn í austur eftir henni, er þá vegurinn austur af enda hennar og verða þar fyri kvíslir sem renna úr Norðurá suður undir Hvammsleiti, er farið rétt í austur yfir þær og svo uppá Hárekstaðaeyrar sunnan ána inn til þess að vegurinn liggur fram að Hárekstaðastekk [MH-054:023]. Þá liggja göturnar upp á mela sem liggja að ánni að sunnanverðu hennar, liggur svo vegurinn fyri norðan túnvöll á Hárekstöðum og svo ýmist yfir Norðurá norðan undan Hárekstöðum og svo fram með henni að norðanverðu allt að Sanddalsá hvor eð kemur fyrir úr hátt norðri, er þar farið yfir hana nærri ármótunum þar hún kemur í Norðurá og kemur maður þá upp á Sveinatungunef, hvað að er melhorn það sem Norðurá og Sanddalsá mynda þar eð þær koma saman. […] Liggur svo vegurinn fram hjá Sveinatungu, fremsta bæ í Norðurárdalnum þeim byggða; liggur hann svo einlægt með Norðurá allt fram að Hvassá hvar að er stakgrýtt yfirferðar. Skammt fyri framan nefnda á er Sæluhús kallað í Fornahvammi [MH-052a:010]. Frá Sæluhúsinu liggur vegurinn fram með Norðurá að norðanverðu fram yfir Fornahvammsleiti, er svo einlægt farið að norðanverðu við Norðurá fram yfir Búrfellsárnar, er þá vegurinn í austur inn til þess að komið er framundir Heiðarsporðinn, þar er farið yfir Norðurá, er svo vegurinn upp með henni að austanverðu þegar lagt er uppá Holtavörðuheiði, liggur þá vegurinn í norður allt upp að Hæðarsteini, hvor að er hér um bil á miðri heiðinni hvar eð Melaland í Hrútafirði byrjar, úr því liggur vegurinn meira til norðvesturs. Eru á Holtavörðuheiði margar smávörður [001_2] til leiðarvísirs. Er vegalengd á millum byggða yfir nefnda heiði kölluð fullkomin þingmannaleið og er hún víðast grýtt og seinfarin; jafnvel hún hafi rudd verið að sunnanverðu, þá vill það spillast árlega þar eð víða eru urðir og leirmold á milli sem rignir úr svo holótt verður.”

“Nokkuð innar er mjór hryggur meðfram ánni, er heitir Kattarhryggur, milli Fornahvamms og Sveinatungu. Vegurinn lá eftir honum í gamla daga, og fyrst þegar bílar fóru, fóru þeir þessa leið,” segir í örnefnaskrá Sveinatungu (MH-052). Leiðin er sýnd á Herforingjaráðskortum frá upphafi 20. aldar. Leið þessi lá um langan veg, eftir öllum Norðurárdal og upp á Holtavörðuheiði en frá sýslumörkum til norðurs er leiðin skráð á númerið ST-661:001. Lítill hluti leiðarinnar var skráður haustin 2021 og 2022.



Ruddur kafli á leið 001_01 sunnan við Holtavörðuvatn, horft til norðurs.

Leiðin lá um láglendi í Norðurárdalnum, yfir engjar og móa. Eftir því sem innar dregur í Norðurárdal verður gróður rýrari og landslagið hrjóstrugra.

Þar sem leiðin var skoðuð haustið 2021 liggur hún neðan Vesturlandsvegar (1) sunnan við Sæluhúshæðir (sjá MH-052a:013), niður að Norðurá. Suðvesturendi hennar liggur í sveig utan í melhól sem nær niður að ánni og heldur svo áfram yfir mýrlenda og deiglenda bakka árinnar til norðausturs. Leiðinni var fylgt á 810 m löngum kafla. Þar sem leiðin liggur utan í melhólnum sést hún sem ruddur vegur, 2-3 m breiður og lítið niðurgrafinn. Allbreitt rof er í veginum 60 m suðaustan við þjóðveginn. Varða 052a:015 er á melhólnum og er líklegt að hún hafi varðað

leiðina. Austast á melhólnum tekur við upphlaðin brú yfir mýrlendi, sjá 001_7. Norðaustan við hana sjást svo ógreinilegir slóðar og götur á 420 m kafla. Mjög stuttur kafli leiðarinnar var skoðaður haustið 2022 þar sem leiðinni var fylgt austan við Hrossagilshæðir, rúmum 2 km sunnan við Holtavörðuvatn. Ruddur vegarslóði er þar á leiðinni sem er um 2 m breiður og hálfgróinn. Honum var aðeins fylgt á 110 m löngum kafla en hann sést vel á loftmynd.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: SSMB, 52-53; Ö-Sveinatunga, 3; Herforingjaráðskort 35 SV; Herforingjaráðskort 35 NV; Herforingjaráðskort 35 NA; Herforingjaráðskort 34 SA

MH-631:001_08 *Sæluhúsflói* hleðsla brú 401153 493733



Upphlaðin mýrarbrú 001_08 í Sæluhúsflóa, horft til norðausturs.

Upphlaðin mýrarbrú er á milli Búrfellsár og Heiðarsporðs í svokölluðum Sæluhúsflóa. Hún er tæpa 600m suðvestan við sæluhús MH-052a:013, um 40m norðan við Norðurá og 60-65m sunnan við þjóðveg nr.1. Miðlína Holtavörðuheiðarlínu 1 liggur yfir minjastaðinn. Brúin liggur um mjög blautt og mýrlent svæði sem hefur orðið fyrir nokkru raski. Raskið tengist sennilega að einhverju leyti vegaframkvæmdum á svæðinu en svo sáust einnig ummerki eftir lagningu ljósleiðara. Brúarhleðslan er um 100m löng. Hún liggur frá suðri til norðurs þar til á hana kemur kröpp beygja til norðausturs. Syðst er brúarhleðslan um 3m á breidd en breikkar eftir því sem norðar dregur og nyrst er hún um 4m á breidd. Suðausturhlið hennar, sem snýr að Norðurá er um 80cm á hæð og er hærri en norðvesturhliðin sem er um 60cm á hæð. Syðri endinn hefur nokkuð þunna gróðurhulu en norðurhlutinn er allur á kafi í grasi og virðist hann líka hafa orðið fyrir meira raski en suðurendinn.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-631:001_10 hleðsla óþekkt 402637 495809
Grjóthleðsla 10 er ferkantaður grunnur nyrst á mosagróinni hæð vestan við Krókatjarnir þar sem til skoðunar er að hafa jarðvegsnámu í tengslum við lagningu Holtavörðuheiðarlínu 1 (2022). Neðan og norðvestan við hæðina er gamli vegurinn yfir heiðina (sjá 01). Annað áþekkt mannvirki 11 er 1,9 km norðar. Grunnurinn er fáum metrum NNV við mosavaxna klöpp sem stendur upp úr flatanum og ofan á henni er hundaþúfa. Mannvirkið er 1,5 m á kant, aðeins lengra A-V en N-S. Í því er allstórt, kantað og skófum vaxið grjót. Ekki sést steinn yfir steini en hleðslan er 0,1-0,3 m hærri en umhverfið. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þetta mannvirki var hlaðið en ætla má að tengist gömlu leiðinni yfir heiðina, mögulega vegagerðinni sjálfri. Hleðslan virðist ekki vera hrunin varða og er því líklega ekki samgöngubót.



Hleðsla 001_10 með óskilgeint hlutverk er við leið 001_01 á Holtavörðuheiði, horft til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna efnistöku

MH-631:004 heimild um leið 387230 480761

Í Sýslu- og sóknalýsingum Mýra- og Borgarfjarðarsýslna frá 1840 segir: “Alfaravegur úr Norðurárdal suður yfir Grjóthváls er í suður hjá Hafþórstöðum [MH-056] og liggur hann ofan að Sigmundarstöðum [MH-028 sjá leið MH-621:003] eða Grjóti [MH-029, sjá leið MH-621:002] í Þverárhlíð. Er háls sá grýttur, þó árlega ruddur, en spillist af leysinga- og rigningavatni sem grefur upp göturnar.” Gata, merkt á herforingjaráðskort 35 NV frá 1913, liggur frá leið 006 norðaustan við Hafþórsstaði í suður að Sigmundarstöðum og Grjóti í Þverárhlíð. Hún liggur að miklu leyti á sama stað og leið MH-056:013 á Götási í landi Hafþórsstaða. Grjótsvegur (5233) liggur yfir Grjóthváls á sama eða svipuðum stað og eldri leið lá áður. Lítill hluti leiðarinnar var skráður haustið 2021.

Leiðin liggur yfir allháan háls sem skilur á milli Þverárhlíðar og Norðurárdals. Hann er víða gróinn en á honum eru víða klapparhryggir.

Engin ummerki sáust á vettvangi um eldri leið og má ætla að þau hafi horfið við seinni tíma vegagerð.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SSMB, 53; Herforingjaráðskort 35 NV, Herforingjaráðskort 35 SV

MH-641 Fornleifar á fl. en 1 jörðu í Stafholtstungnahreppi

MH-641:002_01 heimild um leið 385527 472083
"Frá því [Hrossaskarði] eru klettar að Kleifum, en það er skarð í klettana, alldjúpt, þar sem vegurinn liggur í gegn. [...] Suður af Kleifastekk [MH-064:015] er melurinn, sem vegurinn liggur eftir nefndur Kirkjumelur. Guðnabakki á sókn að Síðumúla. [...] Upp af Dýjahlíð heita Melabrúnir, þar sem vegurinn til Norðtungu skerst niður melana. Þetta nafn þekkir L.P. ekki, heldur var þar kölluð Sneið," segir í örnefnaskrá Guðnabakka.
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort, liggur frá leið milli Síðumúla (MH-017) og Fróðastaða (MH-016) (sjá MH-611:001), í norðvestur yfir tvenn hreppamörk að Norðtungu (MH-019), áfram í norður að Högnastöðum (MH-020) og sveigir síðan til norðausturs og endar við leið að Helgavatni (MH-021) skammt vestan við bæinn (sjá MH-621:001). Sá hluti leiðarinnar sem hér er skráður liggur á milli Örnólfsdalsár og hreppamarka Stafholtstungnahrepps og Hvítársíðuhrepps og er í landi Guðnabakka MH-064. Leiðin er skráð á númer MH-611:001 í Hvítársíðuhrepp og MH-621:001 í Þverárhlíðarhrepp. Greinilegar vegabætur hafa verið gerðar á þessari leið en aldur þeirra er ekki þekktur. Hér er fyrst fjallað um eldri leiðina 01 sem sýnd er á herforingjaráðskorti og svo yngri veg 02 sem liggur á svipuðum slóðum.
Gamla leiðin lá á sama stað og Þverárhlíðarvegur (522) á kafla en sveigði svo til norðurs og lá eftir Sneið undir kjarri vöxnum mel og áfram í mýrlendi að að brú á ánni sem byggð var árið 1899 og er elsta varðveitta hengibrú landsins. Áður en brúin var byggð hefur leiðin legið að Kirkjuvaði MH-019:008.
Ekki sjást skýr ummerki um reiðgötur á elstu leiðinni um þessar slóðir en yngri vegagerð hefur líklega að mestu afmáð þau ummerki. Elstu sýnilegu vegabætur á þessari leið sjást sem ruddur vegur eftir Sneið, neðan og norðan við kjarri vaxið melkast, en einnig sem upphlaðinn vegur í deiglendi þar sem leiðin sveigir til norðurs að brú á Örnólfsdalsá. Þessi vegur liggur ofar í hlíðinni en vegur 02. Hann sést á 400 m löngum kafla þar sem hann er ruddur og 100 m löngum kafla þar sem hann er upphlaðinn en hann hverfur undir yngri veg þar sem leiðin lá yfir mýrlendi. Ruddi hluti leiðarinnar er 2-2,5 m breiður en þar sem vegurinn er upphlaðinn í mýrlendi er hann um 4 m breiður og 0,3-0,4 m hár. Ekki er ljóst hversu gamlar þessar vegabætur eru og hvort þær geti talist til fornminja.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Guðnabakki, 2-3; Herforingjaráðskort 35 SV

MH-641:002_02 vegur samgöngubót 385800 472204
Eftir Sneið og niður að brúnni á Örnólfsdalsánni sjást tvær útgáfur af yngri vegum og er hér lýst yngsta veginum 02 en óvíst er hversu gamall sá vegur er og þá hvort hann hafi náð nógu háum aldir (100 árum) til þess að geta talist til fornminja. Hægt er að fylgja veginum frá Þverárhlíðarvegi (522) um Sneið að brú yfir Örnólsdalsá og er hann 1 km langur. Vegurinn er allt að 7 m breiður og 0,4 m hár. Hann er yfirgróinn en sumsstaðar sést í grjót í honum. Nærri brúnni er ræsi á veginum.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

MH-641:006 heimild um leið 376186 461986
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá Hvítárbakka/Bakkkoti (BO-172) í austur yfir sýslumörk um Farveg og sveigir til norðvesturs framhjá Stafholtsey (MH-097) að leið BO-661:016/ MH-641:005 við Hvítá. Leiðin sést á nokkrum stöðum, bæði í landi Stafholtseyjar og Hvítárbakka. Í landi Hvítárbakka er leiðin skráð á BO-661:018 en í landi Stafholtseyjar sjást göturnar fyrst skýrt um 560 m suður af bæ 001 og eru skráðar á þetta númer.
Göturnar liggja yfir gamlar rmosavaxnar áreyrar austan við Stafholtseyjarveg (5118).
Göturnar liggja beggja vegna við gamlan farveg á allt að um 130 m breiðu svæði. Vestan farvegarins má greina 10-12 samliggjandi götur sem eru þó rofnar á nokkrum stöðum af hleðslu yfir hitaveitulögn. Austan farvegarins, á gömlu áreyrunum, sést ein áberandi ógróin gata, um 30 m breið og 20 cm djúp en alls liggja um 15-20 grónar götur eftir eyrunum endilöngum. Göturnar ligga norður-suður og sjást



Götur á leið 006, horft til norðurs.

á um 600 m löngum kafla í landi Stafholtseyjar en hverfa þar sem þær byrja að sveigja til vesturs en landið vestan Stafholtseyjarvegar hefur að miklu leyti verið lagt undir kornakra. Göturnar sjást ekki heldur milli akranna og merkja við Hvítárbakka sem liggja um gamla farveg Hvítár. Á því svæði liggja götur MH-097:023 í stefnu NNV-SSA yfir það svæði sem götur 006 eru merktar á herforingjaráðskort. Auk þess eru þar fleiri unglegir troðningar og kindagötur, en engar sem liggja í rétta stefnu til vesturs að götunum sem sjást í landi Hvítárbakka.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV

MH-641:010 *Stekkjarsneið* heimild um leið 387114 473161



Malarborinn vegarslóði þar sem eldri leið 010 lá um Stekkjarsneið, horft til norðausturs.

Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá Sleggjulæk (MH-066) í norðvestur yfir hreppamörk um Örnólfsdalsá að leið MH-621:005. Leiðin lá um Stekkjarsneið í landi Sleggjulækjar sem sagt er frá í örnefnalýsingu jarðarinnar: “Ofan við Eyrarnar er klettabelti, er heitir Stekkjarsneiðarklettar, sem ná eftir landinu endilöngu og inn á Ásbjarnarstaðaland. [...] Þessir klettar draga nafn sitt af sneið, er liggur niður þá og heitir Stekkjarsneið. Hún er nú bílfær, fyrir framan hana þar sem Ytri-Klettarnir eru hæstir heitir Háiklettur.” Leiðin var skoðuð norðvestan við Stekkjarsneið og á áreyrum Örnólfsstaðaár. Örnólfsstaðaá hefur vítt vatnasvið á milli Norðtungu MH-019 í Þverárhlíðarhreppi og Sleggjulækjar MH-066 í Stafholtstungnahreppi. Hún rennur nú (2022) í landi Norðtungu við Norðtunguskóg en hálfgrónar og grónar eyrar eru frá ánni að ásum norðvestast í landi Sleggjulækjar. Greina má óljósa slóða hér og þar á áreyrunum en ekki er hægt að tala um að ummerki gömlu leiðarinnar séu sýnileg enda hafa þau líklega verið afmáð af ánni eftir því sem hún hefur breytt sér. Stekkjarsneið í landi Sleggjulækjar er sneiðingur þar sem farið var upp/niður af lágum en bröttum ásum Þar var síðar gerður jeppafær slóði og þegar svæðið var skráð (haust 2022) hafði greinilega nýlega verið borin í hann möl.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV; Ö-Sleggjulækur, 5

MH-641:011 gata leið 379213 463722
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá leið MH-069:032 í landi Kaðalstaða í suðvestur að Hvítá og sveigir síðan í norðvestur að Neðra-Nesi (MH-071). Gatan er merkt sem óviss í



Fjölmargar götur sjást á leið 011 í landi Neðra-Ness, horft til austurs.

landi Kaðalstaða. Leiðin var skoðuð á vettvangi á tveimur stöðum haustið 2022. Annars vegar austan við Stórahól í landi Kaðalstaða og hins vegar í landi Neðra-Ness við Hvítá. Vestan við Stórahól hafa þessar götur og götur 016 sameinast. Leiðin lá meðfram klapparásum í landi Kaðalstaða og eftir melum og á mosgrónum árbakka í landi Neðra-Ness.
Ekki sjást skýr ummerki um reiðgötur á leiðinni í landi Kaðalstaða en þar er bílslóði er á leiðinni á milli Stórahóls og Miðhörðuhóls og áfram til norðausturs á stuttum kafla. Fjölmargar reiðgötur sjást á leiðinni í landi Neðra-Ness niður við Hvítá. Þar eru líklega 20-30 grónar götur á um 25 m breiðu svæði. Götunum var fylgt á um 350 m löngum kafla þar sem þær liggja ASA-VNV.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV


MH-641:016 heimild um leið 378982 463643
Gata, merkt inn á herforingjaráðskort 35 SV frá 1913, liggur frá Efra-Nesi (MH-070) til suðurs og sveigir meðfram Nestjörn, að leið 011 skammt suðvestan við Stórahól. Ummerki um leiðina voru skoðuð suðvestan við Stórahól í landi Neðra-Ness MH-071.
Suðvestan undir Stórahóli er hálfgróinn mói með mosavöxnum þúfum á mel. Hlíðar Stórahóls eru hins vegar grónar og þar eru paldrar, mögulega aðeins eftir jarðvegssig en gætu líka verið götur, aðallega þá eftir sauðfé. Lengra til suðvesturs er fremur blaut mýri.
Engar eiginlegar reiðgötur sjást þar sem leiðin var skoðuð.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Herforingjaráðskort 35 SV

ST-106 Melar

1695, 1709 & 1847: 30 hdr, Bændaeign. OILR, 222; JÁM VII, 454; JJ, 217.
Jörðin er nefnd í Landnámu: “Þröstr ok Grenjuðr synir Hermundar hokins námu land í Hrútafirði inn frá Borðeyri og bjöggu at Melum.” ÍF I, 201. Grettis saga: “Rannveig hét önnur dóttir Ásmundar [hærulangs]; hana átti Gamli Þórhallsson Víndlendings. Þau bjuggu á Melum í Hrútafirði; þeirra son var Grímr. [...] Þórir [Þorkelsson] bjó fyrst á Melum í Hrútafirði [...] en eptir vígit á Fagrabrekku rézk Þórir suðri í Haukadal ok bjó á Skarði, en seldi landit á Melum Þórhalli Gamlasyni Vínlendingi.” ÍF VII, 36-37, 101, einnig 102, 139, 156, 157, 164, 266. Þáttr Hrómundar halta: “Sonr Þorkels á Kersyeri hét Þórir, bróðir Guðrúnar, konu Þorbjarnar; hann bjó at Melum it næsta.” ÍF VIII, 306, einnig 307, 309-310.
Túnakort 1917: Melar: Stærð túns 8,4 ha, ca 3/4 slétt. Matjurtagarðar 114 m2.
Grænumýrartunga: Stærð túns 2,6 ha, ca. 4/5 slétt.
Gilhagi: Stærð túns 1,4 ha, ca. 6/7 slétt. Matjurtagarðar 200 m2.
1709: “Sumarhagar eru á jörðunni yfirfljótanlega og so nær óþarflega víðlendir og góðir.
Þar hefur fyrrum verið brúkaður lamba- og geldfjárupprekstur, úr Hrútafirði vestan fram og jafnvel í manna minnum, en um fjallatoll var óvist nema eftir samkomulagi, og enn brúka þar nokkrir upprekstur, en hefur dregist í óvana vegna harðinda og óhægðar fólks. Fjalldrapi kynni að vera til eldiviðar. Laxveiði hefur verið rjettgóð í Hrútafjarðará, en nú um nokkur ár hefur hún engin verið, vita menn ei hvert aftur komi. Álfta eggver hefur áður á fjallinu að gagni verið, en hefur frá lagst vegna harðinda, kann þó enn, ef iðkað væri, til nokkurs gagn‹s› að vera með stórri fyrirhöfn. Grasatekja var góð, kynni enn að vera að nokkru gagni. Hvannarrótatekja nokkur. Berjalestur hefur verið að gagni, en er nú mjög af. Tún var fyrrum svo nær ekkert, en fyrir mikla rækt stórum útaukið, liggur þó mikinn part á hörðum mel, og því óvist hvað lengi viðheldst. Engjar þær bestu sem verið hafa eru óbærilega lángt burt og hart nær ófært til. Vetrarhart oft stórkostlega. Hætt fyrir fjenað af ám, lækjum og foröðum. Kirkjuvegur og þingvegur óbærilega lángur. Vatnsból mjög erfitt vegna fannlaga og lángt burt. Af túninu brýtur Hrútafjarðará til stórs skaða, þar að auki er stór partur túnsins ónýtur orðinn af sandfoki og kaldavatni. Engjar stórum fordjarfaðar af grjóti og leir. Jörðin blæs upp víða. Vegna óhægðar kaupir ábúandinn jafnlega slægjur.” JÁM VII, 454-455.
1848: “Meirihluti túnsins er sléttur [...]. Eigandi jarðarinnar, sem þar hefur lengi búið og auðgazt mjög, hefur stækkað það mikið og umbætt. Engjar eru miklar, en harla langt frá sumar, svo einasta tvær ferðir verða farnar á dag með heyband, þaðan sem lengst er í burtu. Landrými er feikilegt til fjalls, því öll Holtavörðuheiði liggur undir jörð þessa, suður í heiðarsporð, svo og heiðalönd öll þar norður af, vestur í Haukadalsskaðr og norður fyrir Geldingfell fyrir ofan lönd jarðanna, sem liggja milli Mela og Borðeyrar. Hér er grasatekja nokkur og hrísrif, sem þó ekki er brúkað til kola.” SSH, 17.

ST-106:086 tóft sæluhús 401902 501674





Sæluhústóft 086 við Holtavörðuvatn, horft til suðvesturs á ljósmynd.

“Annað [sælu]hús var um hríð norðan á [Holtavörðu]heiðinni. Síðasta sæluhúsið var rifið 2003 og er nú sæluhúslaust á heiðinni,” segir í Árbók Ferðafélags Íslands 2004. Stór og stæðileg tóft af sæluhúsi er austan við norðurenda Holtavörðuvatns, frammi á hjallabrún. Bratt en ekki mjög hátt er fram af hjallanum til vesturs að vatninu.
Sæluhúsið er í mosagrónum holtamói með grasgefnum mýrarsundum.
Tóftin er innan um stórgrýti er í móanum og virðast jarðlæg björg hafa verið notuð í hleðsluna sem er að mestu leyti úr grjóti. Einkum er stórt grjót í vesturgafli og dyrakampi á honum miðjum. Tóftin er einföld, 11,5x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Ytri brún veggja heldur sér nokkuð vel, einkum á suðurhlið þar sem veggir eru allt að 1,3 m á hæð í suðvesturhorni en lækka til austurs upp aflíðandi halla. Annarsstaðar eru þeir 0,6-0,8 m á hæð og sjást 3-5 umför. Lítillega er tekið að hrynja úr veggjum inn í tóft.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda
Heimildir: ÁFÍ 2004, 257

ST-106:090 varða samgöngubót 402019 501480



Varða 090, horft til norðausturs.

Skófum vaxin varða er uppi á háheiðinni austan við Holtavörðuvatn nærri norðurenda þess. Varðan er 224 m suðaustan við sæluhús ST-106:086 og 300 m sunnan við vörðu 091. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin því hún er ekki við gömlu leiðina yfir heiðina (sjá ST-661:001). Til greina kemur að hún sé í tengslum við lagningu raflínunnar ásamt vörðum 091 og 092.
Varðan er í mosagrónum holtamóa, frammi á allbrattri brún. Landið lækkar mikið frá henni niður að vatninu til vesturs en aflíðandi halli er upp frá henni til austurs. Fjárgata er fast ofan og austan við vörðuna og önnur er nokkrum metrum neðar og vestar en hún virðist liggja eftir gömlum bílförum.
Varðan er hlaðin ofan á skófum- og mosavaxið bjarg sem er tæpur 1 m á hæð. Varðan samanstendur af fimm steinum, þrír í undirstöður, þá er einn flatur og stór steinn og svo einn steinn efst. Hún er 0,6x0,5 m að flatarmáli, snýr norðvestur-suðaustur eins og bjargið sem hún er hlaðin á. Varðan er um 0,5 á hæð.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ST-106:091 varða óþekkt 401955 501772



Varða 091, horft til norðausturs.

Lítil varða er á allstóru bjargi litlu neðar og vestar en raflína á Holtavörðuheiði, 300 m norðan við vörðu 090 og 270 m sunnan við vörðu 092. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin því hún er ekki við gömlu leiðina yfir heiðina (sjá ST-661:001). Til greina kemur að hún sé í tengslum við lagningu raflínunnar ásamt vörðum 090 og 092.
Grýtt en mosagróið er í kringum vörðuna sem er í mosavöxnum holtamóa með blautum sundum inn á milli.
Bjargið sem varðan er á er um 1x1,5 m að stærð og 0,5 m á hæð. Aðeins eru tveir steinar í vörðunni og er neðri steinninn 0,5x0,3 m stór. Hann snýr

norðvestur-suðaustur eins og bjargið undir honum. Hæð vörðunnar er 0,5 m. Grjótið er skófum vaxið en ekki er ljóst hversu gömul hleðslan er.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ST-106:092 varða samgöngubót 401970 502042



Varða 092, horft til NNV.

Allstæðileg varða er hlaðin ofan á jarðlægt bjarg á stórgrýttri en mosavaxinni hæð á Holtavörðuheiði, fast vestan við raflínu. Frá henni hallar landi til norðurs. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi varðan var hlaðin en hún er ekki við gömlu leiðina yfir heiðina (sjá ST-661:001). Til greina kemur að hún sé í tengslum við lagningu raflínunnar ásamt vörðum 090 og 091.
Varðan er 1,3 m á lengd (austur-vestur) og 0,8 m á breidd en hrunið hefur úr suðurhliðinni. Í vörðunni er skófum vaxið og fremur stórt grjót. Hún er 0,6 m á hæð og sjást 2-3 umför hleðslu. Ef bjargið sem varðan er hlaðin á er talið með er varðan 1,2 m á hæð. Ath að slóði er á milli vörðu og raflínu.
Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

ST-661 Fornleifar á fl. en 1 jörðu í Bæjarhreppi

ST-661:001_01 heimild um leið 401904 501689

Fjölfarin fjallvegur lá yfir Holtavörðuheiði og er honum lýst þannig í Sýslu- og sóknalýsingum Húnavatnssýslu frá 1848: “Á Staðarhólmum, þegar komið er yfir Hrútafjarðará, skiptast nú leiðir. [...] Önnur liggur fram með ánni og síðan yfir Holtavörðuheiði. Er þá farið upp skammt fyrir framan Mela og komið ofan að Sveinatungu í Norðurárdal í Mýrasýslu. Sá vegur er fjölfarinn vor og haust, en einkum á veturna, því þá er ekki um aðrar leiðir að velja milli Norður- og Suðurlands. Vegurinn er víða grýttur og blautur og illa ruddur. [...] Heiðin sjálf er kölluð þingmannaleið suður í Fornahvamm, efst í Norðurárdal, og þaðan á að vera hálf þingmannaleið ofan að bæjum, en það má reyndar álíta mælt í styttra lagi. Þó er víst nokkuð meira en þingmannaleið byggða á milli.” Leiðin er einnig skráð á númer MH-631:001 og MH-641:004. Hún er sýnd á herforingjaráðskortum frá 1913-1914 og liggur hún frá vegamótum vestan Hraunár og í norðaustur yfir hreppamörk meðfram Norðurá í Norðurárdal, framhjá Brekku (MH-038), Hraunsnefi (MH-040), Hvassafelli (MH-042), Dalsmynni (MH-044), Klettstíu (MH-045), Hreimstöðum (MH-046) og Dýrastöðum (MH-047). Leiðin liggur þá yfir árkvísl, og er hún merkt sem óviss en frá því að hún liggur fyrir sunnan Hvamm (MH-048) er leiðin merkt sem vagnvegur. Hún liggur áfram framhjá Sveinatungu (MH-052) og Fornahvammi (MH-052a) og síðan yfir Norðurá norðan við Heiðarsporð. Leiðin liggur þá í norður upp á Holtavörðuheiði og yfir hreppamörk, yfir Miklagil, framhjá Grænumýrartungu (ST-106:013), áfram meðfram Hrútafjarðará og endar við Mela (ST-106). Leiðin hefur tekið nokkrum breytingum í gegnum tíðina: “Þjóðvegurinn var alveg við túnið [í Grænumýrartungu], en það breyttist 1939, er hann var færður ofar og lagður vegur heim að bænum ca. 300 metrar,” segir í grein Ingunnar Ragnarsdóttur um Grænumýrartungu (ST-106:013). “Skammt fyrir ofan brúna á Miklagili eru jarðföll sem heita Leirgróf, og þar rétt fyrir neðan er vað [ST-106:060] á gilinu, þar sem vegurinn lá fyrrum,” segir í örnefnaskrá Grænumýrartungu (ST-106:013).



Leið 001_01 á Holtavörðuheiði, horft til suðurs.

Stuttur kafli leiðarinnar yfir Holtavörðuheiði var skráður haustin 2021 og 2022. Var leiðin þá skoðuð fast norðaustan og norðan við Holtavörðuvatn. Þar sést hún sem rudd leið 001_01 og á henni er upphlaðin torfbrú 001_05. Einnig voru skráðar vörður 06-07 við leiðina af sama tilefni.

Við Holtavörðuvatn liggur leiðin um mosagróinn holtamóa en blaut mýrarsund eru víða á heiðinni sem sneitt er hjá.

Leiðinni var fylgt á um 3 km löngum kafla þar sem hún liggur norður-suður. Ekki sjást reiðgötur á þessum kafla en hér hefur leiðin ýmist verið rudd eða hlaðin upp og er hún 2-3 m breið en ekki mikið niðurgrafin þar sem hún er rudd. Á henni sjást hjólför.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SSH, 19; Herforingjaráðskort 35 SV; Herforingjaráðskort 35 NV; Herforingjaráðskort 35 NA; Herforingjaráðskort 34 SA; Ingunn Ragnarsdóttir 1985, 61; Ö-Grænumýrartunga GÞ 1977, 7

ST-661:001_05 hleðsla brú 401777 501808

Upphlaðin mýrarbrú 001_05 er norðvestast á þeim kafla leiðar 001_01 yfir Holtavörðuheiði sem skráður var haustið 2021. Brúin liggur yfir mýrarsund við Holtavörðuvatn, byrjar skammt frá sæluhúsi ST-106:086 og endar við allháan hól norðan við Holtavörðuvatn. Upphlaðni vegurinn eða mýrarbrúin er 150 m löng, um 4 m breið og 0,4-0,5 m á hæð. Ekki sjást mjög afgerandi rennur meðfram henni þar sem efni hefur verið tekið en einkum þó að norðaustanverðu. Rof er í gegnum brúna þar sem vatn rennur úr mýrarsundi út í Holtavörðuvatn. Þar í rofinu sést mikið grjót en brúin er að mestu gróin.



Upphlaðin mýrarbrú 001_05, horft til suðausturs.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ST-661:001_06 varða samgöngubót 402430 500382



Hrunin varða 001_06, horft til norðurs.

Varða 06 er ofarlega á hálfgrónum hól austan við Holtavörðuvatn og 1,8 km SSA við vörðu 07. Hún er nær alveg hrunin, 0,8 m í þvermál. Hún er 0,2 m á hæð og aðeins neðsta umfarið sést.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

ST-661:001_07 varða samgöngubót 401717 502054



Vörðubrot 001_07, horft til norðurs.

Vörðubrot 07 er við gamla veginn 01 yfir Holtavörðuheiði, litlu norðan við Holtavörðuvatn og 1,8 km NNV við vörðu 06. Varðan er á brún lágs hæðar i. Er um 0,7 m á kant og 0,3 m á hæð. Ekki er steinn yfir steini.
Hættumat: engin hætta

ST-661:008 vegur leið 402208 500631

Gamall slóði er mitt á milli Holtavörðuheiðarvatns og þjóðvegar 1, um 250 m norðvestan við vörðu 007_02 sem er við gömlu leiðina yfir Holtavörðuheiði.
Leiðin liggur gegnum mólent svæði, nokkur mosi er í sverði.
Leiðinni var fylgt á um 530 m löngum kafla og liggur hún nálega norður-suður. Hún sést sem einn stígur, allt að 1 m á breidd og með moldarbotn. Ekki er vitað hvert þessi leið lá en engar heimildir hafa



Gróinn slóði á leið 008, horft til norðvesturs.

fundist sem geta um hana. Líklegt er að slóðinn hafi verið gerður í tengslum við raflínuna sem liggur yfir heiðina.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

5. Niðurstöður

Fornleifaskráning vegna línukosta Holtavörðuheiðarlínu 1 var unnin í fjórum sveitarfélögum í þremur sýslum. Úttektin náði til 47 lögbýla vegna sjálfrar línunnar auk 14 lögbýla vegna fyrirhugaðra náma. Minjar fundust á 39 lögbýlum en að auki voru skráðar fornleifar sem teljast tilheyra fleiri en einni jörð í 11 hreppum (eins og þeir voru skilgreindir á 19. öld) og er þar í öllum tilvikum um gamlar samgönguleiðir að ræða. Holtavörðuheiðalína 1 mun í aðalatriðum liggja meðfram núverandi línuleið Hrútatungulínu 1 og Vatnshamralínu 1 milli tengivirkis á Klafastöðum í Hvalfirði og nýs tengivirkis á norðanverðri Holtavörðuheiði. Henni er skipt upp í fjóra hluta (A-D) en innan þriggja þeirra eru styttri valkostir sem víkja frá núverandi línuleið. Alls eru því fjórir grunnhlutar til skoðunar og 10 styttri valkostir. Heildarlengd línukosta er um 160 km og voru alls staðar tekin út 150 m breið áhrifasvæði út frá miðlínum þeirra (samtals 300 m belti). Að auki var tekið út svæði í Bæjarsveit í Borgarfirði utan áðurnefndra belta sem er 195,5 ha að stærð. Gert er ráð fyrir því að slóðar geti legið inn að línukostum sem ná út fyrir 300 m beltið og þar sem slíkar tillögur liggja fyrir var tekið út 15 m breitt svæði út frá miðlínu þeirra (samtals 30 m). Ýmist er um nýja slóða að ræða eða eldri slóða sem þarf að styrkja. Samanlögð lengd slóðanna sem eru utan úttektarbelta er 36 km. Enn fremur voru 42 efnistökusvæði skoðuð. Mörk þeirra lágu ekki fyrir þegar farið var á vettvang en allsstaðar var að lágmarki tekið út svæði sem er 50 m í þvermál út frá miðpunkti námu (0,8 ha).

Stærstur hluti valkosta Holtavörðuheiðarlínu 1 liggur yfir byggð svæði á láglendi þar sem landslag einkennist af mýrlendi og klöppum en þar er einnig mikið af ræktarlandi og móum. Þar sem leiðin liggur yfir Skarðsheiði og Holtavörðuheiði er mun hálendara og þar er lítill gróður samanborið við láglendið. Línukostir í Þverárhlíð liggja að hluta yfir allmikið skóglendi bæði Norðtunguskóg og Helgavatnsskóg (sjá umfjöllun í kafla 5.1) en einnig er nokkuð þétt birkikjarr í landi Grjóts og Höfða (Karlsbrekku) norðan við skógana. Í landi Króks í Norðurárdal er talsverð trjárækt en á öðrum svæðum er lítill sem engin trjágróður. Þar sem línukostir liggja um byggð svæði á láglendi eru þeir að miklu leyti í úthögum og fjarri heimatúnum og bæjarstæðum.


Alls voru skráðar 317 fornleifar á 258 minjastöðum innan úttektarsvæðanna. Eftir að vettvangsvinnu lauk, haustið 2022, var tveimur nýjum valkostum bætt við á B hluta Holtavörðuheiðarlínu 1 sem eru að hluta innan þeirra svæða sem tekin voru út. Að auki var gerð breyting á línukostum A1 – Bjarnarholtsleið og B1 – Andakílsleið. Við þessar breytingar eru sex minjar sem áður voru innan áhrifasvæða en eru nú utan þeirra.[1] Umfjöllun um þær er í fornleifaskránni (kafli 4) en að öðru leyti eru þær ekki teknar með í umfjöllun um minjar sem eru á áhrifasvæðum línukosta og annarra framkvæmdasvæða. Heildarfjöldi minja sem er til umfjöllunar í niðurstöðukafla skýrslunnar er því 311 á 252 stöðum.

Í umfjöllun um línukosti hér á eftir er bæði fjallað um minjar sem eru innan áhrifasvæðis hvers línukosts en einnig um minjar sem eru innan eða nærri áhrifasvæðum vegslóða sem tengjast

1 Minjarnar hafa eftirfarandi auðkenni í fornleifaskrá: BO-014:010, BO-014:013, BO-092:005, BO-092:006, MH-097:015 og MH-097:020.

línukostunum. Ekki er tiltekið hvort minjar eru innan áhrifasvæðis línunnar eða vegslóða nema í undantekningartilvikum. Fjallað er um alla meginhluta línuleiðarinnar (A-D) og í undirköflum fyrir hvern hluta er gerð grein fyrir styttri valkostum innan þeirra þar sem það á við. Einnig er gerður samanburður á styttri valkostum og sambærilegum köflum á meginhlutum línunnar.

Minjarnar á rannsóknarsvæðinu eru fjölbreyttar og hægt er að skipta þeim í níu flokka til þess að draga fram helstu einkenni þeirra. Um ákveðinn hluta minjanna gildir að ekkert er vitað með vissu um hvaða hlutverki þær gegndu og á það við um 64 af fornleifunum sem skráðar voru. Langstærsti minjaflokkurinn er *samgönguminjar* (120 minjar) en í hann falla allar leiðir, samgöngubætur, brýr, vöð og sæluhús. Annar stærsti minjaflokkurinn er minjar sem flokka mætti sem *minjar í úthögum* (41 fornleif) en það er nokkuð fjölbreyttur flokkur. Í hann falla minjar sem gjarnan tengjast nýtingu úthaga s.s. sel, stekkir, beitarhús, heystæði, tjaldstæði, áveitur, réttir, smalakofar o. fl. Í úthögum eru margar aðrar minjar sem hafa ótengd hlutverk, líkt og landamerki og nytjastaðir sem ekki tengjast búfjárhaldi. *Landamerki* eru nokkuð stór minjaflokkur (22 minjar). Í flestum tilfellum eru landamerkin vörður en einnig var skráður einn garður á merkjum á rannsóknarsvæðinu. Í flokkinn *nytjastaðir* falla minjar um mótekju og torfristu, kolagerð og netalagnir (17 minjar). Minnstu minjaflokkarnir eru *þjóðtrú og sögustaðir* (9 minjar) og *bænhús og aftöku-/legstaðir* (5 minjar). Þetta eru sérstæðar minjar sem ekki er auðvelt að setja í aðra flokka. *Bústaðir og býli* eru einnig sett í sérflokk til þess að draga þær minjar betur fram en slíkir staðir eru nær undantekningalaust innan heimatúna ef um grasbýli er að ræða. Alls voru skráðir 10 bústaðir og býli og eiga þær minjar það sammerkt að hafa



Minjum á áhrifasvæði Holtavörðuheiðarlínu er hægt að skipta upp í nokkra lýsandi flokka til þess að draga fram helstu einkenni þeirra. Hlutverk fjölda minja er ekki þekkt (64) en langflestar fornleifar falla í flokk samgönguminja (120).

mjög mikið gildi. Tiltölulega fáar aðrar minjar voru skráðar í *heimatúnum* á rannsóknarsvæðinu eða aðeins 23 fornleifar. Dreifing minja er hvergi eins þétt og í heimatúnum bæja. Í almennri skráningu eru útihús gjarnan einn stærsti minjahópurinn og útihúsafæð við skráningu fyrir umhverfismat Holtavörðuheiðarlínu 1 endurspeglar þá staðreynd að línunni hefur verið valinn staður fjarri heimatúnum sem veldur því að áhrif framkvæmdanna á fornleifar er mun minni en annars hefði verið.

Af þeim 311 fornminjum sem skráðar voru innan áhrifasvæða framkvæmdarinnar eru 19 friðlýstar minjar en aðrar minjar eru friðaðar. Strangari lög gilda um friðlýstar minjar en friðaðar minjar, t.a.m. er 100 m svæði frá ystu mörkum þeirra friðhelgað í stað 15 m svæðis frá ystu mörkum annarra minja.

Línukostir fara hvergi yfir heimatún bæja sem eru í byggð en þó er farið nærri gamla heimatúninu á Neðra-Skarði í Hvalfjarðarsveit (valkostur A) og heimatúni Vatnshamra í Andakíl (valkostur B). Línukostir liggja beggja vegna við gamla heimatúnið í Langholti í Bæjarsveit (valkostir B og B2) en bærinn hefur verið fluttur af sínum gamla stað og út fyrir túnið. Nokkrar minjar í túninu lenda innan áhrifasvæða línukosta en eru í jöðrum þeirra og því aðeins taldar í hættu en ekki í stórhættu vegna framkvæmdanna.

5.1 Takmarkanir á yfirsýn og breytingar á línukostum

Þrír valkostir á C-hluta Holtavörðuheiðarlínu 1 liggja yfir Norðtunguskóg og/eða Helgavatnsskóg milli Örnólfsdalsár og Litlu-Þverár. Skógarnir liggja saman en merki milli Norðtungu og Högnastaða annars vegar og Helgavatns hins vegar liggja eftir Móabrekkum í miðju skóglendinu og skilur hún á milli skógarhlutanna. Í Helgavatnsskógi er þéttur birkiskógur sem væri ekki hægt að komast um ef ekki væri búið að ryðja eldri leiðir um hann. Norðtunguskógur er í eigu og umsjá Skógræktarinnar og er það blandaður skógur. Hann er gamall birkiskógur í grunninn en víða eru stór svæði í honum með barrtrjám, auk nokkurra tegunda af öðrum lauftrjám en birki. Jeppafærir slóðar liggja um Norðtunguskóg en ekki er hægt að komast um hann utan þeirra. Sökum þess hversu þéttur trjágróðurinn er í báðum skógum reyndist ekki unnt að þaulganga áhrifasvæði línukostanna sem liggja yfir hann, líkt og gert var annarsstaðar. Nokkur fjöldi leiða lá um skóginn og voru þær skráðar, bæði á vettvangi og af loftmyndum en einnig var farið af þeim leiðum inn í svæði í skóginum í leit að minjum eins og hægt var. Einkum var þetta reynt í Helgavatnsskógi sem er greiðfærari en Norðtunguskógur. Engar minjar fundust í skóginum, aðrar en leiðir. Ekki er hægt að fullyrða að þar séu ekki fleiri minjar en það er talið ólíklegt að þar geti leynst umfangsmiklar fornleifar sem hafa mikið minjagildi.

Annað svæði sem ekki var hægt að þaulganga að fullu voru áreyrar Örnólfsdalsár í landi Norðtungu þar sem valkostir C1 og C2 liggja. Á því svæði hélt stór hjörð holdanautgripa sig og að viðhöfðu samráði við landeiganda var ekki talið óhætt að fara inn á svæðið af þeim sökum. Um er að ræða 850 m langan kafla á marflötum áreyrum. Á stórum hluta svæðisins eru


tún (nýrækt) og utan þeirra eru grónar áreyrar þar sem jarðvegur er þunnur og ólíklegt að minjar sé að finna. Horft var yfir svæðið og það skoðað mjög vel á loftmyndum en engin ummerki um minjar sáust og taldar voru hverfandi líkur á því að minjar séu á þessu svæði, a.m.k minjar sem eru sýnilegar á yfirborði. Það er þó ekki hægt að segja það með fullri vissu þar sem að ekki reyndist unnt að þaulganga svæðið.

Á tveimur stöðum á línuleiðinni eru svæði sem voru rannsökuð á vettvangi en eru ekki lengur til skoðunar vegna breytinga á valkostum. Annars vegar var valkosti A1 breytt á A-hluta leiðarinnar og hann færður út fyrir það svæði sem tekið var út á vettvangi. Innan þess voru fjórar fornleifar. Hins vegar er um að ræða 195,5 ha stórt svæði á B-hluta Holtavörðuheiðarlínu 1, á milli valkosta B og B3. Það er svæði sem var utan annarra úttektarbelta á flatlendi í landi Þingness, Bakkakots, Langholts og Stafholtseyjar. Eftir að vettvangsvinnu lauk var valkosti B4 bætt við meðfram austur- og suðausturjaðri þessa svæðis. Hluti þess er því innan áhrifasvæðis valkosts B4 en megnið af svæðinu er utan áhrifasvæða endanlegra valkosta fyrir Holtavörðuheiðarlínu 1. Tvær fornleifar voru skráðar á svæðinu á vettvangi sem eru ekki inni á áhrifasvæðum endanlegra valkosta.

5.2 Hættumat

Gert var hættumat fyrir allar fornleifar sem skráðar voru og miðað við þá meginreglu að telja minjastaði í innan við 50 m fjarlægð frá áætlaðri staðsetningu línukosta í stórhættu (samtals 100 m breitt svæði) en minjar utan þess svæðis í hættu (á bilinu 51-150 m frá línukostum). Minjar sem eru innan áhrifasvæða vegslóða (15 m frá miðlínu) eru allar skilgreindar í stórhættu. Minjar sem eru innan við 15 m utan við úttektarsvæði línukosta, námusvæða og vegslóða teljast einnig í hættu því að friðhelgað svæði í kringum þær er að hluta innan áhrifasvæðisins. Nokkrar minjar töldust ekki í hættu vegna framkvæmdanna en í þeim tilvikum var það oftast vegna þess að öll ummerki um fornleifarnar voru þegar horfin. Þegar vettvangsvinnan fór fram lá nákvæm stærð fyrirhugaðra námusvæða ekki fyrir og var því að lágmarki tekið út svæði í 50 m radíus frá miðpunkti (0,8 ha). Víða eru gamlar námur eða opnar námur á þessum stöðum sem ná langt út fyrir úttektarsvæðin. Þar sem þannig háttar til var gerð grein fyrir þekktum minjum við jaðra námanna.

Þegar hættumat fyrir skráðar fornleifar innan áhrifasvæða framkvæmda er skoðað má sjá að rúmur helmingur minjanna er í stórhættu, alls 54%. Tæpur helmingur minjanna er í hættu, alls 41%, og um 5% minja eru ekki talin í neinni hættu. Sjá má þessa skiptingu í skífuriti 1. Rétt er að hafa í huga að þrátt fyrir að minjar teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask sé óhjákvæmilegt, aðeins að fornleif sé hætta búin vegna framkvæmda þar sem hún er innan áhrifasvæðis þeirra. Þá má minna á að hættumat einstaka minjastaða gæti breyst ef staðsetning mannvirkja breytist, líkt og mastra, tengivirkja og línuslóða. Samkvæmt ofangreindri skilgreiningu eru 169 fornleifar í stórhættu, 128 í hættu og 14 í engri hættu.



Skífurit 1. Hættumat fyrir allar minjar innan áhrifasvæðis framkvæmda vegna Holtavörðuheiðarlínu 1.

5.3 Forsendur fyrir mati á gildi minja og tillögum að mótvægisaðgerðum.

Að beiðni verkkaupa verður hér á eftir lagt mat á gildi þeirra minjastaða sem skráðir voru innan hvers línukosts og einnig lagðar fram tillögur sérfræðinga Fornleifastofnunar um það hvaða mótvægisaðgerða líklegt er að grípa þurfi til vegna sömu minja. Eitt af því sem hamlar því að leggja fullnægjandi mat á gildi minjastaða er sú staðreynd að enn hefur ekki farið fram fornleifaskráning nema á litlum hluta landsins. Því er ekki hægt að meta gildi tiltekins minjastaðar með góðum samanburði við sambærilega staði á landsvísu. Í raun er aldrei hægt að leggja afstætt eða endanlegt mat á gildi minjastaða enda er í slíku mati ætíð fólgið gildismat sem mótast að einhverju leyti af tíðaranda og áhuga þeirra sem vinna slíkt mat. Það sem gæti talist merkur minjastaður á ákveðnu svæði hefur ekki endilega mikið gildi á landsvísu og minjar sem ekki töldust merkilegar fyrir hálfri öld síðan hafa í sumum tilfellum öðlast stóraukið vægi vegna þess hversu mikið hefur horfið af ákveðnum minjum og vegna aukinnar þekkingar og yfirsýnar um minjar. Í laganna skilningi eru allar minjar, 100 ára og eldri, friðaðar. Þeim má enginn breyta, hylja eða raska og hafa þær 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum fornleifar. Allar fornleifar hafa því eitthvert gildi enda eru þær vitnisburður um líf og starf þjóðar í landinu allt frá upphafi landnáms og fram á 20. öld. Um friðlýstar minjar gilda svo enn strangari lög og

er friðhelgi þeirra t.a.m. 100 m frá ystu mörkum minja.

Minjastofnun Íslands hefur ekki gefið út leiðbeiningar um hvað skal hafa í huga þegar lagt er mat á vægi fornleifa eða á hvaða mati úrskurðir um mótvægisaðgerðir hvíla. Á Fornleifastofnun Íslands eru slíkir staðlar í þróun og byggir neðangreint álit á umræddum stöðlum. Við mat á gildi fornleifa er hér horft til ýmissa þátta s.s. ástands og varðveislu, rannsóknarmöguleika og kynningargildis. Í umfjöllun um hvern og einn línukost hér neðar er gerð tilraun til að leggja mat á minjagildi fornleifa sem skráðar voru innan áhrifasvæðis Holtavörðuheiðarlínu 1, með áðurgreindum fyrirvörum. Minjagildi fornleifa var skipt í fjóra flokka:

a) Mjög mikið minjagildi: Friðlýstar fornleifar hafa stærra helgunarsvæði og verndunargildi í lögum en aðrir minjastaðir og teljast því að öllu jöfnu hafa mjög mikið gildi. Auk þeirra falla minjastaðir þar sem von er á miklum minjum eða minjum sem spanna mjög langa búsetusögu gjarnan í þennan flokk. Sem dæmi um slíka minjastaði má nefna bæjarhóla og heildstæðar býlisrústir. Í þennan flokk falla einnig minjar sem teljast hafa einstakt minjagildi vegna fágætis, eða út frá fagurfræðilegum eða faglegum forsendum.

b) Mikið minjagildi: Heillegar eða fremur heillegar minjar frá ýmsum skeiðum sem sem teljast hafa talsvert varðveislu- eða rannsóknargildi falla í þennan flokk. Í flokkinn falla einnig minjastaðir sem teljast hafa mjög gott kynningargildi og staðir sem geta haft mikið staðbundið minjagildi.

c) Nokkurt minjagildi: Í þennan flokk falla t.d. minjar sem eru raskaðar að hluta (en einhverra mannvistarleifa talið að vænta undir sverði) og einfaldir minjastaðir þar sem ekki er mikillar mannvistar að vænta. Dæmi um slíka staði eru vörður, mógrafir eða heystæði. Þeir teljast ekki hafa mikið rannsóknar- eða kynningargildi einir og sér.

d) Lítið minjagildi: Í þennan flokk falla minjar sem eru taldar mikið raskaðar eða jafnvel alveg horfnar og/eða ungar minjar sem eru á mörkum þess að teljast til fornleifa og njóta því ekki friðunar samkvæmt lögum.

Minjastofnun Íslands mun úrskurða um hvort minjar megi víkja í framkvæmdum og sömuleiðis um til hvaða mótvægisaðgerða þarf að grípa í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að fornminjar séu í yfirvofandi hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í umfjölluninni hér að neðan er gerð tilraun til að setja fram hugmyndir um líklegar mótvægisaðgerðir sem gæti þurft að grípa til vegna fornleifanna. Um margar minjarnar gildir að líklega verður hægt að komast hjá raski á þeim með því að merkja þær vel á framkvæmdatíma. Fyrir flestar af þeim minjum sem teljast aðeins í „hættu“ vegna framkvæmdanna er merking líklegasta mótvægisaðgerðin í flestum tilvikum. Hægt er að grípa til ýmissa mótvægisaðgerða vegna þeirra fornleifa sem teljast í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda og verða hér nefndar þær helstu sem líklegt er talið að gerð verði krafa um:

Merking: Í mörgum tilfellum kann að verða nauðsynlegt að merkja minjastaði innan áhrifasvæðis svo að þeir verði ekki skemmdir af vangá. Merkingin þarf að vera áberandi svo að minjarnar skemmist ekki við umferð vinnuvéla o.þ.h.

Vöktun: Í sumum tilfellum kann að þurfa að vakta viðkvæm svæði á meðan á jarðraski stendur. Í því felst að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdunum á svæðum þar sem ekki eru greinilegar yfirborðsminjar en talið er líklegt að minjar kunni að leynast undir sverði. Slíkt vöktun væri þá að lágmarki á meðan svörður væri rofinn. Á slíkum svæðum má búast við því að fornleifar komi í ljós sem tafið gætu framkvæmdir. Þessi leið er því aðeins valin þar sem alls ekki er hægt að hnika til línustæði og þar sem líkur á fornleifum eru ekki svo miklar (eða staðsetning þeirra ekki það vel þekkt) að það sé raunhæft að leggja út í rannsóknir fyrirfram.


Forkönnun: Rannsókn kann að þykja nauðsynleg þar sem fornleifar þurfa að víkja vegna framkvæmdanna. Fyrsta stig slíkra rannsókna er gjarnan s.k. forkönnun, þ.e. gerð könnunarskurða og/eða taka borkjarnasýna. Eins er í sumum tilfellum gerð krafa um kerfisbundna töku könnunarskurða (gjarnan 10%) á svæðum þar sem miklar líkur eru taldar á minjum neðan svarðar. Minjastofnun Íslands nýtir svo gjarnan niðurstöður forkönnunar til að ákvarða hvort frekari rannsókna er þörf. Góð dæmi um slík svæði eru heimatún og tún/svæði við gömul býli og sel.

Fornleifauppgröftur: Í þeim tilfellum sem ljóst er að minjastaður muni hverfa alveg og mikilvægar minjar eru taldar undir sverði er stundum gerð krafa um heildaruppgröft þótt algengara sé að slík krafa sé ekki gerð fyrr en á grundvelli niðurstaðna forkönnunar.

Þar sem ljóst þykir að ekki verði hjá því komist að raska fornminjum, fer það mjög eftir ástandi og eðli fornleifanna hvort líklegt er talið að gerðar verði kröfur um umfangsmeiri mótvægisaðgerðir og þá í hverju þær kunni að felast. Talið er ólíklegt að mótvægisaðgerða verði krafist þar sem öll yfirborðsummerki um fornleif eru horfin og ekki er von til þess að mannvistarleifar finnist undir sverði. Getur það átt við um götur, vörður, mógrafir, kolagrafir (og aðra námustaði). Þar sem framkvæmdir koma til með að raska mannvirkjum á borð við tóftir og garðlög er líklegt að gerð verði krafa um að gera könnunarskurði í þau til þess að ákvarða aldur og eðli fornleifanna. Ríkari rannsóknarkrafa er almennt þar sem um bústaði er að ræða eða aðrar umfangsmiklar minjar en algengt er að fyrsta krafa á slíkum stöðum kveði einnig á um könnunarskurði sem þá ákvarða hvort frekari kröfur verði gerðar. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar innan svæða þar sem talið er líklegt að óþekktar minjar leynist undir sverði má búast við að lögð verði til vöktun fornleifafræðings á framkvæmdatíma eða jafnvel mælst til að gerðir séu könnunarskurðir á hluta svæðis (gjarnan 10%). Á það m.a. við um svæði eins og gömul heimatún eða svæði næst gömlum býlum og seljum.

Á grundvelli þeirra forsendna sem raktar eru hér að framan verður gerð grein fyrir mati á minjagildi minjastaða og tillögum að mótvægisaðgerðum fyrir minjar innan hvers og eins línukosts. Mat á gildi minjanna er byggt á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um einkenni og vægi umhverfisáhrifa.[2] Eins og áður segir voru skráðar 311 fornleifar á 252 minjastöðum innan áhrifasvæða sem liggja til grundvallar í umhverfismati og má því gera ráð fyrir að framkvæmdin gæti mögulega haft einhver áhrif á þær allar, með einum eða öðrum hætti. Á mörgum stöðum gætu áhrifin hins vegar verið óbein og oft verður hægt að komast hjá beinu raski á þeim með merkingu og upplýsingagjöf (sjá nánar í töflum um hvern og einn línukost). Hér er gert ráð fyrir að merking og skráning sé fullnægjandi mótvægisaðgerð þeirra minja sem eru fjær fyrirhugaðri staðsetningu línukosta og mannvirkjum tengdum þeim en 50 m (og teljast vera í hættu) en allar minjar nær línukostum teljast í stórhættu og er gert ráð fyrir að umfangsmeiri aðgerða kunni að vera krafist í þeim tilfellum. Mótvægisaðgerðir taka þó mið af eðli og minjagildi fornleifanna. Rétt er að minna á að hættumat og hugmyndir að mótvægisaðgerðum byggjast á fjarlægð minja frá miðlínu. Ef þungamiðja framkvæmdanna yrði færð þyrfti að endurskoða hættumat minjastaða. Þegar endanleg hönnun mannvirkja liggur fyrir á þeim línukostum sem verða valdir er það Minjastofnunar Íslands að úrskurða formlega um áhrif framkvæmda á fornleifar og mögulegar mótvægisaðgerðir.

2 Skipulagstofnun 2005.



Yfirlitskort frá Verkís sem sýnir línukosti á A-hluta Holtavörðuheiðarlínu 1.

5.4 Valkostur A – Klafastaðir-Andakíll

Línukostur A liggur frá tengivirki í landi Klafastaða í Hvalfirði, um Mela- og Leirársveit, yfir Skarðsheiði og vestasta hluta Skorradalshrepps að tengivirki í landi Vatnshamra í Andakíl. Línukosturinn liggur að miklu leyti um deiglendi og úthaga en einnig yfir gróðurrýra heiði. Áhrifasvæðið er 23,8 km langt og alls voru 54 fornleifar á 43 minjastöðum skráðar innan þess. Af þeim teljast 35 fornleifar í stórhættu, 18 í hættu og ein í engri hættu. Minjastaðirnir eru nokkuð fjölbreyttir en þeir tengjast búsetu, landbúnaði og samgöngum.

Innan áhrifasvæðis línukosts A voru skráðar sex minjar sem teljast hafa mjög mikið minjagildi og af þeim er einn í stórhættu vegna framkvæmda en það er seltóft BO-013:014. Hún er innan áhrifasvæðis vegslóða sem liggur inn að línustæðinu en tóftin er rétt utan við sjálft áhrifasvæði línunnar. Mögulegt er að hlífa tóftinni á framkvæmdatímanum en til þess þarf líklega að hnika til legu slóðans þar sem hann liggur framhjá henni. Að lágmarki þarf að merkja tóftina mjög vel til þess að hún verði ekki fyrir skemmdum vegna framkvæmda. Bæjarstæði Mýrarkots BO-015:013 er innan áhrifasvæðis línunnar og er hluti minjanna sem því tilheyra í stórhættu en flestar minjanna eru í hættu, þ.á m. bæjarhóllinn BO-015:013_01 sem hefur mjög mikið minjagildi. Aðrar minjar hafa mikið minjagildi. Býlisins er getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns snemma á 18. öld og var það fyrst byggt á 17. öld samkvæmt þeirri heimild.

Minjagildi	A
lítið	7
nokkurt	32
mikið	9
mjög mikið	6
Alls	**54**


Hættumat	A
engin hætta	1
hætta	18
stórhætta	35
Alls	**54**

Tafla 1. Minjagildi og hættumat fyrir fornminjar innan áhrifasvæðis línukosts A á Holtavörðuheiðarlínu 1.


Á áhrifasvæði línukosts A voru skráðar 9 minjar með mikið minjagildi og eru þrjár þeirra í stórhættu. Tvær fornleifar tilheyra áðurnefndu Mýrarkoti (túngarður BO-015:013_07 og tóft BO-015:013_06) og sú þriðja er beitarhúsatóft BO-015:024. Komi til framkvæmda er líklegt að einhverra fornleifarannsókna verði krafist vegna þessara minja.

Flestar af minjunum innan áhrifasvæðis línukosts A hafa nokkurt minjagildi, alls 32 talsins. Mest er um einfaldar minjar og leiðir sem ekki sjást lengur nein ummerki um. Af þeim eru 26 minjar í stórhættu og sex í hættu. Í langflestum tilvikum er líklegt að skráning teljist fullnægjandi mótvægisaðgerð en í nokkrum tilvikum má ætla að merkja þurfi minjarnar til að koma í veg fyrir skemmdir á þeim. Í örfáum tilvikum getur verið að gerð verði krafa um könnunarskurði eða aðrar rannsóknir þar sem um er að ræða tóftir, þústir og garðlög sem eru í stórhættu.

Sjö minjar innan áhrifasvæðis línukosts A hafa lítið gildi og eru fimm þeirra í stórhættu. Mögulegt er að þess verði krafist að könnunarskurður verði tekinn þar sem um er að ræða garðlög og tóft en annarsstaðar er skráning líklega fullnægjandi mótvægisaðgerð.



Skífurit 2. Minjagildi fornleifa fyrir línukost A á Holtavörðuheiðarlínu 1.



Skífurit 3. Hættumat fornleifa fyrir línukost A á Holtavörðuheiðarlínu 1.

Tafla sem sýnir allar fornleifar innan línukosts A

Samtala	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Minjagildi	Friðhelgi	Líklegar kröfur um mótvægisaðgerðir	Skýring
BO-012:021	þúst	óþekkt	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	könnunarskurður/ rannsókn	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja
BO-013:013	heimild	tjaldstæði	ekki sést	hætta	lítið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-013:014	tóft	sel	hleðslur signar	stórhætta	mjög mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-014:017	þúst	óþekkt	hleðslur útflattar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-015:010	heimild	vað	ekki sést	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-015:012	tóft	stekkur	hleðslur signar	hætta	mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-015:013_01	bæjarstæði	bústaður	hleðslur signar	hætta	mjög mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-015:013_02	tóft	útihús	hleðslur signar	hætta	mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-015:013_03	tóft	útihús	hleðslur signar	hætta	mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-015:013_04	tóft	útihús	hleðslur signar	hætta	mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-015:013_05	tóft	útihús	hleðslur signar	hætta	mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-015:013_06	tóft	útihús	hleðslur signar	stórhætta	mikið	15 m	könnunarskurður/ rannsókn	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja
BO-015:013_07	garðlag	túngarður	hleðslur útflattar	stórhætta	mikið	15 m	könnunarskurður	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja
BO-015:024	tóft	beitarhús	hleðslur signar	stórhætta	mikið	15 m	könnunarskurður/ rannsókn	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja
BO-015:025	tóft	heystæði	hleðslur signar	stórhætta	nokkurt	15 m	könnunarskurður	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja

Samtala	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Minjagildi	Friðhelgi	Líklegar kröfur um mótvægisaðgerðir	Skýring
BO-015:026	gata	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-113:006	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-113:009	heimild	sel	ekki sést til fornleifar	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-113:010	garðlag	túngarður	hleðslur signar	stórhætta	nokkurt	15 m	könnunarskurður	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja
BO-113:012	tóft	óþekkt	hleðslur signar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-113:013	garðlag	vörslu-garður	hleðslur standa grónar	stórhætta	lítið	15 m	könnunarskurður	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja
BO-113:020	varða	óþekkt	hleðslur signar	stórhætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-113:021_01	garðlag	túngarður	hleðslur standa grónar	stórhætta	lítið	15 m	könnunarskurður	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja
BO-113:021_02	tóft	óþekkt	hleðslur standa grónar	stórhætta	lítið	15 m	könnunarskurður	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja
BO-113:022	tóft	stekkur	hleðslur signar	hætta	mikið	15 m	könnunarskurður/ rannsókn	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja
BO-114:007	tóft	útihús	hleðslur signar	stórhætta	nokkurt	15 m	könnunarskurður/ rannsókn	til að ákvarða aldur, umfang og eðli minja
BO-131:012	varða	landamerki	hleðslur útflattar	stórhætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-131:024	varða	landamerki	hleðslur signar	stórhætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-132:010_01	tóft	sel	hleðslur signar	hætta	mjög mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir

Samtala	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Minjagildi	Friðhelgi	Líklegar kröfur um mótvægisaðgerðir	Skýring
BO-132:010_02	tóft	óþekkt	hleðslur signar	hætta	mjög mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-132:010_03	tóft	óþekkt	hleðslur signar	hætta	mjög mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-132:010_04	tóft	óþekkt	hleðslur signar	hætta	mjög mikið	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-132:014	heimild	landamerki	ekki sést til fornleifar	engin hætta	lítið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-132:018	heimild	leið	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-132:019_02	náma	mógrafir	sést til	hætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-132:022	varða	landamerki	hleðslur signar	hætta	nokkurt	15 m	merking	til að koma í veg fyrir skemmdir
BO-132:023_01	náma	mógrafir	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-132:023_02	náma	mógrafir	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-132:030	gata	leið	sést til	stórhætta	lítið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-132:031	gata	leið	sést til	stórhætta	lítið	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-160:016	örnefni	tjaldstæði	ekki sést til fornleifar	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-611:004	heimild	leið	ekki sést	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-611:006	heimild	leið	ekki sést	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-611:009	gata	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-611:010	heimild	leið	ekki sést	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-611:011	heimild	leið	ekki sést	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-641:004	heimild	leið	ekki sést	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-641:005	heimild	leið	ekki sést	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-641:006	heimild	leið	ekki sést	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-641:008	heimild	leið	ekki sést	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-641:013	gata	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð

Samtala	Tegund	Hlutverk	Ástand	Hættumat	Minjagildi	Friðhelgi	Líklegar kröfur um mótvægisaðgerðir	Skýring
BO-651:006_01	heimild	leið	ekki sést	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-651:007	gata	leið	sést til	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð
BO-651:022	heimild	leið	ekki sést	stórhætta	nokkurt	15 m	engar	skráning fullnægjandi mótvægisaðgerð

5.4.1 Valkostur A1 – Bjarnarholtsleið


